# Áfangastaðaáætlun Vesturlands

# 2018 - 2020



Áfangastðaáætlun: DMP skipulagsferli (Destination Management Planning).

Ferðamálastofa og Stjórnstöð ferðamála hafa frá árinu 2016 staðið sameiginlega fyrir gerð áfangastaðaáætlana fyrir alla landshluta í samvinnu við markaðsstofur landshlutanna sem fara með verkefnisstjórn áætlanagerðarinnar á sínum svæðum.

Áfangastaðaáætlun Vesturlands var unnin af Markaðsstofu Vesturlands fyrir Ferðamálastofu.

Markaðsstofa Vesturlands, janúar 2019.

Uppsetning, ljósmyndir & prentun: Anok margmiðlun ehf - Stykkishólmi




# Áfangastaðaáætlun Vesturlands

# EFNISYFIRLIT


7 FORMÁLI

7 Ágæti lesandi

9 INNGANGUR

10 Áfangastaðaáætlun Vesturlands
14 Ytri greining - áskoranir fyrir áfangastaðinn Ísland
15 Helstu áskoranir og hindranir við greiningu ferðamála
17 Pestle greining Ferðamálastofu

21 VESTURLAND

22 Stöðugreining ferðamála
22 Innri greining - Vesturland almenn svæðisgreining
23 Svæðisskipting á Vesturlandi
24 Búsetuskilyrði
30 Menntunarstig
31 Atvinnulíf
35 Náttúrufar
40 Umhverfismál
44 Fræðslustofnanir
44 Öryggismál
47 Samgöngumál
53 Verslun og þjónusta
54 Dægradvöl og dekur
58 Vesturland
58 Auðlindir Vesturlands
58 Lífsgæði
58 Ferðaþjónustan

59 STÖÐUGREINING FERÐAMÁLA Á VESTURLANDI

60 Stöðugreining ferðamála
60 Almenn þróun ferðamála á íslandi 2010-2017
61 Þróun ferðamála á Vesturlandi 2010-2017
62 Ferðamáti og farþegaflutningar á Vesturlandi
64 Ferðaskrifstofur og ferðaskipulag
65 Gistiþjónusta á Vesturlandi
72 Veitinga- og matarupplifun
74 Upplifun og dægradvöl
74 Ímynd og aðdráttarafl
83 Staða ferðaþjónustunnar á Vesturlandi
84 Þróun og staða ferðamála Sunnan Skarðsheiðar
87 Þróun og staða ferðamála á Borgarfjarðarsvæðinu
91 Þróun og staða ferðamála á Snæfellsnesi
97 Þróun og staða ferðamanna í Dalabyggð
100 Vesturland
100 Umhverfi ferðaþjónustu og þróun
100 Fjölgun ferðamanna
100 Afþreying
100 Vöxtur ferðaþjónustunnar

101 FRAMTÍÐARMARKMIÐ FERÐAMÁLA Á VESTURLANDI

103 Framtíðarsýn
103 Framtíðarsýn ferðamála á Vesturlandi til 2020
104 Tengsl við aðra áætlanagerð
105 Meginmarkmið
108 Hvernig ferðaþjónustu viljum við?
108 Helstu markaðir
110 Starfsmarkmið

113 AÐGERÐARÁÆTLUN FERÐAMÁLA Á VESTURLANDI

114 Aðgerðaráætlun

135 LOKAORÐ

140 HEIMILDIR

# FORMÁLI

***Ágæti lesandi***

*Hér er fyrsta útgáfa Áfangastaðaáætlunar Vesturlands í samstarfi við Samtök sveitafélaga á Vesturlandi, unnin af Markaðsstofu Vesturlands að frumkvæði og undir leiðsögn Ferðamálastofu.*

*Þessi skýrsla er ætluð til að veita upplýsingar og styðja við ábyrga þróun ferðamála á Vesturlandi. Hér hefur verið leitast við að taka saman og gera grein fyrir helstu þáttum og upplýsingum sem taldar eru geta gagnast við stefnumótun og aðgerðaáætlanir sem varða ferðamál á Vesturlandi. Þetta er þó langt frá því að vera tæmandi listi eða ýtarleg stöðugreining á ferðaþjónustu á Vesturlandi í dag, heldur er meginmarkmiðið að þessi skýrsla gefi lesandanum nokkra yfirsýn og skilning á helstu þáttum ferðamála.*

*Ferðaþjónustan er síkvik atvinnugrein, mikið getur breyst á skömmum tíma þar sem bæði innri og ytri aðstæður hafa mikil áhrif á þróun mála. Því er ekki lagt mikið upp úr talnagreiningum varðandi umfang ferðaþjónustunnar á Vesturlandi, enda ekki auðfengið ýtarlegt talnaefni hvað það varðar og sú greining úreldist hratt , en þó er reynt að fá yfirsýn yfir áherslu, sérkenni, umfang og vilja varðandi uppbyggingu ferðaþjónustu á Vesturlandi. Mikil vinna var lögð í samtal við hagaðila, áhugafólk og íbúa um framtíðarsýn þeirra varðandi þróun ferðamála. Upp úr þeim samtölum var unnin stefnumótun ferðamála fyrir Vesturland. Hér er því sett fram framtíðarsýn, markmið, starfsmarkmið og aðgerðaráætlun sem hægt er að hafa að leiðarljósi næstu ár við uppbyggingu ferðamála. Þessi stefnumótun og aðgerðaáætlun þarf að vera í sífelldri þróun og endurvinnslu, því er reiknað með að hún verði yfirfarin og endurunnin jafnóðum, svo ný aðgerðaráætlun liggi fyrir í lok árs 2020. Nú þegar hafa verið afmörkuð áhersluverkefni sem byggja á þeirri aðgerðaráætlun sem hér er sett fram. Þessi verkefni eru kynnt í lokaorðum skýrslunnar og verður unnið að þeim næstu tvö ár, þ.e. 2019 og 2020. Ef allt gengur eins og lagt er upp með, þá er reiknað með að búið verði að uppfæra þessa aðgerðaráætlun sem hér liggur fyrir og afmarka ný áhersluverkefni á Vesturlandi í árslok 2020. Vonandi halda Vestlendingar áfram þessari vinnu til að stuðla að ábyrgri framþróun ferðamála á Vesturlandi, með samstarfi, sátt og samlyndi um ókomin ár.*

*Aðstandendur Áfangastaðaáætlunar Vesturlands þakka öllum sem lögðu þessu verkefni lið fyrir þeirra framlag til þessarar vinnu. Það liggur mikil vinna að baki þessari skýrslu sem hefði aldrei hafst af nema með góðri samvinnu og samstöðu fólks á öllu Vesturlandi sem lagði sitt af mörkum. Nú er næsta verkefni að stofna formlegan samstarfsvetvang ferðamála á Vesturlandi sem byggir á þessari vinnu við ÁSÁ Vest. til að efla enn samtal og samstarf hagaðila ferðamála á hverju svæði og Vesturlandi sem heild.*

*Vesturland býr yfir miklum auðlindum og tækifærum varðandi þróun ferðamála, því þarf að halda vel á málum og vinna saman að ábyrgri þróun ferðamála á Vesturlandi.*

# INNGANGUR

10 Áfangastaðaáætlun Vesturlands
14 Ytri greining - áskoranir fyrir áfangastaðinn Ísland
15 Helstu áskoranir og hindranir við greiningu ferðamála
17 Pestle greining Ferðamálastofu



# Áfangastaðaáætlun Vesturlands

Stjórnstöð ferðamála gaf út ***Vegvísi ferðamála***[1] í október 2015. Þar voru skilgreind helstu forgangsverkefni varðandi þróun ferðamála á Íslandi og m.a. lögð áhersla á að gerð yrði stefnumótandi stjórnunaráætlun (e. Destination Management Planning DMP) í hverjum landshluta. Ferðamálastofa (FMS)[2] tók að sér að halda utan um framkvæmd á þeirri áætlunargerð og gerði samstarfssamninga við allar Markaðsstofur landshlutanna[3] varðandi þá vinnu fyrir landshlutana.

Markaðsstofa Vesturlands (MV)[4] vann undir leiðsögn FMS, í samstarfi við SSV – þróun & ráðgjöf[5], hagaðila á Vesturlandi, áhugafólk um ferðamál á Vesturlandi auk ýmissa sérfræðinga og ráðgjafa, áfangastaðaáætun fyrir Vesturland (ÁSÁ VEST) sem hér birtist. Verkefnið tekur mið af hugmynda- og aðferðafræði DMP skipulagsferlisins.

## Áfangastaðaáætlanir

Áfangastaðaáætlun er heildstætt stefnumótunarferli þar sem unnið er að stöðugreiningu, stefnumótun, framtíðarsýn, markmiðasetningu og aðgerðaráætlun fyrir tilgreinda áfangastaði eða svæði. Áætlunin á að stuðla að samræmingu og heildstæðri vinnu hvað varðar skipulag, þróun og aðgerðir sem lúta að stýringu og gæðum þeirra þátta sem geta haft áhrif á upplifun og þolmörk á viðkomandi áfangastað eða svæði.




Mynd 1: Líkan af verkferlum fyrir Áfangastaðaáætlun Vesturlands

## Hlutverk og gildi áfangastaðaáætlana

Markmið með gerð og innleiðingu áfangastaðaáætlunar er að gera úttekt og áætlun sem er upplýsandi og leiðbeinandi við skipulagningu, uppbyggingu innviða og þróun þjónustu á viðkomandi áfangastað eða svæði.

Í þessari áætlun er áhersla lögð á að stuðla að velferð náttúru og dýralífs, auka og efla samvinnu og sátt, vinna til hagsbóta fyrir samfélag, fyrirtæki og stofnanir og byggja undir aukinn ábata, gæði og góða upplifun tengda ferðamálum á Vesturlandi.

Áfangastaðaáætlun er verkefni sem er lifandi ferli og snýst um að vakta, vinna greiningar og gera áætlanir sem eru í sífelldri endurskoðun og þróun hlutaðeigandi hagaðila og heimamanna á viðkomandi svæði.

Farið verður reglulega yfir forsendur, stefnumótun og niðurstöður í áfangastaðaáætluninni, hún endurskoðuð og uppfærð hvort heldur sem er að hluta til eða heildstætt eftir því sem aðstæður, áherslur og ástæður eru til á hverjum tíma.

Með því að vakta og uppfæra markvisst forsendur, greiningar, stefnumótun og aðgerðir í virku samstarfi og sátt við alla aðila svæðisins, er hægt að nýta þær upplýsingar, markmið og aðgerðarlista sem liggja fyrir í áfangastaðaáætlun á hverjum tíma. Áætlunin er því mikilvægt stjórntæki og leiðarljós varðandi stefnumótun og ábyrga þróun ferðamála á viðkomandi áfangastað eða svæði.

## Verkefnið um áfangastaðaáætlun Vesturlands

FMS lagði upp skipulag fyrir verkefnið og sá um heildar verkefnastjórn og samræmingu verksins milli landshluta. Auk þess að veita leiðsögn og ráðgjöf til verkefnisstjóra sem unnu að gerð áætlana á sínu svæði. FMS fékk einnig ráðgjöf frá skoska ráðgjafafyrirtækinu *Yellow Railroad International Destination Consultancy* og hefur því verið stuðst við ráðgefandi leiðbeiningar, svokallað *Destination Management Planning Toolkit* við þessa vinnu. Verkefnið hefur, á verkefnistímanum, gengið undir nafninu DMP-verkefnið.



Mynd 2: Markaðssvæði markaðsstofa landshluta.

1 https://www.saf.is/wp-content/uploads/vegvisir_okt_2015.pdf
2 https://www.ferdamalastofa.is/is/troun-og-samstarf/afangastadaaaetlanir/kynningarfundir-haust-2016
3 http://www.markadsstofur.is/
4 https://www.west.is/is/frettir-af-innra-starfi
5 http://ssv.is/ssv/um-ssv/

Á Vesturlandi var lagt upp með virka þátttöku heimamanna og hagaðila í öllu verkferlinu, bæði varðandi stefnumótun og áherslur verkefnisins, sem og vinnu við stefnumótun, markmiðasetningu og aðgerðaáætlun fyrir landshlutann.

Þar sem aðstæður eru mjög mismunandi milli svæða á Vesturlandi hvað varðar þéttleika búsetu, fjölbreytni atvinnu, þjónustu og stöðu ferðamála, var ákveðið að vinna greiningar og grunnvinnu fyrir áfangastaðaáætlun Vesturlands á fjórum svæðum. Það var gert til að ná fram raunhæfri greiningu og vilja heimafólks varðandi áherslur á uppbyggingu á hverju svæði. Enda er sama svæðisskipting oft notuð við aðra verkefnavinnu og samstarf á Vesturlandi.




Mynd 3: Skipulag verkefnisins. Heimild: ferdamalastofa.is



Mynd 4: Svæðisskipting á Vesturlandi

Svæðisskipting á Vesturlandi er eftirfarandi:

- Svæði #1: Akranes og Hvalfjarðarsveit
- Svæði #2: Borgarbyggð og Skorradalshreppur
- Svæði #3: Snæfellsnes; Stykkishólmsbær, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær, Eyja-og Miklaholtshreppur.
- Svæði #4: Dalabyggð

Skipað var í svæðisráð til að leggja línurnar og leiða verkefnið á Vesturlandi. Í svæðisráði sátu tíu aðilar af Vesturlandi, þ.e. tveir aðilar frá hverju svæði auk framkvæmdastjóra SSV og MV. Milli funda svæðisráðsins héldu framkvæmdastjórarnir ásamt verkefnisstjóra utan um framgang verkefnisins. Þá voru skipaðir samráðshópar á hverju svæði til að veita upplýsingar, ráðgjöf og styðja við störf verkefnisstjóra. Svæðisráðið og samráðshóparnir voru skipaðir eftir hagaðilagreiningu þar sem reynt var að leita til fjölbreytts hóps fólks til að vinna að þessu verkefni. Tilnefndir í þessa vinnu voru aðilar úr hópi hagaðila ferðaþjónustunnar, stjórnsýslunni og fulltrúar íbúa. Fulltrúar í svæðisráðinu sátu einnig í samráðshóp á sínu svæði til að tryggja upplýsingaflæði milli vinnuhópa í verkefnavinnunni.

Ráðinn var verkefnastjóri í 80% starfshlutfall frá 1. apríl 2017 til að vinna að gerð áfangastaðaáætlunar á Vesturlandi. Forstöðumaður MV sinnti líka ýmsum þáttum sem lúta að skipulagi verkefnisins og samskiptum við Ferðamálastofu.




Mynd 5: Uppbygging og verkefnisstjórn Áfangastaðaáætlunar Vesturlands

Í upphafi verkefnisins heimsótti verkefnisstjóri sveitarfélögin á Vesturlandi og kynnti verkefnið um gerð Áfangastaðaráætlun Vesturlands fyrir stjórnendum og fyrir stjórn Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Skrifaðar voru greinar í öll svæðisblöðin og sett upp kynningarsíða fyrir verkefnið á heimasíðu MV[6] . Á verkefnistímanum voru einnig haldnar kynningar á framgangi verkefnisins og svarað fyrirspurnum á opnum fundi hjá Svæðisgarðinum Snæfellsnes, uppskeruhátíð ferðaþjónustunnar á Vesturlandi, haustþingi og aðalfundi SSV.

Auk samráðshópa og hagaðila sem lögðu verkefninu lið þá var talið mikilvægt að hafa virka aðkomu almennings að þessu verkefni. Því voru skipulagðir tveir opnir vinnufundir á hverju svæði til að vinna að stefnumótunarferlinu, móta framtíðarsýn, markmið og lista upp forgangsverkefni ferðamála. Því var kallað eftir aðkomu þeirra sem áhuga hafa á að ræða framtíðarsýn og markmið varðandi þróun ferðamála á Vesturlandi.







Mynd 6: Sýnishorn af kynningu og auglýsingu fyrir opna fundi í stefnumótunarvinnu Áfangastaðaáætlunar Vesturlands 2018-2020

Sett var upp heildstæð fundaröð með aðkomu samráðshópa og almennings á hverju svæði til að vinna að þessum megin verkþáttum verkefnisns. Haldnir voru 13 fundir, þ.e. þrír fundir inn á hverju svæði og svo einn stór sameiginlegur fundur í lokin þar sem aðgerðaráætlunin var unnin. Fundirnir voru auglýstir opinberlega á Vesturlandi, bæði í svæðisblöðum og á samfélagsmiðlum og voru um 20-30 aðilar sem mættu á hvern fund. Á fundunum var unnið að stöðugreiningu, framtíðarsýn, stefnumótun, markmiðum, tilnefningu forgangsverkefna og framsetningu á aðgerðaráætlun til að stuðla að ábyrgri þróun ferðamála á Vesturlandi. Samtals tóku því um 250 manns á Vesturlandi þátt í þessum fundum.

Ákveðið var að fá utanaðkomandi aðila til að stýra þessum vinnufundum og grófvinna þau gögn sem frá fundunum komu. Það var gert til að fá fleiri aðila að þessari verkefnavinnu, þar sem starfsmenn MV og SSV bæði stýra og vinna heildarverkefnið á Vesturlandi. Ráðgjafyrirtækið Creatrix tók að sér að undirbúa, stýra og grófvinna gögn af fundunum, og vinna að framsetningu á markmiðum og aðgerðaráætlun í samstarfi við verkefnisstjóra ÁSÁ. Vest.

1. **Stöðugreining**: Hvað hefur verið vel ger? - Hvað má betur fara?
2. **Framtíðarsýn**: Hvernig viljum við ferðamálaum háttað til framtíðar?
3. **Markmiðasetning**: Hvernig ætlum við á ná fram þeirri framtíðarsýn sem við viljum?
4. **Aðgerðaáætlun**: Hvað ætlum við að gera til að ná settum markmiðum?

| Áfangastaðaáætlun vinnufundir svæða | Sunnan Skarðsheiðar | Borgarfjarðarsvæði | Snæfellsnes. | Dalir | Fundartími |
|---|---|---|---|---|---|
| Vinnufundur 1. (vinnuhópar) | Melahverfi | Húsafell | Stykkishólmur | Búðardalur | kl. 13-16 |
| | 13/11/2017 | 07/11/2017 | 31/10/2017 | 06/11/2017 | |
| Vinnufundur 2. (opinn) | Akranes | Hvanneyri | Breiðablik | Dalabúð | kl. 17-20 |
| | 29-Nov-17 | 28-Nov-17 | 30-Nov-17 | 20-Nov-17 | |
| Vinnufundur 3. (opinn) | Akranes | Borgarnes | Grundarfjörður | Dalabúð | kl. 17-20 |
| | 22-Jan-18 | 16-Jan-18 | 23-Jan-18 | 17-Jan-18 | |
| Vinnufundur 4. (allir vinnuhópar) | Borgarnes | Borgarnes | Borgarnes | Borgarnes | kl. 10-15 |
| | 20-Feb-18 | 20-Feb-18 | 20-Feb-18 | 20-Feb-18 | |

Mynd 7: Tafla með fundaskipulagi vegna stefnumótunarvinnu Áfangastaðaáætlunar Vesturlands 2018-2020

6 https://www.west.is/is/frettir-af-innra-starfi

Á fyrsta vinnufundi fóru samráðshóparnir yfir stöðu ferðamála, hver á sínu svæði. Þar var leitast við að svara spurningunum; „hvað hefur verið vel gert?“ og „hvað má betur fara?“. Þar var gerð gróf stöðugreining og dregnar fram áherslur varðandi framtíðarsýn ferðamála á svæðinu. Á öðrum fundinum sem var opinn fyrir alla sem áhuga höfðu, var unnið með niðurstöður fyrsta fundar og horft til framtíðar. Lagðar voru línurnar og teiknuð upp drög að framtíðarsýn ferðamála á Vesturlandi. Á þriðja fundinum sem einnig var opinn almenningi voru sett fram og unnin markmið út frá þeirri framtíðarsýn sem þá lá fyrir af fyrri fundum. Á fjórða fundinum sem var sameiginlegur vinnufundur svæðisráðs og samráðshópa svæðanna, var unnið út frá framtíðarsýn og markmiðum sem búið var að setja fram og sett upp aðgerðaráætlun og forgangsröð aðgerða fyrir framvindu ferðamála á Vestulandi.

Samhliða svæðis- og stöðugreiningu á þáttum sem lúta að ferðamálum, var Hvítárós-Teiknistofa ráðin til að vinna rafrænan gagnagrunn og merkja inn á vefsjá, ýmsa þætti sem lúta að auðlindum, innviðum og þjónustu á Vesturlandi. Þessi vinna var unnin sem hluti af greiningavinnu og hugsuð til að veita góða yfirsýn til að styðja við skipulag, stýringu, kynningu, markaðssetningu og vöruþróun ferðaþjónustu á Vesturlandi.

Í þessari skýrslu eru birtar nokkar myndir úr þessum gagnagrunni en einnig er búið að opna vefsjá fyrir Vesturland með þeim upplýsingum sem unnar voru og taldar eru geta nýst ferðaþjónustunni, almenningi, stoðþjónustunni og stjórnsýslunni. Þessi vefsjá er öllum aðgengileg inn á heimasíðum Markaðsstofu Vesturlands[7] og Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi[8]. Önnur gögn og kort sem unnin voru í þessu ferli og eru ekki birt í vefsjánni nýtast stoðþjónustunni og sveitarfélögum á Vesturlandi við ýmsa verkefnavinnu. Á lokasprettinum við vinnu að Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2018-2020 var margmiðlunarfyrirtækið ANOK í Stykkishólmi fengið til liðs við verkefnisstjóra til að setja skýrsluna upp og gera hana tilbúna til útgáfu og birtingar.




Mynd 8: Skjámynd af vefsjá Vesturlands – sýnishorn af upplýsingum sem þar má nálgast

7 http://vefsja.ssv.is/
8 http://vefsja.ssv.is/

## Ytri greining - áskoranir fyrir áfangastaðinn Ísland

Það er mikil áskorun fyrir fámenna þjóð að bera ábyrgð á og reyna að tryggja sjálfbærni náttúru og samfélags í tiltölulega stóru og harðbýlu landi. Því þurfa allir að koma sér saman um leikreglur varðandi umgengni, nýtingu og ábyrgð gagnvart auðlindum þjóðarinnar. Þjóðin þarf til dæmis að ákveða hvar og hvernig eigi að byggja upp innviði til að stuðla að öryggi og lífsgæðum íbúa og gesta, en jafnframt þarf að tryggja ábyrga umgengni við auðlindir lands og sjávar.

Ísland er eyja í miðju Norður-Atlantshafi, staðsett á heitum reit á Atlantshafshryggnum þar sem landið liggur á tveimur jarðskorpuflekum, bæði Norður-Ameríkuflekanum og Evrasíuflekanum. Ísland er því eitt eldvirkasta og yngsta landsvæði jarðar og er í stöðugri mótun. Landslagið er því mjög fjölbreytt, mótað af eldi, ís, vatni og vindum, auk þess sem mjög lítill partur landsins er unninn og ræktaður. Á Íslandi er því víða ósnortið og náttúrulegt umhverfi, en landið er fremur gróðursnautt og tegundafátt bæði hvað varðar flóru og fánu. Þrátt fyrir tegundafæð þá þykja þau landdýr sem hér lifa og hafa þróast við þessi skilyrði hafa mikla sérstöðu, einnig þykir merkilegur sá fjöldi fugla og fuglategunda sem eiga varpstöðvar á Íslandi. Lífríki sjávar og við strendur, í fjörðum og flóum er mjög fjölbreytt og því mikið líf í kring um landið, þar sem oft má sjá sjávarspendýr og fugla deila gæðum, eða báta að veiðum. Einnig er sérstakt að gróður er yfirleitt það lágvaxinn að auðvelt er að sjá landslag, rýna í jarðlög fylgjast með dýra og fuglalífi og skoða fjölbreytileika náttúrunnar. Náttúra Íslands og það sem þar má sjá er því eftirsótt vegna margvíslegrar sérstöðu og fjölbreytileika, bæði hvað varðar náttúrufar, dýralíf, aðgengi og víðsýni.

Ísland er um 103.000 km² að stærð og er því næststærsta eyja Evrópu á eftir Bretlandi, og átjánda stærsta eyja í heimi. Í dag búa um 349.000 íbúar á landinu. Vegna smæðar þjóðarinnar og legu landsins sem liggur svo fjarri öðrum löndum á fólk oft erfitt með að átta sig á stærðarsamanburð við önnur lönd. Því er það útbreiddur misskilningur að Ísland sé mjög lítið land, og ætlar fólk sér oft um of þegar það skipuleggur ferð um landið, en staðreyndin er sú að Ísland er 17 stærsta landið af þeim 49 löndum sem teljast til Evrópu. Byggðin liggur mest með ströndinni og í dölum inn til landsins, engin byggð er á miðhálendinu, víða er mjög strjálbýlt og stór svæði eru óbyggð.



Ýmsir atburðir, viðburðir, hópar og einstaklingar sem tengjast Íslandi hafa vakið athygli heimsins á þessari eyju í úthafinu norður undir Heimskautsbaug. Íslensk stjórnvöld hafa nýtt þessa athygli til markaðssetningar til að efla ferðaþjónustu sem atvinnugrein í landinu. Þessi kynning hefur skilað miklum árangri auk þess sem myndefni og frásagnir gesta berast hratt um veraldarvefinn og vekja áhuga fólks. Því hefur ferðamennska á Íslandi vaxið hratt síðastliðinn áratug og gestir streyma til landsins til að sjá, skoða, upplifa og reyna á eigin skinni það sem þeir hafa séð og heyrt um land og þjóð.

Aðkomuleiðir til landsins eru aðeins í lofti og á legi, svo bæði flugferðir og komur farþegaskipa til landsins hafa margfaldast undanfarinn áratug. Með þessari miklu fjölgun ferðamanna hefur umferð um vegakerfið og allt álag á innviði og grunnþjónustu einnig margfaldast. Gestafjöldinn hefur vaxið svo hratt að hvorki ráðamenn eða þjóðin hefur náð að sameinast um þær leikreglur sem þurfa að vera til að stýra aðgengi, umferð og uppbyggingu ef vel á að vera. Ekki hefur heldur verið til staðar ráðrúm, mannauður eða fjármagn til að hafa undan við að byggja upp innviði sem þurfa að vera til staðar til að stuðla að sátt, öryggi og sjálfbærni samfélags og náttúru á Íslandi til frambúðar.

Það hefur reynt á þjóðina í gegnum tíðina að standa undir þeim áskorunum sem fylgja því fyrir fámenna þjóð að búa í stóru landi. Enn eykst það álag þegar erlendum gestum sem sækja landið heim hefur fjölgað svo að þeir eru nú orðnir margfalt fleiri en íbúar landsins. Gestir sem heimsækja Ísland eru líka oft á tíðum fólk sem kemur úr allt öðru umhverfi og er því ekki vant aðstæðum eins og hér eru. Það kallar þá á enn meiri árvekni, utanumhald, umsýslu og stýringu heimamanna varðandi umferð og aðgengi gesta.

Á sama tíma og gestakomum hefur fjölgað og ferðamennska hefur aukist allt árið, hefur byggðamynstur íslensku þjóðarinnar breyst þannig að fólki hefur verið að fækka á landsbyggðunum og því oft mikil varnarbarátta að halda uppi þjónustu um allt land, allan ársins hring. Það sem laðar gesti til Íslands er að sjá og upplifa íslensk víðerni og fjölbreytta náttúru sem fyrirfinnst á landsbyggðunum. Þó fer þeim gestum fjölgandi sem koma til að njóta menningar á Íslandi, en íslenskt menningarlíf og menningarhátíðir eflast með hverju árinu, og er Ísland því einnig að verða þekktur áfangastaður hvað það varðar.

Með auknum áhuga umheimsins á Íslandi hafa skapast tækifæri til að auka framboð á ferðum til landsins og því hefur bæði fjölgað mjög þeim flugfélögum sem bjóða upp á Íslandsferðir víðsvegar að úr heiminum og þeim flugvöllum víða um heim sem flogið er til og frá, til Íslands. Einnig hefur fjölgað komum skemmtiferðaskipa til landsins með hverju ári. Þetta aukna framboð og verðlag á ferðum til landsins hefur mikil áhrif á fjölda gesta, þau markaðssvæði sem gestirnir koma frá og þá markhópa sem sækja Ísland heim. Því er mjög mikilvægt að ferðamálayfirvöld standi fyrir öflugum rannsóknum og fylgist vel með framvindu mála hvað varðar gestakomur til landsins og vinni náið með öllum hagaðilum að stefnumótun og aðgerðum til að tryggja öryggi, gæði og sátt um framgang mála á öllum stigum málsins.

Því þarf að gera úttekt á stöðu mála um allt land, greina þær áskoranir sem þarf að finna farveg, móta sameiginlega framtíðarsýn og leikreglur sem allir eru sáttir við, setja fram markmið og aðgerðaáætlun og fylgja henni eftir með framkvæmdum.

## Helstu áskoranir og hindranir við greiningu ferðamála

Ferðaþjónusta hefur vaxið mjög hratt sem gildandi atvinnugrein á Íslandi síðastliðin áratug. Þessi hraði vöxtur ferðamennsku hefur valdið miklum breytingum hvað varðar umfang þessarar atvinnustarfsemi í landinu og rekstrarforsendur innan greinarinnar. Samhliða því má merkja miklar breytingar hvað varðar athygli, umfjöllun og viðhorf gagnvart greininni sjálfri meðal íbúa og ráðamanna. Hröð uppbygging og vöxtur atvinnugreinar sem hefur svo marga snertifleti bæði varðandi umhverfi og samfélag eins og ferðamennskan gerir, fylgja mikil ruðningsáhrif sem geta haft í för með sér kosti og galla. Því er mikilvægt að allir hlutaðeigandi aðilar séu meðvitaðir um þau áhrif og leggist á eitt um að marka starfseminni þann farveg að það hámarki kostina og lágmarki gallana sem starfseminni fylgir.

Ferðamennska getur skapað atvinnu, tekjur og stuðlað að byggðafestu og auknum lífsgæðum sem felast í aukinni og fjölbreyttari þjónustu, en á sama tíma nýtir atvinnugreinin sér náttúruauðlindir og ákveðna samfélagslega þætti í starfsemi sinni sem oft teljast til almannagæða. Áhrif ferðaþjónustunnar á innviði og grunngerð sveitarfélaga hafa lítið verið könnuð þrátt fyrir að fjölmörg sveitarfélög byggi í vaxandi mæli á ferðaþjónustu að einhverju eða öllu leyti.



Landnotkun hefur breyst með tilkomu ferðaþjónustunnar og áhrif atvinnugreinarinnar á íbúa og samfélög eru meiri, jákvæð og neikvæð. Í ljósi þess er mikilvægi stefnumótandi áætlanagerðar ótvírætt. Þannig verður náð sátt um það hvernig eigi að takast á við aukinn fjölda ferðamanna, umfang, uppbyggingu og þau áhrif sem ferðaþjónustan hefur á umhverfi og samfélag. Sjónarmið sjálfbærni í ferðaþjónustu, til að tryggja varðveislu náttúruauðlinda og til að framgangur atvinnugreinarinnar verði með jákvæðum hætti, eru mikilvæg og lögð til grundvallar í framtíðarsýn þeirri sem hér birtist.

Ferðaþjónusta er ung atvinnugrein á Íslandi í mikilli þróun, en mjög hraður vöxtur greinarinnar síðastliðinn áratug hefur leitt af sér ýmis konar breytingar hjá Íslendingum. Öll umgjörð ferðamála á Íslandi er mjög flókin og tekur hröðum breytingu þegar reynt er að bregðast við og bæta úr ástandinu á mörgum stöðum án samræmdra aðgerða. Þessi flókna umgjörð kemur t.d. vel fram á mynd á bls. 4-5 í bæklingnum „***Vegvísir í ferðaþjónustu***“[9] sem Stjórnstöð ferðamála gaf út í október 2015. En þó sú mynd gefi vel til kynna hversu flókin þessi veruleiki er, þá er það tekið fram að þær upplýsingar sem þar eru sýndar varðandi lagalegt umhverfi, stjórnsýslu, ráðgjöf og stuðning, markaðssetningu, upplýsingagjöf og kynningarmál, auk menntunar og rannsókna er varða ferðamál, séu ekki tæmandi og taki stöðugum breytingum. Ýmislegt hefur breyst frá því þessi bæklingur kom út, en því miður virðast þær breytingar ekki hafa einfaldað þessa umgjörð.

Vegna þessarar flóknu umgjarðar er erfitt að fá heildstæða yfirsýn og átta sig á stöðu ferðamála á hverju svæði. Það er flókið og tímafrekt að verða sér út um upplýsingar og gögn til að vinna marktækar stöðugreiningar varðandi greinina, auk þess sem það virðist brenna við að þau gögn sem aðgengileg eru hafi ekki verið uppfærð eða eru orðin gömul þegar þau eru birt, þó það horfi til batnaðar t.d. með tilkomu Mælaborðs ferðaþjónustunnar[10].

Það er ýmislegt í leyfa- og skráningarkerfi ferðaþjónustunnar á Íslandi sem veldur örðugleikum varðandi eftirlit og yfirlit yfir þessa starfsemi. Til dæmis má nefna verkferla vegna leyfisveitinga í ferðaþjónustu sem gilda til nokkurra ára, þar er gert ráð fyrir að útgefnu starfsleyfi sé skilað inn eða það afskráð þegar leyfishafi selur eða lætur af umræddri starfsemi, en það er ekkert í kerfinu sem fylgir því eftir að það sé gert. Því geta verið skráð mörg starfsleyfi á sömu starfsemi eða í sömu húseigin á sama tíma, ef starfsemin eða húsið hefur verið selt og nýr rekstraraðili hefur tekið við og fengið nýtt rekstrarleyfi, en starfsleyfi fráfarandi rekstraraðila hefur ekki verið fellt niður. Þetta getur valdið falskri sýn á fjölda starfandi rekstraraðila á viðkomandi svæði. Það veldur einnig vandamálum þegar unnið er að greiningu á dreifbýlum svæðum þar sem fá ferðaþjónustufyrirtæki starfa, að af persónuverndarsjónarmiðum er ekki í boði að fá grunnupplýsingar um gistináttatölur eða gestakomur á þeim svæðum, þar sem mögulega væri hægt að heimfæra þær upplýsingar yfir á starfandi fyrirtæki á viðkomandi svæði. Þar fyrir utan er ekkert sem tryggir skráningar á gististölum, þó svo að rekstraraðili sé skyldugur samkvæmt lögum til að skila þeim inn og kveðið sé á um þá skyldu í starfsleyfi allra gistileyfishafa. Hagstofan kallar eftir gistináttaskýrslum hjá starfandi fyrirtækjum með rekstrarleyfi. Þá má benda á að sala á gistingu í húsnæði án gistileyfa hefur aukist mikið undanfarin ár með tilkomu söluleiða s.s. Airbnb og Homeaway sem ekki fara fram á að þeir sem skrá þjónustu á viðkomandi söluvef sýni fram á gild starfsleyfi. Stóraukin notkun á gistibílum sem oft eru nýttir til gistingar utan skipulagðra gistisvæða hefur einnig áhrif á skráningu og yfirlit yfir gestakomur og gistinætur á hverju svæði, auk þess sem það hefur færst í aukana að gestir sofa í óbreyttum bílaleigubílum víðsvegar um landið. Hagstofan hefur reynt að bregðast við þessari þróun í ferðahegðun með því að áætla fjölda gesta sem bóka gistingu í gegn um söluvefi eins og Airbnb og Homeaway. Auk þess gesti sem nýta gistibíla eða gista í öðru húsnæði en gististöðum með starfsleyfi, s.s. gisting hjá vinum og ættingjum, gisting í gegnum húsaskipti eða á öðrum stöðum þar sem ekki er greitt sérstaklega fyrir gistingu. Einnig má nefna að fjöldi erlendra ferðaþjónustufyrirtækja er með rekstur og skipulagðar ferðir á Íslandi, en hafa ekki til þess nein skráð starfsleyfi eða skila inn upplýsingum um fjölda gesta og umfang starfseminnar.

9 http://www.saf.is/wp-content/uploads/vegvisir_okt_2015.pdf bls. 4-5
10 http://www.maelabordferdathjonustunnar.is

Tölur um fjölda starfsmanna í ferðaþjónustu á hverju svæði liggja ekki fyrir og kemur þar margt til. Það er til dæmis mikið af erlendum starfsmönnum í ferðaþjónustu sem stoppa stutt og sækja því aldrei um starfsleyfi. Einnig er mikið um verktakasamninga varðandi ýmsa verkþætti tengdum ferðaþjónustu. Það þekkist að ferðaþjónustuaðilar eru með starfsfólk sem eru starfsnemar eða „matvinnungar" og jafnvel í sjálfboðavinnu. Af þessum sökum er flókið að meta raunverulegan fjölda starfa í ferðaþjónustu á hverju svæði. Deildar meiningar hafa einnig verið um hvaða þjónusta heyrir til ferðaþjónustu og hvað starfsemi er afleidd eða jaðarstarfsemi við ferðaþjónustu, sem hefur einnig áhrif á þessar stærðir.

Hér hefur aðeins verið tiplað á nokkrum þáttum sem gera greiningu á umfangi ferðaþjónustu flókna og eflaust er hægt að telja margt fleira til. Af þessu leiðir að umfang og umsvif ferðaþjónustu á hverju svæði eru óljós, þó hægt sé að sjá og gera óformlega úttekt á mikilvægi ferðaþjónustu fyrir atvinnustarfsemi og byggð á afmörkuðum svæðum.

# Pestle greining Ferðamálastofu

Eftirfarandi PESTLE – greining var unnin af Ferðamálastofu vegna vinnu við gerð áfangastaðaáætlana á Íslandi til að setja inn í áfangastaðaáætlanir landshlutanna.

### Pólitíska umhverfi:

*Tíðar kosningar á undanförnum árum hafa skapað töluverða óvissu í pólitíska umhverfi Íslands en í aðdraganda þeirra hefur töluvert verið rætt um ferðaþjónustu. Almennt ríkir jákvætt viðhorf til ferðaþjónustunnar meðal stjórnmálaflokka sem eru sammála um að þörf er á uppbyggingu innviða og að vel sé stutt við þessa mikilvægu atvinnugrein.*

*Eitt helsta deilumál síðasta kjörtímabils var hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustuna. Þessi áform hafa nú verið lögð til hliðar og lagt hefur verið til að skoða aðrar leiðir til gjaldtöku. Afstaða almennings gagnvart gjaldtöku og rétt landsmanna til að ferðast óheft um landið hefur verið töluvert í umræðunni. Í stefnu ríkisstjórnarinnar er ráðgert að ljúka við þá vinnu sem er hafin við að leysa úr árekstrum almannaréttar og ferðaþjónustu. Þar kemur einnig fram að á kjörtímabilinu verði mörkuð langtímastefna um ferðaþjónustu í samvinnu við hagsmunaaðila með sjálfbærni að leiðarljósi. Þessi vinna er hafin, en hópur þvert á ráðuneyti vinnur nú að stefnu ríkisins í ferðaþjónustu. Þá er áformað að setja lög um Ferðamálastofu, ferðamálaráð og leyfisveitingar í ferðaþjónustu sem leysa munu af hólmi núgildandi lög um skipan ferðamála.*[11]

### Samfélagslega umhverfið

*Ferðaþjónusta getur haft áhrif á nær alla þætti samfélagsins sem er ein af lykilstoðum sjálfbærrar ferðamennsku.*

*Áhrif ferðaþjónustu á húsnæðismarkaðinn hefur verið mikið í umræðunni. Ný löggjöf um heimagistingu tók gildi þann 1. janúar 2017, en helstu markmið með löggjöfinni voru að bregðast við miklum fjölda leyfislausrar gistingar. Áhrif Airbnb á íslenskan húsnæðismarkað hefur skapað neikvæðar umræðu en niðurstöður rannsóknar Seðlabanka Íslands benda til þess að árleg hækkun raunverðs íbúðarhúsnæðis sem rekja megi til aukinna umsvifa Airbnb á síðustu þremur árum sé um 2%. Þessi hækkun er um 15% af heildarhækkun íbúðarverðs á sama tíma.*[12]

*Könnun sem Rannsóknarmiðstöð ferðamála vann árið 2017 sýnir að níu af hverjum tíu landsmönnum telja ferðamenn auka fjölbreytileika mannlífs og að ferðaþjónustan sé mikilvæg í heimabyggð. Könnunin sýndi að meirihluti Íslendinga telur fjölda ferðamanna á Íslandi á sumrin hæfilegan en um fjórðungur telur fjöldann þó vera of mikinn. Könnunin sýndi einnig að í flestum landshlutum sjá landsmenn ferðaþjónustuna sem blómstrandi atvinnugrein sem efli byggð, auki fjölbreytni í mannlífi, atvinnuháttum og þjónustu á svæðinu vegna fjöldans sem heimamenn njóta góðs af. Vísbendingar um neikvæða áhrifaþætti koma þó einnig fram. Þannig er nokkuð stór hópur landsmanna hræddari nú en áður við að keyra á vegum úti og margir kannast við að forðast nú að sækja heim ákveðna fjölsótta ferðamannastaði.*[13]

---

11 https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stefnuyfirlysing/

12 https://www.sedlabanki.is/utgefid-efni/frettir-og-tilkynningar/frettasafn/frett/2018/02/27/Ny-rannsoknarritgerd-um-mat-a-ahrifum-Airbnb-a-ibudamarkad/.

13 https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/landsmenn-sattir-vid-ferdamenn-og-ferdathjonustu(sótt 5. mars 2018).

## Efnahagslega umhverfið

*Ferðaþjónustan hefur gengt lykilhlutverk í bata íslenska efnahagskerfisins eftir hrun bankanna 2008. Vöxtur greinarinnar hefur verið gríðarlegur undanfarin ár, en ýmis teikn eru nú á lofti um að hægt hafi á vextinum þó svo að fjölgun ferðamanna hér á landi sé enn hlutfallslega meiri en í mörgum samanburðarlöndum.*




*Efnahagsaðgerðir stjórnavalda síðustu ár hafa haft ýmis jákvæð áhrif á efnahagslífið. Má þar helst nefna lagabreytingar til losunar gjaldeyrishafta, sem tók gildi í áföngum í október 2016 og janúar 2017. Eftir þá breytingu má segja að fjármangshöft séu nánast með öllu afnumin.*

*Samkvæmt nýrri þjóðhagsspá Seðlabankans sem birt var í febrúar 2018 var hámarki hagvaxtartímans náð seinni hluta árs 2016, en eftir það hafi tölur sýnt að heldur minni hagvöxtur hafi verið árið 2017 en áður var talið og það sama er líklegt að gildi um árið 2018. Seðlabankinn telur þetta endurspegla hækkun raungengis og „aðlögun ferðaþjónustunnar að sjálfbærum vexti eftir hraðan vöxt undanfarin ár".*

*Talningar Ferðamálastofu á brottförum frá Keflavíkurflugvelli sýna að hlutfallsleg fjölgun farþega er lægri frá 2016 til 2017 (24,2%) en frá 2015 til 2016 (40,1%). Tekið skal fram að þó hægt hafi á straumnum fjölgar ferðamönnum til Íslands ennþá hlutfallslega meira en til helstu nágrannalanda.*

*Ýmsar ástæður hafa verið taldar upp fyrir hægari fjölgun ferðamanna og hægari vexti ferðaþjónustunnar en þar má helst nefna styrkingu íslensku krónunnar, aukna neyslu innanlands og ýmsar breytingar á lykilmörkuðum íslenskrar ferðaþjónustu (s.s. vegna Brexit) en vöxtur á Bretlandsmarkaði fór úr 30% milli áranna 2015 og 2016 niður í 1,9% vöxt milli áranna 2016 og 2017. Ef litið er til ferðamálafræðanna s.s. kenningar Butlers (1980) [14] um þróun líftíma ferðamannastaða (Butler's Tourism Area lIfe Cycle) má ætla að breytingar sem þessar séu hluti af eðlilegri þróun áfangastaða. Af myndinni hér fyrir ofan má ætla að Ísland sé nú að færast ofar á kúrfuna þar sem hægist á vexti og meiri stöðugleiki tekur við. Um leið vekur kenningin athygli á mikilvægi þess að gripið sé til aðgerða til að viðhalda þeim stöðugleika svo ekki taki við hnignun.*

14 Butler, *The concept of a tourist area cylcle of evoloution: Implications for management og resources*, 5-12.

## Tæknilega umhverfi

*Veraldarvefurinn og stóraukin notkun snjalltækja hefur opnað nýja möguleika fyrir ferðaþjónustuna, þá sérstaklega hvað varðar markaðssetningu staða. Samfélagsmiðlar gera fyrirtækjum og áfangastöðum kleift að senda markvissari skilaboð til vænlegra kaupenda s.s. hópa áhugafólks um ljósmyndun, fjallgöngur, fuglaskoðun um allan heim og auka tækifæri til að nálgast þá á fjölbreyttan hátt. Að sama skapi deilir fólkið sjálft myndum af upplifunum sínum sem um leið verða hvati fyrir aðra að upplifa þær líka.*

*Áhrif samfélagsmiðla geta líka verið neikvæð, til dæmis þegar athygli er vakin á stöðum sem ekki eru í stakk búnir til að taka á móti miklum fjölda ferðamanna. Þetta á sérstaklega við ef þekktir einstaklingar með milljónir fylgjenda birta af sér myndir á ákveðnum stöðum sem aðdáendur reyna svo að líkja eftir. Slíkar myndir og myndbönd geta í sumum tilvikum hvatt til óábyrgrar ferðahegðunar og því er mikilvægt fyrir áfangastaði að fylgjast vel með því sem í gangi er á samfélagsmiðlum hverju sinni. Þetta er sérstaklega mikilvægt fyrir áfangastað eins og Ísland þar sem viðkvæm náttúra er helsta aðdráttaraflið.*

*Íslandsstofa hefur með mjög góðum árangri nýtt sem veraldarvefinn til markaðssetningar á Íslandi síðustu ár og með því laðað að fjöldann allan af ferðamönnum frá hinum ýmsu mörkuðum.*

*Þegar til landsins er komið eru góðar síma- og nettengingar afar mikilvægur þáttur í að stuðla að frekari dreifingu ferðamanna um landið og ýta undir vöruþróun. Á landi eins og Íslandi þar sem veður eru oft válynd, færð erfið og önnur náttúruvá eins og eldgos og flóð stöðugt yfirvofandi er mikilvægt öryggisatriði að búa yfir tækjum og tólum til að koma mikilvægum öryggisupplýsingum á framfæri við ferðamenn. Slysavarnarfélagið Landsbjörg/Safetravel hefur unnið afar gott starf hvað þetta varðar og heldur áfram að vinna að bættum öryggismálum ferðamanna í samstarfi við helstu hagaðila.*

*Ennþá vantar þó töluvert upp á að hið opinbera nýti tæknina í þaula til að koma upplýsingum á framfæri við ferðamenn þegar þeir eru komnir til landsins og má segja að Ísland sé nokkuð á eftir sínum helstu samanburðarlöndum hvað það varðar m.a. hvað varðar nýtingu framfara í útvarpstækni, net- og símasamband á vegum og notkun leiðsögukerfa til samskipta. Flest þessara atriða eru í stöðugri skoðun en skortur á fjármagni og skilvirkari stefnumótun hafa hægt á framþróun.*

## Lagalega umhverfið

*Lagalegt umhverfi á Íslandi hefur mikil áhrif á ferðaþjónustu, enda snertir hún flest svið samfélagsins. Horfið hefur verið frá hækkun virðisaukaskatts á ferðaþjónustu, en sú ákvörðun var afar umdeild. Þess í stað verða aðrar leiðir til gjaldtöku skoðaðar á næstu misserum. Ný löggjöf um heimagistingu tók gildi þann 1. janúar 2017, en helstu markmið með löggjöfinni voru að bregðast við miklum fjölda leyfislausrar gistingar. Áformað er að setja lagasetningu vegna innleiðingar tilskipunar ESB um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun. Þá er einnig áformað að setja lög um Ferðamálastofu, ferðamálaráð og leyfisveitingar í ferðaþjónustu sem leysa munu af hólmi núgildandi lög um skipan ferðamála. Lagalegir þættir geta haft mikil áhrif á ferðaþjónustu og því er mikilvægt að rödd ferðaþjónustunnar heyrist og að samtal við stjórnvöld sé mikið og gott.*

## Náttúra og umhverfið

*Hrein og ósnert náttúra er eitt helsta aðdráttarafl Íslands og ein helsta ástæða þess að ferðamenn sækja landið heim. Í drögum að Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum eru sett fram drög að stefnu stjórnvalda í þessum efnum til að bregðast við auknum fjölda ferðamanna sem sækja landið heim, enda náttúran einn helsti grundvöllur ferðaþjónustunnar.*[15] *Núverandi ríkisstjórn hefur einnig boðað metnaðarfulla stefnu í loftslagsmálum og þar er ekki síður mikilvægt að fjalla um hlut ferðaþjónustunnar, til dæmis varðandi samgöngur.*[16] *Neytendur eru sífellt meðvitaðir um umhverfis- og loftslagsmál og því mikilvægt að Íslendingar vinni að því að gera enn betur í þessum málum og viðhaldi góðu orðspori sínu. Ferðamenn sem sækja Ísland heim geta flestir fundið upplifanir og ferðir við sitt hæfi. Þetta fjölbreytta landslag þýðir þó einnig að hættur leynast víða og því mikilvægt að ferðaþjónustuaðilar séu með öryggismál í lagi*

15 https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a96f0d80-2dcd-11e8-9427-005056bc4d7
16 https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stefnuyfirlysing/

# VESTURLAND


22 Stöðugreining ferðamála
22 Innri greining - Vesturland almenn svæðisgreining
23 Svæðisskipting á Vesturlandi
24 Búsetuskilyrði
30 Menntunarstig
31 Atvinnulíf
35 Náttúrufar
40 Umhverfismál
44 Fræðslustofnanir
44 Öryggismál
47 Samgöngumál
53 Verslun og þjónusta
54 Dægradvöl og dekur
58 Vesturland
58 Auðlindir Vesturlands
58 Lífsgæði
58 Ferðaþjónustan




## Stöðugreining ferðamála

Þegar unnið er að stefnumótun til framtíðar er mikilvægt að byrja á að greina og skoða núverandi stöðu. Hér á eftir er gróf stöðugreining varðandi helstu þætti sem varða stöðu og framvindu ferðamála á Vesturlandi. Greiningin er gerð með því að safna saman almennri þekkingu, viðhorfum og ýmsum opinberum gögnum og tölum sem lúta að landsvæðinu, samfélaginu og viðfangsefnum tengdum ferðamálum á Vesturlandi. Einnig er reynt að taka saman opinberar upplýsingar og tölfræði um stöðu ferðamála, þjónustu og gestakomur á Vesturlandi. Ýmsir þættir varðandi byggðarlagið sem taldir eru skipta máli varðandi framþróun ferðamála á Vesturlandi eru einnig skoðaðir. Þessi greining er unnin út frá fyrirliggjandi gögnum á tímabilinu maí 2017 til ágúst 2018.

## Innri greining - Vesturland almenn svæðisgreining

Þegar unnið er að þróun ferðamála er mikilvægt að gera sér grein fyrir staðháttum og sérkennum þess landsvæðis sem unnið er með. Vesturland nær frá Akranesi í suðri um norðanverðan Hvalfjörð að Botnsdal vestur yfir Borgarfjörð, Mýrar og Hnappadal út yfir Snæfellsnes og norður Dalina allt að Gilsfjararbotni í norðri.

Úti fyrir Vesturlandi eru tveir stórir flóar, Faxaflói sunnar, en norðar er Breiðafjörður þar sem eru margar eyjar, sker og mjög fjölbreytt dýralíf. Snæfellsnes liggur á milli, Dalirnir fyrir botni Breiðafjarðar en Borgarfjörður og Hvalfjörður ganga inn úr botni Faxaflóa.

Mörk Vesturlands liggja að Höfuðborgarsvæðinu sunnan við Hvalfjörð og Suðurlandi sunnan við Kaldadal og Uxahryggi, norðaustan við Arnarvatns- og Holtavörðuheiði tekur Norðurland vestra og Strandir við, en norðan við Gilsfjörð eru Vestfirðir.

Á Vesturlandi eru tíu misstór sveitarfélög bæði hvað varðar landstærð og íbúafjölda. Sveitarfélögin eru Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Borgarbyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær og Dalabyggð. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá landfræðilega legu sveitarfélagana á Vesturlandi. Öll þessi sveitarfélög starfa mikið saman að ýmsum verkefnum, en flest samstarfsverkefni þeirra eru unnin á samstarfsvettvangi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV).




Mynd 9: Vesturland er 9.555 km$^2$ að stærð. Á myndinni að ofan má glöggt sjá að Borgarbyggð er landmesta sveitarfélagið tæplega 5.000 km$^2$, þar á eftir kemur Dalabyggð sem er rétt um helmingi minni að flatarmáli, en önnur sveitarfélög á Vesturlandi eru öll undir 1000 km$^2$. Heimild: SSV

Á Vesturlandi búa tæplega 16.300 íbúar í mjög misfjölmennum sveitarfélögum. Flestir íbúar og mesta þéttbýlið er syðst og næst höfuðborgarsvæðinu, en íbúum fækkar og byggðin dreifist eftir því sem norðar dregur og fjarlægðin við höfuðborgarsvæðið eykst. Aðeins rúmlega 2.560 manns eða um 16% íbúa búa í dreifbýli, en um 13.740 eða um 84% íbúa búa í skilgreindum þéttbýlis-og byggðakjörnum á Vesturlandi.

Nokkrir misstórir þéttbýlisstaðir eru á Vesturlandi, þar er Akraneskaupstaður lang stærstur með um 7.300 íbúa, þar á eftir kemur Borgarnes með tæplega 2.000 íbúa, þá er Stykkishólmur með tæplega 1.200 íbúa, Ólafsvík með tæplega 1.000 og Grundarfjörður með tæplega 850 íbúa en aðrir byggðakjarnar eru mun minni.




Búseta íbúa á Vesturlandi




Mynd 10: Íbúafjöldi 1971-2018. Tölur frá 1. desember ár hvert fram til 1998 en 1. Janúar eftir það. Tölur Hagstofu Íslands og Byggðastofnunar. Heimild: Tölfræði um Vesturland; Vífill Karlsson, SSV

Íbúaþróun hefur verið jákvæð syðst á Vesturlandi, en fjöldi íbúa hefur staðið í stað í sveitarfélögunum um miðbik svæðisins og íbúum hefur heldur fækkað eftir því sem norðar dregur. Þá hefur íbúaþróun innan Vesturlands verið eins og annarsstaðar á Íslandi þar sem fólki í dreifbýli fækkar en fjölgar í þéttbýliskjörnum. Enda er það samþykkt Landsskipulagsstefna 2015-2026 að beina vexti búsetu að þeim kjörnum sem fyrir eru í sveitarfélaginu. [1]

Síbreytileg og dulin búseta er einnig nokkur á Vesturlandi. Háskólunum í Borgarfirði fylgir t.d. nokkur búseta nemenda, þó margir háskólanemar flytji ekki lögheimili og eru því hluti af dulinni búsetu. Dulin búseta fylgir einnig sumarhúsa- og frístundabyggðum, en stærstu sumarhúsasvæði á Vesturlandi eru í Borgarfirði og Hvalfjarðarsveit. Áætlað er að um 2.000 bústaðir séu á þessum svæðum, auk þess sem nokkrar frístundahúsaþyrpingar eru á Snæfellsnesi og stök sumarhús víðsvegar um Dalina. Þá er orðið nokkuð um það að íbúðarhús bæði í þéttbýliskjörnum og sveit séu nýtt sem annað heimili eða frístundahús, þar sem fólk á ekki lögheimili þó það dvelji þar langdvölum.

## Svæðisskipting á Vesturlandi

Við verkefnavinnu og ýmislegt samstarf á Vesturlandi er landshlutanum oft skipt upp í fjögur svæði sem liggja landfræðilega og byggðalega vel saman. Þetta er gert bæði til að auðvelda samvinnu og stytta ferðaleiðir en einnig er horft til samlegðaráhrifa, menningar og innviða á hverju svæði. Skiptingin tekur mið af gömlu sýslumörkunum og legu landsins, en líka þáttum eins og vinnumarkaði og samsetningu atvinnugreina. Syðsta svæðið sem oft er nefnt „svæðið sunnan Skarðsheiðar" nær yfir Akranes og Hvalfjarðarsveit, svæðið þar fyrir norðan er kallað „Borgarfjarðarsvæðið" og nær yfir landsvæði Borgarbyggðar og Skorradalshrepps. Sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi; Eyja-og Miklaholtshreppur, Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit og Stykkishólmsbær mynda gott samstarfssvæði þar sem talað eru um „Snæfellsnes", en nyrsta vinnusvæðið er sveitarfélagið Dalabyggð sem í daglegu tali er kallað „Dalirnir".




Mynd 11: Svæðaskiptipting Vesturlands. Heimild: SSV

1 Skipulagsstofnun, *Landsskipulagsstefna 2015-2026.*

## Búsetuskilyrði

Þegar hugað er að þróun ferðamála er mjög mikilvægt er að rýna samfélag, væntingar og vilja íbúa. Allt frá árinu 2004 hafa Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi gert íbúakönnun sem mælir viðhorf íbúa til búsetuskilyrða á Vesturlandi. Mynd hér fyrir aftan sýnir viðhorf íbúa varðandi búsetuskilyrði á Vesturlandi samkvæmt íbúakönnun SSV sem var framkvæmd árið 2016.[2] Þar kemur fram að þættir eins og náttúra, friðsæld, öryggi og mannlíf skipta miklu máli fyrir lífsgæði íbúa á Vestulandi, en einnig sést að staða þessara þátta er góð að mati íbúanna. Þegar rýnt er í þessar tölur og dregnir fram þeir þættir sem skora hæst á hverju svæði, þ.e. þeir þættir sem fá yfir 4 í einkun fyrir mikilvægi og yfir 3,5 í einkun fyrir stöðu mála, þá kemur í ljós nokkur áherslumunur á milli svæða á Vesturlandi. Að sama skapi má merkja nokkurn mun á milli svæða þegar skoðaðir eru þeir þættir sem fá lægri einkun en 3 í stöðumati og horft á mikilvægi þeirra þátta að mati íbúa. Eins og sjá má á yfirlitsmyndum um þessar niðurstöður sem hér koma á eftir.




Mynd 12: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi 2016. Heimild: Tölfræði um Vesturland; Vífill Karlsson, SSV.Gögn Íbúakönnun Vesturlands 2016. Þetta er meðaleinkunn á bilinu 1-5. Því hærri sem hún er því betri er staða búsetuskilyrðanna og mikilvægari.

Ferðaþjónusta getur haft mikil áhrif á þessa áhersluþætti og því mikilvægt að stjórnvöld haldi áfram að vakta viðhorf Vestlendinga gagnvart þessum þáttum til að meta þolmörk og lífsgæði samfélagsins.

Mikilvægt er að ferðaþjónusta verði byggð upp með það að leiðarljósi að ekki sé gengið á náttúrugæði, né öryggi eða ró íbúa sé raskað. Huga þarf að því að rekstur og uppbygging ferðaþjónustu veiki ekki búsetuskilyrði fyrir íbúa heldur bæti lífsgæði þeirra. Til dæmis þarf að gæta þess að uppbygging ferðaþjónustu ýti ekki undir íbúðaskort með uppkaupum á íbúðahúsnæði sem nýtt er til þjónustu. Við skipulag, uppbyggingu og vöruþróun ferðaþjónustu þarf að leggja áherslu á að koma gesta inn á svæði eða staði verði til að efla bæði þjónustu og mannlíf og geti þannig aukið lífsgæði íbúanna.

Í íbúakönnun SSV kemur einnig fram mikilvægi þess að bæta innviði svæðisins og má þar helst nefna vegakerfið, sem þarf að viðhalda og byggja upp í takt við aukna umferð. Vestlendingar vilja einnig að tækifæri til afþreyingar verði bætt en ætla má að fjölgun gesta geti hjálpað til við uppbyggingu afþreyingar, þjónustu og vöruúrvals . [3]

Því má segja að ferðaþjónusta geti haft veruleg áhrif á búsetugæði Vesturlands, þar sem aukin ferðaþjónusta hefur áhrif á flesta þá þætti sem íbúar álíta mikilvægasta varðandi búsetu.

2 http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/01/Ibuakonnun_2016.pdf
3 http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/01/Ibuakonnun_2016.pdf

## Svæði 1: Akranes og Hvalfjarðarsveit

Á svæðinu **Sunnan Skarðsheiðar** búa tæplega 8000 íbúar og hefur íbúum fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár, eða um 2210 síðastliðin 20 ár. Akranes er kaupstaður, stærsti þéttbýlisstaðurinn og fjölmennasta sveitarfélagið á Vesturlandi, en þar búa tæplega 7.300 íbúar en í Hvalfjarðarsveit búa um 650 íbúar. Þar eru tveir litlir byggðakjarnar, Innnes og Melahverfi. Svæðið er hluti af fyrrum Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, en Akraneskaupstaður var sér lögsagnarumdæmi.



Samkvæmt íbúakönnun SSV 2016 skorar þetta svæði hátt hvað búsetugæði varðar.[4]

Íbúar eru almennt hamingjusamir, mjög ánægðir með búsetu á þessu svæði og sáttir við það sveitarfélag sem þeir búa.

Þeir þættir sem íbúum finnst mikilvægastir fyrir búsetu á Akranesi og í Hvalfirði eru svipaðir og annarsstaðar á Vesturlandi, þ.e. almennt öryggi og friðsæld, gott mannlíf, örugg umferð, heilsugæsla og atvinnuöryggi, þó alltaf megi greina áherslumun á milli svæða.

Þeir þættir sem fá slakasta einkun á Akranesi og í Hvalfirði samkvæmt íbúakönnuninni er framboð á íbúðahúsnæði til leigu og sölu, háskóli, vegakerfi og afþreying.

Þegar horft er til beggja kvarðanna, bæði stöðu og mikilvægis, virðast úrbætur á húsnæðismarkaði, vegakerfi, laun, framfærslukostnaður og möguleikar til afþreyingar vera mest aðkallandi fyrir íbúa Akraness og Hvalfjarðar[5]




Mynd 13: Staða mikilvægi búsetuskilyrða á Akranesi og Hvalfirði. Heimild: íbúakönnun 2016; Vífill Karlsson, SSV

4 http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/05/Ibuakonnun_2016_Allir-landshlutar_lokaeintak-2.pdf
5 http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/01/Ibuakonnun_2016.pdf bls. 16

## Svæði 2: Borgarbyggð og Skorradalshreppur



**Borgarfjarðarsvæðið** norðan Skarðsheiðar, Mýrar og Hnappadalur er skilgreint sem svæði tvö. Á þessu svæði eru tvö sveitarfélög, Borgarbyggð og Skorradalshreppur. Þau voru hluti af Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, auk Hnappadalssýslu. Íbúar á svæðinu í dag eru um 3.800 íbúar þ.e. rtæplega 3.750 í Borgarbyggð en í Skorradalshreppi eru um 55 sem hefur verið svipuð íbúatala undanfarna tvo áratugi. Borgarnes er stærsta þéttbýli þessa svæðis, þar býr rúmlega helmingur íbúa, um 1.960 manns. Einnig eru litlir þéttbýlis- og byggðakjarnar í héraðinu og má þar helst nefna Hvanneyri, Kleppjánsreyki, Reykholt, Varmaland og Bifröst, auk þess sem bæði byggð og þjónusta vex mjög hratt í Húsafelli í tengslum við vaxandi ferðaþjónustu.

Samkvæmt íbúakönnun SSV 2016 eru íbúar á þessu svæði rétt í meðallagi hamingjusamir og ánægðir með búsetuna, þeir eru líka minnst sáttir við sveitarfélagið þar sem þeir búa í samanburði við önnur svæði þar sem íbúakönnunin var gerð.[6]

Þeir þættir sem íbúar telja mikilvægasta fyrir búsetu á þessu svæði eru almennt öryggi, friðsæld, gott mannlíf, örugg umferð, heilsugæsla, nettengingar, nálægð við fjölbreytta náttúru og atvinnuöryggi.

Þeir þættir sem koma verst út varðandi búsetugæði er framboð á íbúðarhúsnæði til sölu og leigu, skipulagsmál, vegakerfið, launatekjur og framfærsla, atvinnuúrval, almenningsamgöngur og afþreying.[7]




Mynd 14: Staða mikilvægi búsetuskilyrða Borgarfjarðarsvæðinu. Heimild: íbúakönnun 2016; Vífill Karlsson, SSV

6 http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/05/Ibuakonnun_2016_Allir-landshlutar_lokaeintak-2.pdf
7 http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/01/Ibuakonnun_2016.pdf

## Svæði 3: Snæfellsnes – sveitarfélögin fimm



**Snæfellsnes** var áður sérstök sýsla, Snæfellsnessýsla. Á svæðinu eru fimm sveitarfélög: þ.e. Eyja- og Miklaholtshreppur með um 130 íbúa. Snæfellsbær með um 1640 íbúa. Grundarfjarðarbær með um 880 íbúa. Helgafellssveit með um 55 íbúa. Stykkishólmsbær með rúmlega 1.170 íbúa. Á Snæfellsnesi búa tæplega 3.900 íbúar og hefur íbúum fækkað um 230 síðastliðin 20 ár. Eins og á öðrum svæðum hefur íbúabyggðin á sama tíma líka aukist í þéttbýli og grisjast í dreifbýli. Á norðanverðu Snæfellsnesi eru fimm þéttbýliskjarnar þ.e. Stykkishólmur með um 1.170 íbúa, Grundarfjörður með um 835 íbúa, Ólafsvík þar sem eru tæplega um 970 íbúar, Rif með um 135 íbúa og Hellissandur þar sem búa um 365 manns. Auk þess eru tveir litlir þjónustukjarnar á útnesinu þ.e. Hellnar og Arnarstapi sem byggja mest á ferðaþjónustu, en einnig er smábátahöfn á Arnarstapa.

Samkvæmt íbúakönnun SSV 2016 eru íbúar á þessu svæði yfir meðallagi hamingjusamir og ánægðir með búsetu á svæðinu, auk þess að vera nokkuð sáttir við það sveitarfélag sem þeir búa í, en einnig er merkjanlegt að konur á þessu svæði eru mun ánægðari en meðaltalið .

Þeir þættir sem íbúum finnst vera mikilvægastir fyrir búsetu á Snæfellsnesi eru almennn friðsæld, öryggi, nettengingar, gott mannlíf, nálægð við fjölbreytta náttúru, heilsugæsla, örugg umferð, atvinnuöryggi og símasamband.

Námsmöguleikar á háskólastigi, íbúðir til leigu og sölu, vöruverð, vöruúrval og framfærslukostnaður eru þættir sem þátttakendur álitu standa verst hvað varðar búsetugæði á Snæfellsnesi.[8]




Mynd 15: Staða mikilvægi búsetuskilyrða Snæfellsnesi. Heimild: íbúakönnun 2016; Vífill Karlsson, SSV

8 http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/01/Ibuakonnun_2016.pdf

## Svæði 4: Dalabyggð



**Dalirnir** Nyrsta svæðið nær yfir sveitarfélagið Dalabyggð og nær yfir sama svæði og Dalasýsla gerði áður. Í Dalabyggð búa tæplega 700 íbúar, þar af búa um 270 í Búðardal. Dalabyggð er því með langmestu hlutfallslegu dreifbýlisbúsetu á Vesturlandi, en íbúaþróun hefur verið neikvæð undanfarna áratugi þar sem íbúum hefur fækkað um 145 síðastliðin 20 ár.

Samkvæmt íbúakönnun SSV 2016 eru íbúar á þessu svæði undir meðallagi hamingjusamir og ánægðir með búsetu á þessu svæði, auk þess að vera undir meðallagi ánægðir með sveitarfélagið.[9]

Þeir þættir sem íbúar telja mikilvægasta fyrir búsetu í Dölum samkvæmt íbúakönnuninni eru almennt öryggi, friðsæld, heilsugæsla, gott mannlíf, umferðaröryggi, nálægð við fjölbreytta náttúru og nettengingar.

Þeir þættir sem koma verst út varðandi búsetugæði svæðisins eru vöruverð, námsframboð, vegakerfi, framboð íbúðahúsnæðis til leigu og sölu, almenningssamgöngur, framfærsla, atvinnu- og vöruúrval .




Mynd 16: Staða mikilvægi búsetuskilyrða í Dalabyggð. Heimild: íbúakönnun 2016; Vífill Karlsson, SSV

9 http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/05/Ibuakonnun_2016_Allir-landshlutar_lokaeintak-2.pdf

## Meðalmannfjöldi eftir sveitarfélagi, kyni og aldri 1998-2017 - Sveitarfélagaskipan 1. janúar 2018

| | 1998 | 2001 | 2004 | 2007 | 2010 | 2013 | 2016 | 2017 | 2018 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Akranes | 5.156 | 5.480 | 5.623 | 6.189 | 6.586 | 6.662 | 6.980 | 7.155 | 7.259 |
| Hvalfjarðarsveit | 542 | 556 | 561 | 647 | 621 | 614 | 629 | 642 | 648 |
| Skorradalshreppur | 53 | 52 | 60 | 59 | 59 | 58 | 56 | 57 | 56 |
| Borgarbyggð | 3.278 | 3.382 | 3.459 | 3.746 | 3.509 | 3.502 | 3.657 | 3.711 | 3.745 |
| Eyja- og Miklaholtshreppur | 121 | 117 | 134 | 134 | 137 | 153 | 129 | 125 | 129 |
| Snæfellsbær | 1.736 | 1.769 | 1.733 | 1.713 | 1.713 | 1.707 | 1.644 | 1.633 | 1.641 |
| Grundarfjarðarbær | 929 | 957 | 936 | 934 | 904 | 889 | 884 | 873 | 877 |
| Helgafellssveit | 65 | 57 | 50 | 58 | 62 | 56 | 54 | 55 | 58 |
| Stykkishólmur | 1.244 | 1.235 | 1.152 | 1.127 | 1.096 | 1.104 | 1.141 | 1.173 | 1.177 |
| Dalabyggð | 815 | 769 | 725 | 695 | 689 | 669 | 676 | 670 | 667 |
| **Vesturland:** | **13.937** | **14.374** | **14.430** | **15.299** | **15.375** | **15.411** | **15.848** | **16.093** | **16.257** |
| Sunnan Skarðsheiðar | 5.697 | 6.036 | 6.184 | 6.836 | 7.207 | 7.276 | 7.609 | 7.797 | 7.907 |
| Borgarfjarðarsvæðið | 3.331 | 3.434 | 3.518 | 3.804 | 3.568 | 3.560 | 3.713 | 3.768 | 3.801 |
| Snæfellsnes | 4.095 | 4.135 | 4.004 | 3.965 | 3.911 | 3.907 | 3.851 | 3.858 | 3.882 |
| Dalabyggð | 815 | 769 | 725 | 695 | 689 | 669 | 676 | 670 | 667 |

## Menntunarstig

Mikilvægt er fyrir gæðamál, framvindu og vöruþróun í ferðaþjónustu sem öðrum greinum að þekking sé til staðar til að vinna faglega að öllum þáttum atvinnugreinarinnar og tengdum greinum. Menntunarstig íbúa gefur oft vísbendingu um mannauð svæðisins og forsendur samfélagsins til að tileinka sér nýja tækni, auka framleiðni, vinna að vöruþróun og halda uppi sérhæfðri þjónustu og framleiðslu. Hér fyrir neðan má sjá yfirlitsmynd yfir menntunarstig íbúa á á Vesturlandi samkvæmt gögnum úr íbúakönnunum SSV 2016.[10]




Mynd 17: Hlutfall þeirra sem lokið hafa prófgráðu frá viðkomandi námsstigi 2016. Unnið upp úr Íbúakönnunum SSV

Menntunarstig íbúa á Vesturlandi endurspeglar að nokkru leiti atvinnulífið á vinnusvæðum Vesturlands.

10 http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/01/Ibuakonnun_2016.pdf

## Atvinnulíf

Fjölgun ferðamanna, uppbygging og þróun ferðaþjónustu og afleidd störf því tengd, eykur fjölbreyttni atvinnuframboðs. Fjölbreytt atvinnulíf eykur lífsgæði íbúa og samkeppnishæfni landsvæða. Áherslur í atvinnulífi á Vesturlandi eru nokkuð breytilegar milli svæða á Vesturlandi. Eins og sést á eftirfarandi myndum varðandi vægi einstakra atvinnugreina á hverju svæði.



Atvinnulíf **sunnan Skarðsheiðar** er öflugt og fjölþætt þó lengi megi gott bæta. Á Akranesi og í Hvalfirði er iðnaður og framleiðsla öflugur atvinnuvegur, auk þess sem mörg störf eru í fræðslu-, heilbrigðis- og félagsþjónustu, enda er þetta búsetusvæði fjölmennast á Vesturlandi. Á Akranesi er til að mynda stórt sjúkrahús, heilsugæsla og dvalarheimili, fjölmennur framhaldsskóli, tveir grunnskólar, leikskólar, tónlistaskóli, öflug íþróttastarfsemi, flott söfn og menningarstarfsemi ýmiskonar. Auk þess eru rekin ýmis verslunar- og þjónustufyrirtæki, öflug iðnaðar- og byggingarfyrirtæki, margvísleg sérfræðiþjónusta, sjávarútvegur og vinnsla, og vaxandi ferðaþjónusta. Í Hvalfjarðarsveit eru einnig reknir grunnskóli og leikskóli, þar hefur mikil uppbygging verið í kringum stóriðju á Grundartanga og einnig hefur orðið þar fjölgun iðn-og þjónustufyrirtækja sem m.a. þjóna stóriðjunni, svo nú starfa um 1100 manns á Grundartangasvæðinu. Þá hefur ferðaþjónusta verið í mikilli sókn á þessu svæðinu eins og annars staðar, þó að hlutfallslega séu færri fyrirtæki starfandi í ferðaþjónustu á þessu vinnusvæði en víða annars staðar á Vesturlandi, þá eru mörg tækifæri í ferðaþjónustu á svæðinu. Nálægðin við höfuðborgarsvæðið hefur vissulega í för með sér ýmsa kosti, en því fylgja líka áskoranir að vera svo nálægt borginni. Margir íbúar þessa svæðis sækja vinnu til höfuðborgarsvæðisins, en einnig eru margir sem búa fyrir sunnan Hvalfjörð sem sækja vinnu inn á þetta svæði.

**Góðar samgöngur og umferðaöryggi milli höfuðborgarsvæðisins og svæðisins sunnan Skarðsheiðar eru mjög mikilvægur áhersluþáttur, bæði fyrir þetta svæði og fyrir Vesturland allt.**

**Samgöngur**




Mynd 18: Vægi atvinnugreina á Akranessvæði haustið 2016. Heimild: SSV.

Á **Borgarfjarðarsvæðinu** er ýmis fræðslustarfsemi máttarstólpi samfélagsins, en í Borgarfirði eru reknir tveir háskólar, einn framhaldsskóli fimm grunnskólar og leikskólar, sem skiptir miklu máli fyrir byggðaþróun, fjölbreyttni og fjölda starfa. Auk þess hefur landbúnaður lengi verið öflugur þó heldur hafi dregið úr umfangi hans síðastliðinn áratug og helst það í hendur við fækkun starfa í matvælaframleiðslu á svæðinu. Öflug iðnaðarfyrirtæki, sérstaklega í byggingariðnaði og verktakastarfsemi eru á þessu svæði, einnig rannsóknar-, sérfræði og tæknistarfsemi auk þess sem heilsugæsla og stórt dvalarheimili er í Borgarnesi. Þá eru starfrækt margskonar verslunar- og þjónustufyrirtæki, setur og söfn auk list- og menningarstarfsemi víða á svæðinu.



**Ferðaþjónusta**

**Ferðaþjónusta á þessu svæði er í miklum vexti og mörg stór ferðaþjónustuverkefni hafa litið dagsins ljós, bæði hvað varðar veitingar, afþreyingu og gistiþjónustu, svo ferðaþjónusta er orðin stór þáttur í atvinnulífi í Borgarfirði.**




Mynd 19: Vægi atvinnugreina á Borgarfjarðarsvæði haustið 2016. Heimild: SSV.



Á **Snæfellsnesi** er sjárvarútvegur öflugur, bæði útgerð og fiskvinnsla. Sjúkrahús er í Stykkishólmi og bæði heilsugæslustöðvar og dvalarheimili á þremur stærstu þéttbýlistöðunum. Fjölbrautaskóli Snæfellinga er í Grundarfirði og sveitarfélögin reka öll bæði grunn- og leikskóla á sínum svæðum, því eru starfræktar sex grunn- og leikskólaeiningar á Snæfellsnesi. Auk þess eru starfandi verslanir, iðnaðarmenn og ýmis þjónustu- og verktakastarfsemi er á þessu svæði. Þá eru rekin nokkur setur, söfn og sýningar, menningar- og liststarfsemi. Yst á Snæfellsnesi er Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull sem er mjög mikilvægur fyrir allt svæðið.

**Ferðaþjónusta hefur verið ört vaxandi þar sem mikil uppbygging hefur verið, bæði aukning á gistiaðstöðu, þjónustu og afþreyingu, en þetta svæði er einnig mjög vinsælt fyrir dagsferðir af höfuðborgarsvæðinu og sem viðkomustaður skemmtiferðaskipa á sumrin.**







Mynd 20: Vægi atvinnugreina á Snæfellsnesi haustið 2016. Heimild: SSV.



Í **Dölum** hefur atvinnulíf aðallega byggst á landbúnaði og matvælavinnslu, en þar hefur störfum farið fækkandi. Umönnunar-, fræðslu- og þjónustörf eru einnig mjög mikilvæg fyrir þetta byggðalag þar sem mjög algengt er að bændur vinni einnig hlutastörf jafnhliða búrekstri sínum. Í Dölum er rekinn grunnskóli og leikskóli, þar er heilsugæslustöð og dvalarheimili í Búðardal og á Fellsenda, auk þess sem ungmennabúðir hafa verið reknar yfir vetrarmánuðina á Laugum í Sælingsdal. Vaxandi ferðaþjónusta hefur skapað ný störf sem hafa að hluta komið í stað starfa sem hafa tapast.

**Ferðaþjónusta & Matur úr héraði**

**Mikill hugur er í íbúum að byggja upp menningar- og sögutengda ferðaþjónustu og efla um leið matvinnslu og vöruþróun matvæla í héraði sem bæði styður þá við ferðaþjónustu og er starfsemi sem ferðaþjónusta getur styrkt.**




Mynd 21: Vægi atvinnugreina í Dölunum haustið 2016. Heimild: SSV.

Þetta yfirlit atvinnustarfsemi styrkir þá afstöðu að mikilvægt sé að byggja upp sjálfbæra ferðaþjónustu á Vesturlandi, sem nýtir náttúuauðlindir svæðisins með ábyrgum hætti og leggur áherslu á nýtingu hráefnis, vöru og þjónustu í heimabyggð. Með því væri hægt að styðja við og efla ýmsa starfsemi á svæðinu, s.s. landbúnað og matvælaframleiðslu, smávöruverslun, menningarlíf o.m.fl. sem styður þá einnig við búsetu og búsetugæði auk þess að efla samfélögin og sveitarfélögin á Vesturlandi.

# Náttúrufar

Íslensk náttúra er það sem hefur mest aðdráttarafl fyrir ferðamenn sem velja Ísland sem áfangastað, en um 83% svarenda í brottfarakönnunum nefna fyrst íslenska náttúru þegar spurt er um ástæðu fyrir heimsókn þeirra til landsins.[11]

Vesturland er ríkt af sérstæðu landslagi og náttúru. Þar er fjölbreytt náttúrufegurð, fjöll, dalir, fjörur, eyjar, veiðiár, vötn og fossar, auk þess sem þar eru mörg náttúruvætti og friðlönd.

Fjölskrúðugt lífríki byggist á margbreytileika í jarðfræði svæðisins þar sem má finna jarðminjar frá öllum skeiðum í jarðsögu landsins. Tvö gosbelti liggja um Vesturland, annað frá Reykjanesi um Þingvöll upp í Langjökul, en hitt liggur úr Norðurárdal vestur um Snæfellsnes í Snæfellsjökul. Því er mikið af margbreytilegum eldstöðvum og hraunum, auk þess sem jarðhiti og ölkeldur eru víða á Vesturlandi. Landshlutinn státar líka af þremur formfögrum jöklum sem setja svip á landslag Vesturlands. Fjölbreytt samsetning jarðvegs, berggrunns og margbreytilegt vatnafar skapar mismunandi aðstæður fyrir fugla og plöntur, sem er því gróskumikið og auðugt víða á Vesturlandi. Enda eru mörg svæði og staðir skráð á Náttúruminjaskrá Vesturlands fyrir sérstöðu sína. Á Vesturlandi er oft falleg birta, og víða má sjá hrífandi sólarupprás og sólarlag, en það er breytilegt eftir árstímum hvar best er að upplifa það á hverjum tíma. Þá er einnig gott að sjá norðurljós á Vesturlandi, þegar þannig háttar til á himinhvolfinu.




Mynd 22: Fossar, hverir og ölkeldur. Hvítárós ehf Teiknistofa/ Guðjón Fjeldsted.

**Á svæði eitt sunnan Skarðsheiðar; Akranes og Hvalfjarðarsveit,** hefur að geyma miklar andstæður og fjölbreyttni í landslagi og náttúrufari. Þar er bæði mikið og vel gróið undirlendi og blómlegar sveitir, en einnig myndarleg fjöll sem setja mikinn svip á umhverfið s.s. Akrafjall, Skarðsheiði, Hafnarfjall, Botnsheiði, Þyrill og Hvalfell, og í Botnsá er Glymur, sem er næsthæsti foss landsins. Jarðvegur á þessu svæði er víða hentugur til búskapar og þar er að finna kjarri vaxinn svæði og vaxandi skóglendi. Við Hvalfjörð og á Akranesi er einstök strandlengja og fallegar fjörur t.d. Langasandur á Akranesi sem nýttur er til útivistar og náttúruupplifunar auk þess er Grunnifjörður er friðaður vegna fuglalífs ofl.



11 https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2017/januar/sunarkonnun/2016_ferdamalastofa_sumar_maskinuskyrsla_islensk.pdf

**Á svæði tvö þ.e. Borgarfirði, Mýrum og Hnappadal** er margbrotið landslag og umhverfi. Þar er víða jarðvarmi og landgæði til landbúnaðar eru mikil. Svæðið státar af mörgum góðum laxveiðiám og vötnum. Auk þess sem þar er mikil og fjölbreytileg náttúrufegurð, jöklar, fossar, vötn, hraun og hellar, kjarri vaxnir ásar og skógarsvæði. Af náttúruperlum má nefna Langjökull og Eiríksjökull, Víðgelmi, Deildartunguhver, Hraunfossa, Glanna, Grábrók, Eldborg og vötnin óteljandi á Arnarvatnsheiði. Þá er einnig stórt og merkilegt fuglafriðland við Hvanneyri og margt fleira mætti nefna.



**Á svæði þrjú, Snæfellsnesi** er landslag afar fjölbreytt. Þar eru formfögur fjöll, úfin og slétt hraun, hellar, eldgígar, stuðlaberg, merkileg setlög, ljósar sandfjörur og svartar kletta- og malarstrendur, en Snæfellsnes er umlukið hafi á þrjá vegu. Á Breiðafirði eru ægifagrar eyjar og sker sem sagðar eru óteljandi og mjög fjölbreytt fuglalíf. Snæfellsnes er líka þekkt fyrir ölkelduvatn sem þar er að finna, bæði heitt og kalt. Formfagur Snæfellsjökull trónir yfir yst á Snæfellsnesi og er þekkt kennileiti sem sést víða að. Umhverfis hann liggur Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull með allar sínar náttúruperlur.



**Á svæði fjögur, Dalabyggð** er búsældarlegt landbúnaðarhérað með grónum dölum og sveitum. Þar er víða kjarr og vaxandi skógrækt. Dalabyggð liggur að Breiðafirði og nýtur hins einstaka umhverfis og lífríkis fjarðarins. Dýrmætar og vel þekktar laxveiðiár eru í Dölum. Víða má finna lághitasvæði, hveri og laugar og má þar t.d. nefna Sælingsdal. Þá eru mörg sérstæð náttúrufyrirbæri sem draga að sér gesti svo sem Krosshólaborg, Klofningur, Drífandagil og Skrauma.






Mynd 23: Náttúra á Vesturlandi. Hvítárós hef Teiknistofa/ Guðjón Fjeldsted.

Veðurfar er alla jafna nokkuð gott á Vesturlandi. Á svæðinu sunnan Skarðsheiðar er meðalhiti á ársgrundvelli svipaður og í Reykjavík. Nokkuð vindasamt getur verið við fjöll og geta verið sviptivindar eins og við Hafnarfjall, Akrafjall og Þyril. Ársmeðalhiti í Borgarfirði er aðeins lægri en sunnan Skarðsheiðar, sumarhiti er svipaður en kaldara er að vetrum. Vindstefna og styrkur á hverjum stað ræðst mjög af landslagi. Borgarfjörður er alla jafna snjólétt svæði og illviðri eru ekki algeng nema á afmörkuðum stöðum við fjöll. Ársmeðalhiti á Snæfellsnesi er svipaður og sunnan Skarðsheiðar þó verður sjaldan eins kalt á vetrum. Eins og annarsstaðar ræðst vindstefna og styrkur mjög af landslagi, en á ákveðnum svæðum á Snæfellsnesi getur orðið mjög hvasst og vindasamt en snjó festir yfirleitt ekki á jörðu. Veðurfar í Dölum er um margt svipað og í Borgarfirði, snjólétt svæði og illviðri eru ekki algeng. Því eru talsverð tilbrigði í vindafari , en veðurfar alla jafna milt á Vesturlandi.

## Náttúruminjaskrá

Hverskonar friðlýsing eða vottun ýtir undir áhuga náttúruunnenda til að heimsækja svæði, enda er friðun ávallt byggð á mati á sérstöðu svæðanna. Náttúruminjaskrá er listi yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og mörg önnur merkileg svæði sem hafa ekki enn verið friðlýst. Í náttúruminjaskrá eru upplýsingar um valin svæði í hverjum landshluta, þ.e.:

- Friðlýstar náttúruminjar
- Náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa samkvæmt náttúruverndaráætlun
- Aðrar náttúruminjar, þ.e. landsvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem rétt þykir að vernda Víða á Vesturlandi eru friðlýst svæði og ástæður friðlýsingar fjölbreyttar.




Mynd 24: Friðlýst svæði, friðland og þjóðgarður. Hvítárós ehf Teiknistofa/Guðjón Fjeldsted.

Friðlýst svæði eru á eftirtöldum stöðum samkvæmt Náttúruminjaskrá Vesturlands :

### Þjóðgarðar

- Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull á utanverðu Snæfellsnesi, Snæfellsbæ. Hann er um 170 km$^2$ að stærð og eini þjóðgarður landsins sem nær að sjó.

### Friðlönd

- Blautós og Innstavogsnes, Akranesi og Hvalfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu. Lýst friðland 1999. Stærð 295 ha.
- Búðahraun, Snæfellsbæ, Snæfellsnessýslu. Lýst friðland 1977. Stærð 1002,9 ha.
- Geitland, afréttur í Borgarbyggð, Borgarfjarðarsýslu. Lýst friðland 1988. Stærð 12.281,7 ha.
- Grunnafjörður, Hvalfjarðarsveit, Borgarfjarðarsýslu. Lýst friðland 1994. Stærð 1.393,2 ha. Samþykktur sem Ramsarsvæði 1996. Stærð 1470 ha.
- Húsafellsskógur, Borgarbyggð, Borgarfjarðarsýslu. Lýstur friðland 1974. Stærð 436,7 ha.
- Melrakkaey, Grundarfjarðarbæ, Snæfellsnessýslu. Lýst friðland 1971. Stærð 7,3 ha. Óheimilt er að fara í eyna án leyfis og til verndar fuglalífi er skotfæranotkun bönnuð nær eynni en 2 km.

- Ströndin við Arnarstapa og Hellna, Snæfellsbæ. Lýst friðland 1979. Stærð 134,4 ha.
- Vatnshornsskógur í Skorradal, friðlýst sem friðland 2009. Stærð 247,1 ha.Náttúruvætti
- Bárðarlaug, Snæfellsbæ. Friðlýst sem náttúruvætti 1980. Stærð 43,6 ha.
- Eldborg í Hnappadal, Borgarbyggð, Snæfellsnessýslu. Friðlýst sem náttúruvætti 1974. Stærð 125 ha.
- Grábrókargígar, Borgarbyggð. Friðlýstir sem náttúruvætti 1962.  Stærð 28,7 ha.
- Hraunfossar og Barnafoss, Borgarbyggð. Friðlýstir sem náttúruvætti 1987. Stærð 36,1 ha.
- Kalmannshellir í Hallmundahrauni, Borgarbyggð. Friðlýst sem náttúruvætti 2011. Svæðið er 4. km. að lengd. Markmiðið með friðlýsingunni er að koma í veg fyrir röskun og skemmdir á jarðmyndunum og eru því sérstakar takmarkanir á aðgangi að viðkvæmasta hluta hellisins.

### Fólkvangur

- Einkunnir í Borgarbyggð. Friðlýst sem fólkvangur 2006. Með friðlýsingunni er stuðlað að varðveislu jarðfræðilegrar fjölbreytni, en Einkunnir eru klettaborgir sem rísa upp af mýrlendinu umhverfis. Þar eru einnig stöðuvatn, tjörn og lækir. Stærð 365,9 ha.

### Búsvæði

- Andakíll, Borgarbyggð. Friðlýst 2002 sem búsvæði blesgæsar. Búsvæðaverndin nær yfir jörðina Hvanneyri. Stærð 3.086 ha. Svæðið var samþykkt sem Ramsarsvæði 2013.

### Önnur friðuð svæði

- Breiðafjörður, Snæfellsnessýslu, Dalasýslu, A- og V-Barðastrandarsýslu. Eyjar og fjörur eru verndaðar með lögum nr. 53/1995 um vernd Breiðafjarðar. Stærð svæðisins sem lögin ná til er um 20.000 ha.

### Aðar náttúruminjar á skrá

- Brynjudalur, Botnsdalur, Hvalvatn og Glymur. Hvalfjararsveit
- Reykjadalsá ásamt Deildartunguhver og öðrum nálægum hverum auk Rauðsgils. Borgarbyggð
- Sudda, laug norðan við eyðibýlið Suddu og nágrenni hennar. Boragarbyggð
- Öll jörðin Húsafell einnig Surtshellir og Stefánshellir í Hallmundarhrauni, Borgarbyggð
- Víðgelmir í Hallmundarhrauni, svo og hraunið næst honum í landi Kalmannstungu. Borgarbyggð
- Arnarvatnsheiði og Tvídægra, Borgarbyggð
- Grábrókarhraun og Hreðavatn, Borgarbyggð
- Ferjubakkaflói og Ystatunga, Borgarbyggð
- Utanverður Borgarfjörður, fjörur og grunnsævi í Borgarfirði frá Straumey og Brákarey suður að Belgsholtshólma og vestur um Þórmóðssker að Álftanesi á Mýrum.
- Hjörsey og Straumfjörður, Hjörseyjarsandur og aðrar eyjar og sker milli Hjörseyjarsands og Straumfjarðar ásamt fjörum og grunnsævi, Borgarbyggð
- Löngufjörur og grunnsævi ásamt strandlengju, eyjum og skerjum frá Ökrum og Hvalseyjum í Borgarbyggð vestur fyrir Sauratjörn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Snæfellsbæ, svo og Sauratjörn sjálf auk Laxárbakkaflóa og Glámsflóa.
- Barnaborg og Barnaborgarhraun, Borgarbyggð
- Hraun, gígar og hellar í Hnappadal; Gullborg, Gullborgarhraun og Gullborgarhellar, Rauðháls og Rauðhálsahraun, Eldborgarhraun og Syðri Rauðamelskúlur, Borgarbyggð.
- Gerðuberg, Stuðlabergsbelti milli bæjanna Gerðubergs og Ytra-Rauðamels, Eyja-og Miklaholtshrepp
- Rauðamelsölkelda, Eyja-og Miklaholtshrepp.

- Ölkelda í Staðarsveit, Snæfellsbæ.
- Tjarnir við Hofgarða í Staðarsveit, Snæfellsbæ
- Lýsuhóll í Staðarsveit; laug og kalkútfellingar, Snæfellsbæ.
- Bjarnarfoss í Staðarsveit og Svöðufoss við Ingjaldshól, Snæfellsbæ.
- Utanvert Snæfellsnes, Snæfellsbæ; Snæfellsnes vestan Fróðárheiðar utan ræktaðs lands og þéttbýlis.
- Búlandshöfði og Stöð (Brimlárhöfði), Snæfellsbæ og Grundarfjarðarbæ.
- Berserkjahraun allt og Hraunsfjörður innan Seljaodda ásamt Selvallavatni, Hraunsfjarðarvatni og Baulárvallavatni.
- Fjörur í Hofstaðavogi Helgafellssveit.
- Helgafell, Helgafellssveit.
- Fjörur og grunnsævi í Álftafirði og Vigrafirði innan Helgafellseyja og Galtareyja ,Helgafellssveit og Dalabyggð.
- Saltadý, Tungustapi og Skeljaleifar í Kaldrana, Dalabyggð
- Hvalfjarðarströnd, frá Miðsandi út að Katanesi, Hvalfjarðarsveit.
- Melabakkar og Narfastaðaós, frá Súlueyri norður að Straumeyri ásamt Narfastaðaósi, Hvalfjarðarsveit.
- Hafnarskógur og landsvæði umhverfis, Hvalfjarðarsveit.
- Klausturskógur og Fitjar í Skorradal, Skorradalshreppi,
- Borgarvogur allur ásamt fjörum, Borgarbyggð,
- Langárós frá mynni, upp með Langá að Skuggafossi, Borgarbyggð
- Elliðaey, ásamt Breiðhólma og Dyrhólma, Höskuldsey, Vaðstakksey, Þormóðsey ásamt skerjum, Breiðafirði, Stykkishólmsbæ.
- Lambey og Steindórseyjar ásamt dröngunum Karli og Kerlingu við Lambey, Breiðafirði, Dalabyggð.
- Hrappsey, Skertla, Skarða, Dímunarklakkar, Stekkjarey og Bæjarey, Breiðafirði, Dalabyggð.
- Rauðseyjar allar, Svörtusker, Kjarnaklettur, Selhólmi, Beitarey, Bæjarey, Köngursey og Ásmundarsker, Breiðafirði, Dalabyggð.

# Umhverfismál

Umhverfi og náttúra er sú auðlind sem ferðaþjónusta á Íslandi byggir á helsta styrk sinn og sérstöðu. Á Vesturlandi er unnið ötullega að ýmsum umhverfismálum sem stuðla að því að efla umhverfisvitund íbúa og gesta, auk þess að styrkja ímynd svæðisins.

Helstu umhverfisverkefni á Vesturlandi eru:

## Ramsar-svæði

Ramsarsamningurinn er fyrsti alþjóðasamningur um samþætta vernd og nýtingu tiltekinna búsvæða eða vistkerfa. Markmið Ramsarsamningsins er að stuðla að verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega alþjóðlega mikilvægum svæðum sem eru búsvæði fyrir votlendisfugla. Samningurinn dregur nafn sitt af borginni Ramsar í Íran þar sem hann var samþykktur árið 1971, en Ísland staðfesti samninginn 1978. Eitt af skilyrðum Ramsarsamningsins er að aðildarlöndin tilnefni og verndi votlendi sem hafa alþjóðlegt mikilvægi. Verndarsvæðin eru valin eftir ákveðnum viðmiðum. Meðal þess sem er metið er sérstaða svæðisins og hvort þar eru sjaldgæfar plöntur eða dýr. Einnig þarf votlendið að vera búsvæði fyrir minnst 20.000 votlendisfugla eða vera búsvæði fyrir meira en eitt prósent af ákveðnum fuglastofni, þá telst það vera mikilvægt á alþjóðavísu.[12] Nú eru 170 lönd allsstaðar í heiminum aðilar að þessum samningi. Á Íslandi eru nú sex Ramsar-svæði, þar af eru tvö á Vesturlandi, það eru Grunnifjörður í Hvalfjarðarsveit og verndarsvæði blesgæsa í Andakíl við Hvanneyri í Borgarfirði.

## Friðun Breiðafjarðar

Breiðarfjörður er friðaður með sérstökum lögum. Lífríki Breiðafjarðar er einstaklega fjölbreytt og var hann oft nefndur matarkista vegna þess hve gjöfull hann er á fisk, skeldýr, æðarfugl og svartfugl o.fl. Um 70% af Hafarnarstofni Íslands býr við Breiðafjörð og þar er einnig mikið um æðarfugl sem er nytjaður til dúntekju auk þess sem þang er slegið og nýtt við Breiðafjörð. Breiðafjörður er mikilvægur fyrir Vesturland, meðal annars fyrir ferðaþjónustu þar sem lífríki hans, náttúrufegurð og sérstaða er svo mikil að þar er hægt að bjóða upp á eftirsóknarverða náttúruupplifun, sem þarf þó ávalt að fara fram með tilliti til náttúrunnar.

## Umhverfisvottun á Snæfellsnesi

Sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi hafa unnið saman að umhverfisvottun EarthCheck fyrir Snæfellsnes frá árinu 2004. Umhverfisvottunarverkefnið nær til beinnar starfsemi sveitarfélaganna, s.s. rekstrar stofnana og mannvirkja á þeirra vegum. Verkefnið er í stöðugri mótun og sífellt er leitað leiða til að bæta umhverfisstarf sveitarfélaganna.[13]

Frammistaða sveitarfélaganna í umhverfis- og félagslegu tilliti er metin á ýmsa vegu, þar á meðal með skráningu sjálfbærnivísa, þ.e. stöðu og auðlindanotkun; orkunotkun, vatnsnotkun, úrgangslosun í tonnum og hlutfall atvinnuleysis sem dæmi. EarthCheck gerir einnig kröfur um að innlima aukna sjálfbærni með ýmsum sannanlegum hætti í fjölbreytta daglega starfsemi sveitarfélaga, stuðla að bættri umgengni við umhverfi og stuðla að betri stjórnun og framkvæmd sjálfs umhverfisvottunarverkefnisins.

Það að mæla auðlindanotkun á staðlaðan hátt eins og hér er gert, eykur gagnsæi og gefur yfirsýn sem annars væri tæplega fyrir hendi. Þá bættu yfirsýn er m.a. hægt að nýta til að:

- Bæta umhverfisvernd og ná sjálfbærnimarkmiðum
- Draga úr kostnaði
- Uppfylla kröfur stjórnvalda um upplýsingagjöf og framfylgd laga og reglugerða
- Auðvelda skýrslugjöf um frammistöðu
- Leggja grunn að óháðu mati utanaðkomandi aðila á frammistöðu
- Stuðla að vottun og staðfesta ákveðin gæði
- Bæta ímynd

12 Norræna ráðherranefndin og UST, *Ramsarsamningurinn og Votlendissvæði á Norðurlöndum.*
13 http://nesvottun.is/wp-content/uploads/2018/01/Skref_i_retta_att.pdf

## Grænfána vottun

Á Vesturlandi eru skólar á grænni grein með grænfánavottun á öllum skólastigum. Skólar á grænni grein (Eco-Schools) eru alþjóðlegt verkefni sem menntar milljónir nemenda í 51.000 skólum í 67 löndum víðsvegar um heiminn í sjálfbærni og umhverfisvernd. Því er hægt að segja að skólar á grænni grein séu stærsta innleiðingartæki sjálfbærni menntunar í heiminum í dag. En verkefnið byggir á lýðræðismenntun og getu til aðgerða.

Skólar á grænni grein fylgja sjö skrefa ferli sem efla vitund nemenda, kennara og annarra starfsmanna skólans um umhverfismál. Ef skólinn nær markmiðum sínum fær hann að flagga Grænfánanum til tveggja ára og fæst sú viðurkenning endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu umhverfisstarfi. Verkefnið hefur víðtæk áhrif og taka skólar ábyrga afstöðu í málum sem snerta umhverfið.[14] Á Vesturlandi eru eftirfarandi Grænfánaskólar: Landbúnaðarháskóli Íslands, Fjölbrautarskóli Vesturlands, Menntaskóli Borgarfjarðar, Brekkubæjarskóli, Heiðarskóli, Grunnskólinn í Borgarnesi, Grunnskóli Borgarfjarðar á Hvanneyri, Kleppjárnsreykjum og Varmalandi, Laugargerðisskóli, Grunnskóli Snæfellsbæjar á Hellissandi, Ólafsvík og Lýsuhóli, Grunnskóli Grundarfjarðar, Leikskólinn Akrasel, Skýjaborg, Andabær, Hnoðraból, Kríuból, Krílakot, Sólvellir og leikskólinn í Stykkishólmi.

## Bláfána vottun

Bláfáninn er alþjóðleg umhverfisvottun sem veitt er smábátahöfnum, baðströndum og þjónustuaðilum í sjávarferðamennsku fyrir árangursríkt starf að umhverfismálum. Markmið verkefnisins er að vernda lífríki haf- og strandsvæða, draga úr umhverfisáhrifum, bæta öryggi og efla umhverfisvitund.[15] Á Vesturlandi eru Bláfanavottanir við smábátahöfnina í Stykkishólmi, sem var fyrsta höfnin á Íslandi sem hlaut slíka vottun árið 2003, einnig er útivistarsvæðið á Langasandi á Akranesi með Bláfána. Alls eru handhafar Bláfánans á Íslandi fjórtán talsins, en æ fleiri sækjast eftir þessari vottun.

## Sorpmál

Sorpurðun Vesturlands

Sveitarfélögin á Vesturlandi halda utan um og stýra því að allur úrgangur, heimilisúrgangur og rekstrarúrgangur líkur heimilisúrgangi sem til fellur innan þeirra marka fái rétta meðhöndlun. Bein ábyrgð hvílir á sveitarfélögunum að flytja sorp brott frá heimilum og reka stöðvar til móttöku, flokkunar og förgunar úrgangs sem ekki nýtist. Sveitarfélögin eiga og reka Sorpurðun Vesturlands hf. sem rekur urðunarstað í Fíflholti á Mýrum. Þar er tekið við úrgangi frá Vesturlandi og Vestfjörðum til urðunar. Verktakar, sem starfa fyrir sveitarfélög og fyrirtæki, sjá um sorphirðu og allan akstur úrgangs til Fíflholta. Einnig sjá þeir um að reka gámastöðvar fyrir sveitarfélögin samkvæmt samningi þar um. Sorpurðun Vesturlands hf. skilar grænu bókhaldi fyrir hvert starfsár þar sem leitast er við að fylgja góðum umgengnisreglum í hvívetna og efla rannsóknir, eftirlit og upplýsingakerfi þannig að ávallt liggi fyrir sem ítarlegastar upplýsingar um umhverfisáhrif starfseminnar. Grænt bókahald heldur utanum magn úrgangs og úrgangsflokka, niðurstöður sýna sem tekin eru samkvæmt starfsleyfi o.fl.

Á Vesturlandi er mismunandi söfnunarkerfi eftir sveitarfélögum. Allt frá því að boðið er upp á þjónustu við sorphirðu úr einni tunnu upp í þrjár tunnur með tilheyrandi sorpflokkun við hvert heimili eða fyrirtæki. **Yfir 90% íbúa hafa þó aðgengi að fjöltunnukerfi.** Á svæðinu er talsverð sumarhúsabyggð en nokkuð flókið getur verið að tunnuvæða eða bjóða upp á virka sorpflokkun í sumarhúsahverfum en það þekkist þó.

90%

## Umhverfisvottun ferðaþjónustu

Ferðaþjónusta á Íslandi byggir að miklu leiti á auðlindum umhverfis og náttúru landsins, sem er stæðsta aðdráttarafl fyrir ferðamenn sem sækjast eftir að ferðast um Ísland. Því er mjög mikilvægt að íslensk ferðaþjónustufyrirtæki séu meðvituð um áhrif sín á umhverfið og náttúruna, starfi eftir umhverfisstjórnuarkerfi og fái vottun á því frá þriðja aðila til að viðskiptavinir fyrirtækisins geti treyst því að allt sé gert til að verja náttúruna eins og kostur er.

Ferðaþjónustufyrirtæki á Íslandi geta fengið vottun með nokkrum umhverfismerkjum og hafa nokkur ferðaþjónustu-fyrirtæki á Vesturlandi farið í gegnum vottunarferli og fengið umhverfisvottun.

14 http://graenfaninn.landvernd.is/
15 http://landvernd.is/blafaninn/

## Vakinn

Vakinn er umhverfismerki ferðaþjónustu á Íslandi. Verkefnið var unnið af Ferðamálastofu og Nýsköpunarmiðstöð Íslands í náinni samvinnu við Samtök ferðaþjónustunnar og Ferðamálasamtök Íslands. Umhverfisvottun Vakans byggir á nýsjálensku gæðakerfi fyrir ferðaþjónustu sem kallast Qualmark. Gæðaviðmið Vakans fyrir hótel eru þó unnin samkvæmt gæðaviðmiðum frá evrópska Hotelstars kerfinu sem leitt er af Hotrec samtökunum en viðmið fyrir aðra gistiflokka Vakans byggja á Qualmark. Mikil vinna hefur verið lögð í að staðfæra kerfið og laga að íslenskum aðstæðum, að því kom fjöldi aðila úr ferðaþjónustu auk sérfræðinga á ýmsum sviðum.

Gæðakerfi Vakans skiptist í tvo flokka:

1. Stjörnuflokkun fyrir gististaði, sem byggir á gistiviðmiðum fyrir sex mismunandi gistiflokka þar sem staðirnir eru flokkaðir frá einni og upp í fimm stjörnur.
2. Ferðaþjónusta önnur en gisting, sem byggir á tvenns konar viðmiðum, annars vegar almennum viðmiðum og hinsvegar sértækum viðmiðum eftir því hvers konar starfsemi fer fram í fyrirtækinu. Hér er ekki um stjörnuflokkun að ræða, annað hvort standast fyrirtæki lágmarkskröfur Vakans eða ekki.[16]

## EarthCheck

EarthCheck umhverfismerkið er notað á ferðaþjónustufyrirtæki og áfangastaði sem vilja stuðla að sjálfbærri þróun. Merkið nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar og er stærsti vottunaraðili ferðaþjónustunnar, enda hafa samtökin vottað meira en 1100 aðila í yfir 65 þjóðlöndum í öllum heimsálfum. Erlendis er því um þekkt og traust umhverfismerki að ræða. EarthCheck vottunarkerfið, byggir á hugmyndafræði Dagskrár 21 um ábyrga stjórnun og sjálfbæra þróun, en til verkefnisins var stofnað með stuðningi Alþjóða ferðamálaráðsins og Alþjóða ferðamálasamtakanna árið 1994. Vottunarsamtökin EC3 Global sjá um vottun EarthCheck og hafa það að markmiði að stuðla að sjálfbærni í ferðaþjónustu og votta ferðaþjónustuaðila og veita þeim umhverfismerki ef þau standast kröfur. Þau eru einnig einu samtökin sem fram til þessa hafa umhverfisvottað starfsemi sveitarfélaga[17].

## Svanurinn

Svanurinn er opinbert umhverfismerki Norðurlandanna. Til þess að vara eða þjónusta geti hlotið Svansvottun verður Norræna Umhverfismerkjanefndin að hafa mótað kröfur fyrir viðkomandi vöru- eða þjónustuflokk. Svanurinn er merki af týpu I (ISO 14024) og er einn af stofnmeðlimum Global Ecolabelling Network. Strangar kröfur Svansins um lágmörkun umhverfisáhrifa tryggja að Svansmerkt vara er betri fyrir umhverfið og heilsuna, án þess að fórna gæðum. Hótel, veitingarekstur og ráðstefnurými með Svansvottun hafa sett upp ferla og innleitt ýmsar aðgerðir til að lágmarka umhverfisáhrif vegna rekstursins. Áhersla er lögð á að minnka orkunotkun, efnanotkun og úrgang og geta fyrirtækin um leið lækkað rekstrarkostnað með betri ferlum. Svansvottaðir veitingastaðir nota lífræn matvæli í meira mæli. Með því að innleiða aðgerðir um grænni rekstur eru hótel, veitingastaðir og ráðstefnurými betur undirbúin fyrir strangari umhverfiskröfur framtíðarinnar ásamt því að vera jákvæð fyrirmynd í umhverfismálum.[18]

## Blómið

Blómið er opinbert umhverfismerki Evrópubandalagsins. Blómið gefur neytendum, opinberum jafnt sem innkaupaaðilum einkafyrirtækja í Evrópu færi á að kaupa sannanlega visthæfar vörur. Þó að við Íslendingar séum ekki aðilar að bandalaginu eigum við kost á að taka þátt í samstarfinu um EB Blómið vegna samningsins um evrópska efnahagssvæðið og stuðla þannig að sjálfbærri þróun.[19]

## ISO - 14001

ISO – 14001 er alþjóðlegur staðall á vegum Alþjóðlegu staðlasamtakanna ISO sem stofnuðu tækninefndina TC 207 Environmental management, til að semja staðla um stjórnun umhverfismála. TC 207 skiptist í sex undirnefndir sem hver um sig hefur einn málaflokk til umfjöllunar. ISO 14000 staðlarnir fjalla annars vegar um umhverfisstjórnunarkerfi og mat á því og hins vegar um mat á umhverfisáhrifum í tengslum við vörur og lífferli

16 http://www.vakinn.is
17 http://www.nesvottun.is
18 http://www.ust.is
19 http://www.ust.is

vöru og þjónustu. Nokkrir umhverfisstjórnunarstaðlar hafa verið gefnir út sem íslenskir staðlar. Meginmarkmiðið með stjórnun umhverfismála er að lækka kostnað fyrirtækja vegna umhverfismála og draga úr skaðlegum áhrifum fyrirtækja á umhverfið. Einnig að tryggja að lögum og reglugerðum um umhverfismál sé fylgt.[20]

## Samstarf og stoðkerfi

Samstarf á Vesturlandi er töluvert sem styður við byggðaþróun, atvinnuuppbyggingu og aukin lífsgæði. Má þar helst nefna Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) sem hafa verið starfrækt frá árinu 1969. SSV eru landshlutasamtök sveitarfélaga á Vesturlandi og starfa með tilvísun til sveitarstjórnarlaga. Helstu markmið samtakanna eru;

- Að vinna að hagsmunum sveitarfélaganna á Vesturlandi einkum í atvinnu-, efnahags-, mennta-, skipulags-, samgöngu-, og félagsmálum.
- Að efla samstarf sveitarfélaganna og stuðla að víðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna á verkefnum sveitarstjórna og vinna að því að gera verkefni sveitarstjórna eftirsóknar- og áhugaverð.
- Kynna kosti Vesturlands, efla samkennd íbúa og styrkja þjóðfélagslega stöðu landshlutans.

SSV hefur tekið að sér ýmis verkefni fyrir landshlutann, má þar helst nefna;

- Með samningi við Byggðastofnun hefur SSV tekið að sér atvinnuráðgjöf og ýmis byggðaþróunar verkefni á Vesturlandi.
- Með samningi við Vegagerðina sér SSV um skipulag og framkvæmd almenningssamgangna á milli sveitarfélaga á Vesturlandi og með samningi við aðra landshluta sér SSV um akstursleiðina á milli Reykjavíkur og Akureyrar og Búðardals og Hólmavíkur.
- Með þjónustusamningi við stjórn Sorpurðunar Vesturlands sér SSV um rekstur sorpurðunar fyrir Vesturland í Fíflholtum.
- SSV á allt hlutafé í Vesturlandsstofu (Markaðsstofu Vesturlands) og er hún í skipuriti undir SSV

Sveitarfélögin á Vesturlandi hafa í gegnum tíðina komið að og styrkt ýmis verkefni til að styðja við uppbyggingu og gæði ferðamála á Vesturlandi. Það hefur verið gert með t.d. ráðgjöf og stoðþjónustu við einstaklinga og fyrirtæki í gegnum atvinnuráðgjöf SSV og ýmsa styrktarsjóði. Þar má nefna aðstoð við áætlanagerð og styrkumsóknir auk fjárhagslegra styrkveitinga til framfara- og nýsköpunarverkefna auk list- og menningarverkefna sem hafa verið styrkt í gegnum Vaxtar- og Menningarsamning, Sóknaráætlun og Uppbyggingasjóð Vesturlands. Auk þess hefur verið stuðlað að samstarfi, námsskeiðahaldi og uppbyggingu á aðstöðu sem styður við vöruþróun og gæðamál.

Vestlendingar voru fyrstir til að skapa sérstakt samstarf og stoðþjónustu við ferðaþjónustuna á sínum tíma þegar Ferðamálasamtök Vesturlands voru stofnuð 1982, þá fyrstu ferðamálasamtök á Íslandi. Fyrstu ferðamálafulltrúarnir voru einnig ráðnir til starfa á Vesturlandi sama ár. Árið 1983 kom út skýrsla með uppbyggingaráætlun ferðaþjónustunnar á Vesturlandi sem gerð var af starfandi ferðamálafulltrúa. Árið 1998 kom svo út stefnumótunarskýrsla ferðaþjónustunnar á Vesturlandi; *Byggðir milli jökla*, þar sem horft var til ársins 2005. Árið 2000 var stofnuð Upplýsinga- og kynningarmiðstöð Vesturlands (UKV) með samvinnu ferðamálasamtakanna við Samtök sveitafélaga á Vesturlandi. Árið 2005 stofnuðu Ferðamálasamtök Vesturlands ferðaþjónustuklasann *All Senses*, sem var fyrsti ferðaþjónustuklasinn á Íslandi. Árið 2008 var Markaðsstofa Vesturlands (MV) stofnuð á grunni UKV í samstarfi Ferðamálasamtaka Vesturlands, ferðaþjónustuklasans *All Senses* og SSV. Árið 2012 var gefin út ný stefnumótunarskýrsla fyrir ferðaþjónustu á Vesturlandi til ársins 2015. Sú skýrsla var unnin af MV í samstarfi við eigendur og samstarfsaðila.

Unnið er að ýmsum samstarfsverkefnum á Vesturlandi sem styðja við og styrkja ferðaþjónustu. Þar má helst nefna Svæðisgarðinn Snæfellsnes sem var stofnaður til að halda utan um og vinna að framtíðarsýn og markmiðum sem sett voru fram í sameiginlegu svæðisskipulagi sveitarfélaganna fimm á Snæfellsnesi. Ýmis samstarfsverkefni eru unnin á Snæfellsnesi á vettvangi og í samstarfi við Svæðisgarðinn. Í uppsveitum Borgarfjarðar hefur verið unnið að stofnun *Sögu jarðvangs* og er vilji til að vinna það verkefni á stærra svæði. Aðilar sem vinna og selja matvörur beint frá býli hafa stofnað samstarfsvettvang til að standa að sölu matvæla úr héraði, og í samstarfi þeirra við SSV og Sóknaráætlun hefur verið sett upp matarverkstæði í Borgarnesi, sem er vottuð vinnsluaðstaða, þar sem fólk getur unnið matarhandverk og heimavinnslu matvæla sem má selja á almennum markaði. Sem áhersluverkefni í Sóknaráætlun Vesturlands hefur einnig verið unnið að eflingu ferðaþjónustu undanfarin ár, t.d. verkefnin *Efling menntunar í ferðaþjónustu* og matvælaframleiðslu á Vesturlandi og verkefnið *Matarauður Vesturlands*. Ýmis fleiri samstarfsverkefni mætti nefna en samstarfsvilji er ríkur á svæðinu til að efla samstarf, auka vöruþróun og gæði ferðamála. Mikil ánægja var með það samtal og samráð hagaðila ferðaþjónustunnar sem viðhaft var í vinnu við Áfangastaðaáætlunina og ákall eftir að koma á slíkum virkum samráðsvettvangi, bæði inni á hverju svæði og samstarfsvettvangi sem næði yfir allt Vesturland.

20 http://www.stadlarad.is

## Fræðslustofnanir

Aðgangur að menntun og þekkingu skiptir miklu máli varðandi gæði, þróun og framgang svæða, sem og vöruþróun og atvinnuvegauppbyggingu. Á Vesturlandi hefur skólastarf lengi verið í blóma. Óvíða ef einhvers staðar í veröldinni, getur svæði sem telur rúmlega 16 þúsund íbúa státað af tveimur háskólum, fjórum framhaldsskólum og virkri endur- og símenntun. Auk þess eru rekin ýmis rannsóknar- og fræðslusetur.

Framhaldsskólarnir eru Fjölbrautarskóli Vesturlands á Akranesi, Menntaskóli Borgarfjarðar í Borgarnesi og Fjölbrautarskóli Snæfellinga í Grundarfirði. Framhaldsskólarnir í Borgarnesi og í Grundarfirði eru bóknámsskólar, en skólinn á Akranesi býður bæði upp á bók- og verknám. Einnig býður Símenntunarmiðstöð Vesturlands upp á fjölbreytt úrval námsleiða, námskeiða, endur- og símenntun fyrir Vestlendinga. Meðal annars er boðið upp á atvinnulífstengt nám, íslensku fyrir útlendinga og ýmis konar tómstundanámskeið. Einnig eru í boði ýmis námskeið sem styrkja starfsfólk og styðja við vöruþróun í ferðaþjónustu.

Háskólarnir í Borgarfirði, þ.e. Landbúnaðarháskóli Íslands og Háskólinn á Bifröst, bjóða upp á fjölbreytt nám á frumgreina-, grunn- og meistarastigi, auk þess sem þar er boðið upp á ýmis konar námskeið í endurmenntun. Háskólinn á Bifröst leggur áherslu á nám í félagsvísindum, lögfræði, viðskiptafræði og stjórnun. En Landbúnaðarháskólinn býður upp á nám í búfræði, búvísindum, skógfræði, umhverfis- og náttúrvísindum, umhverfisskipulagi og skipulagsfræði. Í báðum skólum eru kennd ýmis fög sem tengjast ferðamálum og auk þess sem boðið er upp á styttri námsleiðir sem sérstaklega höfða til starfsfólks í ferðaþjónustu. Einnig eru starfrækt rannsóknarsetur við skólana sem hafa komið að ýmsum rannsóknum sem tengjast ferðamálum. Skólarnir á Vesturlandi eru því mikill styrkur fyrir ferðaþjónustu á svæðinu og veita íbúum gott tækifæri til að bæta þekkingu sína, en aukin færni er lykilþáttur í því að rekstur, vöruþróun og nýsköpun dafni og eflist.

Ýmis rannsóknarsetur eru á Vesturlandi, þar má t.d.nefna Háskólasetur Snæfellsness og Náttúrustofu Vesturlands sem eru staðsett í Stykkishólmi. Þar er unnið að ýmiskonar rannsóknum á náttúru Vesturlands, en einnig að ýmsum verkefnum tengdum landnotkun, náttúruvernd og fræðslu. Hafrannsóknarstofnun er með tvær starfsstöðvar á Vesturlandi. Það er á Hvanneyri þar sem unnið er að ýmsum vöktunar- og grunnrannsóknum á ferskvatnsfiskum og rekin þjónusta við eigendur og rekstaraðila veiðisvæða og laxveiðiáa á Vesturlandi og Vestfjörðum. Stofnunin er einnig með starfsstöð í Ólafsvík sem vinnur að ýmsum rannsóknarverkefnum en sérstök áhersla er lögð á vistkerfi Breiðafjarðar. Í Ólafsvík er einnig rekið Sjávarrannsóknarsetrið Vör, en meginmarkmið þeirrar stofnunar er að rannsaka lífríki Breiðafjarðar.

Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með verndun fornleifa- og byggingararfs á Íslandi, en minjavörður Vesturlands er staðsettur í Stykkishólmi. Verkefni hans er að vinna að vörslu, verndun og rannsóknum á menningarminjum á Vesturlandi. Snorrastofa er menningar- og miðaldarsetur í Reykholti í Borgarfirði. Við Snorrastofu eru stundaðar rannsóknir í miðaldafræðum og sögu Borgarfjarðar sem miðlað er með sýningum, alþjóðlegum ráðstefnum, málþingum, fyrirlestrahaldi, námskeiðum og útgáfu. Snorrastofa hefur verið þáttakandi í þróun á menningartengdri ferðaþjónustu á Vesturlandi og þar er sýning um sögu Snorra Sturlusonar og gestastofa fyrir staðinn. Þessi starfsemi er meðal annars mikilvæg fyrir Vesturland þar sem mikið er lagt upp úr menningar- og sögutengdri ferðaþjónustu.

**Allar þessar stofnanir stunda rannsóknir, mennta, fræða og styðja við ferðaþjónustu á Vesturlandi með einhverjum hætti, hvort sem er með menntun og aukinni þekkingu eða rannsóknum á umhverfi og náttúru eða minjum, menningu og miðaldarsögu.**

## Öryggismál

Mikilvægt er fyrir uppbyggingu ferðamála að hægt sé að treysta á sterka innviði og grunngerð í öryggis- og heilbrigðismálum, þar sem aukin umferð og fólksfjöldi á svæðinu kallar á meira eftirlit og þjónustu sem lýtur að þessum þáttum.

### Sýslumaður og löggæsla

Sýslumenn fara með framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, hver í sínu umdæmi, eftir því sem lög og reglugerðir eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli kveða á um. Meðal annars útgáfu leyfa og eftirlit með leyfisskyldum rekstri í ferðaþjónustu. Embætti Sýslumannsins á Vesturlandi tók til starfa 1. janúar 2015 með því að embætti sýslumannanna á Akranesi, Borgarnesi, í Búðardal og sýslumanns Snæfellinga voru sameinuð. Embætti Sýslumannsins á Vesturlandi er með skrifstofur á Akranesi, Borgarnesi, Búðardal og Stykkishólmi en gerður var samningur við Snæfellsbæ um að starfsmaður bæjarins sinni takmarkaðri þjónustu fyrir sýslumann.[21]

Hlutverk lögreglu er m.a. að gæta almannaöryggis og tryggja réttaröryggi, greiða götu borgaranna o.m.fl. Með aukinni umferð sem fylgir fjölgun ferðamanna og vexti ferðaþjónustu eykst óhjákvæmilega álag á lögreglu svæðisins. Á

21 http://www..syslumenn.is

Vesturlandi eru sex lögreglustöðvar þ.e. á Akranesi, í Borgarnesi, Snæfellsbæ, Grundarfirði, Stykkishólmi og Búðardal. Sólarhringsgæsla lögreglu í umdæminu er einungis á Akranesi og í Borgarnesi en á öðrum stöðvum er dagvaktafyrirkomulag með útkalls bakvakt að nætulagi. Einnig er miðlæg rannsóknardeild á Akranesi sem rannsakar stærri og flóknari sakamál á svæðinu.[22]

**Með aukinn umferð sem fylgir fjölgun ferðamanna og aukinni dulinni búsetu hefur álag á þessar starfsstéttir aukist mikið og því þarf að gera ráð fyrir þegar mannaflaþörfin fyrir löggæslu er metin á Vesturlandi.**

## Slökkvilið

Brunavarnir og slökkvilið eru mikilvægur öryggisþáttur fyrir ferðaþjónustuna, þar sem huga verður vel að umfangi og aðgengi slökkviliðs, búnaði og vegalengdum í næsta slökkvilið þegar unnið er að skipulagi á uppbyggingu ferðaþjónustu. Sveitarfélögin sjá um rekstur slökkviliða á Vesturlandi.

**A ð** rekur slökkvilið og þjónustar Hvalfjarðarsveit samkvæmt samkomulagi þar um, en slökkvistöð er á Akranesi.

**Borgarbyggð** rekur slökkvilið sem þjónustar einnig Skorradalshrepp og Eyja- og Miklaholtshrepp samkvæmt þjónustusamningi. Slökkvistöð er í Borgarnesi en einnig eru staðsettir bílar og búnaður á Hvanneyri, Reykholti og Bifröst.

**Snæfellsbær, Grundarfjarðarbær, Stykkishólmsbær** og **Dalabyggð** reka öll slökkvilið fyrir sitt sveitarfélag og eru slökkvistöðvar með búnaði á helstu þéttbýlisstöðunum þessara sveitarfélaga, þ.e. Ólafsvík, Grundarfirði, Stykkishólmi og Búðardal.

## Heilsugæsla og sjúkrahús

Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) var formlega stofnsett 1. janúar 2010. Með því urðu að einni stjórnsýslulegri heild sex sjálfstæðar heilbrigðisstofnanir á Vesturlandi. HVE sér um alla heilbrigðisþjónustu á Vesturlandi, bæði heilsugæslu og sjúkrahús. Stofnunin rekur sjúkrahús með fjölþætta þjónustu á Akranesi. Einnig er sjúkrahús í Stykkishólmi, en þar er sérhæfð bakdeild sem hefur laðað marga baksjúklinga í Stykkishólm til að leita sér lækninga og hafa þeir þá einnig nýtt sér íþróttamannvirki bæjarins til heilsubótar ásamt fleiru. Heilsugæslustöðvar eru á Akranesi, Borgarnesi, Búðardal, Stykkishólmi, Grundarfirði og Ólafsvík.

HVE veitir almenna og sérhæfða heilbrigðisþjónustu í heilbrigðisumdæmi Vesturlands í samræmi við lög og reglur á hverjum tíma. Þjónustan er veitt íbúum umdæmisins og öðrum sem eftir henni leita.

- Hlutverk heilsugæslusviðs er að veita almenna læknisþjónustu, hjúkrun, heilsuvernd, forvarnir, slysa- og bráðaþjónustu og annast sjúkraflutninga.
- Hlutverk sjúkrasviðs er að starfrækja umdæmissjúkrahús, almenn sjúkrarými og endurhæfingu. Við allar starfsstöðvar eru staðsettir sjúkrabílar og annast starfsstöðvarnar sjúkraflutninga.[23]

**Álag á þessar heilbrigðisstofnanir hefur aukist mikið með mikill fjölgun ferðamanna og aukinni dulinni búsetu, þar sem þeir aðilar leita til þessara stofnana eftir aðhlynningu ef eitthvað bjátar á. Mikilvægt er að gera ráð fyrir þeim fjölda fólks sem á leið um Vesturland þegar unnin er þarfagreining heilbrigðissþjónustu á svæðinu.**

## Almannavarnir og Björgunarsveitir

Öll sveitarfélög á Vesturlandi eru aðilar að almannavarnarnefnd sem starfar undir forustu lögreglustjórans á Vesturlandi. Hlutverk almannavarnarnefnda er að móta stefnu og skipuleggja starf almannavarna á sínu svæði vegna hættu eða tjóns af völdum náttúruhamfara. Þegar almannavarnarástand ríkir starfar sérstök aðgerðarstjórn sem stýrir hjálpar- og björgunaraðgerðum.

Á Vesturlandi starfa alls 10 björgunarsveitir sem hafa innan sinna vébanda nokkur hundruð meðlimi sem eru alltaf til taks þegar björgunaraðgerða er þörf. Björgunarsveitir á Vesturlandi hafa líkt og aðrar sveitir byggt upp þekkingu og reynslu til þess að geta brugðist skjótt við öllum þeim hættum sem að steðja og ógnað geta ferðafólki. Öflugur tækjakostur og markvisst þjálfunar- og fræðslustarf, ásamt skilvirku stjórnkerfi lands- og svæðisstjórna björgunarsveita tryggja skjót viðbrögð við vá og fagleg vinnubrögð á vettvangi sem er mikill styrkur fyrir bæði byggðarlögin og ferðaþjónustu á svæðinu.

**Mikilvægt er að styðja vel við bakið á starfsemi björgunarsveita og almannavarna vegna mikilvægis hennar fyrir öll byggðalögin.**

---

22 http://www..logreglan.is
23 https://hve.is/um-hve/

## Upplýsingagjöf og landvarsla

Starfsemi upplýsingamiðstöðva er mikilvæg til að stuðla að auknum gæðum ferðamála, bæði hvað varðar upplýsingamiðlun er varðar öryggismál, þjónustu og stýringu á umferð með tilliti til þolmarka bæði náttúru og samfélags á viðkomandi svæðum. **Upplýsingamiðstöð ferðamanna fyrir Vesturland er rekin í Borgarnesi** í samstarfi við Markaðsstofu Vesturlands og er opin allt árið.

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes heldur utan um rekstur á upplýsingaþjónustu fyrir Snæfellsnes sem nú er opin allt árið í félagsheimilinu Breiðabliki, á sunnanverðu Snæfellsnesi. Þessi starfsemi byggir á tilraunaverkefni sem hóf göngu sína sumarið 2017 og hefur notið vaxandi vinsælda ferðaskipuleggjenda og gesta svo ástæða þykir til að efla þessa starfsemi og festa hana í sessi. Nú er vilji til að ráðast í breytingar á húsnæðinu og laga aðstöðuna að þeirri starfsemi sem þarna á að vera. Hugmyndin er að halda úti Gestastofu fyrir Snæfellsnes, þar sem væri gestamóttaka og upplýsingagjöf með áherslu á öryggisupplýsingar til ferðafólks, en einnig kynnt allt það sem Snæfellsnes hefur upp á að bjóða. Einnig væru þar almenningssalerni opin allan sólarhringinn. Jafnframt er markmiðið að þarna verði starfstöð Svæðisgarðsins sem sinnir utanumhaldi um ýmis verkefni og samstarf á Snæfellsnesi sem unnið er að í takti við áherslur og markmið sem sett voru fram í sameiginlegu svæðisskipulagi fyrir Snæfellsnes 2014. Starfsemin á Breiðabliki yrði því nokkurskonar upplýsinga- og svæðisskipulags stofnun (Destination Management Organizations; DMO) Snæfellinga. Nokkrir styrkir hafa fengist til þessa verkefnis og búið er að fjármagna reksturinn 2019, auk þess sem gerður hefur verið samningur við SaveTravel um samstarf við miðlun öryggisupplýsinga, en eftir er að fullgera aðstöðuna og tryggja fjármagn bæði til frekari framkvæmda og framtíðarreksturs á þessu verkefni.

Í þjóðgarðinum Snæfellsjökli er rekin gestastofa á Malarrifi sem nú er opin allt árið, mikið notuð af gestum og mjög mikilvæg fyrir svæðið. Til stendur að reisa Þjóðgarðsmiðstöð fyrir þjóðgarðinn á Hellissandi Einnig eru opnar upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn á Akranesi, í Ólafsvík og í Grundarfirði allt árið. Dalabyggð hefur tekið upp samstarf við þjónustuaðila í sínu sveitarfélagi um að vera með upplýsingaþjónustu við ferðafólk og Stykkishólmsbær hefur lagt niður sína miðstöð, en nýtir þess í stað rafræna upplýsingamiðlun. Einnig er oft virk upplýsingamiðlun í sundlaugum sveitarfélaganna og margir þjónustuaðilar leggja sig fram um að veita gestum góðar upplýsingar um svæðið sitt.

Hlutverk landvarða eru margþætt og mjög mikilvæg. Þeir taka á móti gestum og veita nauðsynlegar upplýsingar um náttúru, staðhætti, öryggismál, sögu svæðanna og þjónustu s.s. tjaldsvæði, gönguleiðir, akvegi og nánast hvað annað er ferðamanninn fýsir að vita. Þá ber landvörðum að gæta þess að ákvæði friðlýsingar og náttúruverndarlaga séu virt. Þeir fylgjast með því að réttur náttúrunnar sé virtur, meðal annars með því að hafa eftirlit með umferð og umgengni fólks. Landverðir sjá um að merkja göngustíga, leggja nýja og halda þeim við.[24]

Umhverfisstofnun sér um landvörslu á Vesturlandi og er utanumhald með þeirri starfsemi í höndum þjóðgarðsvarðar í þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Samkvæmt upplýsingum frá þjóðgarðsverði starfa hann og einn sérfræðingur í heilsársstarfi við Þjóðgarðinn Snæfellsjökul. Fjöldi landvarða og landvarsla á Vesturlandi hefur verið mjög breytileg milli ára eftir því hvaða fjármagn hefur fengist til þess verkefnis á hverjum tíma. Landvörður í fullu starfi var ráðinn frá 1. mars til áramóta 2018, til að sinna landvörslu við Þjóðgarðinn og friðlöndin á Hellnum, Arnarstapa og Búðum. Fleiri landverðir eru ráðnir til starfa við landvörsu í Þjóðgarðinum og við friðlönd á Vesturlandi frá sumardeginum fyrsta út nóvember ár hvert og lengur ef fjármagn fæst. Um háannatíma eru fjórir landverðir í Þjóðgarðinum en einnig koma oft sjálfboðaliðahópar til að vinna þar við valin verkefni. Daglegt eftirlit er þá á helstu áningastöðum innan þjóðgarðs og á Arnastapa, en farið er minnst vikulega að Hellnum og Búðum. Þá eru helstu gönguleiðir gengnar reglulega, stikur lagfærðar, óþrifnaður fjarlægður o.fl. sem til fellur. Stefnan er að heilsárslandvörður verði ráðinn við Þjóðgarðinn innan næstu tveggja ára. Undanfarin ár hefur einnig verið starfandi landvörður yfir sumartímann sem sinnir landsvörslu í Borgarfirði, jafnt sunnan sem norðan Skarðsheiðar. Sá landvörður sér um friðlöndin á sunnanverðu Vesturlandi m.a.: Andakíl, Blautós og Innstavogsnes, Einkunnir, Eldborg í Hnappadal, Geitland, Grábrókagíga, Grunnafjörð, Hraunfossa og Barnafoss, Húsafellsskóg og Steðja ásamt Vatnshornsskógi og fleiri stöðum. Landvörðurinn fer reglulega um þessi svæði. Mesti tími eftirlits er þó við Hraunfossa, Barnafoss, Grábrók og Húsafell enda koma flestir gestir á umrædda staði. Aðrir staðir eru heimsóttir vikulega auk svæða sem fáir koma á sem heimsótt eru sjaldnar.[25]

**Sveitarfélögin á Vesturlandi hafa barist fyrir því að fá fleiri landverði til starfa á Vesturlandi allt árið og ljóst er að þörfin fyrir heilsársstarf landvarða er mikil víða á Vesturlandi þegar horft er til aukinnar umferðar um svæðið og hversu mörg friðlönd og náttúruverndarstaðir eru á Vesturlandi.**

24 http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/landvarsla/
25 Jón Björnsson, tölvupóstur.

# Samgöngumál

Vegagerðin er veghaldari þjóðvega samkvæmt vegalögum. Það er sá aðili sem hefur forræði yfir vegi og vegsvæði, þar með talið vegagerð, þjónusta og viðhald vega. Vegagerðin á að þróa og annast samgöngukerfi á sjó og landi, á sem hagkvæmastan hátt, þó með þarfir samfélagsins að leiðarljósi. Starfsemi Vegagerðarinnar er skipt upp í fjögur landsvæði, þ.e. Suðursvæði, Vestursvæði, Norðursvæði og Austursvæði. Hvert svæði er með stjórnstöð á sínu svæði og annast framkvæmdir, viðhald og rekstur vegakerfisins auk þess að veita vegfarendum þjónustu og skilmerkilegar upplýsingar og leiðsögn um vegakerfið. Svæðismiðstöð Vegagerðarinnar á Vestursvæði er í Borgarnesi.[26]

## Aðkomuleiðir og samgöngumannvirki

Góðar samgöngur gegna lykilhlutverki í ferðaþjónustu og til að viðhalda byggð. Almennt eru samgöngur við og innan Vesturlands nokkuð góðar á stofnleiðum. Þrátt fyrir það þá er rík þörf til að byggja upp vegakerfið og sinna betur viðhaldi og þjónustu, þá sérstaklega bættri vetrarþjónustu. Einnig er mjög mikilvægt að tvöfalda allar einbreiðar brýr og leggja bundið slitlag á alla vegi auk þess að fjölga áningastöðum og útskotum við vegi til að auka umferðaröryggi og fækka slysum.

Einnig er mjög mikilvægt bæði fyrir byggð og uppbyggingu atvinnuvega á Vesturlandi að vegurinn frá höfuðborgarsvæðinu inn á Vesturland verði tvöfaldaður og styttur til að bæta umferðaflæði og tryggja öryggi vegfarenda til og frá Vesturlandi.

## Vegakerfið og tengingar við grannsvæði

Vegakerfið er mikilvægasta aðflutningsleiðin inn á Vesturland, en einnig koma gestir inn á Vesturland í gegnum hafnir og flugvelli. Engin bein tenging er milli Vesturlands og útlanda, en vaxandi fjöldi skemmtiferðaskipa koma í nokkrar hafnir á Vesturlandi.

Ýmsar leiðir eru úr öðrum landshlutum inn á Vesturland. Flestir ferðmenn koma eftir þjóðvegi 1 frá höfuðborgarsvæðinu um Kjalarnes og Hvalfjarðargöng, því er mjög mikilvægt að bæta þá samgönguleið og auka þar umferðaöryggi. Langþráðu markmiði var náð í september 2018 þegar gjaldtöku í Hvalfjarðargöngin var hætt, en vegurinn um Hvalfjarðargöng hefur verið eini vegurinn á Íslandi þar sem innheimtur var vegtollur. Það má líta á það sem auka skatt fyrir fyrirtæki og nokkurn þröskuld fyrir komu gesta inn á landsfjórðunginn að greiða slíkt gjald, þegar það er ekki á öðrum vegum. En engin efast samt um að Hvalfjarðargöngin hafa verið mikill ávinningur fyrir Vesturland. Einnig er hægt að aka um Hvalfjörð úr suðri inn á Vesturland. Vegurinn um Uxahryggi og Kaldadal er líka bein tenging milli Suðurlands og Vesturlands. Sú leið er mjög mikilvæg með tilliti til dreifingar ferðamanna um landið, þar sem all flestir ferðamenn sem koma til Íslands og leggja leið sína út á land, fara til Þingvalla. Því er mjög æskilegt að hafa beina vegtengingu frá Þingvöllum inn á Vesturland, ekki síður en inn á Suðurland. En þessi vegtenging sem er í dag er ekki greiðfær og ekki opin allt árið. Aðalleiðin milli Norðurlands og Vesturlands liggur eftir Þjóðvegi 1 um Holtavörðuheiði . Yfir sumartímann er einnig hægt að aka á jeppum úr Borgarfirði yfir Arnarvatnsheiði inn á Norðurland. Þá er hægt að aka frá Norðurlandi og Ströndum yfir Laxárdalsheiði í Dalabyggð, einnig er Haukadalsskarð fært jeppum yfir sumartímann. Frá Vestfjörðum liggur leiðin yfir Gilsfjörð inn á Vesturland, en á sumrin er líka hægt að aka yfir Steinadalsheiði á vel útbúnum bílum. Breiðafjarðarferjan Baldur siglir milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey, og er mjög mikilvægur samgöngumáti sem tengir saman þessa landshluta og skapar með því bæði aukin tækifæri til vöruþróunar og samstarfs í ferðaþjónustu og á fleiri sviðum, en eykur einnig öryggi og lífsgæði íbúa beggja vegna Breiðafjarðar og í Flatey og skapar tækifæri fyrir ferðafólk að auðga upplifun sína á leið um landið.

26 http://www.vegagerdin.is/um-vegagerdina

## Vegir

Vegakerfinu á Íslandi er skipt upp í nokkra flokka samkvæmt vegalögum þ.e. þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir eru þeir vegir sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar, eru taldir upp í vegaskrá og er haldið við af fé ríkisins. Þjóðvegum ásamt sveitarfélagsvegum er ætlað að mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til að tengja saman byggðir landsins. Vegagerðin hefur umsjón með þjóðvegum, en þeim er einnig skipt í undirflokka; Stofnvegi, stofnvegi um hálendi, tengivegi, landsvegi og héraðsvegi. Stofnvegir eru oftast lagðir bundnu slitlagi enda mest umferð um þá, sumir tengivegir eru með slitlagi, en fátítt er að héraðsvegir eða hálendisvegir séu með slitlagi. Sveitarfélagsvegir eru vegir innan þéttbýlis sem ekki teljast þjóðvegir og eru það vegakerfi í umsjá sveitarfélaga. Einkavegir eru vegir sem hvorki teljast þjóðvegir né sveitarfélagsvegir og eru í eigu einstaklinga, fyrirtækja eða opinberra aðila. Almennir stígar eru reiðstígar, göngu- og hjólreiðastígar sem ætlaðir eru almenningi til frjálsrar umferðar og eru í umsjá og haldið við af fé ríkis eða sveitarfélaga. Veghaldari ber ábyrgð á veghaldi vegar. Vegagerðin er veghaldari þjóðvega, sveitarfélög eru veghaldarar sveitarfélagsvega og eigendur einkavega hafa veghald þeirra.[27]




Mynd 25: Vegakerfi landsins. Heimild: vegagerdin.is




Mynd 26: Flokkun þjóðvega á Íslandi, 2017.
Heimild: vegagerdin.is



Mynd 27: Bundið slitlag á þjóðvegum, 2017.
Heimild: vegagerdin.is

Á Vesturlandi hefur löngum verið barist fyrir því að malarvegir í landshlutanum verði lagðir bundnu slitlagi, en aðeins **40% vega á Vesturlandi eru lagðir bundnu slitlagi**. Malarvegir er mjög algengir t.d. í Dalabyggð, Borgarfirði, Mýrum, Hnappadal, Heydal og Skógarströnd, eins og sjá má á mynd hér að neðan. Vesturland er sá landshluti sem er með næsthæsta hlutfall malarvega á landinu.

40% bundið slitlag

Í Samgönguáætlun Vesturlands er vitnað til íbúa- og fyrirtækjakannanna á Vesturlandi og þar kemur fram að þátttakendur þeirra telja gott vegakerfi og umferðaröryggi mjög mikilvægan þátt varðandi búsetugæði, og áframhaldandi búsetu þeirra á svæðinu. En á sama tíma telja íbúar vegakerfið og umferðaröryggi fara versnandi auk þess sem umferð hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár.

Á opnum fundum sem og vinnufundum um áfangastaðaáætlun kom glöggt fram hjá fundarfólki að vegkerfið og umferðaöryggi skiptir bæði ferðaþjónustuna og hinn almenna íbúa afar miklu máli. Uppbygging, viðhald og ábyrg vetrarþjónusta var áhersluatriði á öllum fundum. Þar var mest rætt um bætta vetrarþjónustu sem tæki mið af þörf og aðstæðum hverju sinni, en væri ekki sinnt eftir dagatali.

27 http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Vegakerfid2017/$file/vegakerfid2017-islenska.pdf

Einnig var áhersla á uppbyggingu og vegabætur með það að markmiði að útrýma einbreiðum brúm og malarvegum. Þá var mikið rætt um vegamerkingar og gerð útskota á útsýnisstöðum til að sporna gegn þeirri þróun að bílar séu stöðvaðir hvar og hvenær sem er á vegunum.

Aukin umferð um vegina og breytt umferðarhegðun, þar sem markmið margra sem fara um veginn er annað en bara að komast á milli staða, kallar á aðra hugsun, úrbætur og meira viðhald, betri þjónustu og nýjar framkvæmdir til að tryggja greiða umferð með áherslu á meira öryggi og góða upplifun vegfaranda.

## Slysatíðni



Mynd 28: Slysatíðni á vegum 2011-2014. Aukinni umferð fylgir oftar en ekki hækkandi slysatíðni, en tíðni slysa veltur líka á ástandi vega á hverjum tíma Heimild: Tölfræði um Vesturland; Vífill Karlsson, SSV Byggt á tölum Vegagerðarinnar

Vegagerðin þjónustar alla þjóðvegi og sér um viðhald þeirra. Viðhald hverju sinni ræðst af því fjármangi sem stofnunin hefur til umráða. Það er ljóst að með aukinni umferð er mikil þörf fyrir viðhaldi vega og aukna þjónustu, sérstaklega vetrarþjónustu. Miklu máli skiptir að vegir séu færir alla daga til að þjóna þörfum íbúa, gesta og atvinnulífs. Mikilvægast er þó að ávallt séu virkar aðgerðir til að efla öryggi vega og umferðar þrátt fyrir válynd veður, snjó og klaka. Vegagerðin sér um að vegum sé haldið opnum yfir vetrartímann með snjómokstri, hálkuvörnum og ýmis konar hreinsun. Varðandi fáfarnari vegi er þetta hlutverk bæði á höndum Vegagerðar og viðkomandi sveitarfélags eða alfarið á höndum sveitarfélagsins, um það gilda sérstakar reglur. Umfang þjónustu er misjafnt eftir svæðum og er þjónustunni skipt í fjóra þjónustuflokka, þar sem þjónusta og þjónustutími miðast m.a. við fjarlægð frá þéttbýli og stærð þéttbýliskjarna sem tengjast viðkomandi vegi og fyrirliggjandi upplýsinga um vetrardagsumferð.[28]

Þjónustan er þannig mest næst þéttbýli og milli stærri þéttbýliskjarna, en dreifbýl svæði fá mun minni þjónustu þó þar geti verið mikil þörf á greiðum og öruggum samgöngum t.d. vegna skólaaksturs, matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu eða frístundabyggða. Ákall bæði íbúa og fyrirtækja er um að skipulag veg- og vetrarþjónustu sé gert með tilliti til aðstæðna, eftirspurn og þörf á þjónustu, þar sem tekið er tillit til umferðar, veðurs og færðar hverju sinni, en þjónustan sé ekki aðeins veitt eftir fyrirfram ákveðinni reglu og dagatali, burtséð frá veðurfari og þörf hverju sinni.




Mynd 29: Þegar þessi mynd er skoðuð vakna spurningar um hversu þungt umferð ferðamanna vegur í mati á þörf fyrir vetrarþjónustu vega. Hér sjáum við t.d. að Útnesvegur sem liggur um þjóðgarðinn Snæfellsjökul er aðeins settur með fasta vetrarþjónustu tvo daga í viku, þ.e. mánudaga og föstudaga. Það liggur þó fyrir að mikil umferð gesta er um þjóðgarðinn alla daga, allan ársins hring og því er mjög bagalegt ef vegurinn er ekki þjónustaður eins oft og þörf er á. Heimild: vegagerdin.is

28 http://www.vegagerdin.is/upplysingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vetrarthjonusta/

## Umferð

Ár hvert gefur Vegagerðin út umferðartölur fyrir þjóðvegakerfið. Þessar umferðartölur eru gefnar upp sem meðaltöl, það er reiknuð meðalumferð;

- Ársdagsumferð (ÁDU) þ.e. meðalumferð á dag yfir árið.
- Sumardagsumferð (SDU) þ.e. meðalumferð á dag mánuðina júní, júlí, ágúst og september.
- Vetrardagsumferð (VDU) þ.e. meðalumferð á dag mánuðina janúar, febrúar, mars og desember.

Meðalumferð er reiknuð út frá föstum talningum á ákveðnum stöðum og skynditalningum á völdum stöðum. Fastur talningastaður er sá staður þar sem talið er samfellt alla daga ársins, en skynditalning fer að jafnaði fram á tímabilinu maí - september og er talið á völdum vegum. Skynditeljarar eru staðsettir þannig að niðurstöður lýsi sem best veginni meðalumferð um þann vegkafla sem mældur er hverju sinni. Umferðin samkvæmt uppgefnum meðaltölum, ÁDU, SDU og VDU stendur fyrir umferðatalningu í báðar áttir. Því miður þá vantar oft talningar á margar leiðir þar sem þörf væri á að fylgjast með þróun umferðar, t.d. vegna umferðar ferðamanna. Ekki næst heldur að fylgjast með þróun VDU þegar skynditalningar eru aðeins settar upp yfir sumarmánuðina. Samkvæmt yfirlitskorti Vegagerðarinnar um hvar fastir umferðateljarar eru staðsettir, þá eru þeir á helstu stofnvegum, en engin teljari er t.d. á veginum um Hvalfjörð, á Borgarfjarðarbraut eða öðrum vegum í uppsveitum Borgarfjarðar, um Mýrar, um Útnesveg, á Heydalsvegi, Skógarströnd, um Dali eða fyrir Klofning. En þetta eru allt mjög mikilvægir vegir með tilliti til uppbyggingar ferðaþjónustu og framþróun ferðamála á Vesturlandi. Það má velta því upp hér hvort skortur á upplýsingum um umferð veldur minni þjónustu, sem leiðir af sér minni umferð um veginn vegna vegaástandsins. Þannig myndist orsakatengsl sem verða til þess að draga úr umferð og hamla þar með framþróun ferðamála.



Mynd 30: Staðsetning umferðarteljara Vegagerðarinnar þar sem hægt er að fylgjast með samtímaumferð Heimild: umferd.vegagerdin.is

Gögn Vegagerðarinnar um umferðarþunga frá árunum 2016 - 2017 benda til þess að umferðaraukning hefur orðið víða um Vesturland. Mest hefur hún orðið á Snæfellsnesi. Vikmörk í myndrænni framsetningu eru víð og gefa ekki nákvæmar upplýsingar, sem gerir það að verkum að þær nýtast ekki sem skyldi í greiningarvinnu í héraði. Þannig flokkast SDU 2017 neðst á Borgarfjarðarbraut og Snæfellsnesvegi um sunnanvert Snæfellsnes sem gulur vegur sem táknar 1001 - 2000 bílar á dag, Vestfjarðarvegur um Bröttubrekku og Snæfellsnesvegur um Fróðárhrepp ljósblár vegur sem táknar 501-1000 bílar á dag[29]. Samkvæmt fyrirliggjandi tölum munar þá einungis einum bílá dag á þessum vegköflum að þessir vegkaflar lendi í næsta flokki fyrir ofan, óneitanlega vekur þetta upp spurningar um áhrif þessarar flokkunar á þjónustuflokka veganna.




Mynd 31: Meðalumferð á Snæfellnesi árin 2010-2018. Heimild: Vegagerðin

29 http://umferd.vegagerdin.is

Á mynd 31 má sjá þróun umferðar á Snæfellsnesi. Umferð hefur aukist jafnt og þétt en tekur svo stökk uppávið árið 2015 og heldur áfram að vaxa 2016, 2017 og 2018 á lágannartíma.

**Þó þessi mynd sýni umferðaraukningu á Snæfellsnesi, má benda á að til þess að komast þangað eða þaðan, þá þarf að keyra um önnur svæði Vesturlands, hvort sem fólk er að koma eða fara norður eða suður og því má líta svo á að þessi þróun sé með svipuðum hætti á fleiri svæðum á Vesturlandi.**

## Útivistarstígar og reiðleiðir

Víða liggja útivistarleiðir um Vesturland, bæði gönguleiðir, reiðleiðir og ýmsir stígar sem geta nýst útivistarfólki hvort sem er gangandi, hlaupandi, ríðandi eða hjólandi. Sumir þessara stíga og leiða eru merktir eða stikaðir og jafnvel búið að byggja þá upp til að geta tekið við mikilli umferð. Annarsvegar hafa leiðir verið merktar inn á ýmis kort eða leiðalýsingar gefnar út í leiðsögubókum, aðgengilegar almenningi. Hinsvegar eru leiðir einungis kunnugar heimamönnum. Leiðirnar liggja um margskonar landsvæði og einhverjar þeirra hafa verið merktar inn á kort, í sumum tilfellum án samráðs við hlutaðeigandi, markaðssettar og seldur aðgangur að þeim í hópferðum eða með sölu á ferðahandbókum og kortum sem vísa á leiðirnar.

**Mikilvægt er að vinna heimavinnuna varðandi þolmörk lands og landeigenda varðandi umferð um þessar leiðir áður en þær eru kynntar og vísað sérstaklega á þær til almennra nota.**



Mynd 32: Áningastaðir Vegagerðarinnar á Vesturlandi. Heimild: Ásbjörn Ólafsson, Vegagerðinni. Byggt á gögnum Vegagerðarinnar – febrúar 2018

## Áningastaðir og bílastæði

Við þjóðvegi landsins hefur Vegagerðin víða sett upp áningarstaði í tvennum tilgangi: Annars vegar eru þeir staðir þar sem vegfarendur geta áð um stund, hins vegar eru staðir þar sem umhverfi og/eða útsýni laðar að og vegfarendur vilja gjarnan stoppa til að geta notið þess sem fyrir augu ber. Áningarstöðum er skipt upp í flokka eftir þeirri aðstöðu sem boðið er upp á á hverjum stað. Á hinum stærri hafa verið sett upp upplýsingaskilti, þar sem vegfarendum er bent á áhugaverða staði í nágrenninu og sagt frá því helsta sem fyrir augu ber. Við uppsetningu þessarar aðstöðu eru umferðaröryggissjónarmið alltaf höfð að leiðarljósi.[30]

Á Vesturlandi hefur Vegagerðin sett upp um 50 áningarstaði þar sem ferðamenn geta áð og notið umhverfisins eða aflað sér upplýsinga. Á meðfylgjandi korti eru merktir inn áningarstaðir Vegagerðarinnar.

## Flugvellir og hafnir

Á Vesturlandi eru engir skráðir flugvellir, en hjá Isavia eru skráðir sjö lendingastaðir á Vesturlandi. Eingöngu flugvellir með áætlunarflug eru skráðir sem flugvellir, en á Vesturland er ekkert áætlunarflug. Lendingastaðir á Vesturlandi: Búðardalur Stykkishólmur, Rif, Kaldármelar, Húsafell, Stóri Kroppur og Kárastaðaflugvöllur.

Hlutverk þessara lendingastaða er mismikið eða mikilvægt. Rif hefur þýðingu, sem neyðarbraut í almannavarnatilfellum sem lendingastaður fyrir þyrlur svo og fyrir ferjuflug yfir hafið. Aðrir lendingastaðir hafa fyrst og fremst þýðingu fyrir einkaflug, skemmti- og æfingaflug. Fram kemur á gögnum Isavia að Búðardalur er lítið notaður og í Húsafelli er braut frekar léleg. Kárastaðaflugvöllur er óskráður einkaflugvöllur flugklúbbs í Borgarnesi, þar er malarbraut sem nánast er tilbúin til að leggja á bundið slitlag. Á lendingastaðnum á Stóra Kroppi hefur verið töluverð uppbygging á síðustu árum, bæði á vegum einkaaðila sem byggt hafa þar flugskýli en ríkið setti bundið slitlag á brautina fyrir nokkrum árum.

Hlutverk þessara lendingastaða vex með aukinni kröfu um að kennslu- og æfingaflug víki úr Reykjavík og jafnframt getur stóraukinn fjöldi ferðamanna leitt til aukins einkaflugs sem nýtir þessa lendingastaði .

Á Vesturlandi eru fjórir hafnarsjóðir sem reknir eru af viðkomandi sveitarfélögum: Faxaflóahafnir sf. reka hafnir á Akranesi, Grundartanga og í Borgarnesi. Hafnarsjóður Snæfellsbæjar rekur hafnirnar í Ólafsvík, Rifi og á Arnarstapa. Þá er hafnarsjóður Stykkishólmshafnar og hafnarsjóður Grundarfjarðarhafnar. Í Dalabyggð er tvær litlar hafnir sem sveitarfélagið rekur, við Skarðsstöð á Skarðsströnd er smábátahöfn og í Búðardal er viðleguaðstaða fyrir smábáta.

30 http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/aningastadir/

Grunnstarfsemi hafnanna á Akranesi og á Snæfellsnesi lýtur að mestu leyti að löndun á fiski og sjávarfangi. Í Stykkishólmi er þó einnig ferju og farþegaþjónusta, en ferjan Baldur sem siglir með farþega yfir Breiðafjörð og á heimahöfn í Stykkishólmi. Lítil farþegaskip og skemmtibátar hafa nýtt sér Stykkishólmshöfn og þar er vaxandi ferðaþjónusta og uppbygging sjó- og náttúrutengdra upplifunarferða. Í Grundarfjarðarhöfn er líka vaxandi ferðaþjónusta, þar er tekið á móti mörgum stórum farþegaskipum og hefur hafnaraðstaðan þar verið bætt með það sérstaklega í huga. Árið 2017 hófu skemmtiferðaskip einnig að hafa viðkomu í Akraneshöfn og í Ólafsvíkurhöfn árið 2018. Í Arnarstapahöfn er smábátaútgerð, en þar hafa lítil skemmtiferðaskip einnig komið að landi. Í öllum þessum höfnum er eftirspurn eftir aðstöðu fyrir minni ferðaþjónustubáta. Hafnirnar í Borgarnesi, Búðardal og við Skarðsstöð eru fyrst og fremst hafnir fyrir smábáta og skemmtibáta. En Grundartangahöfn er iðnaðarhöfn, með dýpi og viðlegu fyrir stærstu skip, en þangað koma árlega um 360 flutningaskip.[31]

## Farþegasiglingar

Ferjan Baldur sem oft er kölluð brúin yfir til Vestfjarða siglir yfir Breiðafjörðinn, frá Stykkishólmi til Brjánslækjar allt árið um kring, með viðkomu í Flatey. Hægt er að nýta tækifærið til að stoppa í Flatey og fyrir þá sem ferðast með bíl, er mögulegt að senda bílinn á undan sér yfir fjörðinn. Núverandi skip er 1677 brúttótonn, 68,3 metrar og breidd þess er 11.6 metrar. Ganghraði skipsins er mestur 14 sjómílur, sem þýðir að það tekur um 2 klst. og 45 mínútur að sigla á milli Stykkishóms og Brjánslækjar. Í skipið komast 280 farþegar í hverja ferð auk 49 bíla. Skipið er mjög vel búið af siglingatækjum og björgunarbúnaði. Á sumrin siglir ferjan tvær ferðir alla daga vikunnar. En á veturnar er silgt sex daga vikunnar, engin ferð er á laugardögum en tvær ferðir á þriðjudögum og föstudögum.[32] Breiðafjarðaferðjan Baldur er mjög mikilvæg samgönguæð milli Vesturlands og Vestfjarða.

Fyrir tilkomu Hvalfjarðarganganna var áætlunarsigling bílaferju, Akraborgarinnar milli Akraness og Reykjavíkur. Margir hafa saknað þess að geta ekki silgt á milli hafna frá Akraneshöfn til Reykjavíkurhafnar, enda margir sem búa og sækja vinnu sitt hvorumeginn við Faxaflóa og umferðaþungi mikill á álagstímum á milli þessara staða. Sumarið 2017 var því komið á tilraunaverkefni með að hafa farþegaferju í siglingu þarna á milli. Leigð var ferja sem tók 110 farþega og var aðeins um 30 mínútur á milli þessara staða. Verkefnið þótti takast vel og voru margir sem nýttu sér þessar siglningar, sem einnig buðu upp á nýja möguleika fyrir ferðaþjónustu á Akranesi. En því miður tókst ekki að framlengja leigusamningnum fyrir ferjunni eða finna aðra ferju sem hentaði í þetta verkefni. Því er ekki vitað um frekara framhald á ferjusiglingum yfir Faxaflóa, en áhugi er á því verkefni.

Boðið er upp á ýmsar skemmti- og upplifunarsiglingar víða á Vesturlandi. Bæði fjölbreyttar náttúrulífsskoðunarferðir, hvalaskoðunarferðir og veiðiferðir.

## Almenningssamgöngur

Árið 2011 óskaði Vegagerðin eftir því að landshlutasamtök sveitarfélaga tækju að sér rekstur almenningssamgangna í sínum landshlutum. Þetta þýddi í raun að samtökin fengju til sín það fjármagn sem í áratugi hefur fylgt sérleyfum á ákveðnum leiðum utan höfuðborgarinnar sem og sérleyfin sjálf. Landshlutsamtökin voru tilbúin til að taka að sér verkefnið og fá þar með tækifæri til að móta það eftir sínum hugmyndum. Skipulagt var nýtt leiðakerfi sem nær yfir stærstan hluta Vesturlands og tengir saman alla þéttbýlisstaði og -kjarna á Vesturlandi

**Leiðakerfið á Vesturlandi**

Á Vesturlandi hafa verið eknar fimm leiðir frá árinu 2012. Þessar leiðir eru:

### Leið 57 Reykjavík-Akureyri sem hefur verið langmest notuð enda flestir ferðir á þeirri leið.

- Farnar eru tólf ferðir á dag á milli Reykjavíkur og Akraness virka daga, sex ferðir á laugardögum og átta ferðir á sunnudögum.
- Farnar eru sjö ferðir virka daga milli Borgarness og Reykjavíkur, þrjár ferðir á laugardögum og sex ferðir á sunnudögum.
- Farnar er tvær ferðir á dag á milli Reykjavíkur og Akureyrar alla daga nema laugardaga yfir sumartímann. Yfir vetrartímann eru tvær ferðir alla daga nema laugardaga og fimmtudaga.

### Leið 58 Borgarnes – Stykkishólmur

- Farnar eru tvær ferðir á dag yfir sumartímann, en tvær ferðir á dag fjóra daga vikunnar yfir vetrarmánuðina.

31 http://ssv.is/wp-content/uploads/2017/10/samgongua%C3%A6tlun-vesturlands-loka%C3%BAtg%C3%A1fa-prent.pdf
32 https://www.saeferdir.is/um-ferjurnar/baldur/

### Leið 59 Borgarnes-Búðardalur-Hólmavík

- Yfir vetrartímann eru þrjár ferðir Borgarnes-Búðardalur á viku, en tvo daga er farið alla leið á Hólmavík. Yfir sumartímann eru líka ferðir til Hólmavíkur fjóra daga vikunnar.

### Leið 81 Borgarnes-Hvanneyri-Reykholt-Baulan

- Yfir vetrartímann eru farnar þrjár ferðir á viku.

### Leið 82 Hellissandur-Ólafsvík-Grundarfjörður-Vatnaleið

- Farnar eru tvær ferðir á dag yfir sumartímann, en tvær ferðir á dag fjóra daga vikunnar yfir vetrarmánuðina. Auk þess er farin ein ferð á dag í gegn um Þjóðgarðinn Snæfellsjökul að Arnarstapa yfir sumartímann.

164.000
farþegar
2014

Notkun fólks á almenningssamgöngum náði hámarki árið 2014 en þá nýttu 164.000 farþegar sér þennan farkost. Árið 2017 voru farþegarnir um 140.000

Almenningssamgöngur bjóða upp á hagkvæm ferðalög innan Vesturlands og á milli landshluta. Mikilvægt er að kynna þennan samgöngumáta betur fyrir ferðamönnum en gert hefur verið.

Tvö sveitarfélög reka almenningssamgöngur innan síns sveitarfélags. Á Akranesi eru fastar ferðir innan bæjarins, en Snæfellsbær býður upp á fastar ferðir á milli Ólafsvíkur og Hellisands allt árið.[33]

## Verslun og þjónusta

Á Vesturlandi er fjölbreytt flóra verslunar og þjónustu. Í fjölmennustu bæjunum, Akranesi og í Borgarnesi er vissulega mesti fjölbreytileikinn í verslun og þjónustu. Þar eru lágvöruverðsverslanir, ýmiskonar matvöruverslanir, sérvöruverslanir með fatnað og ferðabúnað, byggingavöru og búsáhöld, lyfjaverslanir og ýmiskonar þjónusta s.s. bílaþjónusta, snyrtiþjónusta o.fl. Í bæjunum á norðanverðu Snæfellsnesi; Stykkishólmi, Grundarfirði, Ólafsvík og Hellissandi eru einnig matvöruverslanir, sérvöruverslanir með fatnað og ferðabúnað, byggingavöru og búsáhöld, einnig ýmiskonar þjónusta s.s. bílaþjónusta, snyrtiþjónusta o.fl. Einnig er lágvöruverðsverslun í Stykkishólmi. Í Búðardal er matvöruverslun, sérvöruverslanir og ýmiskonar þjónusta s.s. bílaþjónusta o.fl.

Utan þéttbýlisstaða eru á nokkrum stöðum litlar verslanir sem selja matvæli og veitingar, ferðabúnað og eldsneyti, auk þess sem ýmiskonar bifreiðaþjónustu er að finna í dreifbýli. Víða er hægt að kaupa margvíslegt handverk og matvæli úr héraði. Auking hefur orðið í vöruþróun og sölu á heimaunnum vörum úr héraði. Sveitamarkaðir hafa sprottið upp þar sem slík vara er seld og sumir markaðir eru opnir allt árið á meðan aðrir eru settir upp nokkrum sinnum á ári. Gallerí og opnar vinnustofur með list- og handverk hafa verið settar á stofn og þessi flóra sem tengist list, handverki og matargerð hefur vakið verðskuldaða athygli. Dæmi um þróun í þessu samhengi má nefna staði eins og Bjarteyjarsand í Hvalfirði, Matarbúr Kaju á Akranesi, Ljómalind í Borgarnesi, Ullarselið á Hvanneyri, sveitarmarkaðinn að Breiðabliki á Snæfellsnesi, galleríið Leir 7 í Stykkishólmi og mjólkurbúið að Erpsstöðum í Dölum og er listinn langt í frá að vera tæmandi.

33 http://www.ssv.is

## Dægradvöl og dekur

### Söfn, sýningar, setur og skapandi greinar

Nokkuð fjölbreytt flóra safna, setra og sýninga er á Vesturlandi. Sveitarfélögin reka bókasöfn og skjalasöfn sem fyrst og fremst eru nýtt af heimaaðilum, þó í auknum mæli af ferðamönnum. Safnaráð hefur eftirlit með safnastarfsemi í landinu og veitir þeim söfnum viðurkenningu sem standast skilmála þess.

Á Vesturlandi eru eftirtalin söfn sem hlotið hafa viðurkenningu Safnaráðs:

- Byggðasafnið í Görðum á Akranesi
- Byggðasafn Borgfjarðar í Borgarnesi
- Byggðasafn Snæfellsness og Hnappdæla, Norska Húsinu í Stykkishólmi
- Byggðasafn Dalamanna að Laugum í Sælingsdal
- Landbúnaðarsafn Íslands á Hvanneyri

Ýmsir aðilar hafa einnig sett upp margvíslegar sýningar og setur með áhugaverðum munum eða miðlun. Þar eru margar sýningar og starfsemi sem vert er að skoða og skiptir miklu máli fyrir menningu og afþreyingarflóru á Vesturlandi. Þessar sýningar eru margbreytilegar og tengjast bæði sögu, menningu, list og náttúru Vesturlands, þar má til dæmis nefna:

- Safnasvæðið í Görðum, Akranesi; fjölbreytt söfn og sýningar
- Akranesviti; sýning um vitana á Akranesi
- Hernámssetrið í Hvalfirði; saga hernáms í Hvalfirði
- Bjarteyjarsandur í Hvalfirði; sveitalíf og sauðfjárafurðir
- Safnahúsið í Borgarnesi: fjölbreytt söfn og sýningar
- Landnámssetur í Borgarnesi; sýning um landnám Íslands, sýning um Egilssögu og leiksýningar byggðar á íslenskum sagnaarfi.
- Ullarselið á Hvanneyri; ullarvinnsla, handverk úr íslenskum efniviði
- Hespuhúsið í Andakíl; jurtalitun á bandi með náttúrulegum aðferðum fyrri tíma
- Geitfjársetrið á Háafelli; saga og afurðir íslensku geitarinnar
- Samgönguminjasafnið í Borgarnesi; fornbílasafn og samgönguminjar
- Snorrastofa Reykholti; sýning um verk og ævi Snorra Sturlusonar og miðaldafræði
- Eldfjallasafnið í Stykkishólmi; listaverk, fræðsla og munir sem tengjast jarðsögu Íslands
- Sögumiðstöðin Grundarfirði; Ljósmyndasýning og sýning úr sögu Grundarfjarðar
- Vatnasafn Roni Horn í Stykkishólmi; innsetningar sem tengjast vatni, jöklum Íslands og orðum um veður
- Hagleikssmiðja í Stykkishólmi; opið verkstæði með leirgerð, tréskurði og gullsmíði
- Æðarsetur Íslands í Stykkishólmi; Æðarfuglinn og afurðir honum tengdar
- Bjarnarhöfn; sýning um veiðar og verkun hákarls fyrr á öldum
- Sjóminjasafnið á Hellissandi; sýning um náttúrulíf og sjósókn fyrir á öldum
- Pakkhúsið Ólafsvík; atvinnu- og lifnaðarhættir í sjávarbyggð á 19. öld.
- Gestastofa þjóðgarðsins Snæfellsjökuls á Malarrifi; sýning um náttúru Snæfellsness og sjósókn fyrri tíma
- Samkomuhúsið Arnarstapa; gamlir munir, bækur og sögur sem tengjast svæðinu
- Eiríksstaðir í Haukadal-tilgátuhús; bær Eiríks rauða og landnám í Dölum
- Leifsbúð í Búðardal; sögusýning (unnið er að uppsetningu á sýningu v.Vínlandsfunda)
- Erpsstaðir í Dölum; sýning og lifandi handverk í mjólkuriðnaði
- Ólafsdalur-fyrsti búnaðarskóli á Íslandi; saga staðarins
- Jörvi í Haukadal; keramikverkstæði og opið gallerí
- Stykkishólmskirkja; myndlistarsýningar

Þetta er ekki tæmandi listi, enda mikil gróska og alltaf eitthvað að bætast í flóruna. En á öllum þessum söfnum, setrum og sýningum er m.a. unnið með efnivið af Vesturlandi, sögu, menningu, arfleifð og umhverfi, auk þess sem list og handverki eru gerð skil.

Auk safna, sýninga og setra, þá er mjög líflegt list- og menningarlíf á Vesturlandi. Margir kórar og leikfélög eru starfandi um allan fjórðunginn og tónlistarlíf með miklum blóma. Á hverjum vetri eru sett upp mörg leikverk af áhugamannaleikfélögum sem starfa víða. Einnig getur Vesturland státað af minnsta atvinnuleikhúsi landsins og þó víðar væri leitað, en leiklistarstarfsemi er rekin allt árið í atvinnuleikhúsinu í Frystiklefanum í Rifi. Þar er lifandi dagskrá öll kvöld allt sumarið sem stíluð er á ferðamenn og fer fram á ensku, þó efniviður leikverkanna sé sóttur í Vestlennskan sagnaarf. Í Frystiklefanum hefur verið sett upp frumsamið verk sem byggir á sögum af Snæfellsnesi á hverju ári frá opnun. Ýmsar tónleikaraðir eru árvissar á Vesturlandi, t.d. í Reykholtskirkju og Stykkishólmskirkju. Margvíslegar bæjarhátíðir og menningavökur eru haldnar í stærstu sveitarfélögunum, bæði vetur og sumar. Má þar nefna;

- Írskir dagar; bæjarhátíð á Akranesi fyrstu helgina í júlí
- Vökudagar á Akranesi; menningarhátíð í lok október
- Sjómannadagurinn; hátíð á Akranesi, Snæfellsbæ, Grundarfirði og Stykkishólmi tileinkaður sjómönnum fyrstu helgina í júní
- Hvalfjarðardagar; hátíð og viðburðir um alla Hvalfjarðarsveit síðustu helgina í ágúst
- Brákarhátíð; bæjarhátíð í Borgarnesi síðustu helgina í júní
- Sauðamessa; hausthátíð í Borgarnsei til heiðurs sauðkindinni, fyrstu helgina í október
- Hvanneyrarhátíð; bæjarhátíð á Hvanneyri fyrsta laugardag í júlí
- Reykholtshátíð; menningar- og fræðsluhátíð í Reykholti síðustu helgina í júlí
- Ólafsvíkurvaka; bæjarhátíð í Ólafsvík í byrjun júlí annað hvert ár (ártal með oddatölu)
- Sandara- og Rifsaragleði; bæjarhátíð á Hellissandi og Rifi í byrjun júlí annað hvert ár (ártal með sléttri tölu)
- Á góðri stund; bæjarhátíð í Grundarfirði síðustu helgina í júlí
- Rökkurdagar: menningarhátíð í Grundarfirði um miðjan október
- Norðurljós: Menningarhátíð í Stykkishólmi í nóvember annað hvert ár.
- Danskir dagar; bæjarhátíð í Stykkishólmi þriðju helgina í ágúst
- Bókmenntahátíðin Júlíana, Stykkishólmi á Þorra
- Skotthúfan; hátíðisdagur tileinkaður íslenska þjóðbúningnum í Norska húsinu í Stykkishólmi
- Jörfagleði; menningarhátíð í Dalabyggð haldin í sumarbyrjun annað hvort ár, á oddatölu
- Heim í Búðardal; bæjarhátíð í Búðardal haldin í sumarbyrjun annað hvort ár, á sléttri tölu
- Ólafsdalshátíð; hátíðardagur í Ólafsdal í byrjun ágúst ár hvert
- Haustfagnaður; viðburðadagskrá sauðfjárbænda í Dalabyggð haldin í vetrarbyrjun

Auk þessara viðburða er vert að minnast á **Ráðstefnuhlé**, sem er menningarviðburður sem haldin hefur verið á Vesturlandi undanfarin ár. Það er félagsskapurinn **Vitbrigði Vesturlands** sem er samstarfsvettvangur fólks í skapandi greinum á Vesturlandi sem stendur að þeim viðburði. Þá hefur stuttmyndasýningin **Northen Waves** einnig verið haldin á hverju ári á Vesturlandi síðastliðin ár.  Þá er þjóðhátíðardagurinn 17. júní haldinn hátíðlegur með veglegri dagskrá víða um Vesturland eins og annarsstaðar sem og aðrar hefðbundnar hátíðir. Ýmis félagasamtök, fyritæki og einstaklingar standa einnig fyrir tilfallandi viðburðum á Vesturlandi.

## Sögulandið

Vesturland hefur oftar en ekki verið kallað **Sögulandið**. Sagan blasir við, við hvert fótmál; Íslendingasögur, þjóðsögur eða bara sögur af mönnum og málefnum - sögusvið þessara sagna er hvarvetna að finna á svæðinu. Flestar Íslendingasögurnar eru skráðar á Vesturlandi svo sem Egilssaga, Sturlunga, Laxdæla og Eyrbyggja. Þetta er auðlegð sem Vestlendingar vilja nýta sér. Myndin til hliðar sýnir kort af Vesturlandi þar sem þekktir sögustaðir sem nefndir eru í Íslendingasögunum hafa verið merktir inn, hver saga hefur sinn lit.



Mynd 33: Sögustaðir sem nefndir eru í Íslendingasögunum. Hvítárós ehf Teiknistofa/Guðjón Fjeldsted.

## Útivistar- og íþróttaaðstaða

Víða á Vesturlandi er góð aðstaða til útivistar og íþróttaiðkunar. Þar eru Íþróttavellir til að stunda fótbolta eða frjálsar íþróttir í öllum þéttbýlisstöðum og víða í dreifbýli er metnaðarfullt íþróttastarf. Fótboltinn er t.d. sterkur á Akranesi og í Ólafsvík þar sem leikið er í efstu deildum á Íslandi, og yfir sumartímann heimsækir fjöldi gesti fótboltaleiki á þessum stöðum. Mörg góð íþróttahús eru á Vesturlandi og stór fótboltahöll á Akranesi þar sem hægt er að stunda ýmsar íþróttir. Körfuboltinn er t.d.sterkur í Stykkishólmi og Borgarnesi þar sem leikið er í efstu deildum körfuboltamóta á Íslandi og yfir vetrartímann sækir fjöldi gesta körfuboltaleiki á þessum stöðum. Dalamenn hafa lengi átt glímufólk í fremstu röð. Einnig eru víða haldin stór íþróttamót bæði vetur og sumar fyrir ungu kynslóðina og eldri iðkendur, og kalla þessi mót til sín hundruð ef ekki þúsundir þátttakenda og gesta inn á Vesturland.

Á annan tug golfvalla er á Vesturlandi. Stórir 18 holu vellir eru á Akranesi og Hamri við Borgarnes, en víða eru 9 holu vellir. Golfvellirnir eru ýmist reknir af sveitarfélögum sem íþróttamannvirki eða og oft í samstarfi við félagasamtök áhugamanna og iðkanda. Einnig hafa ýmsir aðilar í ferðaþjónustu byggt upp golfvelli til afþreyingar fyrir sína gesti. Vestlendingar hafa náð ótrúlega góðum árngri á heimsmælikvarða í golfi og þannig borið hróður Vesturlands víða.

Hestamannafélög og einkaaðilar hafa víða byggt upp reiðhús og reiðvelli þar sem hægt er að iðka hestamennsku, þjálfun, sýningar og keppni. Fjöldi gesta fylgist með hestamótum og sýningum. Reiðhúsin eru vissulega misjöfn að gæðum og stærð, en sum reiðhúsin hafa góða aðstöðu fyrir áhorfendur og eru því mikið notuð til ýmiskonar sýningarhalds auk hestamennsku.

Í Grundarfirði hefur verið byggð upp aðstaða til skíðaiðkunar fyrir ofan bæinn. Þar er diskalyfta og er þessi aðstaða nýtt í auknum mæli, þegar snjóalög leyfa.

Aðstaða til líkamsræktar og íþróttaiðkunar er víða góð og boðið upp á margvíslega þjálfun og dagskrá hvað það varðar. Víða eru starfræktar sérstakar líkamsræktarstöðvar og iðulega er aðstaða til líkamsræktar í íþróttahúsum eða við sundlaugar sveitarfélaganna. Þessi góða íþrótta- og líkamsræktaraðstaða getur gefið ýmis tækifæri til vöruþróunar og styður við uppbyggingu ferðaþjónustu á Vesturlandi.

## Sundstaðir og heitar laugar

Gnótt af jarðhita er víða á Vesturlandi og hafa heimaaðilar nýtt það vel til að byggja upp sundstaði og böð. Í Borgarnesi, Stykkishólmi og á Akranesi eru stórar sundlaugar sem tugir þúsunda gesta heimsækja árlega. Á Snæfellsnesi eru líka góðar sundlaugar í Ólafsvík, Grundarfirði og Laugargerði. Sundlaugar eru víða í Borgarfirði, þar má nefna Varmaland, Kleppjárnsreyki, Brautartungu, Brún, Neðri-Hrepp og Húsafell. Í Dölum er sundlaug að Laugum í Sælingsdal. Þá eru laugar að Hlöðum og Heiðarborg í Hvalfirði. Allar eru þessar laugar opnar almenningi þó mismikið sé, sumar eru opnar allt árið en aðrar aðeins yfir sumartímann eða nýttar með takmörkuðum aðgangi. Við flestar laugarnar eru heitir pottar og sumsstaðar eru rennibrautir og leikaðstaða fyrir börn.

Þá er ótalin Lýsuhólslaug á Snæfellsnesi, sem er sérstök fyrir það að í henni er heitt ölkelduvatn sem kemur þar úr jörð og er slíka laug ekki að finna annarsstaðar á landinu. Einnig var nýverið opnaður baðstaðurinn Krauma við Deildartunguhver í Borgarfirði , en þar eru heitir pottar og hvíldaraðstaða fyrir gesti. Við Langasand á Akranesi hefur einnig verið byggð upp skemmtileg heit laug eða útipottur sem nefnist Guðlaug og eykur enn á upplifun og gildi Langasands sem útivistar- og fjölskylduparadísar. Þá má nefna að Hreppslaug í Skorradal er friðuð í dag en hún er hituð með sírennsli vatns úr nánasta umhverfi.

Víða á Vesturlandi er að finna náttúrulaugar, þar má nefna til dæmis Krosslaug í Lundareykjadal í Borgarfirði og Guðrúnarlaug í Dalabyggð. En þó verður að gæta þess að umhverfi náttúrulauga er yfirleitt mjög viðkvæmt og þarf því að gæta að það skaðist ekki af umferð gesta, auk þess sem taka verður tillit til þess að við náttúrulaugar er hvorki gæsla né gæðaeftirlit með vatninu.

Sjósund hefur einnig notið vaxandi vinsælda hjá almenningi og hefur því verið komið upp aðstöðu til sjóbaða auk þess sem aðstæður frá náttúrunnar hendi eru víða góðar á Vesturlandi. Þár má nefna Langasand á Akranesi, Brákarey í Borgarnesi og Ólafsvík, en víða er einnig hægt að stunda sjósund við strendur Vesturlands án þess að þar hafi verið gerð sérstök aðstaða.




Mynd 34: Sundstaðir og heitar laugar á Vesturlandi. Hvítárós ehf Teiknistofa/Guðjón Fjeldsted.

# Vesturland



### Auðlindir Vesturlands

*Vesturland er ríkt af auðlindum, náttúru- og mannauði sem er vænlegur jarðvegur til uppbyggingar svæðisins. Sérstætt landslag og náttúra hefur til að bera mörg friðuð náttúruvætti og friðlönd. Landgæði eru mikil í grösugum dölum og sveitum auk þess sem firðir, flóar, fiskimið, ár og vötn á svæðinu eru fengsæl. Náttúrlegar auðlindir eins og heitt og kalt vatn, jarðvarmi og græn orka nýtist til ræktunar og vöruþróunar auk þess sem það bætir mannlíf og menningu Vesturlands. Vesturland er í fararbroddi á landsvísu þegar kemur að umhverfismálum.*

### Lífsgæði

*Íbúar Vesturlands eru almennt hamingjusamir og ánægðir með búsetu á þessu svæði en þeir telja almennt öryggi, friðsæld, gott mannlíf, örugga umferð, heilsugæslu, nettengingar, nálægð við fjölbreytta náttúru og atvinnuöryggi mikilvægt fyrir búsetu á svæðinu. Framboð íbúðarhúsnæðis til sölu og leigu, launatekjur, vöruúrval, framfærslukostnaður, afþreying og samgöngur lækkar heldur búsetugæði að mati íbúanna. Menntun og menning er í miklum blóma í landshlutanum en þar eru tveir háskólar, fjórir framhaldsskólar auk fræðslu- og rannsóknarsetra. Vesturland er oft kallað Sögulandið en þar er sagan við hvert fótmál. Menningarlíf litast af þeim menningararfi sem býr í sögunum og svæðinu og hefur fætt af sér fjölda, safna, sýninga og setra auk líflegs lista- og menningarlífs íbúa. Vel er búið að lýðheilsu íbúa og gesta svæðisins með góðri aðstöðu innandyra sem utan, í formi íþróttamannvirkja, sundlauga, útivistarstíga o.fl.*

### Ferðaþjónustan

*Landshlutinn er vel staðsettur þar sem hvergi er meira en 250 km. að alþjóðaflug-velli Íslands og höfuðborgarsvæðinu, sem er stærsti innanlandsmarkaðurinn. Ímynd svæðisins er sterk, náttúrufegurð, umhverfisvitund og sjálfbærnisjónarmið í atvinnugreinum svæðisins vega þungt. Aukinn gestafjöldi á Vesturlandi kallar á úrbætur á innviðum og eflingu á þjónustu. Öryggis- og samgöngumál svæðisins sbr. útrýming einbreiðra brúa og malarvega, ábyrg vetrarþjónusta vegakerfis eru lykilþættir í þeim úrbótum.*

*Vesturland hefur upp á margt að bjóða og þar eru ótæmandi tækifæri til uppbyggingar og vöruþróunar.*

# STÖÐUGREINING FERÐAMÁLA Á VESTURLANDI


60 Stöðugreining ferðamála
60 Almenn þróun ferðamála á íslandi 2010-2017
61 Þróun ferðamála á Vesturlandi 2010-2017
62 Ferðamáti og farþegaflutningar á Vesturlandi
64 Ferðaskrifstofur og ferðaskipulag
65 Gistiþjónusta á Vesturlandi
72 Veitinga- og matarupplifun
74 Upplifun og dægradvöl
74 Ímynd og aðdráttarafl
83 Staða ferðaþjónustunnar á Vesturlandi
84 Þróun og staða ferðamála Sunnan Skarðsheiðar
87 Þróun og staða ferðamála á Borgarfjarðarsvæðinu
91 Þróun og staða ferðamála á Snæfellsnesi
97 Þróun og staða ferðamanna í Dalabyggð
100 Vesturland
100 Umhverfi ferðaþjónustu og þróun
100 Fjölgun ferðamanna
100 Afþreying
100 Vöxtur ferðaþjónustunnar




## Stöðugreining ferðamála

Það er erfiðara í að komast en um að tala, að gera stöðugreiningu á íslenskum ferðamálum, hvað þá ef maður ætlar að skoða sérstaklega einn landshluta.

Það er margt til trafala þegar reynt er að setja saman heildstæða yfirlitsmynd af stöðu ferðamála á Vesturlandi. Þar má helst nefna að hvergi er hægt að nálgast heildstæðan gagnabanka með rannsóknum, gögnum og greiningum sem varða ferðamál á Íslandi, hvað þá ef leitað er gagna varðandi einn landshluta. Það er bagalegt að geta ekki nálgast gögn sem varða hvern landshluta án þess að þurfa að kalla eftir þeim sérstakelga hjá þeim stofnunum sem vinna að gagnaskráningu og gagnavinnslu. Mjög mörg verkefni eru unnin samkvæmt skiptingu landshlutasamtakanna og því ætti stjórnsýslan að taka mið af þeirri skiptingu hvað varðar birtingu opinberra gagna og gagnabanka til að hægt sé að auka tækifæri til úrvinnslu og nýtingu gagnanna heima í héraði. Í þessu samhengi má t.d. nefna að aðeins er hægt að nálgast sameiginlegar tölur fyrir Vesturland og Vestfirði hvað varðar nýtingu gistirýmis. Margir ólíkir aðilar og stofnanir vinna að gagnasöfnun og úrvinnslu gagna og því erfitt að átta sig á hvar best er að leita eftir gögnum sem lúta að ferðamálum. Auk þess er skortur á samtímagögnum og aðgengileg gögn eru oft bæði ósamstæð og ósambærileg. Þar má t.d. nefna að þó svo að hægt sé að fylgjast með umferð um ýmsa vegi landsins í rauntíma, þá safnast þau gögn ekki upp á aðgegnilegan gagnabanka, heldur þarf að bíða eftir að Vegagerðin birti skýrslur um umferð, sem eru þá kannski orðnar allt að ársgamlar tölur. Einnig má nefna skráningu á gistiþjónustu hjá Ferðamálastofu og greiningagögn um gistiþjónustu hjá Hagstofunni, þessi gögn eru ekki flokkuð og sett fram undir sömu samræmdum heitum eða sömu gistiflokkum og gistileyfi sem gefin eru út af sýslumönnum samkvæmt flokkun í lögum um gististaði. Flókið er að bera saman hvaða flokkur tilheyrir hverju, þegar reynt er að skoða hvort sem er fjölda, gistinætur eða  nýtingahlutfall á mismunandi gerð gistiþjónustu. Margt fleira mætti nefna sem betur má fara í rannsóknum og miðlun varðand umfang og þróun ferðamála, en það verður ekki gert hér. Þó er vert að geta þess að nokkur bragarbót á aðgengi að gögnum og greiningartölum hefur orðið með tilkomu Mælaborðs ferðaþjónustunnar þar sem hægt er að nálgast ýmsar upplýsingar og tölur um ferðamál á Íslandi, en betur má ef duga skal.

**Það er mikilvægt fyrir framþróun ferðamála á Íslandi að auka virkni og eftirfylgni skráninga og gagnavinnslu sem varða ferðamál. Gera aðgengilega gagnabanka með rauntímaupplýsingum um alla landshluta, til að hægt sé að nýta gögnin heima í héraði, vakta framgang greinarinnar, hafa virka stefnumótun og fylgja eftir framtíðarsýn og markmiðum um ábyrga þróun ferðamála.**

## Almenn þróun ferðamála á íslandi 2010-2017

Erlendum ferðamönnum sem koma til Íslands hefur fjölgað hratt undanfarin ár. Samkvæmt tölum úr brottfarartalningum Ferðamálastofu(FMS) hefur fjöldi erlendra ferðamanna sem fara um Keflavíkurflugvöll meira en fjórfaldast frá árinu 2010, eða úr tæplega 489 þúsund gestum í tæplega 2,2 milljónir 2017. Árleg fjölgun flugfarþega hefur því að jafnaði verið tæplega 25% milli ára, en fjölgunin var mest frá 2015 til 2016 eða 39,0%. Farþegum sem koma til landsins með skemmtiferðaskipum hefur einnig fjölgað hratt á sama tíma, eða úr um 70 þúsund í rúmlega 128 þúsund. Gera verður ráð fyrir frávikum í þessum talningum FMS á Keflavíkurflugvelli þar sem þær ná til allra brottfara þ.m.t. erlendra ríkisborgara búsettra hérlendis og  sjálftengifarþega. Út frá þessum talningum og svörum úr ferðavenjukönnunum gerir Ferðamálastofa áætlun um dreifingu gesta um landið, jafnt innlendra og erlendra ferðamanna.



Mynd 35: Brottfarir erlendra farþega frá landinu 2010 - 2017. Heimild: Ferðamálastofa

Samkvæmt skýrslu frá ráðgjafafyrirtækinu Rannsóknir & ráðgjöf ferðaþjónustunnar(RRF), sem byggir á Dear Visitors könnunum sem fyrirtækið hefur framkvæmt meðal brottfararfarþega í Leifsstöð frá 1996, er áætlað að ferðamönnum sem koma til Íslands hafi fjölgað rúmlega sexfalt á árunum 2004-2017. En í þeirri skýrslu er einnig áætlað að eiginlegir gestir sem heimsóttu Ísland með flugi eða ferju árið 2017 hafi verið rétt um 2 milljónir, þegar tengifarþegar og erlent verkafólk er talið frá í talningum brottfararfarþega.

Samkvæmt þessum talningum hefur þróunin verið sú að aukningin í komum gesta til landsins hefur verið hlutfallslega meiri á jaðartímum og lágönn, heldur en yfir sumartímann. Þessi þróun skapar mörg tækifæri fyrir ferðaþjónustufyrirtæki að efla starfsemi sína og starfa allt árið. En er jafnfram mikil áskorun og kallar á mikla umsýslu og úrlausnir varðandi umgjörð, upplýsingagjöf, þjónustu, innviði og öryggismál, þegar svo margt fólk sem ekki þekkir til eða hefur litla reynslu af aðstæðum og veðurfari á Íslandi fer að ferðast um landið allan ársins hring.




Mynd 35 Hlutfallsleg dreifing brottfara eftir árstíðum 2010-2017. Heimild: Ferðamálastofa (www.ferdamalastofa.is)



Mynd 36: Fjöldi brottfara erlendra gesta frá Íslandi 2004 - 2017. Heimild: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar; Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017.

## Þróun ferðamála á Vesturlandi 2010-2017

Mikill vöxtur hefur verið í ferðamálum á Vesturlandi undanfarin ár eins og annarsstaðar á landinu. Það má t.d. greina af aukinni umferð, fjölgun gistinátta og auknu framboði á ferðaþjónustu af öllu tagi á Vesturlandi. Mikið hefur verið byggt upp af gistirýmum undanfarin ár, bæði endurbætur og stækkanir á eldri gistieiningum en einnig hafa nýjir staðir verið byggðir upp. Þá hefur flóra fyrirtækja sem bjóða upp á afþreyingu og menningartengda starfsemi á Vesturlandi vaxið og dafnað. Einnig má merkja fjölgun fyrirtækja utan svæðis sem bjóða upp á ferðir um Vesturland, þó sérstaklega dagsferðir.

Samkvæmt niðurstöðum úr ferðavenjukönnunum og útreikningum Ferðamálastofu er áætlað að tæplega 788 þúsund erlendir gestir hafi heimsótt Vesturland árið 2017. Þar er reiknað með að rúmlega 48% gesta sem komu til Íslands yfir sumarmánuðina hafi heimsótt Vesturland, en 29% vetrargesta. Einnig má þar sjá að Vesturland er vinsæll áfangastaður Íslendinga, en samkvæmt þessum áætlunum hafa rúmlega 45% Íslendinga sem ferðast um eigið land viðdvöl á Vesturlandi.

**Áætlaður fjöldi ferðamanna á einstökum svæðum og stöðum:**

| | Sumar 2017 | | Vetur 2017 | | Íslendingar 2016 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Fjöldi ferðamanna á tímabili | | 777.889 | | 1.417.382 | | 332.529 |
| | %* | Fjöldi | %** | Fjöldi | %*** | Fjöldi |
| Reykjavík | 95,6 | 743.700 | 96,7 | 1.370.600 | 26,6 | 88.500 |
| Nágrannasveitarfélög höfuðborgar | 47 | 365.600 | 54,6 | 773.900 | | |
| Suðurland | 71,2 | 553.900 | 55 | 779.600 | 57,7 | 191.900 |
| Reykjanes | 39,8 | 309.600 | 36,2 | 513.100 | 13,7 | 45.600 |
| Vesturland | 48,4 | 376.500 | 29 | 411.000 | 45,6 | 151.600 |
| Norðurland | 50,2 | 390.500 | 17,3 | 245.200 | 55,1 | 183.200 |
| Austurland | 44,8 | 348.500 | 16,6 | 235.300 | 22,6 | 75.200 |
| Hálendið | 29,6 | 230.300 | 9,6 | 136.100 | 7,7 | 25.600 |
| Vestfirðir | 20 | 155.600 | 8,4 | 119.100 | 20,4 | 67.800 |

Mynd 37: Áætlaður fjöldi ferðamanna á einstökum svæðum. Heimild: Ferðamálastofa.

Samkvæmt skýrslu[34] frá Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar(RRF); Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017, er áætlað að um 912 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið á Vesturland árið 2017. Sem er rúmlega 45% af þeim um 2 milljónum erlendra ferðamanna sem þar er áætlað að hafi komið til landsins það ár. Samkvæmt RRF er er áætlað að af þeim gestum sem sóttu Vesturland heim hafi 48% komið á háönn yfir sumarmánuðina, en 52% á jaðartíma og lágönn utan sumars. Eins og sjá má á mynd 37. fylgja gestakomur á Vesturland mikið til sömu kúrfu og gestakomur til landsins.

34 Rögnvaldur Guðmundsson, *Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017.*

Þessar tölur RRF eru ívið hærri en tölur frá Ferðamálastofu(FMS). Hafa ber í huga að bæði í útreikningum FMS og RRF er byggt á spurningakönnunum og brottfarartalningum og áætlað út frá þeim. Mismunurinn getur því t.d. legið í mismunandi efnistökum í spurningum. Fráviksmörk í þesum áætlunum geta því verið all nokkur, en niðurstöðurnar eiga þó alltaf að gefa tryggar vísbendingar og góða mynd af þróun ferðamála.




| Vesturland | 29% | 33% | 41% | 41% | 50% | 55% | 60% | 62% | 54% | 33% | 28% | 20% |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|

Mynd 38: Samanburður á áætluðum fjölda ferðamanna sem komu til Íslands og þeirra ferðamanna sem lögðu leið sína á Vesturland 2017. Heimild: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar; Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017.

Einnig hefur gestum sem koma með skipum fjölgað mikið undanfarin ár, en allt bendir til þess að fleiri og stærri skemmtiferðaskip komi til með að hafa viðdvöl á Íslandi á næstu árum. Samkvæmt gögnum Mælaborðs ferðaþjónustunnar komu 78 farþegaskip til Íslands og höfðu 573 viðkomur á landinu árið 2017. Helsti viðkomustaður skemmtiferðaskipa á Vesturlandi er á Snæfellsnesi, þá aðallega í Grundarfirði, færst hefur í vöxt að skemmtiferðaskip stoppi í fleiri höfnum á Vesturlandi. Skipagestir koma til landsins frá maí og fram í september, þeir gista ekki í landi, en fara mikið í ýmiss konar skoðunarferðir út frá þeim höfnum sem skipin koma eða skoða sig um á viðkomandi þéttbýlisstað. Mörg skemmtiefrðaskip stoppa í fleiri en einni höfn á Íslandi.

## Ferðamáti og farþegaflutningar á Vesturlandi

Samkvæmt skýrslu RRF hefur ferðamáti erlendra ferðamanna á Íslandi breyst mikið síðastliðin áratug. Þar kemur fram að fyrir tveimur áratugum skiptust ferðamenn í tvo álíka stóra hópa, þ.e. þeir sem ferðuðust á eigin vegum og þeir sem ferðuðust í skipulögðum hópferðum. Frá þeim tíma hefur verið hröð þróun í þá átt að ferðamenn kjósa, í æ ríkari mæli, að ferðast á eigin vegum á Íslandi. Þeim fjölgar stöðugt sem velja að leigja sér bílaleigubíl til að ferðast um landið, en fækkar sem kjósa hópferðir og áætlunarbíla. Þó má sjá að hærra hlutfall gesta kýs að fara í skipulagðar hópferðir yfir vetrarmánuðina en yfir sumarið, en það eru þá oftast skipulagðar dagsferðir eða norðurljósaferðir án gistingar. Einnig er nokkuð um að fólk komi til Íslands á eigin bíl með Norrænu og ferðist um landið. Þá hefur það líka færst í vöxt að erlendir ferðaþjónustuaðilar flytja tímabundið inn bifreiðar til fólksflutninga og bjóða upp á skipulagðar ferðir með hópa um landið. Ekki er hægt að nálgast neinar upplýsingar eða tölur um þá starfsemi.




Mynd 39: Helstu farartæki erlendra sumargesta á Íslandi 1996 - 2017. Heimild: Heimild: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar; Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017.

Allir sem stunda farþegaflutninga á eign ökutæki í atvinnuskyni, með bifreiðum sem eru skráðar fyrir níu farþega eða fleiri eru skyldir til að hafa til þess sérstakt rekstrarleyfi. Auk þess er hægt að sækja um sérstakt ferðaþjónustuleyfi fyrir farþegaflutninga gegn gjaldi með sérútbúnum bifreiðum, t.d. til fjallaferða, þar sem heimilt er að nota bifreiðar sem rúma færri en níu farþega. Skal umsækjandi þá hafa rekstrarleyfi annaðhvort sem

ferðaskipuleggjandi eða ferðaskrifstofa auk þess að hafa almennt rekstrarleyfi sem oft er kallað hópferðaleyfi. Á Vesturlandi eru nokkrir aðilar sem eru með hópferðaleyfi og reka hópferðabíla. Margir af þeim sem eru með hópferðaleyfi nýta það eingöngu til skólaaksturs og skýrir það að einhverju leyti fjölda rekstrarleyfa til farþegaflutninga á Borgarfjarðarsvæðinu og í Dölum, því þar er margar skólaakstursleiðir. En einnig eru nokkrir aðilar á Vesturlandi sem sinna akstri með ferðahópa. Á Vesturlandi eru þrír aðilar með leyfi fyrir ökutækjaleigu, en einnig eru stóru bílaleigurnar með umboðsaðila og útibú víða á Vesturlandi.




Mynd 40. Útgefin leyfi til farþegaflutninga á Vesturlandi
Heimild: Samgöngustofa

Landshlutafélög sveitarfélaganna hafa rekið almenningssamgöngur í sínum landshluta síðan árið 2011 að ósk Vegagerðarinnar. Farþegar sem nýttu sér almenningssamgöngur á Vesturlandi árið 2017 voru um 140.000, en flestir voru farþegar um 164.000 árið 2014.[35]

35 Páll S. Brynjarsson, munnleg heimild, 2018.

## Ferðaskrifstofur og ferðaskipulag

Sá aðili sem setur saman, markaðssetur og selur pakkaferðir í atvinnuskyni, innan lands eða erlendis, á lögum samkvæmt að hafa ferðaskrifstofuleyfi sem Ferðamálastofa gefur út. Pakkaferð er ferð sem inniheldur ákveðna samsetningu tveggja eða fleiri ferðaþjónustuþátta sem seldir eru saman á einu verði. Þessir ferðaþættir eru í öllum tilfellum gisting, en auk þess annað hvort eða bæði flutningur og hverskonar afþreying, s.s.hesta-, skoðunar-, gönguferðir, sigling o.s.frv.

Á Vesturlandi voru ellefu ferðaskrifstofuleyfi í gildi 2017, en þó var þar ekki starfandi nein eiginleg ferðaskrifstofa sem sérhæfir sig í vöruþróun, markaðssetningu og sölu á ferðapökkum um Vesturland. Flest ferðaskrifstofuleyfi á Vesturlandi standa fyrir hestaferðir eða aðrar afmarkaðar ferðir fyrirtækja sem sjálf bjóða upp á þjónustu sem fellur undir það að vera samsett hópferð. Yfirleitt er þá um sérhæfða ferðaþjónustu að ræða, sem þarf að hafa ferðaskrifstofuleyfi til að geta boðið upp á ferðapakka sem inniheldur tvo eða fleiri þætti af þjónustu sem felur í sér bæði gistingu og flutning og/eða afþreyingu. Þessi fyrirtæki eru flest öll að vinna með skipulag og sölu á eigin þjónustu á afmörkuðu svæði. Nokkrar ferðaskrifstofur sem staðsettar eru utan Vesturlands, bæði innlendar og erlendar setja saman og selja hópferðir um Vesturland.

11
ferðaskrif-
stofur

Rúmlega fimmtíu ferðaskipuleggjendaleyfi voru í gildi á Vesturlandi á sama tíma. Það sem greinir ferðaskipuleggjanda frá ferðaskrifstofu er að sá viðburður, ferð, sýning eða annað sem ferðaskipuleggjandi býður til sölu, má ekki taka lengri tíma en sólarhring og aldrei að innifela gistingu. Um leið og gisting bætist við ferðapakka sem innifelur einnig flutning og/eða afþreyingu, þá er ferðin orðin að samsettri hópferð og viðkomandi söluaðili þarf að hafa ferðaskrifstofuleyfi. Þeir sem sækja um ferðaskipuleggjendaleyfi eru fólk eða fyrirtæki sem bjóða upp á skipulagðar stuttar ferðir og dagferðir s.s. hestaleigu, svæðisleiðsögn og sögufylgd um afmarkað svæð. Ekki er hægt að kaupa ábyrgðartryggingu fyrir slíka starfsemi nema viðkomandi hafi til þess ferðaskipuleggjendaleyfi. Nokkur gróska er í þesskonar þjónustu á Vesturlandi, t.d. þar sem heimamenn taka á móti gestum, bjóða upp á stutta kynningu, segja frá sínum heimahögum, sögu svæðisins eða svara spurningum um lífið og tilveruna á staðnum. Þessi þjónusta nýtur einnig vaxandi vinsælda og hafa verið haldin námskeið á Snæfellsnesi til að efla fólk og þjálfa til að veita þessa þjónustu.

50
ferðaskipu-
leggjendur

Vöxtur er og hefur verið í dagsferðum um Vesturland, þar sem ferðaskipuleggjendur og ferðaskrifstofur bjóða upp á margvíslegar dagsferðir frá höfuðborgarsvæðinu um Vesturland.

Sautján leyfi voru skráð fyrir upplýsinga- og bókunarþjónustu á Vesturlandi 2017. Hver sem er má starfrækja upplýsingagjöf eða bókunarþjónustu fyrir ferðaþjónustu, en öllum er þó skylt að skrá þá starfsemi sína hjá Ferðamálastofu. Með bókunarþjónustu er átt við rekstur hvers kyns bókunarþjónustu fyrir ferðatengda starfsemi.  Upplýsingamiðlun stendur fyrir aðila sem stundar hlutlausa upplýsingagjöf til almennings. Upplýsingamiðlun hefur hvorki leyfi til að setja saman, bjóða til sölu né auglýsa ferðir eða aðra ferðatengda starfsemi. Með vaxandi straumi ferðafólks sem ferðast á eigin vegum um landið og sefur jafnvel í bílnum og á víðavangi, er komin upp sú staða að ferðamenn hitta jafnvel aldrei heimafólk á ferðalaginu. Gestir fara því á mis við að fá óformlegar upplýsingar sem oft felast í samskiptum gesta og gestgjafa, en eru oftar en ekki mjög mikilvægar þegar fólk ferðast um framandi náttúru- og menningarsvæði.

17
upplýsinga-
og bókunar-
þjónustur

Ný lög hafa verið samþykkt um ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur og taka þau gildi 1. jan. 2019.

**Mikilvægt er að efla alla almenna og opinbera upplýsingagjöf til ferðamanna, til að auka öryggi gesta og upplifun, auk þess að verja náttúru, dýralíf og samfélag við ógætilegri og ónærgætinni umgengni sem getur stafað af vanþekkingu og reynsluleysi hvað varðar staðhætti og menningu á Íslandi.**

## Gistiþjónusta á Vesturlandi

Gistiþjónusta hefur verið vaxandi atvinnugrein á Vesturlandi undanfarna áratugi, og hefur vaxið mjög hratt síðastliðin ár vegna vaxandi eftirspurnar og fjölgunar ferðamanna. Hótel hafa verið stækkuð og ný byggð, þá aðallega á Borgarfjarðarsvæðinu og Snæfellsnesi, auk þess sem húsnæði sem áður var nýtt í annað hefur verið breytt til nýtingar í gistiþjónustu.

90 dagar

Með auknu aðgengi að margvíslegri bókunarþjónustu hefur útleiga aukist á frístunda- og íbúðarhúsnæði til ferðafólks. Vandræði hafa skapast af slíkri gistiþjónustu vegna aukinnar umferðar og ónæðis í íbúðagötum og á frístundasvæðum. Stjórnvöld brugðust við þeirri óánægju íbúa með svokallaðri 90 daga reglu. Þannig er búið að takmarka leyfilega gistiþjónustu á svæðum sem ekki eru skilgreind sem þjónustusvæði í skipulagi. Útgáfu eiginlegra gistileyfa fyrir heimagistingu í íbúðar- og frístundahúsum var hætt samhliða. Þannig hafa eigendur íbúðar- og frístundahúsa leyfi til að skrá viðkomandi eign og selja þar heimagistingu í takmarkaðan tíma, eða allt að 90 daga á ári, í húsnæði sem ætlað er til persónulegra nota. Einnig eru ákvæði um fjárhæðatakmarkanir á þessari gistisölu, þannig að sú gistiþjónusta telst þá ekki til atvinnurekstrar, heldur til hlunninda húseigenda. Einstaklingur sem hyggst bjóða heimagistingu skal tilkynna sýslumanni að hann hyggist leigja út lögheimili sitt eða eina aðra fasteign í sinni eigu. Við skráningu ber viðkomandi aðila að staðfesta að húsnæðið, sem bjóða skal til gistiþjónustu, uppfylli kröfur í reglugerð um brunavarnir, það hafi hlotið samþykki sem íbúðarhúsnæði og að húsnæðið sé fullnægjandi með tilliti til hollustuhátta samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gistþjónusta sem fellur undir 90 daga regluna sætir ekki sama eftirliti og leyfisskyld gistiþjónusta. Samkeppnisgrundvöllur atvinnugreinarinnar skekkist af þeim sökum.

### Lagalegt umhverfi gistiþjónustu

Öllum sem bjóða upp á gistiþjónustu gegn gjaldi ber að skrá þá þjónustu hjá sýslumanni og/eða hafa til þess tilskilin starfs- og rekstrarleyfi frá yfirvöldum þegar um atvinnurekstur er að ræða. Leyfisveitendur vegna gistiþjónustu eru sýslumenn, hver í sínu umdæmi og umsóknir um leyfi til sölu gistingar, veitinga og skemmtanahalds eru afgreidd hjá sýslumönnum í því umdæmi sem hin leyfisskylda starfsemi á að fara fram. Í lögum og reglugerð um gististaði eru gististaðir flokkaðir eftir því hvort veitingar eru einnig á boðstólum á viðkomandi gististað.

Grunnflokkar gististaða eru nú fjórir:

- **Flokkur I:** Heimagisting. Ekki eru lengur gefin út ný rekstrar- og starfsleyfi í þessum flokk, þar sem lögunum hefur verið breytt. Þessi gistiflokkur er nú einungis skráningaskyldur, fellur undir 90 daga regluna og telst ekki vera atvinnurekstur og sætir því ekki gæðaúttektum yfirvalda. En eftir standa útgefin gistileyfi vegna heimagistingar sem koma til með að renna út næstu ár.

Hinir þrír flokkarnir eru allir starfs- og rekstrarleyfisskyldir og sæta gæðaeftirliti, úttektum og umsögn brunavarna, byggingarfulltrúa og heilbrigðiseftirlits viðkomandi sveitarfélags.

- **Flokkur II:** Gististaður án veitinga.
- **Flokkur III:** Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum.
- **Flokkur IV:** Gististaður með veitingaþjónustu og áfengisveitingum.

Gististaðir skiptast í eftirfarandi tegundir eftir búnaði og aðstöðu sem bjóða skal gestum. Hver einstök tegund gististaða getur fallið undir fleiri en einn framangreindan flokk gististaða, í samræmi við þá starfsemi sem rekstrarleyfi viðkomandi staðar hljóðar um:

- **Hótel:** Gististaður þar sem gestamóttaka er aðgengileg allan sólarhringinn og veitingar að einhverju tagi framleiddar á staðnum. Fullbúin baðaðstaða skal vera með hverju herbergi.
- **Stærra gistiheimili:** Gististaður með takmarkaða þjónustu þar sem leigð eru út 6 herbergi eða fleiri eða rými fyrir fleiri en 10 einstaklinga. Handlaug skal vera í hverju herbergi og salerni nærliggjandi. Jafnframt skulu gestir eiga aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
- **Minna gistiheimili:** Gististaður með takmarkaða þjónustu þar sem leigð eru út 5 eða færri herbergi eða hefur rými fyrir 10 einstaklinga eða færri. Getur verið gisting á einkaheimili. Ekki er gerð krafa um handlaug í herbergjum. Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni baðaðstöðu.
- **Gistiskáli:** Gisting í herbergjum eða svefnskálum. Hér undir falla farfuglaheimili (hostel).
- **Fjallaskálar:** Gisting í herbergjum eða í svefnskálum staðsett utan alfaraleiðar og almenningur hefur aðgang að, svo sem skálar fyrir ferðamenn, veiðiskálar og sæluhús.

- **Heimagisting:** Gisting á lögheimili einstaklings eða einni annarri fasteign í hans eigu sem hann hefur persónuleg not af.
- **Íbúðir:** Íbúðarhúsnæði sérstaklega ætlað til útleigu til gesta til skamms tíma, sbr. 2. gr. reglugerðar þessarar og fellur ekki undir húsaleigulög. Hér undir falla starfsmannabústaðir og starfsmannabúðir þegar slíkar byggingar eru ekki leigðar út í tengslum við vinnusamning. Íbúðir félagasamtaka eru undanskyldar.
- **Frístundahús:** Hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar. Orlofshús félagasamtaka, svo sem stéttarfélaga og starfsgreinafélaga eru undanskilin.

Samkvæmt gögnum frá Hagstofunni og á vefsetrinu Sýslumenn.is voru 324 útgefin gistileyfi og skráðar heimagistingar á Vesturlandi í september 2017. Lang flest gistileyfin voru í flokki II gististaður án veitinga, þar á eftir kom skráð heimagisting sem fellur undir 90 daga kerfið, síðan flokkur I sem er heimagistileyfi samkvæmt gamla kerfinu, þá komu flokkur IV sem er gististaður með veitingaþjónustu og áfengisveitingum og síðan flokkur III gististaður með veitingum.

Skipting gistileyfa milli svæða á Vesturlandi vekur athygli ekki síður en tegundir leyfa í landshlutanum.




Mynd 41. Skráð heimagisting og útgefin gistileyfi á Vesturlandi í september 2017. Heimild: Hagstofa Íslands og syslumenn.is






Póstnúmer á Vesturlandi
300 Akranes
301 Hvalfjarðarsveit
310 Borgarnes
311 Borgarfjörður dreifbýli
320 Borgarfjörður
340 Stykkishólmur
350 Grundarfjörður
355 Ólafsvík
356 Snæfellsbær dreifbýli
360 Hellissandur
370 Búðardalur
371 Dalabyggð dreifbýli

Mynd 42: Fjöldi útgefinna gistileyfa og skráðrar heimagistingar á Vesturlandi í september 2017 – flokkað eftir póstnúmerum. Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 43: Skipting gistileyfa milli þéttbýlis og dreifbýlis á Vesturlandi. Heimild: Hagstofa Íslands.

Skipting gistileyfa milli svæða á Vesturlandi vekur athygli ekki síður en tegundir leyfa í landshlutanum. Staðsetning á gistileyfum og skráðri heimagistingu á Vesturlandi sýnir glögglega hversu mikilvæg ferðaþjónusta er til að styrkja búsetu og byggðaþróun, sérstaklega í dreifbýli. Það sést að 56% af skráðri gistiþjónustu er staðsett í dreifbýli og 44% í þéttbýli. En eins og áður hefur komið fram í þessari skýrslu þá búa aðeins 16% íbúa Vesturlands í dreifbýli en 84% búa í byggðakjörnum á Vesturlandi.

Heimagisting og einföld gistiþjónusta án veitingaþjónustu er lang umfangsmest eða 80% af skráðri gistingu, meðan einungis 20% er gistiþjónusta með veitingaþjónustu.

Vert er að skoða samhliða þessu fjölda skráðra gististaða á bókunarvef airbnb. Þess ber að geta að hér er aðeins verið að tala um fjölda útgefinna gistileyfa, en ekki fjölda gistirýma sem í boði eru á Vesturlandi. Svokölluð „airbnb" gistiþjónusta hefur aukist mikið undanfarin ár. Það er gistiþjónusta sem auglýst er á bókunarvefum sem ekki krefjast staðfestingar á starfsleyfum hjá þeim aðilum sem nýta sér vefinn og bókunarvélina til að selja gistiþjónustu. Ekki er því hægt að treysta því að þeir aðilar sem auglýsa gistiþjónustu á þessum bókunar-vefjum séu alltaf með gistileyfi eða skráða gistiþjónustu. Því er hætta á að starfsemi sem ekki er með starfsleyfi til gistiþjónustu skekki yfirlitsmynd um ferðaþjónustu á Vesturlandi.



Mynd 44: Yfirlitsmynd um útgefin gistileyfi á Vesturlandi. Hvítárós ehf Teiknistofa/Guðjón Fjeldsted.




Mynd 45: Mælaborð ferðaþjónustunnar. Skráðir aðilar á markaði. Heimild: Ferðamálastofa.

Samkvæmt opinberum upplýsingum á Mælaborði ferðaþjónustunnar voru skráðir aðilar á markaðs- og bókunarsíðunni www.airbnb.is sem buðu gistiþjónustu á Vesturlandi tæplega 260 talsins þegar mest var á háönn, árið 2017.

Í skýrslu RRF[36]; er áætlað að tæpur helmingur ferðamanna sem heimsóttu Vesturland hafi gist á svæðinu, en rúmur helmingur verið daggestir. Áætlaður meðaltími næturgesta var þannig 1,8 nætur. Gistinætur erlendra gesta voru áætlaðar um 800 þúsund. Hlutfall erlendra næturgesta á háönn var hærra en þeirra sem heimsóttu landshlutann utan háannar.

Skráðum gistinóttum á Vestulandi hefur fjölgað hlutfallslega meira undanfarin ár en sem nemur hlutfallslegri fjölgun skráðra gistinátta á Íslandi. Í skýrslu RRF kemur einnig fram að af erlendum gistinóttum sem skráðar voru síðastliðið ár, hafi 6,2% verið á Vesturlandi, en það hlutfall var 5,2% árið 2010.

**260 aðilar á airbnb.is**

**Vesturland hefur, skv. niðurstöðum RFF, aukið hlutdeild sína í skráðum erlendum gistinóttum á Íslandi um 19% á tímabilinu frá 2010-2017.**

36 Rögnvaldur Guðmundsson, *Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017.*

Skráðum gististöðum á Vesturlandi fjölgaði nokkuð hratt frá árinu 2010 - 2015, en eftir það hefur hægt á fjölgun gististaða á Vesturlandi auk þess sem framboð gistingar breyttist á sama tíma. Hótelum fjölgaði, en gistihúsum og sumargististöðum fækkaði. Framboð á tjaldsvæðum hefur lítið breyst, þrátt fyrir fjölgun ferðamanna í gistibílum sem ættu samkvæmt reglum að gista á tjaldsvæðum. Stærri gististaðir hafa stækkað, heilsárs gistiframboð hefur aukist og vöxtur er í heimagistingu allt árið.




Mynd 46: Fjöldi og gerð gististaða á Vesturlandi 2010-2017. Heimild: Hagstofa Íslands.

Sé farið dýpra ofan í gögn Hagstofunnar kemur í ljós að:

- Gistiframboð svarar eftirspurn, teygir sig út á jaðartímana og heilsárs gistiþjónusta eykst með fjölgun ferðamanna.
- Árið 2014 sést að sumargististaðir hafa mætt aukinn þörf á gistiframboði og einhverjir verið með opið allt árið.
- Útleiga á sumarhúsum í gistiþjónustu hefur greinilega aukist árið 2015, sem sennilega tengist auknu aðgengi að bókunarþjónustu.
- Heimagisting og farfuglaheimili eflast einnig mjög á ársgrundvelli eftir 2013.
- Svefnpokagisting, sem tíðkaðist t.d. í mörgum félagsheimilum hefur svo gott sem lagst af, þó er enn boðið upp á svefnpokagistingu í skálum.
- Tjaldsvæðum í þéttbýli á Vesturlandi hefur fjölgað úr fimm í sjö á þessu tímabili og tjaldsvæðum í dreifbýli hefur fjölgað úr 16 í 19, en einnig má sjá að starfsemi tjaldsvæða teygir sig lengra út á jaðartíma síðustu árin.
- Þá má velta því fyrir sér þegar horft er á þessa þróun, hvort 90 daga reglan um heimagistingu hefur valdið því að þeir sem skrá eignir sínar í gistiþjónustu innan þeirrar reglu, skili ekki gistináttaskýrslum eins og þeim ber, þar sem merkja má fækkun í skráðum stöðum bæði í heimagistingu og gistiþjónustu í sumarhúsum eftir að sú regla kemur til.

## Skráðar gistinætur á skráðum gististöðum.




Mynd 47: Skráðar gistinætur á öllum tegundum gististaða á Vesturlandi 2010-2017. Heimild: Hagstofa Íslands.

Þegar skoðaðar eru skráðar gistinætur á skráðum gististöðum á Vestulandi árin 2010-2017 kemur í ljós að skráðum gistinóttum fjölgar ár frá ári á þessu tímabili. Mestur er vöxturinn milli ársins 2014 og 2015. Hlutfallslegur vöxtur skráðra gistinátta er mestur á jaðartímum og lágönn, en athyglisvert er að skráðum gistinóttum á háönn fækkar á milli árana 2016 og 2017. Þetta gæti bent til þess að gistiframboð á háönn á Vesturlandi annaði ekki mikið meiri gistisölu, en erfitt er að nálgast tölur um nýtingu gistirýmis á Vesturlandi þar sem Hagstofan birtir aðeins opinberlega sameiginlegar tölur fyrir Vesturland og Vestfirði, hvað varðar nýtingu gistirýmis. Hagstofan heldur utan um skráningu á hagtölum ferðaþjónustunnar og hægt er að kaupa upplýsingar af tilteknum svæðum. Hagstofan afhendir þó ekki tölur nema fleiri en þrjú fyrirtæki hafi skilað inn skráningum á viðkomandi svæði. Kallað var eftir tölum um gistiherbergjanýtingu í sveitartfélögum á Vesturlandi og fengust aðeins afhentar tölur frá fimm sveitarfélögum fyrir árin 2016 og 2017. Samkvæmt þessum tölum sem aðeins sýna nýtingarhlutfall gistiherbergja á hótelum og gistiheimilum í þeim sveitarfélögum þar sem fleiri en þrír aðilar hafa skilað inn gistiskýrslum, lækkar nýtingarhlutfallið lítillega á háönn milli áranna 2016 og 2017. Á sama tíma hækkar nýtingahlutfallið og fjölgar svæðum sem skila inn skráningum á lágönn. Þetta er í samræmi við skráðar gistinætur á Vesturlandi á sama tíma. Þrátt fyrir áframhaldandi vöxt í komum ferðamanna til landsins skýtur því skökku við að gistinóttum hafi fækkað á háönn.




Mynd 48: Nýtingahlutfall á herbergjum á hótelum og gistiheimilum á Vesturlandi 2016-2017. Heimild: Hagstofa Íslands

Þessar tölur leiða hugann að því hvort það sé raunfækkun á dvöl gesta á hótelum og gistihúsum á Vesturlandi milli áranna 2016 og 2017, eða hvort það sé aðeins fækkun í skráningum á gistinóttum þrátt fyrir fjölgum ferðamanna. Því tölur sýna aukningu í umferð og áframhaldandi vöxt í komum ferðamanna til landsins. Óneitanlega vekur það líka spurningar um hvernig standi á því að ekki sé hægt að fá tölur um nýtingarhlutfall gistirýma frá fleiri sveitarfélögum, þar sem allir

sem selja gistiþjónustu eru skyldugir til að skrá og skila gistináttaskýrslum til Hagstofunnar en stofnunin getur aðeins afhent tölur frá þeim sveitarfélögum þar sem minnst þrír aðilar hafa skilað reglulega inn gistiskýrslum.




Mynd 49: Skráðar og áætlaðar gistinætur á Vesturlandi 2016 og 2017. Heimild: Hagstofa Íslands.

Hagstofan hefur frá 2016 unnið áætlun um óskráðar gistinætur á hverju landsvæði og byggir þá áætlunagerð á úttekt á sölu gistingar í gegnum bókunarsíður og ber þær tölur saman við skráðar gistinætur. Samkvæmt þessum áætlunum er um verulegan fjölda gistinátta að ræða sem ekki er skráður hjá Hagstofu eins og reglur gera ráð fyrir. Fyrir árið 2017 jafngildir það nálægt 20% af skráðum gistinóttum sem er óskráð á Vesturlandi, en eins og myndin að framan sýnir eru samanlagðar gistinætur sem eru skráðar og áætlaðar óskráðar hjá Hagstofunni 2016 tæplega 536 þúsund en tæplega 605 þúsund fyrir árið 2017.

**100.000 óskráðar gistinætur**

Í þessu samhengi má einnig minna á að í skýrslu RRF er áætlað að erlendar gistinætur hafi verið rúmlega 800 þúsund á Vesturlandi 2017, en sú áætlun byggir á brottfararkönnunum..




Mynd 50: Nýtingahlutfall á herbergjum á hótelum og gistiheimilum á Vesturlandi 2016-2017. Heimild: Hagstofa Íslands

Á Mælaborði ferðaþjónustunnar eru upplýsingar um bókaðar gistinætur á markaðssetningar- og bókunarvefnum airbnb.is. Þær tölur sýna að mikil aukning hefur verið í sölu á gistingu í gegn um þennan bókunarvef á Vesturlandi, og um 25.800 gistinætur voru seldar á Airbnb á Vesturlandi þegar mest var í ágúst 2017, sem er þá um fjórðungur skráðra gistinátta á Vesturlandi á þeim tíma.[37]

37 http://www.maelabordferdathjonustunnar.is

Umsvif erlendra ferðaþjónustufyrirtækja hefur vaxið á Íslandi undanfarin misseri, án þess að hægt sé að nálgast tölur um umfang þeirrar starfsemi. Til eru dæmi um erlenda aðila sem flytja inn bæði bifreiðar til fólksflutninga og viðlegubúnað og fara með skipulegar hópferðir um landið. Þessir aðilar kaupa oft þjónustu í mjög takmörkuðu mæli og gista jafnvel í sæluhúsum. Slíkt þjónustuframboð hefur viðgengist óátalið og án eftirlits.

Samkvæmt reglum er öllum sem selja gistiþjónustu skylt að skila gistináttaskýrslum til Hagstofu, þar sem fram kemur fjöldi gesta og gistinátta, auk ríkisfangs gesta á viðkomandi gististað. Misbrestur er á þessari skráningu, sem er bagalegt, því upplýsingarnar eru mikilvægar í þróun ferðaþjónustu á Íslandi. Mikilvægt er að umgjörð og eftirlit með gistiþjónustu sé efld, til að tryggja að allir þjónustuaðilar sitji við sama borð hvað varðar öryggiskröfur og aðbúnað í gistiþjónustu, kostnað vegna leyfisgjalda og skattinnheimtu vegna sölu gistingar.

**Þessi samantekt sýnir að tilefni er til að auka aðhald vegna gistiþjónustu auk þess að enn eru tækifæri fólgin í auknu skráðu gistiframboði og markaðssókn gistiþjónustu á Vesturlandi.**

Tölur um nýtingarhlutfall mismunandi gistirýma á Vesturlandi liggja ekki fyrir. Það kemur þó fram í tölum á Mælaborði ferðaþjónustunnar að nýtingahlutfall á seldri gistingu í gegn um airbnb.is á Vesturlandi er um 70% á háönn, 50-60% á jaðartíma og 40-50% á lágönn yfir háveturinn.

Eins og áður hefur komið fram birtir Hagstofan tölur fyrir nýtingarhlutfall á gistirými á Vesturlandi og Vestfjörðum sameiginlega. Þær tölur innihalda eingöngu nýtingarhlutfall fyrir hótelgistingu hótela sem opin eru á ársgrundvelli á þessum landsvæðum. Nýtingarhlutfall þeirra hótela, samkvæmt þeim tölum Hagstofunnar, hefur verið að aukast jafnt og þétt allt árið frá 2010-2016. Árið 2017 dregur aðeins úr nýtingahlutfalli á hótelherbergjum á háönn en nýting á jaðartímum og lágönn heldur áfram að aukast. Samkvæmt þessum tölum frá Hagstofu er nýtingahlutfallið á hótelherbergjum á Vesturlandi um og yfir 80% á háönn undanfarin ár og fer aðeins undir 30% nýtingu í janúar og desember 2017. Nýtingin er milli 30% og 60% aðra mánuði ársins. Mikilvægt er að hafa það í huga að hér er um meðalnýtingu að ræða á Vesturlandi og Vestfjörðum, en reikna má með að þar séu mjög mismunandi aðstæður á milli svæða.




Mynd 51: Nýting hótelherbergja á Vesturlandi og Vestfjörðum 2010-2017 Heimild: Hagstofa Íslands.

Samkvæmt umræðum hag- og rekstraraðila á Vesturlandi eru líklegustu skýringarnar á þessum samdrætti á nýtingahlutfalli hótelherbergja á Vesturlandi á háönn, breytingar í samsetningu á gestum og ferðavenjur gesta. Mikið var um fasta hópferðagistingu fyrir stóra hópa á Vesturlandi á háönn, sem dróst mikið saman sumarið 2017, en eftir stóðu blokkbókanir þessara ferðaskrifstofa sem höfðu ætlað að koma með hópa. Í umræðunum kom einnig fram að breyting á ferðahegðun gesta tengist breytingu á samsetningu gesta sem koma til Íslands og styttri dvalartíma þeirra. Aukning í framboði á gistirýmum á hótelum á Vesturlandi var einnig rædd. Víða settu framkvæmdir, endurgerð og betrumbætur við hótel á Vesturlandi strik í reikninginn varðandi nýtingu. Gistirýmum á Höfuðborgarsvæðinu hefur fjölgað mikið og oft er tenging milli eigenda gistingar, afþreyingar- og hópferðaþjónustu þannig að ferðaskipuleggjendur beina gestum í gistingu í höfuðborginni og dagferðir út á land. Stutt vegalengd frá höfuðborginni hefur skilað fleiri dagsferðalöngum á Vesturland en samdrætti í gistingu á sama tíma. Öðrum gistimöguleikum hefur einnig fjölgað á Vesturlandi, en almennt telja rekstraraðilar aukningu í gistiframboði vera tækifæri til aukinnar markaðssóknar í ferðaþjónustu á Vesturlandi, svo fremi að allir sitji við sama borð hvað varðar kröfur um rekstraleyfi með tilheyrandi eftirliti um gæði, öryggi og skatt á gististöðum.

**Vesturland hefur margt til að bera sem styrkir þróun og uppbyggingu gistiþjónustu. Ástæða er til að skoða betur og efla eftirlit með skráningu bæði gistileyfa og gistinátta á svæðinu. Samkvæmt þessari samantekt er hægt að draga þá ályktun að þörf sé fyrir aukna uppbyggingu á gistiþjónustu á Vesturlandi, þá sérstaklega í gistiflokk IV gististaður með veitingaþjónustu og áfengisveitingum, auk þess sem mikilvægt er að auka þjónustu við gistibíla og stuðla að því að þeir gisti á þar til gerðum gististöðum eins og reglur gera ráð fyrir.**

## Veitinga- og matarupplifun

Fjölbreytt flóra af veitingastöðum og ýmiskonar matarupplifun er í boði á Vesturlandi og hefur farið ört vaxandi samhliða auknum straum ferðafólks um landshlutann. Íslensk matarhefð, matur úr héraði og matvörur beint frá býli njóta einnig vaxandi vinsælda og því fjölgar þeim stöðum þar sem slík vara er í boði. Einnig hafa verið settar á stofn hagleikssmiðjur, þar sem gestum býðst að kynnast menningararfi, uppruna og framleiðsluferli vörunnar og geta einnig keypt viðkomandi vöru á staðnum. Þá fjölgar veitingastöðum sem bjóða upp á sérstaka matarupplifun eða höfða sérstaklega til ákveðins hóps matgæðinga og matarvagnar af ýmsu tagi hafa kryddað veitingaflóruna og verið að skjóta rótum. Úrval veitingastaða er víða á Vesturlandi þannig að hægt er að velja úr matsölustöðum, bæði hvað varðar verð, þjónustu og upplifun.

Allur atvinnurekstur þarf að hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða Heilbrigðiseftirlit gefa út, auk þess er skylt að sækja um rekstrarleyfi til sýslumanna eins og við á. Allir sem framreiða og selja veitingar sem eru tilbúnar til neyslu, þurfa að hafa til þess viðeigandi starfsleyfi. Leyfisveitendur fyrir veitingaleyfi eru sýslumenn, hver í sínu umdæmi en umsóknir um leyfi til sölu veitinga og skemmtanahalds eru afgreidd hjá sýslumönnum í því umdæmi sem hin leyfisskylda starfsemi á að fara fram. Í lögum og reglugerð um veitinga- og gististaði eru veitingastaðir skilgreindir sem staðir þar sem framreiddur er matur og/eða drykkur til viðskiptavina í atvinnuskyni, hvort sem er til neyslu á staðnum eða ekki, og skal sú starfsemi vera meginstarfsemi staðarins. Til veitingastaða teljast jafnframt staðir þar sem fram fer reglubundið skemmtanahald og útleiga samkomusala í atvinnuskyni.

Flokkun veitingastaða miðast við þá starfsemi sem þar fer fram, þörf á eftirliti tengdu starfseminni og þau áhrif sem viðkomandi staður kann að hafa á umhverfi sitt, svo sem vegna afgreiðslutíma, hávaða og áfengisveitinga.

Grunnflokkar veitingastaða eru þrír:

- Flokkur I: Staðir án áfengisveitinga.
- Flokkur II: Umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværri tónlist og kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu.
- Flokkur III: Umfangsmiklir áfengisveitingastaðir, svo sem þar sem leikin er hávær tónlist og kalla á meira eftirlit og/eða löggæslu.

Veitingastöðum er einnig skipt í eftirtaldar tegundir sem taka mið af starfsemi og þjónustu sem bjóða skal viðskiptavinum. Hver einstök tegund veitingastaða getur fallið undir fleiri en einn framangreindan flokk veitingastaða, í samræmi við þá starfsemi sem rekstrarleyfi viðkomandi staðar hljóðar um.

- Veitingahús: Veitingastaður með fjölbreyttar veitingar í mat og drykk og fulla þjónustu. Í veitingahúsi skal vera starfandi maður með fullnægjandi þekkingu í framreiðslu.
- Skemmtistaður: Veitingastaður með reglubundna skemmtistarfsemi og fjölbreyttar veitingar í mat og/eða drykk. Hér undir falla einnig staðir þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar, dans gesta, tónlist og langan afgreiðslutíma en engar eða takmarkaðar veitingar í mat.
- Veitingastofa og greiðasala: Veitingastaðir með fábreyttar veitingar í mat og/eða drykk. Á slíkum stöðum er takmarkaðri þjónusta og/eða gestir afgreiða sig sjálfir að hluta eða öllu leyti. Hér undir falla t.d. skyndibitastaðir og einnig söluskálar með aðstöðu til neyslu veitinga.
- Veisluþjónusta og veitingaverslun: Staðir þar sem fram fer sala veitinga sem ekki er til neyslu á staðnum enda er slík sala meginstarfsemi staðarins.
- Kaffihús: Veitingastaður með einfaldar veitingar í mat og/eða drykk þar sem aðaláhersla er lögð á kaffiveitingar. Hér undir falla t.d. bakarí sem hafa aðstöðu til neyslu veitinga á staðnum.
- Krá: Veitingastaður með takmarkaða þjónustu og einfaldar eða engar veitingar í mat, þar sem aðaláhersla er lögð á áfengisveitingar og langan afgreiðslutíma.
- Samkomusalir: Staðir sem eru sérstaklega útbúnir og ætlaðir til hvers kyns samkomuhalds og til þess leigðir út í atvinnuskyni til einstaklinga og/eða fyrirtækja, hvort sem er með eða án veitinga í mat og/eða drykk. Félagsheimili, íþróttasalir, flugskýli, vöruskemmur og önnur húsakynni sem að jafnaði eru ekki ætluð til samkomuhalds í atvinnuskyni geta fallið hér undir ef útleiga til skemmtanahalds fer oftar fram en tólf sinnum á ári.

Auk þess er heimilt samkvæmt lögunum að veita leyfi til áfengisveitinga um borð í skipi í skipulögðum hópferðum innan landhelgi og í hópferðum sem farnar eru af sérstöku tilefni.

Ekki þarf rekstrarleyfi frá sýslumanni[38] vegna veitingarekstrs án áfengisveitinga. Lög og reglugerðir[39] um veitingastaði kveða á um að leyfisskyldur veitingarekstur skuli fara fram í fullnægjandi húsnæði eða um borð í skipi. Því teljast matarvagnar ekki falla undir ákvæði laganna. Þetta hefur skapað kurr á stöðum þar sem veitingaaðilar eru fyrir sem uppfylla kröfur og skilyrði um aðbúnað og þjónustu skv. reglum. Matarvagnar sem opnir eru á háannatíma fleyta einungis rjómann án þess að þurfa að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til veitingastaða í föstu húsnæði, varðandi aðbúnað og þjónustu við viðskiptavini. Skiptir þá engu máli aðstaða, magn eða umfang matsölu sem þar fer fram eða samanburður við þær kröfur sem gerðar eru til veitingareksturs í föstu húsnæði, jafnvel þó það geti verið um rekstur innanhúss að ræða.

Mikilvægt er varðandi þessa atvinnugrein eins og aðrar að sanngirni og réttlætis sé gætt, hvað varðar lög, reglur og eftirlit. Veitingaaðilar verða að sitja við sama borð til að halda samkeppnisstöðu á sama grundvelli hvað varðar reglur, skilyrði, leyfi og rekstur.

Á Vesturlandi voru útgefin veitingaleyfi 120 talsins í september 2017. Dreifing veitingaleyfa um Vesturland styður þá kenningu að ferðaþjónusta skipti mjög miklu máli hvað varðar stofnun og rekstur þjónustu eins og veitingaþjónustu, þar sem fjöldi ferðamanna hefur væntanlega mun meira að segja um afkomu slíkra staða en fjöldi íbúa á svæðinu. Með aukinni ferðaþjónustu er þannig hægt að halda úti fjölbreyttari þjónustu sem eykur lífsgæði íbúanna.

Þegar staðsetning veitingaleyfa er skoðuð eftir póstnúmerum sést fylgni milli fjölda gistileyfa og fjölda veitingaleyfa, Akranes sker sig úr hvað þetta varðar enda býr þar nær helmingu íbúa Vesturlands. Vert er að benda á að staðsetning getur haft áhrif á fjölda veitingaleyfa t.d. að Borgarnes stendur við þjóðveg 1 og Stykkishólmur er heimahöfn Breiðafjarðarferjunnar Baldurs. Bæði Stykkishólmur og Borgarfjörður eru grónir áfangastaðir ferðamanna á Vesturlandi með langa hefð fyrir móttöku ferðamanna.






Mynd 52: Gisti- og veitingaleyfi eftir póstnúmerum á Vesturlandi í september 2017. Heimild: syslumenn.is




Mynd 53: Hlutfall veitingaleyfa eftir svæðum á Vesturlandi í september 2017. Heimild: syslumenn.is

Póstnúmer á Vesturlandi
300 Akranes
301 Hvalfjarðarsveit
310 Borgarnes
311 Borgarfjörður dreifbýli
320 Borgarfjörður
340 Stykkishólmur
350 Grundarfjörður
355 Ólafsvík
356 Snæfellsbær dreifbýli
360 Hellissandur
370 Búðardalur
371 Dalabyggð dreifbýli




Mynd 54: Hlutfall Veitingaleyfi eftir veitinga-flokkum - Vesturlandi í september 2017. Heimild: syslumenn.is

Veitingaleyfi á Vesturlandi eru flest í flokki II sem eru umfangslitlir veitingastaðir sem selja mat og áfengi en starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu. Þetta eru oft kaffihús, skyndibitastaðir og einfaldir veitingastaðir. Næstflest leyfi eru í flokki III þar sem er leyfi til að selja mat og áfengi og hafa lengri opnunartíma og skemmtanir fram á nótt þegar svo ber undir. Yfirleitt eru þessi leyfi á stærri veitingastöðum, hótelum ofl. Fæst veitingaleyfi eru í flokki I, enda má benda á að nú gefa sýslumenn ekki lengur út veitingaleyfi fyrir þann flokk, heldur þarf aðeins að sækja um starfsleyfi til heilbrigðiseftirlitsins og því eru þau leyfi ekki lengur skráð inn á listann sem liggur inn á vef syslumenn.is. Núverandi leyfi á syslumenn.is eru gefin út fyrir lagabreytingu 30.desember 2016. Veitingaleyfi í flokki I ná yfir einfalda veitingasölu þar sem ekki er selt áfengi. Nánari opinberar upplýsingar um frekari skilgreiningu á stöðum eða þjónustu sem veitt er undir þessum veitingaleyfum eru ekki aðgengilegar.

38 http://www. syslumenn.is
39 https://www.althingi.is/lagas/nuna/2007085.html

## Upplifun og dægradvöl

Vesturland hefur upp á margt að bjóða þegar kemur að upplifun og dægradvöl, enda mikil fjölbreytni og gróska á því sviði. Svæðið er ríkt af margvíslegum náttúruperlum, menningar- og sagnaarfi sem skapar mörg tækifæri og styrkir grundvöllinn fyrir þróun, framboð og rekstur afþreynigar af ýmsu tagi. Boðið er upp á fjölbreyttar ferðir og margbreytilega upplifun í útivist og náttúruskoðun. Allt frá áhugaverðum áningastöðum, útivistarleiðum og stígum sem fólk getur nýtt sér til að njóta náttúrufegurðar Vesturlands, yfir í skipulagðar ferðir með mismunandi áherslum þar sem skipuleggjendur og leiðsögufólk skapa aðgengi og miðla þekkingu til að auka og auðga upplifun og gæði heimsóknarinnar. Boðið er upp á margvíslega leiðsögn og upplifunarferðir um Vesturland, á sjó, landi og lofti og fjölbreyttan ferðamáta svo sem bátsferðir, gönguferðir, hestaferðir, jöklaferðir, söguferðir, fuglaskoðunarferðir, ljósmyndaferðir, hjólaferðir, hellaskoðunarferðir, jeppaferðir og norðurljósaferðir, svo eitthvað sé nefnt. Margar áhugaverðar sundlaugar og heitar náttúrulaugar eru á Vesturlandi sem hægt er að heimsækja. Golfvellir eru allnokkrir og veiði er víða í boði. Mörg söfn, sýningar og setur eru á Vesturlandi, þar sem miðlað er margvíslegu efni og mikið lagt upp úr sagnaarfinum, enda Vesturland oft nefnt sögulandið – Vesturland.

Áninga- og áfangastaðir hafa víða verið byggðir upp til að skapa gott aðgengi og verja náttúruna. Einnig hafa verið sett upp skilti með upplýsingum til að leiðbeina, miðla þekkingu og sögu svæðisins. Þá hafa verið útbúin nokkur ferðaöpp eða smáforrit með leiðsögn um svæðið.

**Mikil aukning er í komum ferðamanna og er kallað eftir frekari framkvæmdum við áningastaði og fjölgun stoppistaða við þjóðveginn. Átaks er einnig þörf í aðgengismálum og merkingar útivistarstíga. Efla þarf vöruþróun varðandi dægradvöl og upplifun á Vesturlandi.**

Sem dæmi um hraða fjölgun ferðafólks á einstaka áfangastöðum á Vesturlandi má nefna Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, en þar hefur gestafjöldi farið úr um 120 þúsund árið 2010 í um 400 þúsund árið 2017.[40]




Mynd 55: Fjöldi gesta í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli frá 2010 - 2017. Heimild: Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull.

## Ímynd og aðdráttarafl

Ímynd byggist annarsvegar upp af afspurn og hinsvegar af reynslu fólks, því er mjög mikilvægt fyrir ímynd áfangastaðar að bæði umfjöllun um staðinn og reynsla þeirra sem sækja hann heim, veiti ánægjulega upplifun. Skynjuð staðarímynd er sú mynd sem fólk gerir sér af viðkomandi stað eða svæði og ræður oft miklu um það hvort fólk hefur vilja til, eða velur sér, að heimsækja eða dvelja á viðkomandi stað.

Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Bifröst gerði könnun fyrir Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi árið 2007, *Ímynd Vesturlands*. Könnunin var gerð með póstkönnun á meðal íbúa á höfuðborgarsvæðinu, Norðurlandi vestra og Vestfjörðum, sem eru nágrannasvæði Vesturlands, en einnig með umræðum í rýnihópum búsettum á höfðuborgarsvæðinu. Bæði var spurt um Vesturland sem heild, en einnig um svæðin fjögur sem í þessari rannsókn voru nefnd; Akranes og nágrenni, Borgarfjörður, Snæfellsnes og Dalir. Bæði var spurt um almenna ímynd fyrir Vesturland, en einnig skoðað sérstaklega ímynd Vesturlands tengd ferðamennsku. Helstu niðurstöður þessarar könnunar leiddu í ljós að:

- Stærsti sameiginlegi þátturinn varðandi ímynd Vesturlands er náttúran og fegurð hennar.
- Þar á eftir koma atburðir tengdir Íslendingasögunum.

Ímyndin birtist þó ekki með sömu áherslum á öllum svæðum Vesturlands og sýnir rannsóknin nokkuð mismunandi ímynd svæðanna.

- Ímynd Akraness tengdist oftast afrekum Skagamanna í íþróttum.
- Ímynd Borgarfjarðar lá í Íslendingasögunum, náttúru og náttúrufegurð.

40 Jón Björnsson, tölvupóstur, 12.03.2018.

- Snæfellsjökull og náttúruperlur var helsta ímyndartákn Snæfellsness.
- Íslendingasögurnar höfðu mest að segja fyrir ímynd Dalanna.

Flestir nefna samgöngumál sem neikvæða ímynd fyrir landshlutann í heild. Hvað varðar ímynd Vesturlands sem ferðamannastaðar þá var hún í heildina góð, en þó má merkja að svæðin fjögur á Vesturlandi hafa mjög ólíka og missterka ímynd hvað varðar þá þætti sem spurt var um varðandi ímynd tengda ferðamennsku.

Skýrsluhöfundar greindu:

- Ímynd Snæfellsness sterka, þar sem áherslan var á náttúrutengda þætti.
- Ímynd Borgarfjarðar var talin jákvæð og fjölbreytt þar sem styrkurinn lá í náttúruperlum og sögutengdri ferðaþjónustu.
- Ímynd Dalanna var metin hlutlaus og ekki nægjanlega skýr, en skýrsluhöfundar voru þó þeirrar skoðunar að viðhorf gagnvart Dölunum væru jákvæð og tækifæri fælust í náttúrunni og sögunni.
- Meirihluti svarenda í könnuninni sagði að þeir þættir sem spurt var um varðandi ímynd tengda ferðamennsku, ættu illa eða mjög illa við um Akranes og nágrenni.[41]

Þessi mismunur gæti valdið því að þáttakendur í könnuninni hugsi svæðið þrengra þar sem í þessari könnun var spurt um svæðið „Akranes og nágrenni“ en Hvalfjarðarsveit ekki nefnd í yfirskrift svæðisins, því hafi svarendur ekki tengt svæðið t.d. við náttúru eða sögu sem fólk tengir ekki eins oft við þéttbýli. Það eru þeir þættir sem koma fram í könnuninni sem sterkasta ímyndin fyrir Vesturland. Niðurstaða þessarar könnunar var því að ferðatengd ímynd væri mjög mismunandi milli þeirra fjögurra svæða á Vesturlandi sem hún nær til, en hugsanleg skýring á því væri fólgin í þeim spurningum sem lagðar voru að grundvelli í könnuninni. Svæðin eru mjög misjöfn frá náttúrunnar hendi og söguslóðir þekktustu Íslendingasagnanna liggja um sum svæði en ekki önnur[42].

Árið 2009 gerði Guðmundur Ögmundsson rannsókn á ímynd Vesturlands hjá heimamönnum og hvernig hún rímaði við kynningu á landshlutanum. Rannsóknarspurningin í þeirri könnun var: „*Hver er ímynd Vesturlands meðal heimamanna og hvernig rímar hún við kynningarefni ferðaþjónustunnar?*“. Kannað var viðhorf heimamanna bæði varðandi Vesturland og hvað varðar svæðin fjögur á Vesturlandi sem afmörkuð voru með sama hætti og gert var í ímyndarkönnun Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Bifröst 2007; *Ímynd Vesturlands*. Könnun Guðmundar var gerð með hefðbundinni spurningakönnun til íbúa á Vesturlandi og með viðtali við rýnihópa á hverju svæði. Í þessari rannsókn meðal heimamanna er niðurstaðan sú sama og í *Ímynd Vesturlands* meðal íbúa nágrannasvæða. Fjölbreytt náttúra var sameiginlegt einkenni fyrir Vesturland í hugum fulltrúa allra svæðanna á Vesturlandi. Aðrir þættir voru ekki nefndir á öllum svæðunum en það sem kom sterkt fram, en þó missterkt eftir svæðum voru tengingar við sögu, landbúnað og menntun.

Fjölbreytt náttúra

- Saga og landbúnaður komu sterkast fram hjá Dalamönnum og Borgfirðingum en minna hjá hinum.
- Tenging við menntun kom sterkast fram hjá Akurnesingum og Borgfirðingum.
- Tengingin við fjölbreytta náttúru var ríkjandi á Snæfellsnesi.

Í könnun Guðmundar var kynningarefni ferðamála fyrir Vesturland á þessum tíma skoðað og áherslur bornar saman við ímynd heimamanna varðandi Vesturland. Þar kemur fram að náttúran er allstaðar í fyrsta sæti þegar kemur að vægi hvoru tveggja mynda og texta. Saga og menning fá einnig umfjöllun en lítið sem ekkert er fjallað um Vesturland sem landbúnaðar- og menntasvæði.[43]

Þessar kannanir sem báðar skoða álit Íslendinga á Vesturlandi, annarsvegar nágranna Vesturlands og hinsvegar Vestlendinga sjálfra, eru nokkuð samhljóma. Tilefni er til að skoða mismunandi áherslur og upplýsingar sem birtast í þeim, þrátt fyrir aldur þeirra.

Frá því að þessar rannsóknir voru gerðar hefur mikið vatn runnið til sjávar og margt verið gert sem vakið hefur jákvæða athygli og áhuga á Vesturlandi. Gera má ráð fyrir að ýmislegt fleira kæmi fram og niðurstöður á annan hátt hvað varðar vægi ef gerð væri álíka könnun í dag. Þó enn megi reikna með að fjölbreytt og falleg náttúra sé efst á blaði í slíkri könnun er öruggt að umhverfismál, áhugaverð upplifun, menning og saga auk gæða veitinga- og gististaða væri ekki síður ofarlega á blaði.

41 Í þessu tilliti þarf þó að hafa í huga að þetta er eina svæðið í þessari könnun sem skilgreint er út frá þéttbýliskjarna og nágrenni, þ.e. „Akranes og nágrenni“, en ekki skilgreint með einu nafni sem nær yfir allt það landsvæði sem um ræðir, eins og gert er á hinum svæðunum.

42 Grétar Þór Eyþórsson ofl., *Ímynd Vesturlands – Athugun á viðhorfum íbúa höfuðborgarsvæðisins og íbúa Vestfjarða og Norðurlands vestra*

43 Guðmundur Ögmundsson , *Ímynd Vesturlands – Hugur heimamanna og framsetning í kynningarefni*

Ekki hefur verið gerð rannsókn á ímynd Vesturlands í huga erlendra gesta. En með tilkomu netmiðla og aukinnar umfjöllunar um Ísland í erlendum fjölmiðlum má gera ráð fyrir að æ fleiri þekki til og kynni sér Ísland og einstaka landsvæði eða staði á landinu með þeim hætti. Með breyttri ferðahegðun gesta, snjalltækjum, almennum myndatökum og aukinni upplýsingagjöf einstaklinga á samfélagsmiðlum, berst fiskisagan hratt og víða um netheima. Því má segja að bæði heimamenn og gestir sem sækja Vesturland heim, og miðla myndum og sögum af svæðinu á vefnum, séu orðnir óbeinir upplýsinga- og markaðsfulltrúar fyrir svæðið. Fólk tekur myndir og segir sögur af eigin upplifun, sem svo svífa um netið og bera orðsporið víða.

Þannig má segja að t.d. Kirkjufell á Snæfellsnesi hafi orðið frægt á einni nóttu þegar falleg mynd af fjallinu með dansandi norðurljósum allt í kring fór sigurför um veraldarvefinn, svo nú kemur fólk allsstaðar að úr heiminum til að sjá og upplifa þennan stað og taka sjálfsmynd frá sama sjónarhorni af fjallinu með Kirkjufelsfoss í forgrunni. Talað er um að Kirkjufellið sé nú mest myndaða fjall á Íslandi, jafnvel í Evrópu.

Sama má segja um frægt fólk eða áhrifavalda á samfélagsmiðlum sem heimsækir svæðið, það skapast eftirspurn eftir þeim stöðum sem það fólk heimsækir með tilstuðlan samfélagsmiðla og ferðasíðna. Fræg persóna eða kvikmynd sem tekin er á svæðinu getur t.a.m. vakið þannig athygli á staðnum.Óþekktur staður breytist í eftirsóknaverðan segul fyrir fólk, án þess að heimamenn hafi lagt á ráðin um það, eða fái neinu um það ráðið. Þannig geta áhugaverð verkefni eða viðurkenningar sem hljóta umfjöllun líka breytt áliti fólks í umheiminum og vakið löngun þeirra til að koma til að sjá og reyna sjálft það sem það hefur séð eða heyrt á öldum ljósvakans víða um heim.

Vestlendingar hafa á undanförnum árum nýtt mörg tækifæri, auðlindir og ímynd Vesturlands til að skapa eftirsóknaverða upplifun af margvíslegum toga sem laðar að gesti. Þar má til dæmis nefna nokkra þætti:

- Umhverfismál: Helmingur sveitafélaga á Vesturlandi er með umhverisvottun, þar er þjóðgarður, mörg friðlönd og náttúruvætti, víða hefur verið unnið að innviðauppbyggingu til að verja landið - en jafnfram skapa aðgengi að náttúruperlum, o.fl.
- Náttúruupplifun: Ísgöng í jökli, aðgengi og leiðsögn í hraunhella, aðgengi að fjölbreyttum fossum, gosgígum, útivistastígar, náttúrlaugar og sjóböð, skipulagðar göngu- og hestaferðir, siglingar og stangveiði, fuglaskoðun og dýralíf, norðurljósaskoðun, ofl.
- Menning og saga: Margvíslegar menningar- og bæjarhátíðir, söguleikhús og sýningar, söfn og setur, listgallerí og opnar vinnustofur, hagleiksmiðjur, veggjalist, sögufylgd o.fl.
- Matur og gisting: Fjölbreytt flóra veitingastaða og verslun með mat úr heimabyggð, vaxandi úrval gæða gististaða og margvíslegt framboð gistiþjónustu o.fl.

Margt bendir til þess að Vesturland hafi styrkt stöðu sína og ímynd sem eftirsóknarverður áfangastaður. Fyrst má nefna að á Vesturlandi hefur verið unnið að mörgum athyglisverðum verkefnum sem snúa að umhverfis-, menningar- og ferðamálum sem hafa vakið verðskuldaða athygli. Til dæmis hafa ýmsar tilnefningar og viðurkenningar af þessum toga verið veittar Vesturlandi eða vestlenskum verkefnum og fyrirtækjum. Þar má nefna:

- ErthCheck umhverfisvottun á Snæfellsnesi 2008-2018 – sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi.
- Eyrarrósin 2009 - Landnámssetur Íslands. Eyrarrósin er viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar.
- Eden-gæðaáfangastaður Evrópu 2011 – Stykkishólmur fékk þessa útnefningu og verðlaun fyrir varðveislu og endurnýjun menningarminja og metnaðarfulla stefnu í sjálfbærri þróun í ferðaþjónustu.
- Skipulagsverðlaunin 2014 – Svæðisskipulag Snæfellsness „Andi Snæfellsness – auðlind til sóknar 2014 - 2026" – Skipulagsfræðingafélag Íslands stendur fyrir. Áhersla verðlaunanna var á skipulagsgerð í tengslum við ferðaþjónustu.
- Eitt af 10 bestu afskekktu hótelum í heiminum 2014 - tilnefning Financial Times. Hótel Búðir á Snæfellsnesi.
- Nýsköpunarverðlaun SAF 2015 - INTO THE GLACIER - Íshellirinn í Langjökli. Samtök ferðaþjónustunnar.
- Eyrarrósin 2015 – Frystiklefinn Rifi menningarmiðstöð, listamannaaðsetur og farfuglaheimili. Eyrarrósin er viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni á starfssvæði Byggðastofnunar.
- Einn af áhugaverðursu áfangastöðum heims – „Lonely planet best in travel 2016" – Vesturland hlaut viðurkenningu Loneley Planet sem einn af áhugaverðustu áfangastöðum heims árið 2016.

- Einn af 17 athyglisverðustu stöðum í heimi til að heimsækja – „17 best places to visit in 2017"- Vesturland tilnefnt af fjölmiðlarisanum CNN.
- Myndrænasti áfangastaður Evrópu „Scenic destination of Europe" 2017 - Vesturland tilnefnt af Luxury travel guide.
- Framúrskarandi gististaður á heimsvísu „National Geographic Unique Lodges of the World" - Hótel Húsafell útnefnt af National Geographic.
- Vetraráfangastaður ársins „Winter Destination of the Year 2018" - Vesturland tilnefnt af Luxury travel guide.
- Alþjóðleg hönnunarverðlaun - „International Rosa Barba Landscape Prize 2018". Veitt fyrir hönnun á tröppustíg á Saxhól í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli.
- Fjöreggið 2018 - Rjómabúið Erpsstaðir hlaut Fjöreggið 2018 fyrir frumkvöðlastarf á sviði matvælaferðamennsku og þróun afurða úr eigin framleiðslu.
- Umhverfisverðlaun Ferðamálastofu árið 2018 Áningastaðurinn við Bjarnarfoss í Staðarsveit.
- Ein af 18 bestu ferðauppgvötunum ársins 2018 „The best travel discoveries of 2018". - Akranesviti tilnefndur af The Guardian.

Listinn að framan, sem ekki er tæmandi, sýnir að Vesturland hefur fengið umfjöllun fyrir fjölbreytta þætti sem vakið hafa athygli. Það er því ekki einungis fjölbreytt og falleg náttúra sem Vesturland státar af, heldur er landshlutinn einnig orðinn þekktur fyrir umhverfismál, aðgengi og náttúruupplifun, menningu og sögu, mat og gistingu. Þessi verkefni og margt fleira hefur m.a. eflt ímynd Vesturlands sem eftirsóknarverðs áfangastaðar.

## Upplýsingagjöf og gestastofur

Vönduð og markviss upplýsingagjöf til gesta er mjög mikilvæg á öllum svæðum Vesturlands. Þannig er hægt að veita gestum ýmis konar upplýsingar bæði hvað varðar öryggi, veður, ástand og færð vega auk þess að benda þeim á áhugaverða áningastaði og þjónustu. Upplýsingamiðlun og gestastofur hafa miklu öryggishlutverki að gegna auk þess að styðja við uppbyggingu atvinnulífs og auðga upplifun gesta sem ferðast um svæðið.

- Á Vesturlandi hefur verið rekin upplýsingamiðstöð fyrir allan landshlutann í Borgarnesi. Miðstöðin er opin allt árið og er mikið nýtt af ferðafólki hvort sem það hyggur á ferðalög um Vesturland eða vestur á Firði, norður yfir heiðar eða suður fyrir Hvalfjörð. Borgarnes er í þjóðbraut þvera og leiðir liggja þar til allra átta, það er ákjósanlegur staður fyrir virka og öfluga upplýsingagjöf.
- Út á svæðunum eru reknar upplýsingaþjónustur fyrir ferðafólk. Á Snæfellsnesi hefur frá miðju ári 2017 verið rekin upplýsingamiðlun á vegum Svæðisgarðsins Snæfellness í félagsheimilinu Breiðabliki á sunnanverðu Snæfellsnesi. Þessi starfemi er tilraunaverkefni og er mikið nýtt af ferðamönnum. Staðsetning þessarar upplýsingamiðlunar er mikilvæg varðandi miðlun á öryggisupplýsingum og leiðsögn til ferðamanna sem eru að koma inn á Snæfellsnes, en þar er margt sem laðar að en líka margt að varast í náttúrunni. Mikilvægt er að ná til ferðafólks og upplýsa það um staðhætti. Stefnt er á frekari uppbyggingu á þessari þjónustu og opnun formlegrar Gestastofu Snæfellsness á Breiðabliki.
- Í þjóðgarðinum Snæfellsjökli er rekin gestastofa á Malarrifi allt árið sem er vinsæl hjá ferðamönnum og mjög mikilvæg bæði hvað varðar öryggismál og þjónustu í þjóðgarðinum.

- Upplýsingamiðstöðvar fyrir ferðamenn eru opnar á Akranesi, í Snæfellsbæ og í Grundarfirði allt árið.
- Dalabyggð hefur tekið upp formlegt samstarf við þjónustuaðila í sínu sveitarfélagi um að vera með upplýsingaþjónustu við ferðafólk.
- Margir þjónustuaðilar á Vesturlandi veita vandaða upplýsingagjöf varðandi áhugaverða áningastaði, öryggismál o.fl. og líta á það sem sjálfsagða þjónustu við sína gesti.
- Auk mannaðra upplýsingamiðstöðva, hafa víða verið sett upp upplýsingaskilti til að leiðbeina og fræða, en einnig er leiðsögn á veraldarvefnum um ýmsa þætti sem lúta að ferðalögum um landið.
- Ekkert kemur í staðinn fyrir mannaða upplýsingamiðlun og persónulega þjónustu þar sem hægt er að veita upplýsingar, ráðgjöf og svara spurningum fólks í rauntíma.

## Stefna og starfsemi Vesturlandsstofu

Vesturlandstofa er hlutafélag í eigu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Starfsemi Vesturlandsstofu er tvíþætt, annars vegar er haldið utan um sameiginlega upplýsingamiðstöð landshlutans og hins vegar heyrir starfsemi Markaðsstofu Vesturlands undir hana. Starfsmenn Vesturlandslandsstofu eru þrír talsins og er skrifstofa hennar í Borgarnesi.

Hlutverk Markaðsstofu Vesturlands er að samþætta markaðs- og kynningarstarf á Vesturlandi, þannig að markaðssetning landshlutans sé unnin á einum stað í samstarfi ferðaþjónustuaðila, sveitarfélaga, klasa og samtaka innan svæðisins. Markmið stofunnar er að styrkja ímynd Vesturlands og kynna svæðið sem ákjósanlegan áfangastað.

Markaðsstofan á náið samstarf við ferðaþjónustuaðila og sveitarfélögin á Vesturlandi. Til að tengja þessa aðila frekar saman stendur stofan fyrir fræðslu og ýmis konar samveru til að efla þennan þátt. Mikilvægt er að koma á og viðhalda formlegum samstarfsvettvangi hagaðila ferðaþjónustunnar á Vesturlandi til að greiða fyrir samstarfi og vinnu að vöruþróun og markaðsmálum.

Helstu tæki sem nýtt eru til þess að markaðssetja landshlutann eru útgáfa korta og upplýsingabæklinga, þátttaka í hérlendum sem erlendum ferðasýningum, móttaka innlendra og erlendra blaðamanna og síðast en ekki síst að halda úti fjölbreyttri heimasíðu west.is og kynningu á samfélagsmiðlum.

Markaðsstofur landshlutanna vinna náið saman að hagsmunum sínum. Forráðamenn þeirra hittast reglulega og fara yfir ýmis samstarfsverkefni. Markaðsstofur landshlutanna halda árlega ráðstefnu um málefni ferðaþjónustunnar, auk þess að setja upp vinnufundinn Mannamót í Reykjavík fyrir samstarfsfyrirtæki. Mannamót markaðsstofanna er kynningarvettvangur ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni og tækifæri til að koma á fundum fagaðila í greininni. Auk þess vinna markaðsstofurnar með Ferðamálastofu og Íslandsstofu að markaðssetningu og öðrum verkefnum sem tengjast ferðamálum á Íslandi.

## Markaðssvæði og gestir sem sækja Vesturland heim

Gestir koma allsstaðar að úr heiminum til að heimsækja Ísland. Í skýrslu RRF[44]: Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017, er markaðssvæðum sem ferðamenn koma frá skipt í sjö flokka:

| Markaðssvæði | Lönd |
|---|---|
| Norðurlönd | Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk. |
| Mið-Evrópa | Þýskaland, Pólland, Tékkland, Austurríki og Sviss. |
| Benelux löndin | Belgía, Holland og Lúxemborg. |
| Bretlandseyjar | England, Wales, Skotland og Írland. |
| Suður-Evrópa | Ítalía, Frakkland, Spánn, Portúgal, Grikkland … |
| Norður-Ameríka | Bandaríkin, Kanada og Mexíkó. |
| Önnur svæði | A-Evrópa, Afríka, Asía, Ástralía og S-Ameríka. |

Tafla úr skýrslu RRF; Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017

Í skýrslu RFF kemur fram að mikil breyting hafi verið á samsetningu gesta eftir markaðssvæðum síðastliðinn áratug. Gestir hafa lengi verið fjölmennastir frá Norðurlöndunum og Mið-Evrópu á Íslandi. Frá 2013 hefur gestum frá Bretlandseyjum farið mjög fjölgandi, sérstaklega yfir vetrartíman. Gestakomum frá Norður-Ameríku og Asíu hefur einnig fjölgað síðastliðin ár. Gera má ráð fyrir að gestir frá Asíu séu nú orðið meira en helmingur af ferðamönnum sem teljast í flokknum „önnur svæði" í flokkun þessari.

44 Rögnvaldur Guðmundsson, *‚Erlendir ferðamenn á Vesturland 2010-2017.*

Ekki eru til sérstakar markaðsrannsóknir fyrir Vesturland, en í skýrslu RRF er gerð nokkuð góð greining á ferðahegðun gesta á Vesturlandi og byggir sú greining á brottfararkönnun fyrirtækisins. Þar kemur fram nokkur munur á hlutfallsskiptingu gesta af markaðssvæðum, miðað við gestakomur til Íslands.




Mynd 56: Hlutfallsleg skipting erlendra gesta á Íslandi eftir markaðssvæðum Heimild: RRF Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017

- Skv. skýrslu RFF var svipað hlutfall af körlum og konum sem heimsóttu Vesturland 2017.
- Fólk yfir 55 ára aldri var hlutfallslega nokkru líklegra til að heimsækja landshlutann, en þeir sem yngri voru.
- Fólk á aldrinum 18-55 ára er líklegra til að gista, en fólk yfir 55 ára.
- Ferðamenn frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu og Benelux löndunum voru hlutfallslega líklegastir til að heimsækja Vesturland. Bretar komu þangað hins vegar hlutfallslega minnst og síðan Norðurlandabúar.
- Ferðamenn frá Suður-Evrópu og Benelux löndunum voru hlutfallslega líklegastir til að gista í landshlutanum en síst gestir frá Bretlandseyjum.
- Fólk með maka/sambúanda í för, með börn eða öðrum ættingjum var líklegra til að heimsækja Vesturland en þeir sem voru á ferð með vinum og mun líklegra en þeir sem voru einir á ferð eða með vinnufélögum.
- Fólk með maka/sambúanda í för var líklegast föruneytishópanna til að gista á Vesturlandi, síðan fólk með vinum í för en síst þeir sem voru með vinnufélögum. Ekki var marktækur munur á komum fólks á Vesturland eftir ferðamáta.
- Fólk í „self drive" ferð eða alveg á eigin vegum var nær tvöfalt líklegra til að gista á Vesturlandi en fólk í skipulagðri hópferð. Hópferðagestirnir voru því mikið í dagsferðum.
- Í samræmi við það voru þeir sem nýttu sér bílaleigubíla í Íslandsferðinni umtalsvert líklegri til að heimsækja Vesturland en fólk sem nýtti hópferðabíla eða áætlunarbíla.
- Áætla má að um 75% erlendra ferðamanna á Vesturlandi árið 2017 hafi nýtt sér bílaleigubíla sem er 15% hærra en við á um landið heild.
- Þá eru ferðamenn með ferjunni Norrænu mun líklegri til að koma á Vesturland og svæði þar og einnig að gista en sumargestir sem koma til Íslands með flugi.

## Markaðsmál og markhópar - áherslur heimamanna

Við markhópagreiningu fyrir Vesturland var ákveðið að horfa til greiningar Íslandsstofu á ákjósanlegum markhópum fyrir Ísland. Stuðst var við skýrslu Íslandsstofu; *Markhópar fyrir íslenska ferðaþjónustu.*[45] Fjallað er um sjö markaðssvæði; Bandaríkin, Kanada, Bretland, Frakkland, Þýskaland, Sviss og Danmörk .

Samkvæmt áðurnefndri skýrslu eru skilgreindir þrír markhópar sem þykja ákjósanlegastir fyrir íslenska ferðaþjónustu:

- **Lífsglaði heimsborgarinn** (e. The Fun-loving Globetrotter): Úthverfur, skapandi og opinn fyrir nýjungum og félagsskap. Forvitinn að eðlisfari og vill ögra sjálfum sér með því að upplifa framandi náttúru og menningu, en þó án þess að setja sig í óþarfa hættu. Hann vill sjá hvernig fólk á ólíkum stöðum hagar lífi sínu og gefur sér tíma til að upplifa og skynja.
- **Sjálfstæði landkönnuðurinn** (e. The Independent Explorer): Vill ekki hefðbundið frí eða vera heftur í of skipulagðri dagskrá heldur það sem er framandi og nýtt. Kýs að ferðast í fámennum hópi þar sem ekta íslensk upplifun skiptir miklu máli. Sækist eftir að læra um menningu og sögu áfangastaðarins og ferðast með umhverfisvænum hætti.
- **Makindalegi menningarvitinn** (e. The Cultural Comfort Seeker): Ævintýragjarn innan skynsamlegra marka. Ferðast í „núinu“ og sækist eftir að upplifa staðarandann og menninguna frá fyrstu hendi. Kýs þægindi og þjónustu.

Á sameiginlegum vinnufundi vinnuhópa allra svæða og stýrihóps áfangastaðaáætlunar á Vesturlandi var gerð könnun meðal þátttakenda þar sem stuðst var við eyðublað fyrir úttekt á bls. 6 í skýrslu Íslandsstofu. Þátttakendur voru fengnir til að svara þeim 10 spurningum sem þar eru settar fram, sem höfðu verið aðlagaðar varðandi þjónustu og innviði á Vesturlandi. Annars vegar voru þáttakendur beðnir um að svara með tilliti til núverandi stöðu í landshlutanum og hinsvegar varðandi hvaða áherslur þeir vildu leggja varðandi uppbyggingu til framtíðar. Þátttakendur svöruðu spurningunum með því að gefa þeim þáttum sem settir eru fram í könnuninni stig frá 1 upp í 10 samkvæmt mati viðkomandi á mikilvægi hvers þáttar, þar sem 10 var mikilvægast. Síðan voru stigin við hverja spurningu talin saman, til að meta hvernig áherslur þátttakenda ríma við þá þrjá markhópa sem Íslandsstofa skilgreinir. Sömu aðferð var beitt til að kortleggja hvaða áherslur þátttakendur legðu í uppbyggingu innviða, þjónustu og aðstöðu til framtíðar á Vesturlandi.

**Samkvæmt þessu mati kom í ljós að þessi hópur taldi að þjónusta og innviðir á Vesturlandi komi best til móts við þarfir og væntingar „lífsglaða heimsborgarans“.Það var einnig mat þessa hóps að áherslur tengdar framtíðarsýn varðandi uppbyggingu á Vesturlandi ættu að höfða enn frekar til þessa markhóps.**

Áfangastaðaáætlun leggur því áherslu á uppbyggingu þjónustu og innviða sem höfða til gesta sem telja má lífsglaða heimsborgara eins og markhópagreining Íslandsstofu skilgreinir hópinn. Verðmætin sem felast í lífsglaða heimsborgaranum sem markhóps fyrir Vesturland eru:

- Hann vill ferðast utan sumarmánaða og er virkur ferðalangur.
- Hann er líklegur til að koma aftur og er umhugað um náttúru og náttúruvernd.
- Hann er tilbúinn til að borga fyrir gæði, þjónustu og vöru, er varkár að eðlisfari og sækist í leiðsögn og gæðavottanir.
- Lífsglaði heimsborgarinn er viljugur til að ferðast lengra og heimsækja smærri samfélög. Það sem lífsglaði heimsborgarinn sækist eftir á ferðalögum fellur vel að þeirri ímynd sem er einkennandi fyrir Vesturland og að þeirri framtíðarsýn sem mótuð hefur verið fyrir Vesturland til 2020.
- Hann sækist eftir afþreyingu í náttúru með fallegu landslagi og leiðsögn.
- Hann er tilbúinn til að heimsækja smærri bæjarsamfélög og upplifa menninguna og kynnast fólkinu.
- Hann sækir í gæða mat frá heimabyggð, söfn og sögufræga staði.
- Honum þykja heilsulindir, hópferðir, hátíðir og fjölskylduvæn afþreying eftirsóknarverð ásamt því að versla íslenska hönnun eða sérvöru og velja vistvænni ferðaþjónustu.
- Það sem lífsglaði heimsborgarinn forðast er upplifun sem gæti skaðað náttúru, sviðsetta upplifun sem ekki er í takt við staðaranda, óvottaða þjónustuaðilar og óþarfa áhættur í framandi aðstæðum.

45 https://www.islandsstofa.is/media/1/markhopar-171008-mq.pdf

Þetta eru einmitt sömu áherslur og lagðar hafa verið í vinnu við áfangastaðaáætlun fyrir Vesturland, þar sem skýr vilji fólks er að efla ábyrga þróun ferðamála með markmiðum og aðgerðum sem vilji er til að stuðla að.

**Samkvæmt markhópagreiningu Íslandsstofu og áherslum Vestlendinga sem hafa komið að vinnu við áfangastðaáætlun, ætti Vesturland að sækja inn á markaðssvæðin sjö sem áður hafa verið talin; Bandaríkin, Kanada, Bretland, Frakkland, Þýskaland, Sviss og Danmörk. Á þessum markaðssvæðum er áætlað að lífsglaði heimsborgarinn sé hlutfallslega stærsti hópurinn.**[46]

## Áhrif ferðaþjónustu á íbúa og samfélag á Vesturlandi

Haustið 2017 framkvæmdi Rannsóknarmiðstöð ferðamála símakönnun til að kanna viðhorf landsmanna til ferðaþjónustu og ferðafólks á Íslandi. Tekið var lagskipt úrtak á landinu öllu. Þar af voru voru 775 manns í úrtakinu búsettir á Vesturlandi og var svarhlutfallið þar 42%. Í mars 2018 kom út samantekt á niðurstöðum þessarar könnunar. [47]

- Meirihluti svarenda á Vesturlandi var þeirrar skoðunar að ferðamennska og ferðaþjónusta hefði jákvæð áhrif á samfélagið.
- Langflestir eða átta af hverjum tíu íbúum á Vesturlandi, telja ferðaþjónustuna vera efnahagslega mikilvæga fyrir heimabyggðina.
- Langflestir íbúar Vesturlands telja ferðamenn efla verslun í heimabyggð án þess þó að ferðamenn takmarki aðgengi annarra að þjónustu.
- Rúmlega helmingur íbúa á Vesturlandi taldi ferðaþjónustu hafa leitt til fjölbreyttari þjónustu sem þeir hefðu nýtt sér og er það á pari við landsmenn almennt.




Mynd 57: Áhrif ferðaþjónustu að mati svarenda í könnun RFF. Heimild: RFF

Almennt var ekki mikill munur á svörum íbúa á Vesturlandi samanborið við svör af öllu landinu hvað varðar jákvæð áhrif á samfélagið. Þó má greina að íbúar á Vesturlandi telja síður en landsmenn almennt að ferðamenn hafi breytt íslensku samfélagi til hins betra .

Marktækt færri íbúar á Vesturlandi voru þeirrar skoðunar að ferðaþjónustan væri efnahagslega mikilvæga fyrir heimabyggðina m.v. önnur landssvæði




Mynd 58: Mikilvægi ferðaþjónustu. Heimild: RFF.

Vesturland og Vestfirðir skáru sig frá öðrum svæðum þar sem þar voru marktækt færri þeirrar skoðunar að ferðamenn efli verslun í heimabyggð.

Vestlendingar töldu fjölbreyttara mannlíf, atvinnusköpun, auknar tekjur og aukna þjónustu sem samfélagið í heild nyti góðs af, vera skýrustu dæmin um jákvæð áhrif ferðaþjónustu á svæðinu. Þessi sýn kom fram í svörum við opinni spurningu þar sem svarendur nefndu rúmlega 400 atriði þegar þeir voru beðnir að nefna „*Hvað er jákvæðast við ferðaþjónustu á Vesturlandi?*“ Um helmingur svarenda á Vesturlandi nefndi samfélagslegar áherslur s.s. mannlíf, fjölbreytileika, aukið framboð veitingastaða og að hvetjandi væri að sjá samfélagið með augum annarra. Fjögur af hverjum tíu svörum höfðu efnahagslegar áherslur s.s. tekjuauðlind, atvinna, aukin verslun og þjónusta. Minni áhersla var á umhverfislega þætti en þar voru atriði á borð við umbætur á innviðum eins og vegakerfi, samgöngur, ýmis konar uppbygging og bætt aðgengi að náttúru, sögulegum minjum ofl. sem höfðu jákvæða þýðingu í augum íbúa með tilliti til bæði samfélags og umhverfis.

**Þrátt fyrir þessa miklu aukningu í komum ferðamanna inn á Vesturland undanfarin ár og aukningu í uppbyggingu ferðaþjónustufyrirtækja, bendir ekkert til þess að það sé farið að reyna á þolmörk samfélagsins á Vestulandi.**

46 https://www.islandsstofa.is/media/1/markhopar-171008-mq.pdf
47 Eyrún Jenný Bjarnadóttir: *Viðhorf íbúa á Vesturlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu*

Samkvæmt spurningakönnun til heimamanna um allt land sem kynnt er á vefnum *Mælaborð ferðaþjónustunnar*, má sjá að um 53% heimamanna á Vesturlandi telja að hæfilega mikið af ferðamönnum sæki Vesturland heim 14% finnst það þó heldur mikið og 9% allt of mikið, en 17% finnt það vera heldur of lítið og 5% allt of lítið. Það er ávalt mikilvægt að hafa heimamenn með í ráðum við skipulag ferðamannastaða og huga að samfélagsþáttum við uppbyggingu og markaðssetningu ferðaþjónustusvæða, en samkvæmt þessum upplýsingum finnst 75% Vestlendinga vera hæfilega mikið af ferðamönnum á Vesturlandi eða að þeim þurfi að fjölga.[48]




Mynd 59: Fjöldiferðamanna að mati heimamanna á Vesturlandi. Heimild: Ferðamálastofa.

Uppbygging ferðaþjónustu á Vesturlandi er á réttri leið skv. framanrituðu. Huga þarf áfram að starfsleyfum og skráningu á ferðaþjónustu og tryggja að allir sitji við sama borð hvað varðar starfsleyfi og kröfur um gæði, öryggi og skattinnheimtu vegna reksturs ferðaþjónustufyrirtækja á Vesturlandi. Gera má ráð fyrir að staða ferðamála sé nokkuð mismunandi eftir svæðum á Vesturlandi þar sem mismikil uppbygging er innan þeirra.

Að mati Vífils Karlssonar, hagfræðings hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi, hefur ferðaþjónusta haft mjög jákvæð áhrif á byggðaþróun og byggðafestu á Vesturlandi undanfarin ár. Áhrifin telur hann vissulega misjöfn milli svæða þar sem uppbygging ferðaþjónustu hefur verið mismikil, en hann álítur að mest séu áhrifin í Borgarfirði og á Snæfellsnesi þar sem mest uppbygging hefur verið. Áhrifin eru margþætt, en þau helstu eru þessi:

- Samhliða fjölgun starfa í ferðaþjónustu hefur íbúum á Vesturlandi fjölgað en þessi fjölgun starfa hefur einnig spornað við brottflutningi íbúa. Þá hefur þróunin verið með þeim hætti í dreifbýli að þar sinna íbúar ferðaþjónustu ásamt því að vera með búskap. Ferðaþjónustan hefur þannig styrkt stoðir búsetu í dreifbýli.
- Áhrifa ferðaþjónustu gætir í rekstri sveitarfélaga, en víða má tengja hækkun útsvarstekna sveitarfélaga við aukin umsvif fyrirtækja í ferðaþjónustu. Fyrirtæki í ferðaþjónustu hafa byggt upp húsnæði og aðstöðu sem gefur sveitarfélögunum auknar tekjur af fasteignaskatti. Víða hafa ferðaþjónustuaðilar einnig fjárfest í eldra húsnæði og ráðist í miklar breytingar, en þetta ásamt nýbyggingum hefur skapað töluverða vinnu hjá iðnaðarmönnum á Vesturlandi. Loks hefur fjölgun í heimagistingu leitt til þess að fasteignir flytjast í hærri gjaldaflokk. Hús eru gerð upp sem er jákvætt fyrir ásýnd hverfa og gerir þau meira aðlaðandi. Allt þetta má sjá ef skoðaðar eru tölur um fjölgun gistirýma.
- Þá hefur vöxtur í ferðaþjónustu haft jákvæð áhrif á ýmiskonar þjónustufyrirtæki sem ekki er hægt að flokka beint undir ferðaþjónustu s.s verslanir, verkstæði og framleiðslu. Þetta sést glöggt þegar forsvarsmenn fyrirtækja er spurðir hvort þeirra rekstur tengist ferðaþjónustu.
- Fyrir íbúa á Vesturlandi hefur vöxtur í ferðaþjónustu haft ýmsar jákvæðar afleiðingar í för með sér. Nýir veitingastaðir hafa sprottið upp, opnunartími verslana hefur lengst og aðgengi að þjónustu og fjölbreytileiki hennar hefur aukist. Afþreying sem heimamenn nýta sér, ekki síður en ferðamenn, hefur orðið til. Ýmsar náttúrperlur eru orðnar mun aðgengilegri og fleiri tækifæri eru til útivistar og upplifunar.[49]

48 https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/
49 Vífill Karlsson, munnleg heimild.

Könnun RMF um viðhorf landsmanna til ferðaþjónustu og ferðafólks á Íslandi, [50] sem kynnt er að framan styður ágætlega við þessar niðurstöður á framlagi ferðaþjónustu til svæðisins. Þó er ástæða til að hafa það í huga þegar niðurstöður þessarar könnunar eru skoðaðar að mjög mismikil uppbygging ferðaþjónustu hefur orðið á milli svæða á Vesturlandi, þar sem minni uppbygging hefur verið á syðsta og þéttbýlast svæði Vesturlands og nyrsta hluta Vestulands, en meiri uppbygging hefur verið á miðsvæði Vestulands. Má þar t.d. benda á að:

- 13% af útgefnum gistileyfum og skráðri heimagistingu á Vesturlandi er á svæðinu **Sunnan Skarðsheiðar**, þar sem búa 49% íbúa Vesturlands.
- 76% af gistileyfum eru á svæðunum **Borgarfjörður** og **Snæfellsnes** þar sem búa 47% íbúa.
- 11% gistileyfa er í **Dölum** þar sem aðeins býr 4% íbúa Vesturlands.

Þessar tölur gefa vísbendingar um mismunandi umfang og þéttni ferðaþjónustu á þessum fjórum svæðum.

Af þessum ástæðum m.a. var niðurstaðan sú að vinna með fjögur svæði á Vesturlandi í þessari skýrslu. Því má einnig velta fyrir sér hvort hlutfall svarenda í könnun RMF endurspeglar að einhverju leiti þessar mismunandi aðstæður á þessum svæðum. Ef hlutfall svarenda í könnuninni er í einhverju samræmi við dreifingu búsetu á Vesturlandi, þá gæti það sett mark sitt á niðurstöður hennar, ef fjölmennasti svarhópurinn hefur verið af því svæði sem flestir íbúar eru, en einnig minna umfang ferðaþjónustu á viðkomandi svæði. Þetta gæti t.d. haft áhrif á niðurstöður svara varðandi efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustu eða hvort ferðaþjónusta efli verslun í heimabyggð svarenda og fleiri spurningar þar sem svörunin byggir á upplifun fólks í sínu nærumhverfi.



Mynd 60: Skipting svæða á Vesturlandi..
Heimild: SSV..

## Staða ferðaþjónustunnar á Vesturlandi

### Þróun ferðamála á fjórum starfssvæðum Vesturlands

Gögn og greiningarvinna sem liggur til grundvallar Áfangastaðaáætun Vesturlands benda til mikils vaxtar í ferðamálum á Vesturlandi. Greina má aukna umferð á vegum, aukinn fjölda í talningum ferðamanna á vinsælum áningastöðum, fjölgun gistinátta og aukið framboð á veitingastöðum og ferðaþjónustu af öllu tagi. Mikið hefur verið byggt af gistirýmum undanfarin ár, bæði endurbætur og stækkanir á eldri gististöðum en einnig hafa nýir gististaðir verið byggðir upp. Þá hefur sú flóra fyrirtækja sem bjóða upp á afþreyingu og menningartengda starfsemi á Vesturlandi stækkað. Einnig má merkja fjölgun þeirra fyrirtækja utan svæðisins sem bjóða upp á ferðir um Vesturland.

Fram hefur komið í ýmsum þáttum þessarar stöðugreiningar að talsverður munur er á starfssvæðunum fjórum á Vesturlandi eins og að framan greinir. Hvert svæði fyrir sig kallar þannig á sérstaka greiningu á stöðu ferðamála. Mismikið liggur fyrir af upplýsingum á hverju svæði fyrir sig t.a.m. vegna þess að opinberar tölur eru ekki birtar úr svo litlu þýði. Leitast verður við að gera grein fyrir stöðunni eins og efni standa til.

50 Eyrún Jenný Bjarnadóttir, *Viðhorf íbúa á Vesturlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu*

## Þróun og staða ferðamála Sunnan Skarðsheiðar



Svæði #1. suðursvæðið, er svæðið sunnan Skarðsheiðar, þ.e. Hvalfjarðarsveit og Akranes. Suðursvæðið hefur margt til að bera sem getur laðað að gesti og er vel til þess fallið að þar byggist upp öflug ferðaþjónusta. Opinberir innviðir og grunngerð er að mögu leiti mjög sterk, náttúra og landslag eru fjölbreytt og nálægðin við höfuðborgarsvæðið skapar mörg tækifæri. Meginpartur vegakerfisins um svæðið, það er vegurinn sem liggur um Hvalfjörð og hringinn um Akranes eru stofnvegir með bundnu slitlagi og vetrarþjónustu alla daga vikunnar. Hvalfjarðargöngin stytta vegalngdina milli höfuðborgarsvæðisins og Vesturlands en skapa líka vegtengingu sem býður upp á hringakstur um Hvalfjörð og Akranes, sem getur hentað vel í dagsferðir frá höfuðborgarsvæðinu. Á þessu svæði er víða stutt milli fjalls og fjöru og mjög fjölbreytt náttúra, landslag og dýralíf. Það er skóglendi, vötn, ár og fossar, fjöll, dalir og mjög fjölbreyttar fjörur sem gefa óþrjótandi tækifæri til útivistar og náttúruupplifunar. Þetta er gott útivistarsvæði, góðar göngu- hjóla og reiðleiðir. Það eru sundlaugar og golfvellir, auk þess sem frábær íþróttaaðstaða er á Akranesi sem skapar mörg tækifæri til íþróttaiðkunar, mótahalds og viðburða af ýmsu tagi. Það er líka fjölbreytt menningartengd starfsemi á þessu svæði. Í Hvalfirði er hægt að kynnast sveitalífinu, sögunni, náttúru- og matarupplifun, t.d. á Bjarteyjarsandi þar sem boðið er heim á sveitabæ, í Hernámssetrinu þar sem sögð er saga hernáms á Íslandi auk þess sem ýmis ferðaþjónusta, mikil saga og merkar minjar eru víða í Hvalfirði. Á Akranesi er veglegt safnasvæði með ýmsum áhugaverðum söfnum og Vitinn á Breiðinni er orðin þekkt kennileiti sem margir vilja heimsækja, svo nú er að byggjast upp menningartengd ferðaþjónusta þar um kring. Það eru margir menningarviðburðir á þessu svæði allt árið. Það eru því allar aðstæður til að efla suðursvæði Vesturlands, svæði #1 sem eftirsóknarverðan áfangastað.




**STYRKLEIKAR**
- Sterk sveitarfélög
- Fjölbreytt náttúra og mannlíf
- Góðar samgöngur og hringleiðir innan svæðis
- Stutt til höfuðborgarsvæðisins
- Íþróttamannvirki og ímynd

**VEIKLEIKAR**
- Samtal og samstarf
- Vantar sameiginlega framtíðarsýn svæðisins
- Fábreytt framboð gisti- og veitingaþjónustu
- Skipulögð afþreying og ferðaþjónusta
- Vöruþróun, markaðssetning og kynning
- Opnunartímar og upplýsingagjöf
- Togstreita um samleið með RVK eða Vesturlandi?

**ÓGNANIR Í YTRA UMHVERFI**
- Stefnuleysi í umgjörð og utanumhaldi ferðamála
- Umferðamannvirki og öryggismál samgangna
- Óstöðugleiki ferðaþjónustufyrirtækja og verðlags á Íslandi
- Skortur á markvissri aðgerðaáætlun og fjármunum til uppbyggingar aðgengis og áningastaða

**TÆKIFÆRI**
- Fjölbreytt náttúra, menning og saga
- Fjölmenn byggð, gott atvinnu- og mannlíf
- Góð íþróttamannvirki og sterk íþróttaímynd
- Samtal, stefnumótun, samvinna og kynning
- Uppbygging og vöruþróun gisti- og ferðaþjónustu
- Almenningssamgöngur á sjó milli Akraness og Reykjavíkur

Á þessu svæði er ekki það mikil ferðaþjónusta að hægt sé að nálgast tölur eða gögn til að greina þróun ferðamála og í skýrslu RRF um komur erlendra gesta á Vesturland er þetta svæði tekið með Borgarfjararsvæðinu. Ferðaþjónusta hefur ekki verið öflug atvinnugrein á Akranesi en er öllu rótgrónari og hlutfallslega umfangsmeiri í Hvalfjarðarsveit. Þó má vel merkja breytingu þar sem meiri áhersla er á uppbyggingu og þróun ferðaþjónusta á öllu svæðinu og margt hefur verið gert allra síðustu ár sem styður vel við uppbyggingu ferðaþjónustu á þessu svæði.

Samkvæmt lista á syslumenn.is voru 43 aðilar með skráða heimagistingu og gistileyfi á svæðinu sunnan Skarðsheiðar auk þess sem þar voru skráð fjögur tjaldsvæði með tilskilin leyfi í september 2017. Af þeim voru þréttán á Akranesi og eitt tjaldsvæði, en þrjátíu í Hvalfjarðarsveit og þrjú tjaldsvæði. Það vekur athyggli hversu hátt hlutfall skráðra heimagistingar auk gistiflokka I og II er á þessu svæði, en einungis 8% gististaða eru í flokki III og IV og eru þeir gististaðir staðsettir í Hvalfjarðarsveit

.

- 9% Tjald-, smáhýsa- og ferðabílasvæði.
- 51% Gistiflokkur I: Heimagisting; sala á gistingu í íbúaðarhúsnæði eða sumarhúsi.
- 32% Gistiflokkur II: Gististaður án veitinga.
- 4% Gistiflokkur III: Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum.
- 4% Gistiflokkur IV: Gististaður með veitingaþjónustu og áfengisveitingum.
- 92% gistiþjónusta án veitinga

92% Gistiþjónusta án veitinga




Mynd 61: Hlutfallsskipting veitingaleyfa milli flokka á svæðinu Sunnan Skarðsheiðar í september 2017. Heimild: Hagstofa Íslands.

Á sama tíma voru skráð nítján veitingaleyfi á #1 svæði. Þar af voru tólf veitingaleyfi á Akranesi en sjö í Hvalfjarðarsveit. Á Akranesi er öllu hærra hlutfall af einföldum veitingastöðum, en í Hvalfjarðarsveit eru fleiri veitingastaðir með þjónustu, sem skýrist væntanlega af því að á Akranesi eru flestir íbúar á Vesturlandi en ekki mikil gistiþjónusta, en fjölbreyttari og rótgrónari gistiþjónusta er í Hvalfjarðarsveit og gistiþjónustu í flokki III og IV fylgir veitingaþjónusta.

Samkvæmt gögnum frá Hagstofunni um skráðar gistinætur í póstnúmerum 300, 301 á 1 svæði, að viðbættum gistinóttum í póstnúmeri 276 sem er Kjósarhreppur, má sjá þróun gistiþjónustu á svæðinu umhverfis Hvalfjörð og á Akranesi. Þar sést að frá árinu 2013 hefur verið góður stígandi í skráðum gistinóttum á þessu svæði. Samkvæmt þessum tölum og aukningu í fjölda gesta við Glym milli áranna 2016 og 2017 er allt sem bendir til að gestakomur á 1 svæði séu í stöðugri sókn í ferðaþjónustu, en í skýrslu RRF „*Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017*“ eru svæði 1 og 2 skoðuð saman.




Mynd 62: Skráðar gistinætur í hverjum mánuði í Sunnan Skarðsheiðar 2011-2016. Heimild: Hagstofa Íslands.

## Heimamenn sunnan Skarðsheiðar tóku virkan þátt í stefnumótunarvinnu Áfangastaðaáætlunar Vesturlands. Helstu áherslur um framtíðarsýn sem komu fram á opnum fundum Sunnan Skarðsheiðar voru eftirfarandi:

- Ferðaþjónustan á Akranesi og í Hvalfirði hefur sterka og jákvæða ímynd og svæðið er eftirsóttur kostur fyrir gesti. Við kynnum svæðið í heild á ábyrgan hátt og stýrum aðgengi inn á áningarstaði sem eru tilbúnir til að taka á móti ferðamönnum og landvarsla er tryggð.
- Heilsárs ferðaþjónusta sem skilar ávinningi til nærsamfélags, býður heimamönnum upp á fleiri atvinnumöguleika og ferðafólki sem og heimamönnum upp á fjölbreytta afþreyingu, góða þjónustu og aðstöðu á áningarstöðum. Unnið er eftir ferðamálastefnu fyrir svæðið sem stuðlar að góðu samtali milli íbúa, sveitarfélaga og aðila í ferðaþjónustu.

- Uppbygging og viðhald ferðamannastaða á svæðinu er fjármagnað í auknum mæli af sveitarfélögunum sem fá hlutdeild í tekjustofni ríkisins af ferðaþjónustunni.
- Góðar almenningssamgöngur eru á svæðinu til sjós og lands. Áætlun liggur fyrir varðandi innviðauppbyggingu eins og viðhald og þjónustu vega allt árið, merkingar við vegi, útskot og góða aðstöðu á áningarstöðum.
- Við erum með umhverfis- og ferðamálastefnu sem stuðlar að því að gestir og heimamenn geta ferðast um svæðið með upplýstum huga og virðingu fyrir náttúru og umhverfi. Stuðlað er að sjálfbærni í ferðaþjónustu með náttúruvernd að leiðarljósi um leið og hvatt er til náttúruupplifunar í fjölbreyttri mynd og öryggi ferðamanna og náttúru tryggt.

### Heimamenn Sunnan Skarðsheiðar vildu leggja áherslu á eftirfarandi aðgerðir fyrir sitt svæði:

- Markaðsáætlun með skýra sýn og áherslu á sérstöðu svæðisins. Að skýrri stefnumótun fylgi aðgerðaráætlun og fjármunir og horft sé til lengri tíma, ekki bara 3 ár. Áhersla sé lögð á meiri dreifingu ferðamanna. Fleiri ferðamenn á Akranes og Hvalfjarðarsvæðið.
- Gera ferðamálastefnu sem styður við nýsköpun og frumkvöðlastarf í ferðamálum.
- Búa til samtals- og samvinnuvettvang fyrir íbúa, ferðaþjónustuaðila og sveitarfélögin.
- Upplýsa íbúa vel um jákvæð áhrif þess að fá ferðamenn á svæðið.
- Sameining sveitarfélaga.
- Auka valkosti í afþreyingu og hanna mismunandi pakkaferðir innan svæðisins, m.a. með áherslu á fuglaskoðun, göngu, menningu, náttúru, siglingar, heimsóknir til bænda o.s.frv.
- Reisa hótel með ráðstefnuaðstöðu og veitingastað.
- Ráða ferðamálafulltrúa fyrir svæðið.
- Skoða þarf gjaldtöku og skattlagningu heildstætt og með sanngirni og byggja gegnsæi í útdeilingu fjármuna. Tryggt fjármagn til atvinnugreinarinnar.
- Upplýsingamiðstöð.
- Koma á laggirnar miðlægu kerfi eða samstarfsvettvangi sem útbýr ferðapakka, markaðssetur og selur ferðir inn á svæðið, hvort sem það er Markaðsstofan eða „Ferðaskrifstofa Vesturlands."
- Koma ferðamálabraut eða a.m.k. fagi/fögum í framhaldsskóla á svæðinu með áherslu á nýsköpun og viðskiptaáætlanagerð tengda ferðaþjónustunni.
- Markaðssetja fyrir minni hópa ferðafólks sem byggir undir sjálfbærni og eykur þolmörk staða og þjónustu
- Göngustígar, göngukort og skipulagðar gönguferðir í sátt við náttúruna.
- Stýra umferð ferðamanna með merktum gönguleiðum og fræðslu um staði.
- Tryggja vernd náttúrunnar til langs tíma (sjálfbærni) og leggja áherslu á gæði útivistar á þessu svæði. Getur ýtt undir sérstöðu. Heilsa + náttúruupplifun. Fræðsla.
- Efla náttúrulegt aðdráttarafl (Glymur, Akrafjall, Hvalfell, Grunnifjörður o.fl. Útivistarsvæði í Hvalfirði og fá vottun þriðja aðila til að tryggja gæði og trúverðugleika.)
- Stór íþróttatengdur viðburður (tengdur náttúrunni) á svæðinu: Hjólreiðakeppni, 5 tindar, þríþraut, eða eitthvað glænýtt + ratleikir.
- Kortleggja náttúruauðlindir og náttúrunýtingu.
- Fá vottun þriðja aðila til að tryggja gæði og trúverðugleika

## Þróun og staða ferðamála á Borgarfjarðarsvæðinu



Svæði 2, Borgarfjarðarsvæðið nær yfir Borgarbyggð og Skorradalshrepp. Áberandi gróska hefur verið í vexti og viðgangi ferðaþjónustu á Borgarfjarðarsvæðinu síðastliðin ár. Sett hafa verið á fót ný ferðaþjónustufyrirtæki og byggð upp ýmis þjónusta auk þess sem ýmislegt er í deiglunni sem höfðar til ferðamanna. Þar má nefna margvíslega dægradvöl og upplifun sem laðar að gesti og lengir dvöl þeirra á svæðinu, til dæmis Ísgöngin í Langjökli, gönguleiðanet og aukin þjónusta í Húsafelli, hellaskoðun í Víðgelmi, efling þjónustu í Reykholti, Krauma-náttúrulaugar, Hespuhúsið, Gestastofa fuglafriðlands, söfn og sýningar á Hvanneyri, söfn og sýningar í Borgarnesi svo eitthvað sé nefnt. Auk þess eru fjórir golfvellir og fjórar sundlaugar opnar almenningi í Borgarbyggð, margvísleg hestaferðaþjónusta í boði, fjölbreyttar gönguleiðir, útivistarsvæði og rómaðar veiðiár og vötn í Borgarfirði. Veitingastöðum hefur fjölgað mjög mikið um allt héraðið og bæði fjölbreytileiki veitingastaða og gæði vaxið mikið síðastliðin ár. Borgarfjarðarsvæðið er allt í innan við tveggja klukkustunda akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu, með beina vegtengingu til Þingvalla og inn á Suðurland yfir sumarmánuðina. Þessi staðsetning styrkir þetta svæði þegar þróun í ferðahegðun erlendra gesta er að stoppa styttra í heimsókn sinni til Íslands og ferðast styttra frá höfuðborgarsvæðinu út á land.

**SVÓT**
Svæði 2

**STYRKLEIKAR**
Fjölbreytt náttúra, menning og saga
Fjöldi friðlanda og náttúruvætta
Fjölbreytt, öflug og vaxandi ferðaþjónusta
Metnaðarfull uppbygging ferðaþjónustu í uppsveitum
Opnunartími þjónustustaða í Borgarnesi
Góð upplýsingamiðstöð í Borgarnesi

**VEIKLEIKAR**
Skortur á samtali og samstarfi
Þarf að efla innviði og grunngerð svæðisins
Skortur á landvörslu og stefnumótun um friðlönd
Óvissa um hlutverk - hver ber ábyrgð á hverju
Vegirnir, vegþjónusta og almenningssamgöngur
Merkingar og vegvísar - réttar upplýsingar á kortum, vefkortum og upplýsingabæklingum

**ÓGNANIR Í YTRA UMHVERFI**
Samgöngur, vegakerfið og vegaþjónusta
Innviðir s.s. rafmagn, fjarskipti ofl.
Skortur á stefnu og fjármagni til uppbyggingar innviða
Skortur á landvörslu og stefnumótun um friðlönd
Vitlausar merkingar á vefkortum
Svefnbílar um allt

**TÆKIFÆRI**
Samtal, stefnumótun, samvinna og vöruþróun
Vegtenging til Þingvalla og inn á Suðurland
SAGA jarðvangur og fleiri samstarfsverkefni
„Photo stop" - setja upp útskot á vegi til myndatöku á útsýnisstöðum
Matarauður - matarsmiðja í Borgarnesi og sala beint frá býli
Fjöldi friðlanda og sterk ferðaþjónustufyrirtæki á svæðinu

Samkvæmt skýrslu RRF; *Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017*[51], sem byggir á *Dear Visitors* könnun fyrirtækisins, er áætlað að komur erlendra ferðamanna á Borgarfjarðarsvæðið* hafi rúmlega fjórfaldaðist á umræddu árabili. Áberandi mikill vöxtur er í gestakomum á Borgarfjarðarsvæðið* að sumarlagi árið 2015, en eftir það er einnig vöxtur í komum ferðamanna á jaðartímum. Þessar áætlanir sem byggja á brottfararkönnun segja okkur að um 45% erlendra ferðamanna sem komu til Íslands með flugi eða ferju árið 2017 hafi komið í Borgarfjörð*, en um 43% erlendra gesta sem komu árið 2010 hafi sótt Borgarfjörð* heim. Samkvæmt því hefur komum erlendra ferðamanna því fjölgað hlutfallslega meira á Borgarfjarðarsvæðinu* en gestakomum hefur fjölgað til Íslands, þar sem hærra hlutfall erlendra gesta á Íslandi leggja nú leið sína í Borgarfjörðinn*. Þó verður að taka það með í reikninginn að ekki er hægt að yfirfæra þessar tölur á alla staði á þessum svæðum og líklegt er að mestur fjöldi hafi farið um Borgarnes en færri farið um jaðarsvæðin. Þessar niðurstöður sýna þó að ferðamannatíminn á svæði 1 og 2 hefur lengst á síðustu árum, nú koma ferðamenn einnig í verulegu mæli að vori og hausti auk þess sem sýnileg aukning er yfir dimmustu vetrarmánuðina.




| | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2017 | 34,4 | 43,8 | 61,6 | 56,5 | 65,8 | 112,3 | 153,8 | 164,6 | 99,3 | 54,1 | 35,5 | 25,2 |
| 2016 | 22,1 | 17,2 | 40,2 | 34,2 | 57,3 | 92,0 | 126,9 | 133,1 | 85,1 | 63,0 | 31,2 | 34,5 |
| 2015 | 12,0 | 13,3 | 19,3 | 21,6 | 33,1 | 58,6 | 114,6 | 115,4 | 51,6 | 29,7 | 14,7 | 12,7 |
| 2013 | 7,2 | 11,2 | 8,8 | 11,0 | 22,4 | 42,2 | 74,2 | 72,6 | 20,2 | 13,5 | 12,2 | 6,9 |
| 2010 | 2,3 | 2,2 | 5,9 | 7,0 | 10,8 | 30,8 | 59,2 | 61,3 | 17,8 | 7,3 | 4,4 | 2,7 |

Mynd 63: Áætlaðar gestakomur erlendra gesta í Borgarfjörð 2010-2017. Heimild: RRF, *Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017.*

51 Eyrún Jenný Bjarnadóttir: *Viðhorf íbúa á Vesturlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu*

Samkvæmt skýrslu RRF er áætlað að erlendum gestum sem komu á Borgarfjarðarsvæðið* á háönn hafi fjölgað tæplega þrefalt á umræddu tímabili, 2010-2017.

Hins vegar hafi erlendum vetrargestum fjölgað margfalt meira eða tæplega áttfalt á sama árabili. Þessar niðurstöður sýna að ferðamannatíminn í Borgarfirði* hefur lengst mikið á síðust árum, eins og sést á myndum.

Samkvæmt skýrslu RRF eykst áætlaður fjöldi erlendra næturgesta á Borgarfjarðarsvæðinu* á sama tíma hratt á milli ára. Þar má einnig sjá að hlutfall dvalargesta vex mikið á jaðartímum og lágönn meðan vöxtur í gistingu að sumarlagi eykst meira í takt við aukningu ferðamanna sem sækja landið heim. Því hefur mikill árangur náðst við að fjölga gistinóttum gesta á svæðinu á jaðartímum og lágönn.




Mynd 64. Áætluð dvöl erlendra gesta í Borgarfirði – þ.e. skipting milli daggesta og dvalargesta 2010-2017 Heimild: RRF, *Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017*

Rannsóknir frá stofnun rannsóknarsetra Háskóla Íslands, á dreifingu ferðamanna um landið sýna líka sömu niðurstöður varðandi fjölgun ferðamanna í Borgarfirði. Í þessum rannsóknum hefur verið unnið að talningum á komum ferðamanna á valda staði á Íslandi, meðal annars að Deildartunguhver og Hraunfossum í Borgarfirði. Þessar talningar sýna stöðuga fjölgun ferðamanna á þessum stöðum, þar sem talin er fjöldi bifreiða sem kemur á staðinn. Samkvæmt þessum gögnum er gestakomum í Borgarfjörð að fjölga allt árið, ekki síður á lágönn en háönn. En þessar talningar sýndu að árið 2016 hafi tæplega 223. þúsund gestir komið að Hraunfossum sem hafi þá verið tæplega 46% aukning frá árinu áður.

Samkvæmt skýrslu RRF; Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017, er áætlað að af 907 þúsund erlendum gestum sem áætlað er að hafi sótt Borgarfjörð* heim árið 2017, hafi um 210 þúsund þ.e. 23% þeirra gist á Borgarfjararsvæðinu*, en tæplega 700 þúsund komið sem daggestir. Samkvæmt þessari skýrslu hafa þeir erlendu gestir sem gistu á Borgarfjarðarsvæðinu* árið 2017 dvalið að jafnaði í um 1,55 nætur, sem er svipað langur dvalartími og hefur verið á því svæði undanfarin ár. Samkvæmt því eru erlendar gistinætur á þessu svæði áætlaðar um 322 þúsund árið 2017, eða 2,5% af erlendum gistinóttum á Íslandi.

Samkvæmt tölum frá Hagstofunni voru skráðar gistinætur á öllum tegundum gististaða í Borgarbyggð tæplega 170 þús. árið 2017, eins og sjá má á mynd 26. Þetta er mun lægri tala en áætlað er í skýrslu RRF; Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017, sem byggir á Dear Visitors brottfararkönnun fyrirtækisins.

Þessi mismunur skýrist að nokkru leiti af því að mælingar frá Hagstofunni ná aðeins til sveitarfélagsins Borgarbyggðar, en áætlun RRF nær yfir stærra svæði, þ.e. allt svæðið frá Bröttubrekku í Hvalfjarðarbotn. Auk þess byggir skýrsla RRF á skoðanakönnun meðal brottfararfarþega og áætlun út frá þeim svörum sem eru heimfærð á hlutfall brottfararfarþega á sama tíma. Því má ætla að þættir eins og óskráðar gistinætur setji strik í tölur Hagstofunnar, og í því sambandi skoða áætlaðar óskráðar gistinætur á Vesturlandi, og velta því fyrir sér hversu hátt hlutfall af gistinóttum á Borgarfjarðarsvæðinu* er ekki skráð í gistináttagrunn Hagstofunnar.




Mynd 65: Skráðar gistinætur í hverjum mánuði í Borgarbyggð 2016-2017. Heimild: Hagstofa Íslands.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar hefur skráðum gistinóttum í Borgarbyggð fjölgað með sama hætti og gistinóttum á Vesturlandi sem heild, þar sem mesta hlutfallslega fjölgunin er á jaðartímum og lágönn og heldur hefur dregið úr skráðum gistinóttum á háönn síðastliðin tvö ár.

Samkvæmt opinberum lista um útgefin og gild gistileyfi, sem hægt er að nálgast inn á www.syslumenn.is voru 118 skráðar heimagistingar og útgefingistileyfi á svæði #2 í árslok 2017, aukþess sem þar voru skráð fimm tjaldsvæði.

Af þeim voru þrjátíu og eitt í Borgarnesi og eitt tjaldsvæði, en nútíu og eitt og fjögur tjaldsvæði í dreyfbýli Borgarfjarðarhéraðs. Það vekur athyggli hversu hátt hlutfall gistiþjónustu á þessu svæði er í dreifbýli og að þrátt fyrir að einföld gistiþjónusta, þ.e. tjaldsvæði, skráð heimagisting auk gistiflokka I og II sé 75% af skráðu gistiframboði, þá er 25% gistileyfa í flokki III og IV sem er hæðsta hlutfall gistiflokka með veitingaþjónustu á Vesturlandi.

- 4% Tjald-, smáhýsa- og ferðabílasvæði.
- 35% Gistiflokkur I: Heimagisting; sala á gistingu í íbúaðarhúsnæði eða sumarhúsi.
- 36%Gistiflokkur II: Gististaður án veitinga.
- 11%Gistiflokkur III: Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum.
- 14%Gistiflokkur IV: Gististaður með veitingaþjónustu og áfengisveitingum.

25% gistiþjónusta með veitingum

Ekki er hægt að nálgast opinberar tölur um stærð og tegund gististaða eða fjölda herbergja og rúma sem nýtt eru í gistiþjónustu, né heldur nýtingahlutfall gistiaðstöðu í einstaka sveitarfélögum á Vesturlandi.




Mynd 66 Nýtingahlutfall gistiherbergja á hótelum og gistihúsum í Borgarbyggð 2016 og 2017. Heimild: Hagstofa Íslands.

Þó er hægt að kaupa upplýsingar af Hagstofunni um nýtingarhlutfall gistirýma á hótelum og gistiheimilum í þeim sveitarfélögum þar sem skráning á gistinótum hefur borist frá fleirum en þremur aðilum í viðkomandi rekstri í sveitarfélaginuá afmörkuðum tíma. Því var hægt að nálgast tölur um nýtingu á herbergjum í hótelum og gistihúsum í Borgarbyggð árin 2016 og 2017. Þar má sjá að nýtingin hefur aukist verulega á jaðartímum og lágönn á milli ára að undanskildum desember, en það liggur ekki fyrir hvort boðið var upp á gistiþjónustu á viðkomandi stöðum á þeim tíma. Þá má sjá aðeins merkjanlegan samdrátt í nýtingu á háönn, júní, júlí og ágúst milli áranna 2016 og 2017, eins og einnig kemur fram í heildartölum um skráðar gistinætur á Vesturlandi.

Fjölbreytt flóra er af veitingasölu í Borgarfirði, þar eru margir og mismunandi veitingastaðir sem hægt er að velja úr, auk þess sem þar er sala með matvörur úr héraði og hægt að komast í ýmsa matarupplifun.




Mynd 67: Hlutfallsskipting veitingaleyfa milli flokka á svæðinu Sunnan Skarðsheiðar í september 2017. Heimild: Hagstofa Íslands.

Rannsóknarmiðstöð ferðamála stóð fyrir rannsókn og ferðavenjukönnun sem gerð var með spurningakönnun til erlendra ferðamanna í Borgarnesi sumarið 2017. Samkvæmt þeirri könnun dvöldu ferðamenn að meðaltali í um 11 klst. í Borgarnesi og um þriðjungur þeirra sem rætt var við gisti yfir nótt. Algengasti gistimátinn samkvæmt þeirri könnun var tjaldsvæði og gistiheimili. Tæpur þriðjungur ferðamanna tók ákvörðun um að heimsækja Borgarnes áður en þeir komu til Íslands, heldur fleiri ákváðu að heimsækja staðinn eftir að þeir komu til landsins og rúmur þriðjungur ferðmanna sagðist einungis hafa komið við í Borgarnesi á leið sinni annað. Um þriðjungur ferðamanna ætlaði að heimsækja söfn bæjarins og aðeins færri ætlaði að fara í sund. Alls sögðust 15% gesta ætla að smakka mat úr héraði og 13% ætluðu í gönguferð meðan á dvöl stóð. Almenn ánægja var meðal ferðamanna með dvölina í Borgarnesi. Niðurstöður þessarar könnunarinnar gefa vísbendingu um stöðu ákveðinna þátta ferðaþjónustu í Borgarnesi sumarið 2017, en þó ber að hafa það í huga að margir ferðamenn leggja oft leið sína í gegn um Borgarnes, vegna staðsetningar bæjarins í þjóðbraut þvera við hringveg nr. 1 og má því reikna með að það komi fram í þessari könnun.

Þjóðerni gesta sem sækja Borgarfjarðarsvæðið* heim fylgir ekki allveg hlutfallslega sömu skiptingi og gestakomur til Íslands. Samkvæmt skýrslu RRF er áætlað að flestir gestir sem sæki Borgarfjörð heim séu frá Norður-Ameríku og næst stærsti hópurinn sé frá Mið-Evrópu.

Heimamenn á Borgarfjarðarsvæðinu tóku virkan þátt í stefnumótunarvinnu Áfangastaðaáætlunar Vesturlands. Helstu áherslur varðandi framtíðarsýn sem komu fram á opnum fundum í Borgarfirði voru eftirfarandi:

- Ferðaþjónustan í Borgarfirði hefur sterka og jákvæða ímynd og svæðið er eftirsóttur kostur fyrir gesti. Við kynnum svæðið á ábyrgan hátt og stýrum aðgengi inn á áningarstaði sem eru tilbúnir til að taka á móti ferðamönnum.
- Heilsárs ferðaþjónusta sem skilar ávinningi til nærsamfélags, býður heimamönnum upp á fleiri atvinnumöguleika og ferðafólki sem og heimamönnum upp á fjölbreytta afþreyingu, góða þjónustu og aðstöðu á áningarstöðum. Unnið er eftir ferðamálastefnu fyrir svæðið sem stuðlar að góðu samtali milli íbúa og aðila í ferðaþjónustu.
- Uppbygging og viðhald ferðamannastaða á svæðinu er fjármagnað í auknum mæli af sveitarfélögum sem fá hlutdeild í tekjustofni ríkisins af ferðaþjónustunni, m.a. í gegnum komugjöld inn í þjóðgarðinn Ísland.
- Áætlun liggur fyrir varðandi innviðauppbyggingu eins og viðhald og þjónustu vega allt árið, merkingar við vegi, útskot, góða aðstöðu á áningarstöðum, netsamband, þriggja fasa rafmagn, fjölgun GPS staðsetningapunkta og bætt fjarskiptasamband.
- Við erum með umhverfis- og ferðamálastefnu sem stuðlar að því að gestir og heimamenn geta ferðast um svæðið með upplýstum huga og virðingu fyrir náttúru og umhverfi. Stuðlað er að að því að ferðaþjónustufyrirræki sýni samfélagslega ábyrgð í starfsemi sinni.
- Landvarsla er sterk og við fylgjum hugmyndafræði Saga Geopark og bjóðum upp á fræðslu og merkingar í þeim anda. Náttúruvernd er í hávegum höfð og við virðum þolmörk náttúru og samfélags.

Heimamenn á Borgarfjarðarsvæðinu vildu leggja áherslu á eftirfarandi aðgerðir fyrir sitt svæði:

- Skipulagt markaðsátak og notendastýring t.d. í gistingu og afþreyingu.
- Hvetji til jákvæðs hugarfars í atvinnugreininni með jákvæða ímynd. Hvetja til jákvæðs umtals og ímyndar – tala ferðaþjónustuna og svæðið upp og miðla góðum fréttum
- Styðja við nýsköpun í ferðaþjónustu og markaðssetningu.
- Vinna að því að tekjur af atvinnugreininni verði eftir á svæðinu og nýtist til uppbyggingar.
- Vinna að því að komugjöld verði sett á við komuna til landsins, Þjóðgarðurinn Ísland, og að fjármunir renni til sveitarfélaga. T.d. gæti komugjaldið gilt í 5 ár.
- Vinna að því að VSK umgjörðin verði einfölduð, flokkar betur skilgreindir og skatturinn lækkaður.
- Gera áætlun um bættar samgöngur og vetrarþjónustu vega í samvinnu við samfélagið og þarfir þess.
- Gera áætlun um bætta nettengingu og fjarskiptasamband, þriggja fasa rafmagn og fjölgun og leiðréttingu á GPS staðsetningum.
- Vinna í áætlun um uppbyggingu á svæðinu, forgangsröðun og úthluta ábyrgð á verkefnum.
- Vinna í því að grunngerðin verði efld t.d. öryggismál og heilbrigðismál.
- Fjölga landvörðum, skilgreina hlutverk þeirra vel og auka fjármagn til landvörslu.
- Gera áætlun um hvaða náttúruperlur á svæðinu eigi að byggja upp.
- Á Hvanneyri verður miðstöð með dýrasetur – klappdýraaðstaða og landbúnaður kynntur - innviðir og húsnæði á Hvanneyri eru til staðar.
- Vinna að bættu starfsumhverfi einkaaðila í ferðaþjónustu
- Krefjast þess að ferðamenn kaupi tryggingu svo þeir geti borgað fyrir það að láta bjarga sér. Sjálfboðaliðastarf björgunarsveitanna má ekki ofnota.
- Vinna þarf að því að styrkja björgunarsveitirnar.
- Grunnþjónusta gjaldi ekki fyrir fjölda ferðamanna eins og heilsugæsla og björgunarsveitir, sjálboðastarfið.
- Vinna að, eða dusta rykið af umhverfis- og ferðamálastefnu.

## Þróun og staða ferðamála á Snæfellsnesi



Svæði #3, Snæfellsnes, nær yfir sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi; Stykkishólmsbæ, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbæ, Snæfellsbæ og Eyja-og Miklaholtshrepp. Á Snæfellsnesi hefur verið mikil vinna farið fram í stefnumótun við gerð svæðisskipulags fyrir þessi fimm sveitarfélög sem var samþykkt 2014. Á grundvelli þessa svæðisskipulags ***Andi Snæfellsness – auðlind til sóknar*** var stofnaður Svæðisgarðurinn Snæfellsnes, sem er samstarfsvettvangur þessa svæðis til að vinna að þeim málefnum sem sett eru fram í framtíðarsýn og markmiðum svæðisskipulagsins. Fjöldi markmiða og aðgerða í svæðisskipulaginu snúast um ferðamál og ferðaþjónustu á Snæfellsnesi, enda er ferðaþjónusta öflug og vaxandi atvinnuvegur á Snæfellsnesi. Ferðaþjónusta er víða orðin rótgróin og vex hratt á öllu svæðinu, bæði veitinga- og gistiþjónusta auk fjölbreyttrar afþreyingar. Mikil aukning hefur einnig verið í dagferðum inn á svæðið og mörg skemmtiferðaskip koma við í höfnum Snæfellsness á hverju sumri. Á Snæfellsnesi er fjölbreytt náttúra, svo stundum er talað um á Snæfellsnes sé ***Ísland í hnotskurn*** því þar sé að finna allar gerðir íslenskrar náttúru, nema gjósandi hveri. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er stór segull á Snæfellsnesi. Innan þjóðgarðsins eru margar náttúruperlur og menningarminjar auk þess sem Snæfellsjökull sést víða að. Snæfellsjökull hefur lengi verið einkennistákn fyrir svæðið og jafnvel fyrir allt Vesturland. Starfsfólk þjóðgarðsins hefur umsjón ýmsum friðlöndum og náttúruvættum á Snæfellsnesi má þar nefna ströndina á Arnarstapa og Hellnum, friðlandið á Búðum, Gerðuberg o.fl. Fleiri staðir á Snæfellsnesi laða einnig að gesti, eyjar Breiðafjarðar og Stykkishólmur hafa lengi heillað fólk en þar er rótgrónasta ferðaþjónustan á svæðinu enda margt að sjá og upplifa. Grundarfjörður og Kirkjufellið hafa notið mikilla vinsælda síðastliðin ár og margir koma um langan veg til að sjá fjallið og taka myndir. Auk þess hafa sveitarfélögin byggt upp áningastaði og aðgengi að náttúruperlum t.d. við Bjarnarfoss og Svöðufoss í Snæfellsbæ. Talsverð afþreying er í boði á Snæfellsnesi, hægt er að komast í ýmiskonar siglingar, hellaskoðun, jöklaferðir, hestaferðir, golf og veiði, sundlaugar, ölkeldulaugar, náttúrulaugar og söguleiðsögn. Heimsóknir í söfn og setur, leikhús með frumsömdu efni sem tengist svæðinu er einnig í boði á svæðinu. Unnið hefur verið að uppbyggingu áningastaða og útvistarstíga, bæði innan þjóðgarðs og víðar um Snæfellsnes. Gestastofa er í þjóðgarðinum og Gestastofa fyrir Snæfellsnes í uppbyggingu á Breiðabliki.

**STYRKLEIKAR**

Fjölbreytt náttúra, menning og saga
Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull + gestastofa
Samstarf á Snæfellnesi
Svæðisgarðurinn Snæfellsnes + gestastofa
Umhverfisvottun Snæfellsness
Öflug og vaxandi ferðaþjónusta

**VEIKLEIKAR**

Vantar aukna landvörslu og upplýsingagjöf
Opnunartími þjónustu
Merkingar og vegvísar
Innviðir s.s. almenningssalerni
Samvinna um móttöku gesta skemmtiferðaskipa
Samtal og gagnkvæmur skilningur
þjónustuaðila og ferðaskipuleggjenda



**SVÓT**
Svæði 3

**ÓGNANIR Í YTRA UMHVERFI**

Vegþjónusta, umferð, öryggi og almenningssamgöngur
Svefnbílar um allt og vanbúnir bílaleigubílar
Aukning í dagferðum og gestum sem engu skila
Aðkomuleiðir-Skógarstrandarvegur
og þegar Baldur siglir ekki
Umgjörð, utanumhald og eftirlit með ferðaþjónustufyrirtækjum
Skortur á starfsfólki og íbúðarhúsnæði

**TÆKIFÆRI**

Uppbygging fyrir rafbíla- vistvænar
samgöngur á Snæfellsnesi
Margir frumkvöðlar, fjölbreytt afþreying
og sérhæfing í mat
Sögulandið Vesturland, sagnaseiður og fleiri verkefni
Heilsutengd ferðaþjónusta, vottað vatn, ölkelduvatn.
Sjóböð og náttúrulaugar.

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF[52] er áætlað að 102 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Snæfellsnes árið 2010, árið 2013 hafi ferðamenn þar verið um 163 þúsund, árið 2015 hafi þeir verið 348 þúsund, en verið ornir 472 þúsund árið 2016 og komnir í 589 þúsund árið 2017. Kannanir RRF sýna einnig að ferðamannatíminn á Snæfellsnesi hefur lengst mikið á síðustu árum. Nú koma ferðamenn einnig mikið á Snæfellsnes vor og haust og í vaxandi mæli yfir dimmustu vetrarmánuðina.

Sömu niðurstöður má lesa úr talningum frá stofnun rannsóknarsetra Háskóla Íslands, en þau hafa talið gesti á Djúpalónssandi í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli frá árinu 2014. Í þeim talningum kemur glöggt fram fjölgun gesta á svæði #3, en þessar talningar sýna að aukningin í gestakomum milli ára er um 54% frá 2014 til 2015, og 43% frá 2015 til 2016. Ætla má að þessir gestir sem koma á Djúpalónssand keyri um Snæfellsnes, þar sem Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er ysti partur Snæfellsness. Þjóðvegur 574 liggur í gegn um þjóðgarðinn og samkvæmt heimildum frá Jóni Björnssyni þjóðgarðsverði sýna talningar að um 55% gesta koma inn í þjóðgarðinn á sunnanverðu nesinu, en 45% á norðanverðu. Lang flestir

52 Rögnvaldur Guðmundsson, *Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017.*

keyra í gegn um þjóðgarðinn og fara þá út úr honum gagnstætt því sem þeir komu inn og keyra því væntanlega hring um Snæfellsnes. Því má ætla að þeir gestir sem heimsækja þjóðgarðinn Snæfellsjökul ferðist einnig um fleiri svæði á Snæfellsnesi.

Í skýrslu RRF er áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra dag- og dvalargesta á Snæfellsnesi 2017. Þar sést að skiptingin liggur nærri helming á háönn en á jaðartímum og lágönn eru mun fleiri dagferðalangar en dvalargestir. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni má sjá hvernig skráðum gistinóttum á Snæfellsnesi hefur fjölgað ár frá ári og mikil aukning er á lágönn og jaðartímum. Fjöldi skráða gistinótta í júlí 2010 vekur athyggli og við nánari athugun kemur í ljós að þar er áberandi há skráning í gistinóttum Íslendinga, sem eru rúmlega 23.000, samanborið við 11.000 gistinætur Íslendinga í júlí 2017 og er það óútskýrt.




Samkvæmt opinberum lista um útgefin og gild gistileyfi, sem hægt er að nálgast inn á www.syslumenn.is voru skráð 129 gistileyfi og tíu tjaldsvæði á Snæfellsnesi í árslok 2017. Af þeim voru níutíu og fimm auk sex tjaldsvæða í þéttbýliskjörnunum á norðanverðu Snæfellsnesi, en þrjátíu og sex auk fjögurra tjaldsvæða í sveitunum. Einföld gistiþjónusta, þ.e. tjaldsvæði, skráð heimagisting auk gistiflokka I og II á Snæfellsnesi 84% af skráðu gistiframboði, en 16% gistileyfa í flokki III og IV sem eru gistiflokka með veitingaþjónustu.




Mynd 70: Skráðar gistinætur í hverjum mánuði á Snæfellsnesi 2010-2017. Heimild: Hagstofa Íslands.

- 7% Tjald-, smáhýsa- og ferðabílasvæði.
- 25% Gistiflokkur I: Heimagisting; sala á gistingu í íbúaðarhúsnæði eða sumarhúsi.
- 52% Gistiflokkur II: Gististaður án veitinga.
- 4% Gistiflokkur III: Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum.
- 12% Gistiflokkur IV: Gististaður með veitingaþjónustu og áfengisveitingum.

84% gistiþjónusta án veitinga

Nokkur munur er hvað varðar fjölda og samsetningu gistileyfa á milli póstnúmerasvæða á Snæfellsnesi. Lang flest gistileyfi eru skráð í póstnúmeri 340 Stykkishólmur, þ.e. en næst flest gistileyfi eru í sveitunum á Snæfellsnesi í póstnúmerum 311 sem er í fyrrverandi Kolbeinsstaðahrepp, Eyja- og Miklaholtshreppi og póstnúmeri 356 sem er dreifbýli Snæfellsbæjar. Á Snæfellsnesi eru skráð leyfi fyrir 10 tjaldstæðum sem dreyfast nokkuð jafnt um nesið. Hlutfall heimagistingar er lang mest í Stykkishólmiog í Ólafsvík. Því má gera ráð fyrir að breyting að lögum um gistileyfi fyrir heimagistingu og tilkoma 90 daga reglunnar varðandi skráða heimagistingu hafi merkjanleg áhrif á gistiþjónustu á þessum stöðum, en á öðrum svæðum ættu þessar breytingar ekki að skipta miklu máli. Þó svo að 84% útgefinna gistileyfa, ef tjaldstæðin eru talin með, séu fyrir einfalda gistiaðstöðu með lítilli þjónustu án veitinga, þá segir það samt ekki alla söguna varðandi fjölda gistirýma í hverjum flokki, en ekki er hægt að fá opinberar upplýsingar um fjölda gistirýma í hverjum gistiflokki.




Mynd 71: Nýtingahlutfall gistiherbergja á hótelum og gistihúsum í Snæfellsbæ 2016 og 2017. Heimild: Hagstofa Íslands




Mynd 72: Nýtingahlutfall gistiherbergja á hótelum og gistihúsum í Sntykkishólmi 2016 og 2017. Heimild: Hagstofa Íslands

Hvað varðar nýtingahlutfall gistirýma á Snæfellsnesi, þá eru hvergi birtar opinberar tölur um það, en hægt er að kaupa upplýsingar af Hagstofunni varðandi nýtingu gistiherbergja í hótelum og gistihúsum þar sem fleiri en þrír aðilar hafa siklað inn skráningum á gistinóttum í viðkomandi sveitarfélagi á umræddu tímabili. Því getum við skoðað nýtingahlutfall á herbergjum á hótelum og gistiheimilum í Stykkishólmi frá maí 2016 og allt árið 2017, einnig í Snæfellsbæ árin 2016 og 2017.  Samkvæmt þeim tölum sem Hagstofan hefur úr að spila, þá hefur nýtingahlutfall gistiherbergja á hótelum og gistihúsum dregist nokkuð saman á þessum svæðum milli áranna 2016 og 2017. Þetta er áhugavert í því ljósi að á sama tíma er mikil aukning í komum ferðamanna á Snæfellsnes, eins og sést t.d. á umferðatölum ogtalningum gesta á Djúpalónssandi. En það vantar líka að hægt sé að bera saman heildarfjölda gistirýma sem eru í boði á viðkomandi svæði á umræddu tímabili.

**Þó má benda á að þrátt fyrir sýnilegan samdrátt varðandi nýtingu gistirýmis sem sjá má í umræddum gögnum, þá er nýtingahlutfallið á háönn alveg viðunandi, enda var það um og yfir 90% á háönn 2016. Einnig má velta því fyrir sér hvort það er viðunandi að ekki sé hægt að fá uppgefnar tölur varðandi fjölda gistinátta og nýtingahlutfall gistiþjónustu í sveitarfélögum á Snæfellnesi þar sem lágmarksviðmið Hagstofu eru að gefa ekki upp tölur fyrir sveitarfélög þar sem færri en þrír skila gistináttaskýrslu, en það er skylda allra sem selja gistiþjónustu að skrá og skila inn gistináttaskýrslum.**

Undanfarin ár hefur verið aukning í framboði og fjölbreytni á veitingaþjónustu á Snæfellsnesi. Samkvæmt opinberum lista sýslumannsembættanna[53] voru 48 útgefin veitingaleyfi á Snæfellsnesi í árslok 2017.  Eins og með gistileyfin þá er nokkur mismunur á milli svæða á Snæfellsnesi bæði hvað varðar fjölda leyfa og veitingaflokka, en langflest veitingaleyfi eru í Stykkishólmi. Mikið hefur bæst við af veitingaaðilum á Snæfellsnesi undanfarin misseri.

Rannsóknamiðstöð ferðamála  hefur í samstarfi við fleiri aðila gert ferðavenjukannanir meðal erlendra gesta á völdum áfangastöðum. Þar er spurt um ferðahegðun og neysluvenjur erlendra gesta á völdum svæðum yfir sumartíman. Leitað er eftir upplýsingum sem gefa vísbendingar um ástæðu heimsóknar, dvalarlengd gesta, upplifun þeirra og svæðisbundin

53 http://www.syslumenn.is

útgjöld. Slík ferðavenukönnun var gerð meðal erlendra gesta í Stykkishólmi sumarið 2016. Niðurstöður þessarar könnunar sýndu m.a. að ferðamenn ákveða að heimsækja Stykkishólm vegna fegurðar staðarins, eftir ábendingu frá öðrum og um helmingur gesta hafði ákveðið heimsóknina áður en ferðin til Íslands hófst. Gestir velja einna helst að fara í göngu, taka myndir og kaupa veitingar. Flestir viðmælendur stoppuðu innan við þrjá tíma, en meðaldvalartími gesta var um 12 klukkustundir, og hlutfall næturgesta jókst með hækkandi aldri. Flestir sem gistu voru á tjaldstæðinu, á hóteli eða gistiheimili. Samsetning þjóðerna gesta í Stykkishólmi var nokkuð frábrugðin hlutfallskiptingu gesta á landsvísu, þar sem þjóðverjar og Frakkar voru mun hærra hlutfall gesta en Bandaríkjamenn mun færri í Stykkishólmi. Flestir ferðuðust á eigin vegum, tæp 80% voru á bílaleigubíl en 5-6% í hverjum hóp sem voru í hópferð, nýttu almenningssamgöngur, voru á eigin bíl eða annan ferðamáta. Almennt voru gesti mjög ánægðir með heimsókn sína í Stykkishólm. Þessi könnun gefur ýmsar vísbendingar sem vert er að skoða við þróun ferðaþjónustu, kynningu og markaðsstarf fyrir áfangastaðinn Snæfellsnes.

Þeir gestir sem sækja Snæfellsnes heim koma flestir frá Norður-Ameríku auk Mið – og Suður Evrópu, samkvæmt því sem áætlað er og kemur fram í skýrslu RRF.

### Heimamenn á Snæfellsnesi tóku virkan þátt í stefnumótunarvinnu Áfangastaðaáætlunar Vesturlands. Helstu áherslur varðandi framtíðarsýn sem komu fram á opnum fundum á 3 svæði voru eftirfarandi:

- Ferðaþjónustan byggir á staðaranda Snæfellsness sem einkennist af fjölbreytileika og andstæðum í landslagi og byggð með sterkum tengslum við sjóinn og söguna, allt frá landnámi. Ferðamál á svæðinu taka mið af svæðisskipulagi Snæfellsness.
- Heilsárs ferðaþjónusta skilar ávinningi til nærsamfélags, býður heimamönnum upp á fleiri atvinnumöguleika og ferðafólki sem og heimamönnum upp á fjölbreytta afþreyingu, góða þjónustu og aðstöðu á áningarstöðum. Unnið er eftir ferðamálastefnu fyrir svæðið sem stuðlar að góðu samtali milli íbúa og aðila í ferðaþjónustu.
- Ferðaþjónusta á Snæfellsnesi einkennist af fagmennsku og umhverfisvitund. Þar með telst upplýsingagjöf til ferðamanna og íbúa sem byggir á rannsóknum og greindum gögnum.
- Áætlun liggur fyrir varðandi innviðauppbyggingu auk viðhalds og þjónustu vega allt árið, merkingar við vegi og fjölgun GPS staðsetningapunkta, útskot og góða aðstöðu á áningarstöðum.
- Við erum með umhverfis- og ferðamálastefnu sem stuðlar að því að gestir og heimamenn geta ferðast upplýstir um svæðið og með virðingu fyrir náttúru og umhverfi. Stuðlað er að sjálfbærri ferðaþjónustu þar sem horft er til kolefnisjöfnunar, ábyrgrar nýtingar náttúruauðlinda til langs tíma og stýringar á aðgengi ferðamanna semn eykur jákvæða upplifun allra.

### Heimamenn á Snæfellsnesi vildu leggja áherslu á eftirfarandi aðgerðir fyrir sitt svæði:

- Búa til vettvang til samvinnu- virkja það sem er nú þegar til staðar.
- Búa til vettvang ( ferðamálastefna ) svo íbúar og ferðaþjónusta geti talað saman, fræðst.
- Efla samtal milli opinberra aðila og ferðaþjónustunnar til að tryggja sameiginlegan skilning á tilgangi ferðaþjónustunnar.
- Skoða erlend dæmi til að fá hugmyndir fyrir uppbyggingu
- Rannsóknir og spár um fjölda ferðamanna og gera áætlanir um innviðauppbyggingu út frá fjölda ferðamanna.
- Setja skýrar umgengnisreglur bæði innan þéttbýlis og utan
- Kynna siði og hefðir sem gestir ættu að virða
- Nýta svæðisskipulagið betur í aðgerðaráætlanir fyrir ferðamál

Heimamenn lögðu ríka áherslu á að sú vinna sem farið hefur fram á svæðinu um markmið og aðgerðir svæðisskipulags yrði höfð að leiðarljósi. Hér eru því tiltekin nokkur markmið og leiðir að markmiðum sem koma úr svæðisskipulagi Snæfellsness[54] og falla vel að framtíðarsýn ÁSÁ:

54 Svæðisskipulag Snæfellsness *Andi Snæfellsness -auðlind til sóknar..*

Markmið U23 **Ávinningur samfélagsins af ferðalögum um svæðið dreifist sem víðast og komi sé í veg fyrir ofálag á einstaka staði.** Leiðir að markmiði:

U23.1 Stuðla að dreifingu ferðamanna sem víðast með því að skipuleggj aog kynna ferðaleiðir ( göngu-, reið- og hjólaleiðir) og móta áfangastði um allt svæðið.

U23.2 Gera úttekt á ástandi helstu ferðamannastaða og vinna síðan áætlun um lagfæringar þar sem úrbóta er þörf.

U23.3 Gera reglubundnar kannanir meðal ferðamanna um hvaða staðir eru heimsóttir, m.a. til að fylgjast með álagi á einstaka staði svo að hægt sé að bregðast við í tíma.

U23.4 Nýta umhverfismat við aðal- og deiliskipulagsgerð til að koma í veg fyrir álag á viðkvæm svæði og neikvæð áhrif.




Mynd 73: Útgefin gistileyfi á Snæfellsnesi eftir póstnúmerum desember 2017. Heimild: Hagstofa Íslands

U23.5 Hafa gott samráð við íbúa um stefnumótun og skipulag og nýta aðal- og deiliskipulagsferðlið til að samræma landnotkun og starfsemi og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra.

Markmið A23 **Þróun í ferðaþjónustu grundvallist á að nýta og styrkja staðaranda Snæfellsness, en hann einkennist af fjölbreytileika og andstæðum í landslagi og byggð og sterkum tengslum við sjóinn og söguna allt frá landnámi.** Leiðir að markmiði:

A23.1 Stuðla að þróun ferða, áfangastaða, leiðsagnar, gistingar, veitingastaða, veitinga og minjagriða sem endurspegla staðaranda Snæfellsness.

Markmið A24 **Ferðaþjónusta á Snæfellsnesi einkennist af fagmennsku og umhverfisvitund** Leiðir að markmiði:

A24.1 Vinna að vottun ferðaþjónustufyrirtækja eftir viðurkenndum gæða- og umhverfiskerfum.

Markmið A25 **Heilsárssförfum í ferðaþjónustu fjölgi** Leiðir að markmiði:

A25.1 Hvetja til samvinnu ferðaþjónustuaðila á svæðinu í samstarfi við Markaðsskrifstofu Vesturlands um að skilgreina „vetrarpakka“ sem markaðssetur verði með markvissum hætti.

A25.2 Skilgreina frekar grunngerð ferðaþjónustu á svæðinu og móta tillögur sem miðl aða því að tryggja lágmarksþjónustu utan háannatíma.

A25.3 Stuðla að markaðssetningu á stuttum ferðalögum á öllum árstímum og nýta þannig nálægð við höfuðborgarsvæðið og heppilega stærð svæðisins.

A25.4 Stuðla að samvinnu við ferðaþjónustufyrirtæki utan og innan svæðisins um að setja saman 1-5 daga ferði sem bjóða upp á sem fjölbreyttasta upplifun.

Markmið Þ29 **Þekking ferðaþjónustuaðila á umvherfistúlkun og sögutúlkun aukist, sem leið til að vinna meira með staðaranda svæðisins.** Leiðir að markmiði:

Þ29.1 Standa fyrir námskeiðum um umhverfis- og sögutúlkun með hliðsjón af VERKFÆRAKISTU SNÆFELLINGA.

Þ29.2 Stuðla að góðri þekkingu ferðaskrifstofa og annarra sem skipuleggja ferðir á Snæfellsnesi, á staðarandi svæðisins og stefnu Snæfellinga í þessu svæðisskipulagi.

Þ29.3 Dreifa upplýsingum skipulega til innlendra og erlendra ferðaskrifstofa, ferðaþjónustuaðila og leiðsögumanna.

Markmið Þ30 **Umhverfis- og gæðastarf sé innleitt með markvissum hætti**. Leiðir að markmiði:

Þ30.1 Halda námskeið um innleiðingu gæða og umhverfiskerfis.

Þ30.2 Halda á lofti mögulegri viðurkenningu sem EDEN- gæðaáfangastaður Evrópu, sem Ferðamálastofa heldur utan um, en Stykkishólmur var útnefndur sem slíkur staður 2011.

Þ30.3 Veita árlega umhverfisverðlaun.

Markmið Þ31 **Rannsóknir á sviði ferðamála á Snæfellsnesi eflist og niðurstöður þeirra nýtist.** Leiðir að markmiði:

Þ31.1 Taka saman lista yfir gagnleg rannsóknarefni og hvetja háskólanemendur, fræðasetur og rannsóknarstofnanir til að nýta sér slitann, ásmat þv´að hvetja til samvinnu milli aðila.

Þ31.2 Miðla niðurstöðum rannsókna til ferðaþjónustugeirans með markvissum hætti.

Markmið Þ32 **Upplýsingar um ferðamöguleika á svæðinu séu sem aðgengilegastar fyrir innlenda og erlenda ferðamenn.** Leiðir að markmiði:

Þ32.1 Hagnýta fjölbreytta tækni við upplýsingagjöf í gegnum Snæfellsvefinn (sameiginlegan vef sveitarfélaganna og atvinnulífsins) þ.m.t. snjallforrit.

Markmið U24 **Uppbygging ferðaleiða og áfangastaða sé markviss út frá lykilþemum í ferðamennsku sem skilgreind eru í þessari áætlun, á grunni greiningar á svæðinu, samráðs við vinnuhópa og samhengi við þemu sem þegar er vísir að, ýmist á Vesturlandi sem heild eða á Snæfellsnesi sérstaklega.** Leiðir að markmiði:

U24.1 Skilgreina ferðaleiðir, í samvinnu við landeigendur, ferðafélög og aðra hagsmunaaðila, fyrir mismunandi fararmáta (gangandi, hjólandi, ríðandi, akandi, siglandi) fyrir hvert lykilþema (sjá þemu undir markmið A27) og festa í aðal- og deiliskipulagi og/eða kynna á SNÆFELLSNESVEFNUM, eftir því sem við á út frá eðli og umfangi leiðar og hvort um stíg eða veg er að ræða eða einungis merkta leið. Móta stefnuna á grunni heildarúttektar á ferðaleiðum (göngu-, hjóla- og reiðleiðum) sem birtar hafa verið á hinum ýmsum kortum og vefsíðum. Ákveða hvaða leiðir eða hlutar leiða kalla á stígagerð eða aðrar framkvæmdir.

U24.2 Skilgreina legu hjólastígs umhverfis Snæfellsnes, festa hann í aðalskipulagi hvers sveitarfélags og gera áætlun um gerð hans og kynningu. Sjá í samhengi við stefnu um GRUNNGERÐ – Stíga.

U24.3 Skilgreina gönguleið umhverfis Snæfellsnes með áningarstöðum og merktum leiðum niður að sjó á völdum stöðum. Þannig sé unnt að ganga allan hringinn í nokkrum áföngum. Festa leiðina í aðalskipulagi hvers sveitarfélags og gera áætlun um að gera hana greiðfæra, stika og kynna. Sjá í samhengi við stefnu um GRUNNGERÐ – Stíga.

U24.4 Skilgreina reiðleið umhverfis Snæfellsnes í aðalskipulagi í samvinnu við hagsmunaaðila og kynna hana eftir því sem við á.

U24.5 Setja reglur um umferð hjólreiðamanna um reiðleiðir. U24.6 Endurhlaða og lagfæra vörður í samvinnu við minjavörð.

Markmið A27 **Framboð á ferðum, gistingu, afþreyingu og dægradvöl aukist á fjölbreyttum sviðum ferðamennsku, en lögð sé áhersla á lykilþemu sem skilgreind eru í þessari áætlun.** Leiðir að markmiðum:

A27.1 Leggja megináherslu á að þróa vörur og þjónustu út frá eftirfarandi þemum sem lýst er á næstu blaðsíðum og flétta inn í hvert þeirra möguleika á ferðum á mismunandi fararskjótum (tveimur jafnfljótum, hjólastól, reiðhjóli, mótorhjóli, hesti, bát, einkabifreið, almenningsvagni eða hópferðabíl) en hvetja til umhverfisvænna samgöngumáta. Einnig flétta inn í þemun áhugaverða áningarstaði og fjölbreytta möguleika til að njóta matar af svæðinu og upplifa matarmenningu þess. Þemun byggja á greiningu á auði og staðaranda Snæfellsness, sbr. kafla um GRUNN áætlunarinnar. Sjá einnig í samhengi við markmið um uppbyggingu ferðaleiða og áfangastaða að framan.

Markmið U25 **Vegir, stígar og nettengingar svæðisins þróist í samræmi við þarfir íbúa og fjölgun ferðamanna.** Leiðir að markmiði:

U25.1 Bæta vegakerfið og stígakerfið. Sjá markmið og leiðir í kafla um GRUNNGERÐ og markmið um ferðaleiðir, hér í þessum kafla um FERÐALAG.

Markmið U26 **Ein aðalupplýsingamiðstöð sé við lykilinngang inn á svæðið, en minni stöðvar á þéttbýlisstöðunum.** Leiðir að markmiði:

U26.1 Koma upp sameiginlegri upplýsingamiðstöð (gestastofu) sveitarfélaganna á hentugum stað þar sem flestir sem ferðast um Snæfellsnesið eiga leið um.

U26.2 Auka samstarf milli upplýsingamiðstöðva sveitarfélaganna.

Markmið U27: **Hreinlætisaðstaða sé fullnægjandi.** Leiðir að markmiði:

U27.1 Greina hvar vantar hreinlætisaðstöðu í grennd við ferðamannastaði og vinna að því að leysa það mál.

Markmið U28 **Góð aðstaða fyrir tjöld, fellihýsi, húsbíla og sambærilega gistimáta sé í boði á lykilstöðum á sunnan- og norðanverðu Snæfellsnesi og í austur- og vesturenda þess.** Leiðir að markmiði:

U28.1 Gera úttekt á þeim svæðum sem fyrir eru og athuga hvernig hægt sé að efla þau og styrkja og hvar mætti staðsetja ný. Festa staðina í aðalskipulagi hvers sveitarfélags.

Markmið A28 **Samstarf ferðaþjónustuaðila innan Snæfellsness og á Vesturlandi í heild styrkist, svo og samvinna þeirra við sveitarfélögin.** Leiðir að markmiði:

A28.1 Auka samstarf í samvinnu við Markaðsstofu Vesturlands.

Markmið Þ33 **SNÆFELLSNESVEFURINN (www. snaefellsnes.is) þróist sem aðalupplýsingaveita um það að búa, starfa og ferðast á Snæfellsnesi.** Leiðir að markmiði:

Þ33.1 Hafa aðgengilegar samræmdar upplýsingar um allt það helsta sem er í boði fyrir íbúa og ferðamenn á SNÆFELLSNESVEFNUM.

Markmið Þ34 **Fræðsla, þjálfun og leiðbeiningar fyrir ferðaþjónustuaðila og þá sem hafa áhuga á að fara út í ferðaþjónustu eflist.** Leiðir að markmiði:

Þ34.1 Koma upp leiðsögumannanámi eða námskeiðum í Fjölbrautaskóla Snæfellinga, í samstarfi við fag- og hagsmunaaðila. Sníða þau mögulega að mismunandi ferðamátum (göngu-, hjóla-, hesta- og bílferðum).

Þ34.2 Styrkja greinar í FSN sem nýtast ferðaþjónustu og hvetja til nýsköpunar í henni.

Þ34.3 Hafa góðan aðgang að ráðgjöf á sviði ferðaþjónustu í samstarfi við Markaðsstofu Vesturlands.

Markmið Þ35 **Tengsl heimamanna við ferðamennsku og ferðaþjónustugeirann styrkist.** Leiðir að markmiði:

Þ35.1 Hvetja til verkefnis þar sem ferðamönnum gefst kostur á að hitta heimamenn og verja tíma með þeim. Í því skyni mætti t.d. stofna sjálfboðaliðahóp, VINI SNÆFELLSNESS, eða stofna fyrirtæki sem ferðamenn geta haft samband við til að óska eftir tómstundafélögum, s.s. til að fara í gönguferð, hjólatúr, skoða safn eða fara út að borða eina kvöldstund.

Þ35.2 Stofna sjálfboðaliðahóp, VINI SNÆFELLSNESS, þar sem fólk getur gefið kost á sér til að sinna ýmsum verkefnum í þágu ferðamennsku á Snæfellsnesi. Hugsunin er að virkja t.d. félaga í félögum til að vinna skipulega að tilteknum verkefnum sem samræmast stefnu svæðisskipulags.

## Þróun og staða ferðamanna í Dalabyggð



Svæði #4 nær yfir Dalabyggð, sem er nyrsta, strjálbýlasta og fámennasta svæðið á Vesturlandi. Dalirnir eru rótgróið landbúnaðarhérað þar sem ásýndin er íslensk sveit. Þar er fjölbreytt náttúra, mikil víðerni, fjöll, dalir og heiðar, auk þess sem ströndin, skerin og eyjarnar í Breiðafirðinum eru einstök náttúrufyrirbrigði, enda er Breiðafjörðurinn friðaður með sérstækum lögum. Þarna eru og góð útivistarsvæði, veiði í ám og vötnum og margt sem heillar. Áhugi er að byggja upp áningastaði og aðgengi að náttúruperlum s.s. í Klofningi, og byggt hefur verið upp gott tjaldsvæði í Búðardal sem er opið allt árið. Vöxtur hefur verið í ferðaþjónustu í Dölunum eins og annarsstaðar.. Í Dölunum eru miklar söguslóðir s hafa Dalamenn lagt áherslu á að byggja upp ferðaþjónustu á þeim menningararfi, má þar nefna Eiríksstaði og Leifsbúð þar sem nú er verið að byggja upp metnaðarfulla sýningu og setur sem byggir á sögu Vínlandsferða og vegleg uppbygging er í Ólafsdal. Auk þess er mikil matvælaframleiðsa í Dalabyggð og vilji er til að nýta betur matvæli úr heimahéraði til að styrkja bæði ferðaþjónustu og landbúnað á svæðinu. Ferðaþjónusta er mjög mikilvæg fyrir þetta svæði þar sem Dalabyggð er mikið sauðfjárræktarsvæði og heldur hefur hallað á þá atvinnugrein síðastliðin ár, en þessar greinar geta stutt vel hvor við aðra..

### STYRKLEIKAR

Sagan, matur, menning og náttúra
Metnaðarfull uppbygging- Leifsbúð, Eiríksstaðir, Ólafsdalur, Erpsstaðir ofl.
Ferðamálafulltrúi og samstarf ferðaþjónustuaðila
Tjaldstæðið í Búðardal opið allt árið
Matvælaframleiðsla og handverk - sala beint frá býli
Verkefni og uppbygging söguferðaþjónustu

### VEIKLEIKAR

Vantar meiri afþreyingu og skipulagða leiðsögn
Ferðaskrifstofur koma ekki að vetri vegna ótryggrar vetrarþjónustu vega
Vantar fleiri heilsársfyrirtæki í ferðaþjónustu og lengri opnunartíma þjónustufyrirtækja
Merkingar og vegvísar - réttar upplýsingar á kortum, vefkortum og upplýsingabæklingum
Markaðssetning og kynning á því sem er í boði
Lítil fyrirtæki - óstöðugur og viðkvæmur rekstur




### ÓGNANIR Í YTRA UMHVERFI

Vegakerfið og vegþjónusta - malarvegir, vetrarþjónusta, einbreiðar brýr og skortur á útskotum
Skortur á innviðum - rafmagn, fjarskipti ofl.
Skortur á stefnu um gjaldtöku og fjármagni til uppbyggingar áningastaða og innviða
Skortur á regluverki fyrir varðandi ferðaþjónustu
Skortur á upplýsingagjöf, fræðslu og leiðsögn til ferðafólks og ferðaskipuleggjanda

### TÆKIFÆRI

Aukið samstarf - vöruþróun og kynning
Kynning á sérstöðu svæðisins - sveit, matur,saga, náttúra - við erum „sveitó"
Hæglætisferðaþjónusta - byggt á sérstöðu svæðisins
Sundlaug, aukin afþreying og þjónusta í Búðardal
Betri vegtengingar og samstarf við nágrannasvæði um ferðapakka
Uppbygging áningastaða og útivistaraðstöðu




Mynd 74: Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna í Dölunum eftir mánuðum 2010, 2013, 2015, 2016 og 2017. Heimild: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar; Rögnvaldur Guðmundsson.

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF[55] er áætlað að 57 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Dalasýslu árið 2010, árið 2013 hafi ferðmenn þar verið um 86 þúsund, ferðamenn í Dölum hafi verið um 177 þúsund árið 2015, þeir hafi verið orðnir um 215 þúsund árið 2016 og ferðamenn í Dalabyggð hafi verið 280 þúsund árið 2017. Þessar niðurstöður sýna að ferðamannatíminn í Dalasýslu hefur lengst töluvert á síðustu árum, einkum árin 2015 og 2016. Þannig fer nú mjög vaxandi fjöldi ferðamanna þar um jaðar- mánuðina maí, september og október og eitthvað alla mánuði ársins. Þó sýna niðurstöðurnar stöðnun í fjölda gesta á síðasta ársfjórðungi 2017 miðað við árið á undan enda hægði þá verulega á fjölgun ferðamanna til Íslands, auk þess sem veðurfar var rysjótt undir lok ársins.

55 Rögnvaldur Guðmundsson, Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017.

Í skýrslu RRF er áætlað hlutfall daggesta og dvalargesta í Dalabyggð. Þar kemur fram að hátt hlutfall ferðamanna sem koma í Dalina keyra þar í gegn. Áætlað er að dvalargestir stoppi í Dölunum í 1,15 nætur að meðaltali.

Samkvæmt opinberum lista um útgefin gistileyfi, sem hægt er að nálgast inn á www.syslumenn.is voru skráð þrjátíu og fimm gistileyfi og þrjú tjaldsvæði á Snæfellsnesi í árslok 2017.

Af þeim voru 80% og 2/3 tjaldsvæða í dreifbýlinu en 20% og eitt tjaldsvæði í Búðardal. Einföld gistiþjónusta, þ.e. tjaldsvæði, skráð heimagisting auk gistiflokka I og II er 82% af skráðu gistiframboði í Dalabyggð, en 18% gistileyfa í flokki III og IV sem eru gistiflokka með veitingaþjónustu, sem er næsthæsta hlutfall gistiframboðs í þeim flokkum á Vesturlandi.

- 8% Tjald-, smáhýsa- og ferðabílasvæði.
- 24% Gistiflokkur I: Heimagisting; sala á gistingu í íbúaðarhúsnæði eða sumarhúsi.
- 50% Gistiflokkur II: Gististaður án veitinga.
- 10% Gistiflokkur III: Gististaður með veitingum en þó ekki áfengisveitingum.
- 8% Gistiflokkur IV: Gististaður með veitingaþjónustu og áfengisveitingum.

82% gistiþjónusta án veitinga

Ekki var hægt að fá gögn frá Hagstofunni um skráðar gistinætur í póstnúmerum 370, 371 nema að bæta við svæðum í öðrum póstnúmerum og var þá valið að bæta við póstnúmerum 380 Reykhólahreppur og 510 Hólmavík, þar sem það var talið geta endurspeiglað samskonar markaðssvæði. Þar sést að frá árinu 2013 hefur verið góður stígandi í skráðum gistinóttum á þessu svæði, þó heldur dregið úr skráðum gistinóttum 2016 eins og annarsstaðar á Vesturlandi. Það vekur þó athyggli að enn er megin gistináttaskráningin á þessu svæði á háönn þó gisting hafi greinilega aukist á jaðartímum þá er hásumarið greinilega enn áberandi mesti ferðamannatími dvalargesta í Dölunum.




Mynd 76: Skráðar gistinætur í hverjum mánuði í Dölunum 2011-2016. Heimild: Hagstofa Íslands.

Matvælaframleiðsla er mikilvægur þáttur í atvinnulífi í Dalabyggð, auk þess sem þar er náttúran rík af hlunnindum sem geta nýst til matvælaframleiðslu og til að ýta undir sérstöðu svæðisins. Vilji er til að efla heimavinnslu og sölu beint frá býli. Samkvæmt upplýsingum af www.syslumenn.is voru fimmtán veitingaleyfi í Dalabyggð haustið 2017 og er það eins og með gistileyfin að það eru mun fleiri leyfi í dreifbýlinu heldur en í Búðardal.




Mynd 77: Útgefin gistileyfi í Dölum eftir póstnúmerum desember 2017. Heimild: Hagstofa Íslands

### Heimamenn í Dalabyggð tóku virkan þátt í stefnumótunarvinnu Áfangastaðaáætlunar Vesturlands. Helstu áherslur varðandi framtíðarsýn sem komu fram á opnum fundum á svæði 4 voru eftirfarandi:

- Ferðaþjónustan byggir á sérstöðu svæðisins sem landbúnaðarhéraðs og þróunar í fullvinnslu matvæla sem og tengingu þess við sögusvið Íslendingasagna.
- Heilsárs ferðaþjónusta sem býður heimamönnum upp á fleiri atvinnumöguleika og ferðafólki sem og heimamönnum upp á fjölbreytta afþreyingu, góða þjónustu og aðstöðu á áningarstöðum. Markaðssetning ferðaþjónustu á svæðinu er góð og samvinna milli aðila.
- Áætlun liggur fyrir varðandi innviðauppbyggingu eins og viðhald og þjónustu vega allt árið, netsamband, þriggja fasa rafmagn og aðstöðu á áningarstöðum.
- Umhverfi okkar er hreint og aðlaðandi, stuðlum að góðu samtali milli íbúa og aðila í ferðaþjónustu og bjóðum upp á eftirsóknarverð tækifæri fyrir ungt fólk á svæðinu.
- Við erum með umhverfis- og ferðamálastefnu sem stuðlar að því að gestir og heimamenn geta ferðast um svæðið með upplýstum huga og virðingu fyrir náttúru og umhverfi.

### Heimamenn vildu að unnið yrði áfram með þá vinnu sem búið er að vinna á svæðinu varðandi svæðisskipulag og að áhersla yrði á eftirfarandi aðgerðir varðandi framþróun ferðamála.

Möguleg markmið (unnin upp úr sömu gögnum og unnið áfram með markmiðin á opnum fundi í janúar).

- Styrkja þau verkefni sem liggja fyrir núna 2017 – klára málin
- Efla vöruþróun í ferðaþjónustunni
- Efla menntun starfsfólks í ferðaþjónustu
- Gera markaðsáætlun með skýr markmið og vísun í sérstöðu svæðisins
- Innleiða notkun á smáforritum í leiðsögn um svæðið
- Fjölgun salerna
- Meira framkvæmdafé til uppbyggingar á svæðinu t.d. í gegnum Framkvæmdasjóð ferðamanna og sem hlutfall af tekjum ríkisins.
- Gera ætlun um uppbyggingu innviða.
- Tiltekt á ákveðnum svæðum – hreint og aðlaðandi umhverfi
- Bæta í afþreyingarmöguleika
- Mannvirki eins og sundlaug og íþróttahús efla lífsgæði íbúa og bjóða upp á aukna afþreyingu fyrir gesti.
- Upplýsingar og merkingar um flóru og fánu – svo fólk geti ferðast sjálf um
- Efla náttúruskoðun og náttúruupplifun sem afþreyingu á svæðinu.
- Bæta upplýsingar um hvert má fara í sátt við náttúruna
- Merkja gönguleiðir
- Setja reglur um hvar má gista – tjöld og húsbílar

# Vesturland



### Umhverfi ferðaþjónustu og þróun

*Jákvæð þróun ferðamála á Íslandi byggir á eflingu rannsókna, samræmingu skráningar og gagnavinnslu þeirri sem snýr að greininni. Forsenda landshlutasamtaka fyrir mótun framtíðarsýnar og gerð markmiða fyrir hvern landshluta byggir á birtingu opinberra gagna en þar er úrbóta þörf. Virk stefnumótun í ferðamálum sem byggir á rauntímaupplýsingum skilar ábyrgum framtíðarmarkmiðum. Úrbóta er þörf í gagnaskráningu tengdri ferðaþjónustu og tilheyrandi leyfi vegna rekstrar verða að vera til staðar.*

### Fjölgun ferðamanna

*Gestakomur til landsins voru ríflega tvær milljónir árið 2017. Vöxtur í komum ferðamanna er hlutfallslega meiri utan háannar á Vesturlandi. Af tölum um Vesturland að dæma er mikill vöxtur í komum ferðamanna á svæðinu. Vesturland er vinsæll áfangastaður Íslendinga og erlendra gesta sem eiga það sameiginlegt að ferðast langflestir á eigin vegum. 19% aukning er á skráðum erlendum gistinóttum á Vesturlandi á árunum 2010-2017. Áhrif gistiþjónustu, skráðrar og óskráðrar, eru veruleg á árunum 2016-2017.*

### Afþreying

*Úrval afþreyingarmöguleika er um allt Vesturland. Aðkallandi er að ýta undir vöruþróun og kynningu í þeim málaflokki á svæðinu. Dagsferðum inn á Vesturland hefur fjölgað umtalsvert. Nauðsynlegt er að halda innviðauppbyggingu áfram af tillitssemi við landssvæðið, íbúum og gestum til gagns.*

### Vöxtur ferðaþjónustunnar

*Jákvæð áhrif ferðaþjónstu leiða af sér bætt lífsgæði, að mati íbúa á Vesturlandi. Ímynd landshlutans er sterk en bæta þarf upplýsingagjöf til gesta. Ásjóna Vesturlands hefur notið góðs af uppbyggingu á mörgum sviðum sem tengjast ferðaþjónustu. Gæta þarf varúðar vegna álags á svæði Vesturlands og bregðast við í tíma. Vesturland er fjölskylduvænn áfangastaður þar sem hægt er að mæta þörfum og væntingum lífsglaða heimsborgarans.*

# FRAMTÍÐARMARKMIÐ FERÐAMÁLA Á VESTURLANDI


103 Framtíðarsýn
103 Framtíðarsýn ferðamála á Vesturlandi til 2020
104 Tengsl við aðra áætlanagerð
105 Meginmarkmið
108 Hvernig ferðaþjónustu viljum við?
108 Helstu markaðir
110 Starfsmarkmið




Hér er sett fram sóknaráætlun ferðamála á Vesturlandi sem byggir á stöðugreiningu og stefnumótun sem unnin hefur verið í vinnuferli áfangastaðaráætlunar Vesturlands (DMP) með það að leiðarljósi að stuðla að ábyrgri þróun ferðamála á Vesturlandi.

Þessi vinna hefur verið unnin af teymi starfsfólks SSV og MV í samstarfi við ráðgjafa og hóp fólks sem valin var með hagaðilagreingu til að taka þátt í samráðsvettvangi áfangastaðaráætlunar, bæði í svæðisráði verkefnisins og vinnuhópum verkefnasvæða á Vesturlandi. Einnig var mikilvægt innlegg í þessa vinnu hlutur þátttakenda sem komu á átta opna vinnufundi sem haldnir voru á öllum svæðum á Vesturlandi á verkefnistímanum, en það voru á annaðhundrað vestlendinga sem sóttu þá fundi. Á þessum vinnufundum var unnin framtíðarsýn og mótuð markmið fyrir þróun ferðamála á Vesturlandi 2018-2020.

Í vinnu við Áfangastaðaáætlun Vesturlands (DMP) hefur komið fram mismunandi notkun orða sem notuð eru um og lýsa ýmsum þáttum er við koma uppbyggingu, þróun, nýtingu og fleira sem snýr m.a. að ferðamálum. Því verður hér reynt að koma í veg fyrir misskilning með því að leitast við að skýra örfáa þætti sem gætu valdið ruglingi.

Þegar rætt er um afmörkuð svæði eða staði sem hafa aðdráttarafl fyrir fólk til að koma, skoða sig um og njóta útivistar og náttúru, þá er ýmist talað um ferðamannastaði, ferðamannasvæði, áfangastaði eða áningarstaði. Í lögum um landsáætlun nr. 20/2016 er t.d. talað um ferðamannastað sem skilgreindan stað sem hefur aðdráttarafl fyrir ferðamenn vegna náttúru hans eða sögu, en þar er skilgreiningin ferðamanna-svæði notað yfir landsvæði sem ferðamenn sækja vegna náttúru þess og sögu.

**Grunngerð**

Regluverk og þjónusta til að uppfylla grunnþarfir samfélagsins sem stuðlar m.a. að öryggi, heilbrigði, upplýsingagjöf, menntun, umferð, umgengni o.fl.

**Innviðir**

Mannvirki og veraldleg gæði m.a. til að skapa aðgang, verja land og stuðla að öryggi notenda, sem og til að skapa aðstöðu til að veita grunnþjónustu o.fl.

**Áningarstaður**

Staður sem hefur aðdráttarafl fyrir fólk t.d. vegna sögu, minja, náttúru, útsýnis eða aðgengis þannig að hentugt er að gera þar stutt stopp, en lítil eða engin uppbygging er á staðnum. Þó getur oft verið hentugt að hafa þar upplýsingar.

**Áfangastaður**

Staður eða svæði sem hefur aðdráttarafl fyrir fólk t.d. vegna sögu, minja, náttúru, útsýnis, aðgengis eða þjónustu, þannig að eftirsóknarvert er að stoppa þar og dvelja. Þar er leitast við að byggja upp bæði innviði, upplýsingar og grunnþjónustu, auk þess sem æskilegt getur verið að þar byggist upp almenn þjónusta.

Eins og hér hefur komið fram er rík áhersla á það í stefnumótun um ferðamál á Vesturlandi að auka skilning og sátt ferðaþjónustu, gesta og samfélags. Því er litið svo á að þeir staðir sem hafa aðdráttarafl vegna náttúrufegurðar, útsýnis, þjónustu eða hvað annað sem dregur fólk að, tilheyri ekki frekar ferðamönnum en heimamönnum. Í þessari áætlun er því ekki talað um ferðamannastaði, heldur ýmist talað um áningar- eða áfangastaði, eftir því hvernig aðstaða er á umræddum stað eða svæði.

## Framtíðarsýn

Framtíðarsýn ferðamála á Vesturlandi var mótuð til þriggja ára út frá hugmyndum íbúa og hagaðila ferðamála á Vesturlandi. Unnið var með stöðugreiningu, stefnumótun og framtíðarsýn á öllum fjórum vinnusvæðunum á Vesturlandi, út frá þeim aðstæðum og áherslum sem þar voru. Síðan var sú vinna lög saman, fundnir sameiginlegir áhersluþættir, en jafnframt passað upp á að áherslur hvers svæðis skilaði sér í sameiginlega framtíðarsýn ferðamála á Vesturlandi.

Á samstarfsvettvangi þessa verkefnis og á opnum vinnufundum um verkefnið, kom fram ríkur vilji til að leggja áherslu á að efla samtal, skilning og sátt allra aðila varðandi ábyrga þróun ferðamála. Rætt var um að efla þurfi samtal og skilning bæði við kynningaraðila, ferðaskipuleggjendur, ferðaþjónustuaðila og gesti varðandi náttúru, menningu, umgengnisvenjur, regluverk og virðingu fyrir friðhelgi íbúa og lífríkis. Sérstaklega var rætt um mikilvægi þess að þeir sem vinna að markaðsmálum og kynningu, ferðaþjónustu-aðilar, ferðaskipuleggjendur og leiðsögumenn geri sér grein fyrir mikilvægi þessa samtals, skilnings og sáttar. Einnig var rætt um mikilvægi þess að allir aðilar sem koma að skipulagi og uppbyggingu innviða, leggi áherslu á þetta samtal og sátt í allri sinni vinnu. Síðast en ekki síst var lögð áhersla á að auka skilning ráðamanna og fólks innan stjórnsýslunnar á mikilvægi atvinnugreinarinnar og mikilvægi þess að hlúð sé að innviðum og grunngerð um allt land til að styðja við og efla bæði ferðaþjónustu og byggð í landinu.

Í þessu samhengi hefur einnig verið rætt að uppbygging sem á sér stað m.a. vegna fjölgunar gesta og aukinnar umferðar á umræddum svæðum nýtist líka heimamönnum í formi fjölbreyttari þjónustu, aukins aðgengis að upplifun og útivist o.m.fl. sem eykur þannig lífsgæði íbúa.  Hér er því lögð áhersla á að eigna ekki einum hópi umfram annan umrædd svæði, uppbyggingu eða þjónustu. Mikilvægt sé að heimafólki finnist það ekki síður eiga aðgang að þeim stöðum eða þjónustu sem verið er að byggja upp og að skipulags- og fjárveitingavaldið sem og atvinnugreinin líti líka svo á að þessi uppbygging sé gerð fyrir og eigi að þjóna og auka lífsgæði og öryggi íbúa ekki síður en þeirra gesta sem sækja svæðið heim.

Til að ýta undir jákvætt samtal, sátt og gagnkvæma virðingu er lögð áhersla á að nota orðið „gestir“ um ferðamenn sem sækja Vesturland heim. Talað er fyrir því að allir sem búa og starfa á Vesturlandi leggi sig fram um að taka vel á móti öllum þeim gestum sem velja að heimsækja okkur og landshlutann okkar.

Þegar rætt var um sérstöðu Vesturlands kom í ljós að fjölbreytileiki náttúrunar er sá þáttur sem fær hvað mesta umfjöllun á opnum fundum. Á Vesturlandi er hægt að finna fjölbreytta flóru náttúrufyrirbæra og jarðsögulegra minja í stuttri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu. Um leið og fólki fannst mikilvægt að flagga náttúrunni sem aðdráttarafli var mikið rætt um að efla upplýsingagjöf og vernd náttúru- og menningar-minja á Vesturlandi. Í því samhengi var lögð áhersla á að hönnun og staðsetning áningar- og áfangastaða væri fagleg og vel úthugsuð. Einnig að öll upplýsingagjöf væri markviss, vönduðö og skýr til að stuðla að öryggi, sjálfbærni og verndun náttúru og minja, auka þjónustunýtingu og jákvæða upplifun gesta. Lögð var áhersla á að bæta innviði, grunnþjónustu og samgöngur í landshlutanum.  Saga, menning, fjölbreytt mannlíf og matarauður Vesturlands kemur líka stekt fram sem sérstaða og tækifæri til uppbyggingar, og ríkur vilji til að leggja áherslu á þá þætti áfram, og byggja upp fjölskylduvæna þjónustu og vöruúrval sem tengist sögu, menningu, mannlífi og matarauð á Vesturlandi.

## Framtíðarsýn ferðamála á Vesturlandi til 2020

Við framsetningu á framtíðarsýn ferðamála á Vesturlandi var leitast við að taka blómstrandi umræðu og meitla hana í hnitmiðaða sýn sem hægt er að vinna eftir til næstu þriggja ára.

- Vesturland hefur sterka og jákvæða ímynd sem heilsárs áfangastaður með fjölbreytta náttúru, sögu, menningu og mannlíf og er eftirsóttur valkostur fyrir íbúa og gesti.
- Gestir og heimamenn geta ferðast um svæðið upplýstir, með vitund, virðingu og sátt varðandi viðkvæma náttúru, lífríki, samfélag og umhverfi.
- Áhersla er á að öryggi fólks, náttúru og lífríki sér tryggt, áningarstaðir vel úthugsaðir, einnig upplýsingar og góð þjónusta til staðar.
- Samgöngur í landshlutanum eru góðar bæði til sjós og lands allt árið og áhersla er á öryggi og gott viðhald vega.
- Grunnþjónusta er góð á Vesturlandi og jákvæð viðhorf íbúa til ferðaþjónustu eru ríkjandi.
- Sjálfbær ferðaþjónusta með áherslu á náttúruvernd, þjónustu- og vöruval úr héraði er í hávegum höfð til að stuðla að gæða náttúru- og menningar upplifun til framtíðar á Vesturlandi.

## Tengsl við aðra áætlanagerð

Ferðaþjónusta er atvinnugrein sem snertir flesta þætti íslensk samfélags og opinber stefnumótun stjórnvalda á flestum sviðum hefur því áhrif á greinina. Áfangastaðaáætlanir landshlutanna taka á skipulagi, þróun og markaðssetningu svæða auk þess sem að skilgreindar eru þær leiðir sem fyrirhugaðar er að fara við stýringu á hinum ýmsu ferlum sem ráða þróun ferðaþjónustunnar innan svæðisins. Því er mikilvægt að áfangastaðaáætlanir landshlutanna séu uppfærðar í takt við helstu stefnumótunarverkefni og áætlanir ríkis og sveitarfélaga og að sama skapi sé litið til áfangastaðaáætlana þegar opinber stefna stjórnvalda er unnin. Ferðaþjónustan hefur snertifleti við margar þeirra áætlana sem unnar eru á landsvísu og því afar mikilvægt að litið sé til áfangastaðaáætlana s.s. við gerð samgönguáætlunar, byggðaáætlunar, landsskipulagsstefnu og stefnumótunar ríkisvaldsins fyrir ferðaþjónustu á Íslandi. Þá er einnig mikilvægt að áfangastaðaáætlanir landshlutanna og Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum vinni saman og séu uppfærðar í takt við hvor aðra.

| Úr framtíðarsýn | Meginmarkmið |
|---|---|
| Vesturland hefur sterka og jákvæða ímynd sem heilsárs áfangastaður með fjölbreytta náttúru, sögu, menningu, mannlíf og matarauð og er því eftirsóttur valkostur fyrir íbúa og gesti. | Sterk og jákvæð ímynd.<br>Vesturland er eftirsóttur valkostur fyrir íbúa og gesti.<br>Vesturland er þekkt fyrir fagra náttúru, áhugaverða sögu, menningu og matarauð. |
| Gestir og heimamenn geta ferðast um svæðið upplýstir, með vitund, virðingu og sátt varðandi viðkvæma náttúru, lífríki, samfélag og umhverfi. | Vönduð upplýsingagjöf um náttúru, lífríki samfélag og umhverfi |
| Áhersla er á að öryggi fólks, náttúru og lífríkis sé tryggt, áningarstaðir vel úthugsaðir, einnig að upplýsingar og góð þjónusta sé til staðar. | Stuðla að bættu öryggi íbúa, gesta, náttúru og lífríkis.<br>Heildrænt skipulag áfanga- og áningarstaða.<br>Góð þjónusta og afþreying er til staðar. |
| Samgöngur í landshlutanum eru góðar bæði til sjós og lands allt árið og áhersla er á öryggi og gott viðhald vega. | Öruggar samgöngur til sjós og lands allt árið. |
| Grunnþjónusta er góð á Vesturlandi og jákvæð viðhorf íbúa til ferðamála eru ríkjandi. | Grunnþjónusta er góð.<br>Jákvæð viðhorf íbúa til ferðamála. |

| Úr framtíðarsýn | Meginmarkmið |
|---|---|
| Sjálfbær ferðaþjónusta með áherslu á náttúruvernd, þjónustu- og vöruval úr héraði er í hávegum höfð til að stuðla að gæða náttúru- og menningar upplifun til framtíðar á Vesturlandi. | Áhersla á ábyrga ferðaþjónustu sem stuðlar að sjálfbærri nýtingu auðlinda og notar hráefni og vöruval úr heimahéraði. |

# Meginmarkmið

Meginmarkmið voru mótuð út frá framtíðarsýn ferðamála fyrir Vesturland og unnin áfram niður í starfsmarkmið og aðgerðir til að stuðla að jákvæðri og ábyrgri þróun ferðamála á Vesturlandi 2018-2020.

Hér er fjallað um hvert meginmarkmið í mjög stuttu máli út frá helstu niðurstöðum af opnum fundum.




### 1. Sterk og jákvæð ímynd

Rætt var um mikilvægi þess að efla Vesturlandsstofu með áherslu á aukið samstarf á vettvangi ferðamála á Vesturlandi. Til að efla ímynd Vesturlands var lagt til að mörkuð verði skýr stefna í upplýsinga- og kynningarmálum þar sem hlutverk allra aðila, bæði hagaðila ferðaþjónustu og stoðkerfisins verði vel skilgreint. Einnig var rætt um að vinna opinbera markaðs- og kynningaráætlun fyrir Vesturland með það að markmiði að hagaðilar ferðaþjónustunnar á Vesturlandi geti nýtt sér þá vinnu og stefnumörkun í sínu markaðs- og kynningarstarfi. Lagt var til að gerður verði gátlisti til að tryggja að tekið sé tillit til þolmarka bæði náttúru og samfélags við gerð upplýsinga- og kynningarefnis. Einnig að lögð yrði áhersla á að fyrir liggi upplýst og formlegt samþykki frá landeiganda varðandi kynninguna ef um einkaland sé að ræða.

Auk þessa var lögð áhersla á vinnu við mörkun svæða, fegrun umhverfis og mannvirkja með það að leiðarljósi að allir íbúar og fyrirtæki landshlutans eru ábyrgir fyrir ásýnd, gæðum og ímynd Vesturlands.

### 2. Vesturland er eftirsóttur valkostur fyrir íbúa og gesti.

Í umræðu opnu fundanna kom fram að fjölbreytni í þjónustu og afþreyingu hefur aukist og nýsköpun í vöruþróun hefur eflst. Þetta er gott fyrir bæði íbúa og gesti en samt sem áður var talið að efla þurfi vöruþróun og fjölga afþreyingarmöguleikum, ásamt því að auka þjónustu fyrir íbúa og gesti í landshlutanum. Þá var talið nauðsynlegt að ýta undir og styðja við einstaklingsframtak, nýsköpun og fjölbreytt atvinnutækifæri, bæði til að laða að fleiri gesti og íbúa.

### 3. Vesturland er þekkt fyrir fagra náttúru, áhugaverða sögu, menningu og matarauð.

Þó aukning hafi verið varðandi ýmsa þjónustu þá var það mál manna að það vanti fleiri og fjölbreyttari afþreyingarmöguleika og vöruval á Vesturlandi. Rætt var um aukið framboð á afþreyingu á ensku, gera þyrfti samræmt viðburðadagatal og auglýsa menningarviðburði á fleiri tungumálum en íslensku. Einnig kom fram vilji til að efla og styðja við menningar- og sögutengda viðburði og ferðaþjónustu. Auk þess að lagfæra söguskilti og bæta nýjum við. Þá var mikil áhersla á að Vesturland væri þekkt fyrir margbreytilega og fallega náttúru, en einnig væri sagna- og menningararfur aðalsmerki Vesturlands sem bæri einnig að halda hátt á lofti. Þá væru einnig fólgin tækifæri í matarauði Vesturlands til að efla hróður landshlutans.

### 4. Vönduð upplýsingagjöf um náttúru, lífríki og umhverfi.

Til að skapa skilning, virðingu og sátt var lagt til að útbúnar verði einfaldar myndrænar leiðbeinandi upplýsingar varðandi náttúru, menningu, umgengnisvenjur, regluverk og virðingu fyrir friðhelgi íbúa og lífríkis. Einnig var rætt að tryggja þurfi að starfsfólk í ferðaþjónustu sé upplýst um land, menningu og siði ekki síður en þá þjónustu og afþreyingu sem Vesturland hefur upp á að bjóða, til að geta miðlað því til gesta. Í þessu samhengi var einnig rætt um ábyrgð gesta og hvernig góð upplýsingagjöf geti hjálpað gestum og íbúum að átta sig á þeirri ábyrgð sem fylgir því að ferðast um í viðkvæmri náttúru landsins þar sem einnig þarf að taka tillit til lífríkis, dýralífs og búsetu. Lagt var til að útbúa leiðbeiningar sem skapa skilning og skerpa á tillitsemi varðandi umgengni og för um landið, s.s. skipulögð svæði, mannvirki og land sem er sannarlega í notkun til annarra hluta og hentar því ekki til almennrar og ótakmarkaðrar umgengni almennings. Hér er t.d. átt við ræktarland, skógrækt á uppvaxtarstigi, afgirt beitarland og skipulagt land eins og golfvelli ofl. Einnig þarf að veita upplýsingar til að tryggja friðhelgi einkalífs þannig að íbúar í húsum og á bújörðum verði ekki fyrir ónæði vegna óviðkomandi umferðar um og við híbýli, útihús, hlað og garða viðkomandi, og að tillitsemi sé gætt við búsvæði viltra dýra og búsmala.

### 5. Stuðla að bættu öryggi íbúa, gesta, náttúru og lífríkis.

Það var talið mikilvægt að bæta öryggi fólks á ferð um landið, bæði hvað varðar umferð, en einnig aðgengi á áningar- og áfangastöðum og mikil áhersla lögð á að reyna að koma í veg fyrir slys með öllum ráðum. Þetta tengist bættum samgöngum en einnig betri merkingum og upplýsingagjöf til ferðamanna varðandi umferðarmenningu á Íslandi, umgengni fólks í náttúrunni, dýravelferð og ýmsa umhverfisþætti. Rætt var um mikilvægi þess að fyrir lægi hver væri umsjónaraðili hvers svæðis, staðar eða verkþátta sem ráðist væri í á svæðinu. Einnig þyrfti að liggja ljóst fyrir hver bæri ábyrgð á að tryggja að viðeigandi reglum sé fylgt varðandi leyfisveitingar, öryggisatriði, hönnun, byggingu og viðhald mannvirkja á opinberum áningar- og áfangastöðum.

### 6. Heildrænt skipulag áfanga- og áningarstaða.

Rætt var um að við skipulag og ákvörðun um uppbyggingu áningar- og áfangastaða þurfi að hugsa á heildrænan hátt út frá samspili aðgengis, öryggis, þolmarka bæði náttúru og samfélags, auk mögulegrar landvörslu og þjónustu við staðinn. Mikilvægt væri að koma á virku samstarfi milli ríkis, sveitarfélaga og annarra landeigenda varðandi gerð stjórnunar- og verndaráætlana fyrir friðlýst eða vernduð svæði. Lagt var til að unnið verði að heildstæðri greiningu á Vesturlandi með hliðsjón af stjórntækjum á borð við afþreyingarrófið (e.recreational opportunity spectrum, ROS). Með það að markmiði að samræma stefnu um nýtingu lands, gera áætlun um æskilega náttúruvernd, meta möguleika til útivistar og aðgengis fyrir almenning, auk þess að skilgreina hentuga áfanga- og áningastaði.

Mikilvægt var talið að vinna einnig þarfagreiningu þar sem tekið væri tillit til kostnaðar við uppbyggingu, rekstur og viðhalds efnislegra innviða til lengri tíma áður en ráðist væri í uppbyggingu á nýjum áningar- eða áfangastað. Ekki væri sjálfgefið að líta á efnislega innviði sem fyrsta viðbragð við auknu álagi á náttúru vegna aukningar á umferð fólks á staðnum. Lagt var til að gera gátlista þessu til stuðnings og tryggja alltaf aðkomu landeigenda ef um einkaland er að ræða og lögð áhersla á að áfangastaðir og innviðir verði hannaðir af fagþekkingu og út frá þarfagreiningu sem unnin er í samstarfi landeigenda, skipulagsyfirvalda, hönnuða og annarra er málið varðar. Leitast skal við að tryggja aðgengi fyrir alla þar sem því verður við komið. Mikilvægt væri að skilgreina umsjónaraðila allra áningar- og áfangastaða og einnig hvað felst í þeirri umsjón og umfangi þjónustu á hverjum stað.

### 7. Góð þjónusta og afþreying er til staðar.

Rætt var um góða þjónustu undir ýmsum liðum. Meðal annars var rætt um mikilvægi gæðavottunar t.d. Vakann sem ákveðna hvatningu og stýringu fyrir góða þjónustu og rekstur ferðaþjónustufyrirtækja auk þess sem framboð á námi og símenntun fyrir ferðaþjónustuaðila væri mikilvæg. Aukin afþreying og opnunartími þjónustustaða var tekinn sem dæmi um góða þjónustu sem gagnast bæði íbúum og gestum. Einnig var talað um þjónustu við vegi og þá sérstaklega yfir vetrartímann sem væri mjög mikilvægur öryggisþáttur og forsenda heilsársferðaþjónustu. Vönduð upplýsingagjöf og þjálfun starfsfólks var líka nefnt sem undirstaða góðrar þjónustu.

### 8. Öruggar samgöngur til sjós og lands allt árið.

Samgöngumál voru mjög ofarlega í huga fundarmanna og talin brýn þörf á viðhaldi og uppbyggingu vega víða á Vesturlandi. Þetta er talið mikilvægt bæði til að tryggja öryggi í umferð á vegum en einnig til að stýra gestum inn á fleiri svæði á Vesturlandi. Mikið var rætt um mikilvægi vetrarþjónustu vega til að tryggja öryggi og bæta aðgengi bæði að þjónustu auk

áningar- og áfangastöðum. Hér var líka talað um mikilvægi þess að vegþjónusta væri alltaf byggð á mati á aðstæðum og þörf á hverjum tíma, en væri ekki unnin samkvæmt fyrirfram ákveðnu dagatali. Áhersla fólks var á að ákvarða þyrfti þjónustustig vega út frá umferðarþunga, öryggis- og heilbrigðisþjónustu, skólaakstri og atvinnustarfsemi á svæðinu.

### 9. Grunnþjónusta er góð.

Grunnþjónusta gagnast öllum íbúum og gestum í landshlutanum. Vilji var til að vinna að því að efla grunnþjónustu s.s. löggæslu og heilsugæslu, þannig að fjöldi stöðugilda á hverju svæði taki bæði tillit til umfangs og fjölda fólks á svæðinu, jafnt íbúafjölda, dulinnar bússetu s.s. orlofshúsa og fjölda gesta sem leggur leið sína um svæðið. Brýnt var talið að tryggja nettenginar, fjarskiptakerfi, þriggja fasa rafmagn og örugga raforkudreyfingu, um allt Vesturland. Einnig var mál manna að vinna þyrfti að því að komið yrði á kerfi sem tryggir Björgunarsveitum á svæðinu umbun fyrir veitta þjónustu við ferðafólk t.d. vegna leitar eða björgunar hvort sem er vegna óveðurs, ófærðar eða óhappa.

### 10. Jákvæð viðhorf íbúa til ferðaþjónustu.

Það var talið mikilvægt að vinna markvisst að því að auka gagnkvæmt samtal, skilning og samstarf hagaðila í ferðaþjónustu, stjórnsýslunnar og íbúa. Einnig að leggja áherslu á fræðslu og upplýsingagjöf til að bæta gagnkvæman skilning milli samfélags og gesta.

### 11. Sjálfbær ferðaþjónusta er í hávegum höfð.

Áhersla var á að efla sjálfbærni í ferðaþjónustu og vöruframboði á Vesturlandi. Efla mætti frumkvæði íbúa, hagaðila ferðamála og stjórnvalda til að standa vörð um náttúru, menningu og minjar, og stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda svæðisins til hagsældar fyrir alla aðila. Hvetja ætti fyrirtæki, íbúa og gesti til virkrar þátttöku í náttúruvernd og menningarverkefnum. Auk þess væri ástæða fyrir alla aðila til að stuðla að og styðja við nýsköpun og vöruþróun varðandi þjónustu og vöruframboði heimamanna. Mikilvægt væri að upplýsingaaðilar, ferðaskipuleggjendur og þjónustuaðilar væru meðvitaðir um alla þjónustu og vöruframboð í héraði og legðu sig fram um að kynna og nýta hráefni, vörur og þjónustu úr heimabyggð og vísa gestum á það til að styrkja sjálfbærni og atvinnuuppbyggingu á Vesturlandi.Stefna og aðgerðaáætlun ferðamála á Vesturlandi

## Hvernig ferðaþjónustu viljum við?

Í vinnslu áfangastaðaáætlunar var ábyrg þróun ferðamála höfð að leiðarljósi á öllum vinnufundum, þar sem markmiðið var að finna sanngjarna leið til að gera alla aðila ábyrga fyrir sjálfbærri framþróun ferðamála á Vesturlandi.




Unnið var út frá þeirri hugmynd að við búum að margskonar auðlindum í landshlutanum sem við nýtum til uppbyggingar á þjónustu og til vöruþróunar, þar má t.d. nefna náttúruauð, menningarauð, mannauð og innviði. Allt eru þetta gæði sem íbúar, gestir, fyrirtæki og stjórnsýsla vilja nýta sér og sínum til hagsbóta. Því þurfum við að finna sanngjarna sáttaleið til að skipta bæði þessum lífsgæðum og ábyrgð á þeim þannig að allir geti notið en jafnframt verði gætt að sjálfbærni og sátt til framtíðar litið.

Til þess að stunda ábyrga þróun í ferðamálum þarf að skoða hvernig ólíkir aðilar umgangast þær auðlindir sem eru til staðar og hvernig við getum þróað atvinnugreinina, samfélögin, stjórnsýsluna og aðkomu gesta með þeim hætti að við stöndum vörð um náttúruna og aðrar auðlindir um leið og hægt er að njóta þeirra.

Með öðrum orðum, ferðaþjónusta á Vesturlandi á að byggja á þeim auðlindum sem eru til staðar á sama tíma og við gætum þess að vernda auðlindirnar til að hægt sé að byggja upp sjálfbæra ferðaþjónustu með virðingu fyrir náttúru, umhverfi, samfélagi og menningu svæðisins.

Þessi hugsun endurspeglast í framtíðarsýn ferðamála á Vesturlandi, þeim meginmarkmiðum sem mótuð voru og hríslast svo niður í starfsmarkmið og aðgerðir.

## Helstu markaðir

Ákveðið var að horfa til greiningar Íslandsstofu á ákjósanlegum markhópum fyrir Ísland, þar eru skilgreindir þrír markhópar og sjö markaðssvæði; Bandaríkin, Kanada, Bretland, Frakkland, Þýskaland, Sviss og Danmörk. Markhóparnir þrír eru; lífsglaði heimsborgarinn, sjálfstæði landkönnuðurinn og makindalegi menningarvitinn.[56]

Á sameiginlegum vinnufundi vinnuhópa allra svæða og stýrihóps áfangastaðaáætlunar á Vesturlandi var gerð könnun meðal þátttakenda þar sem stuðst var við eyðublað fyrir úttekt á bls. 6 [57]í bæklingi Íslandsstofu um markhópagreiningar „Markhópar fyrir íslenska ferðaþjónustu". Þátttakendur voru látnir svara þeim 10 spurningum sem þar eru settar fram, sem höfðu verið aðlagaðar varðandi þjónustu og innviði á Vesturlandi. Annars vegar voru þáttakendur beðnir að svara með tilliti til núverandi stöðu í landshlutanum og hinsvegar varðandi hvaða áherslur þeir vildu leggja varðandi uppbyggingu til framtíðar. Síðan voru stigin talin saman hvað varðar hverja spurningu til að máta hvernig sú uppbygging sem er til staðar passar við þá þrjá markhópa sem Íslandsstofa skilgreinir. Einnig var sama könnun lögð fyrir fólk varðandi hvaða áherslur þessi hópur sem var á umræddum vinnufundi vildi leggja í uppbyggingu innviða, þjónustu og aðstöðu til framtíðar litið. Það kom í ljós að það var mat þessa hóps að þjónusta og innviðir á Vesturlandi komi best til móts við þarfir lífsglaða heimsborgarans og áherslur sem komu fram í framtíðarsýn varðandi uppbyggingu höfðuðu enn frekar til þess markhóps. Áfangastaðaáætlun leggur því áherslu á uppbyggingu þjónustu og innviða sem höfða til gesta sem telja má lífsglaða heimsborgara eins og markhópagreining Íslandsstofu skilgreinir hópinn.

Verðmætin sem felast í lífsglaða heimsborgaranum sem markhóps fyrir Vesturland eru þau að hann ferðast utan sumarmánaða og er virkur ferðalangur. Hann er líklegur til að koma aftur og er umhugað um náttúru og náttúruvernd. Hann er tilbúinn til að borga fyrir gæði, þjónustu og vörur, er varkár að eðlisfari og sækist í leiðsögn og gæðavottanir. Þá er lífsglaði heimsborgarinn viljugur til að ferðast lengra og heimsækja smærri samfélög.

Það sem lífsglaði heimsborgarinn sækist eftir á ferðalögum fellur vel að þeirri framtíðarsýn sem mótuð hefur verið fyrir Vesturland til 2020. Hann sækist eftir afþreyingu í náttúru með fallegu landslagi og leiðsögn. Hann er tilbúinn til að heimsækja smærri bæjarsamfélög og upplifa menninguna og fólkið ásamt vistvænni ferðaþjónustu. Hann sækir í gæða mat frá heimabyggð, söfn og sögufræga staði. Heilsulindir, hópferðir, hátíðir og fjölskylduvæn afþreying er eftirsóknarverð ásamt því að versla íslenska hönnun eða sérvöru.

Það sem lífsglaði heimsborgarinn forðast er upplifun sem gæti skaðað náttúru, sviðsetta upplifun sem ekki er í takt við staðaranda, óvottaða þjónustuaðila og óþarfa áhættur í framandi aðstæðum. En það er einmitt þetta sem áfangastaðaáætlun fyrir Vesturland vill líka sporna við með því að efla ábyrga þróun ferðamála með þeim markmiðum og aðgerðum sem hafa verið skilgreindar.

56 https://www.islandsstofa.is/media/1/markhopar-171008-mq.pdf
57 https://www.islandsstofa.is/media/1/markhopar-171008-mq.pdf

Samkvæmt þessu er ekki ólíklegt að markaðssvæðin sem Vesturland ætti að sækja inn á séu þau sjö sem áður hafa verið talin; Bandaríkin, Kanada, Bretland, Frakkland, Þýskaland, Sviss og Danmörk, sérstaklega þegar horft er til þess að á þessum markaðssvæðum er áætlað að lífsglaði heimsborgarinn sé hlutfallslega stærsti hópurinn sem ferðast frá þessum löndum.

## Möguleikar svæðisins

Möguleikar Vesturlands felast m.a. í auðlindum og sérstöðu svæðisins, auk þess sem stuttri fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og alþjóðaflugvelli Íslands á Reykjanesi skapar mörg tækifæri. Á Vesturlandi er að finna fjölbreytta flóru náttúrufyrirbæra, jarðsögulegra minja auk þess sem mikill menningar- og sagnaarfur er tengdur við landssvæðið. Oft er því talað um að Vesturland sé; „Ísland í hnotskurn“, því þar sé að finna öll náttúrufyrirbæri sem finnist á Íslandi, nema gjósandi hverir. Vestlendingar hafa einnig verið duglegir við að huga að umhverfismálum og unnið að ýmsum verkefnum hvað það varðar. Þar má t.d. nefna Grænfánavottaða skóla á öllum skólastigum, Bláfánavottun og EarthCheck umhverfisvottun á Snæfellsnesi. Auk þess heyra mörg svæði undir sérstaka friðun eða verndaráætlun t.d. friðlönd, náttúruverndarskrá, Ramsarsvæði og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull.  Því eru Vestlendingar mjög meðvitaðir um að þó mikilvægt sé að flagga náttúrunni sem aðdráttarafli þarf einnig að efla upplýsingagjöf og standa vörð um verndun náttúru- og menningarminja í víðum skilningi auk þess sem standa ber vörð um þolmörk samfélagsins. Þess vegna er lögð áhersla á að hönnun og staðsetning áningar- og áfangastaða sé fagleg og vel úthugsuð og öll upplýsingagjöf skýr til að tryggja öryggi bæði umhverfis og fólks. Lögð er áhersla á að bæta grunnþjónustu og samgöngur í landshlutanum til að efla öryggi og upplifun gesta. Menning, saga, fjölbreytt mannlíf og matarauður er einnig hluti af auðlindum og sérstöðu Vesturlands. Miklir möguleikar felast því í vöru- og þjónustuþróun sem byggir á sérstöðu, auðlindum, mannlífi og menningararfi Vesturlands.

## Lágmörkun neikvæðra áhrifa

Áfangastaðaáætlun fyrir Vesturland leggur mikla áherslu á aðgerðir til þess að lágmarka neikvæð áhrif ferðaþjónustunnar á þær auðlindir sem eru til staðar. Í þeim tilgangi var horft til áhersluþátta í yfirlýsingu um ábyrga ferðaþjónustu um leið og stefna, markmið og aðgerðir voru mótaðar í verkefninu.

Meðal þess sem kemur fram í áætluninni til að lágmarka neikvæð áhrif er aukið samstarf og samtal hagaðila á svæðinu, öryggi manna, verndun náttúru og lífríkis skal höfð í forgrunni við hönnun og þróun áningar- og áfangastaða og síðast en ekki síst er vilji til að styðja við og hvetja hagaðila ferðamála og stjórnvöld til að vinna markvisst að sjálfbærni og samfélagsábyrgð.

## Starfsmarkmið

Eitt til fleiri starfsmarkmið fylgja hverju meginmarkmiði og hér má sjá hvernig starfsmarkmiðin raðast undir meginmarkmiðin. Aðgerðir fyrir hvert starfmarkmið eru listaðar upp í aðgerðaráætlun í næsta kafla.

| Meginmarkmið | Starfsmarkmið |
|---|---|
| 1. Sterk og jákvæð ímynd. | Samstarf á vettvangi ferðamála er virkt og markvisst.<br>Unnið er eftir markaðs- og kynningaráætlun fyrir Vesturland sem allir hagaðilar geta nýtt sér.<br>Virk ferðamálasamtök eru starfandi á öllum svæðum á Vesturlandi.<br>Fyrirtæki, íbúar og sveitarfélög á Vesturlandi eru ábyrg fyrir ásýnd og ímynd Vesturlands |
| 2. Vesturland er eftirsóttur valkostur fyrir íbúa og gesti. | Gera Vesturland þekkt fyrir fjölbreytni í menningarlífi og afþreyingu allt árið |
| 3. Vesturland er þekkt fyrir fagra náttúru, áhugaverða sögu, menningu og matarauð. | Efla menningar og sögutengda ferðaþjónustu.<br>Stuðlað er að nýsköpun og vöruþróun sem byggir á auðlindum landshlutans. |
| 4. Vönduð upplýsingagjöf um náttúru, lífríki og umhverfi til gesta og íbúa. | Upplýsingum og leiðbeiningum er miðlað á skýran og fjölbreyttan hátt.<br>Fjölbreyttar og merktar göngu- og ferðaleiðir eru í boði á Vesturlandi.<br>Unnið er eftir reglum um hvar má leggja svefnbílum yfir nótt.<br>Upplýsingamiðlun er gagnvirk og samskipti og samræming eru á milli aðila sem miðla upplýsingum til gesta og íbúa.<br>Hægt er að treysta á GPS staðsetningarpunta á Vesturlandi. |
| 5. Stuðla að bættu öryggi íbúa, gesta, náttúru og lífríki. | Við þróun og uppbyggingu innviða og þjónustu er öryggi íbúa, gesta,náttúru og lífríkis haft að leiðarljósi.<br>Unnið er út frá þarfagreiningum og rannsóknargögnum í allri vinnu um þolmörk og innviði. |
| 6. Heildrænt skipulag áfanga- og áningarstaða. | Tekið er tillit til stefnumótunar og forgangsröðunar Landsáætlunar við innviðauppbyggingu á áninga- og áfangastöðum.<br>Áfangastaðir og innviðir eru hannaðir af fagþekkingu og út frá þarfagreiningu.<br>Vöktun náttúru- og menningarminja er til staðar.<br>Vöktun á þolmörkum samfélags er til staðar.<br>Unnið er eftir skilgreiningum á hlutverki umsjónaaðila áningar- og áfangastaða. |
| 7. Góð þjónusta og afþreying til staðar. | Unnið er að eflingu ferðamála og stuðlað að framboði á fjölbreyttri gæða ferðaþjónustu og afþreyingu sem kemur til móts við eftirspurn. |
| 8. Öruggar samgöngur til sjós og lands allt árið. | Unnið markvisst að því að tryggja öryggi og umferð um vegi á Vesturlandi allt árið.<br>Almenningssamgöngur taka mið af þörfum íbúa og atvinnulífs á Vesturlandi. |

| Meginmarkmið | Starfsmarkmið |
|---|---|
| **9. Grunnþjónusta er góð.** | Unnið er skipulega að uppbyggingu grunnþjónustu og innviða á Vesturlandi.<br>Sveitarfélög vinna að deiliskipulagi á álagssvæðum.<br>Skipulagsvinna sveitarfélaga tekur mið af áfangastaðaáætlun og landsáætlun við uppbyggingu innviða.<br>Innviðir sem styðja við byggð og atvinnurekstur verði tryggðir um allt Vesturland.<br>Tryggja starfsgrundvöll björgunarsveita á Vesturlandi. |
| **10. Jákvæð viðhorf íbúa til ferðaþjónustu.** | Unnið markvisst að því að auka samtal, skilning og samstarf ferðaþjónustuaðila, stjórnsýslu og íbúa.<br>Tryggt er að tekið sé tillit til þolmarka bæði náttúru og samfélags strax við skráningu á stöðum sem kynntir eru sem áhugaverðir staðir. |
| **11. Sjálfbær ferðaþjónusta í hávegum höfð.** | Við gerð skipulagsáætlana er tekið tillit til þolmarka náttúru og samfélags, með áherslu á að tryggja sjálfbærni varðandi alla nýtingu auðlinda á svæðinu.<br>Stuðlað er að þjóustu- og vöruþróun sem byggir á vestlensku hráefni, handbragði og menningarauði.<br>Leitað verði leiða til að veita umbun þeim sem stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda, huga að vistspori í verki og efla atvinnu og samstarf í heimabyggð á Vesturlandi. |

# AÐGERÐARÁÆTLUN FERÐAMÁLA Á VESTURLANDI

114 Aðgerðaráætlun



## Aðgerðaráætlun

### Meginmarkmið 1: Sterk og jákvæð ímynd Vesturlands

#### Starfsmarkmið A: Samstarf á vettvangi ferðamála er virkt og markvisst.

| Aðgerð | Áhrifasvæði | Tímamörk | Ábyrgð |
|---|---|---|---|
| Efla starfsemi Markaðsstofu Vesturlands með áherslu á aukið samstarf milli svæða á Vesturlandi. | Allt Vesturland | Alltaf í gangi | Vesturlandsstofa |
| Hvetja sveitarfélög sem ekki hafa ferðaþjónustufulltrúa til að bæta úr því. | Allt Vesturland | 2018 | SSV |
| Útbúa samskiptagátt fyrir ferðaþjónustuaðila. | Allt Vesturland | 2019-2020 | Vesturlandsstofa |
| Efla samvinnu í ferðaþjónustu á Akranesi og í Hvalfirði - Samvinna um ferðaleið, hringferð um Akranes og Hvalfjörð. | Akranes og Hvalfjörður | 2018-2020 | Sveitarfélög og ferðaþjónustuaðilar |
| Bæta aðgengi að „start" fjármagni fyrir ferðaþjónustu. Ráðgjöf og fræðsla. | Allt Vesturland | 2018-2020 | SSV, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, fræðsluaðilar á Vesturlandi |
| Hvetja og styðja við sprota sem stefna á heilsársferðaþjónustu. Ráðgjöf og fræðsla. | Allt Vesturland | 2018-2020 | SSV, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, fræðsluaðilar á Vesturlandi |
| Efla enn frekar Svæðisgarðinn Snæfellsnes sem farveg fyrir samvinnu. | Snæfellsnes | 2018-2020 | Svæðisgarðurinn Snæfellsnes og sveitarfélög á Snæfellsnesi. |
| Gera eina sameiginlega ferðamálastefnu fyrir Snæfellsnes. | Snæfellsnes | 2018-2019 | Svæðisgarðurinn Snæfellsnes og sveitarfélög á Snæfellsnesi. |
| Viðhalda vinnu, endurskoðun og eftirfylgni með Áfangastaðaáætlun fyrir Vesturland. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Vesturlandsstofa |

Aðgerð Áhrifasvæði Tímamörk Ábyrgð

## Meginmarkmið 1: Sterk og jákvæð ímynd Vesturlands

### Starfsmarkmið B: Unnið er eftir markaðs- og kynningaráætlun fyrir Vesturland sem allir hagaðilar geta nýtt sér.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gera markaðsáætlun fyrir allt Vesturland. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Vesturlandsstofa |
| Marka skýra stefnu fyrir upplýsinga- og kynningarmál á Vesturlandi. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Vesturlandsstofa |
| Kalla eftir rannsóknum á fjölda og viðhorfum ferðamanna á öllum svæðum. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Vesturlandsstofa |

## Meginmarkmið 1: Sterk og jákvæð ímynd Vesturlands

### Starfsmarkmið B: Unnið er eftir markaðs- og kynningaráætlun fyrir Vesturland sem allir hagaðilar geta nýtt sér.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Halda vottunum vel á lofti, t.d. RAMSAR, Bláfáninn, Earth Check, Vakinn o.fl. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Vesturlandsstofa |
| Skilgreina hlutverk allra aðila, bæði hagaðila ferðaþjónustu og í stoðkerfi. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Vesturlandsstofa |
| Útbúa markaðsefni og stefnu þannig að hagaðilar geti nýtt sé það í sínu markaðs- og kynningarstarfi. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Vesturlandsstofa og ferðaþjónustuaðilar |
| Gæta þess að upplýsingagjöf og þar með upplifun gesta sé í samræmi við stefnu og aðbúnað. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Vesturlandsstofa og ferðaþjónustuaðilar |
| Tryggja leitarvélabestun fyrir Vesturland og fylgjast með umferð á vefsvæði. | Allt Vesturland | Alltaf | Vesturlandsstofa |
| Halda áfram að gefa út A3 yfirlitskort af Vesturlandi. | Allt Vesturland | Er í gangi | Vesturlandsstofa |
| Búa til A3 yfirlitskort fyrir öll svæði á Vesturlandi. | Allt Vesturland | Er í gangi | Vesturlandsstofa |
| Búa til veflæg kort sem nýtast í upplýsingagjöf og til kynningar á landshlutanum. | Allt Vesturland | Er í gangi | SSV |

## Meginmarkmið 1: Sterk og jákvæð ímynd Vesturlands

### Starfsmarkmið B: Unnið er eftir markaðs- og kynningaráætlun fyrir Vesturland sem allir hagaðilar geta nýtt sér.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Útbúa gátlista vegna upplýsinga- og kynningar-efnis til að:<br># Tryggja að tekið sé tillit til þolmarka bæði nátt-úru og samfélags.<br># Tryggja að fyrir liggi upplýst og formlegt sam-þykki landeigenda varðandi kynninguna ef um einkaland er að ræða. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Vesturlandsstofa, Ferðamálastofa |
| Vinna markhópagreiningu og velja markhópa fyrir öll svæði á Vesturlandi. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Vesturlandsstofa |
| Viðhalda og uppfæra reglulega kynningu á Vestur-landi í flugvélum. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Vesturlandsstofa |
| Markaðssetja tengingu Suðurlands og Vesturlands um Uxahryggi. | Vesturland og Suðurland | 2019-2020 | Vesturlandsstofa og Markaðsstofa Suðurlands |
| Markaðssetja tengingu Vesturlands og Norður-lands um Laxárdalsheiði. | Vesturland og Norðurland | 2019-2020 | Vesturlandsstofa og Markaðsstofa Norðurlands |

## Meginmarkmið 1: Sterk og jákvæð ímynd Vesturlands

### Starfsmarkmið C: Virk ferðamálasamtök eru starfandi á hverju svæði á Vesturlandi

| | | | |
|---|---|---|---|
| Virkja og/eða stofna, ferðamálasamtök á hverju svæði Vesturlands. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Vesturlandsstofa |
| Koma á fót Ferðamálaráði Vesturlands þar sem fulltrúar ferðamálasamtaka og sveitarfélaga á hverju svæði eiga sæti. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Vesturlandsstofa, SSV |
| Vesturlandsstofa vinnur fyrir og með Ferðamála-ráði Vesturlands. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Vesturlandsstofa |

## Meginmarkmið 1: Sterk og jákvæð ímynd Vesturlands

### Starfsmarkmið D: Fyrirtæki, íbúar og sveitarfélög á Vesturlandi eru ábyrg fyrir ásýnd og ímynd Vesturlands.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sveitarfélög útfæra leiðir og aðstöðu til þess að fegra og snyrta umhverfi og ásýnd á opnum svæðum, á lóðum fyrirtækja og á einkalóðum í dreif- og þéttbýli. | Allt Vesturland | 2018-2020 | Sveitarfélög |
| Mannvirkjum í eigu sveitarfélaga er vel við haldið. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Sveitarfélög |

## Meginmarkmið 2: Vesturland er eftirsóttur valkostur

### Starfsmarkmið A: Gera Vesturland þekkt fyrir fjölbreytni í afþreyingu allt árið.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vinna greiningu á framboði afþreyingar á Vesturlandi. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Vesturlandsstofa |
| Sameiginleg mörkun varðandi markaðssetningu og kynningu á Vesturlandi sem áfangastaðar fjölskyldunnar. | Allt Vesturland | 2018-2020 | Vesturlandsstofa í samráði við Ferðamálaráð Vesturlands |
| Tryggja áfram kynningarefni fyrir íslenska ferðamenn til að dreifa í orlofshús. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Vesturlandsstofa og Skessuhorn |
| Visit Dalir, útbúa markaðsefni og leiðir í markaðssetningu. | Dalabyggð | 2018-2019 | Dalabyggð og Vesturlandsstofa |
| Byggja sundlaug í Búðardal. | Dalabyggð | 2018+ | Dalabyggð |
| Efla nýsköpun í ferðaþjónustu. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | SSV, Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti |
| Endurbæta laug og aðstöðu við Lýsuhólslaug, sem er heit ölkelduvatnslaug | Snæfellsbær | 2018-2019 | Snæfellsbær |

## Meginmarkmið 3: Vesturland er þekkt fyrir menningar- og sögutengda ferðaþjónustu.

### Starfsmarkmið A: Efla menningar- og sögutengda ferðaþjónustu.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Efla núverandi bæjarhátíðir. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Sveitarfélög |
| Þróa söguhring í Dölum. | Dalabyggð | 2019-2020 | Dalabyggð og ferðaþjónustuaðilar |
| Þróa og kynna upplifun sem tengist sauðfjárbúskap í Dalabyggð | Dalabyggð | 2018-2019 | Dalabyggð, sauðfjárbændur, ferðaþjónustuaðilar, Vesturlandsstofa |
| Byggja upp sveitamarkað, með matvæli beint frá býli og handverk í Dölunum.<br># Útbúa vottað eldhús í Árbliki. | Dalabyggð | 2019-2020 | Dalabyggð og íbúar |
| Íþróttamenning: Þríþrautarkeppni | Akranes og Hvalfjörður | 2019 | Einkaaðilar,Hvalfjarðar-sveit og Akranes |
| Latabæjar skemmtigarður í Borgarnesi | Borgarbyggð | 2020+ | Einkaaðilar,-Borgarbyggð |
| Gestastofa fyrir friðland fugla í Andakíl | Borgarbyggð | 2019-2020 | LBHÍ, Landbúnaðarsafn Íslands, Borgarbyggð |
| Gera safnakost safna á Vesturlandi sýnilegri með fjölbreyttum hætti | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Sveitarfélög á Vesturlandi |
| Efla rafræna leiðsögn með smáforritum | Allt Vesturland | 2019-2020 | Einkaaðilar, sveitarfélög |
| Akranes, byggja við Byggðasafnið að Görðum (móttökubygging) | Akranes | 2019-2020 | Akraneskaupstaður |
| Hvalfjörður, jarðfræðisafn/slóð (Útisafn sem keyrt er í gegnum) | Hvalfjörður | 2019-2020+ | Einkaaðilar, Hvalfjarðarsveit |
| Hvalfjörður, hvalveiðisafn og saga | Hvalfjörður | 2019-2020+ | Einkaaðilar, Hvalfjarðarsveit |
| Akranes, listamannasetur og kaffihús | Akranes | 2019-2020+ | Akraneskaupstaður, íbúar og einkaaðilar |

## Meginmarkmið 3: Vesturland er þekkt fyrir menningar- og sögutengda ferðaþjónustu.

### Starfsmarkmið A: Efla menningar- og sögutengda ferðaþjónustu.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Dalabyggð, efla rekstrargrundvöll Eiríksstaða | Dalabyggð | 2018 | Dalabyggð og einkaaðilar |
| Laugabrekka sögusetur (Guðríður Þorbjarnardóttir) | Snæfellsnes | 2018-2020 | Snæfellsbær og einkaaðilar |
| Vínlandssetur í Leifsbúð Búðardal | Dalabyggð | 2018-2020+ | Dalabyggð og einkaaðilar |
| Endurnýja söguskilti og bæta nýjum við | Allt Vesturland | 2019 | Sveitarfélög og ferðaþjónustuaðilar |
| Efla söguleiðsögn heimamanna | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Símenntnarmiðstöð Vesturlands, Vesteulandsstofa |
| Efla Sjóminjasafnið á Hellissandi | Snæfellsnes | 2018-2020+ | Einkaaðilar og Snæfellsbær |
| Efla samstarf safna á Vesturlandi | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Sveitarfélög |

## Meginmarkmið 4: Vönduð upplýsingagjöf um náttúru og umhverfi til gesta og íbúa.

### Starfsmarkmið A: Upplýsingum og leiðbeiningum er miðlað á skýran og fjölbreyttan hátt.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hanna upplýsinga- og leiðbeiningaskilti með samræmdum upplýsingamerkjum fyrir Vesturland. | Allt Vesturland | 2019 | Ferðamálastofa, Vesturlandsstofa |
| Finna og staðfæra tákn til að vara á skýran hátt við staðbundnum hættum.<br># Nota táknin á upplýsingakort, rafræn, útprentuð og á staðnum. | Allt Vesturland | 2019 | Ferðamálastofa, Vesturlandsstofa |
| Útbúa einfaldar myndrænar leiðbeiningar varðandi umgengni, siði, öryggi og virðingu fyrir friðhelgi einkalífs, náttúru- og lífríkis og menningarminjum.<br># Vinna í samstarfi við Vegagerðina og Vesturlandsstofu. | Allt Vesturland | 2019 | Ferðamálastofa, Vesturlandsstofa |
| Setja upp heillandi og fræðandi skilti um Akranes og Hvalfjarðarsveit við Hvalfjarðargöng. | Akranes og Hvalfjörður | 2019-2020 | Hvalfjarðarsveit, Akraneskaupstaður og ferðaþjónustuaðilar |
| Hvetja ferðaþjónustuaðila til að skrifa allar upplýsingar og leiðbeiningar á að minnsta kosti á íslensku og ensku. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Vesturlandsstofa, Ferðamálaráð Vesturlands og ferðamálafulltrúar |
| Búa til rafrænan gagnagrunn með upplýsingum um:<br># Áningar- og áfangastaði<br># Ferðatengda innviði<br># Þjónustu<br># Umgengnisreglur á svæðum<br># Náttúru og lífríki | Allt Vesturland | 2018-2020+<br>Er í gangi | SSV |

## Meginmarkmið 4: Vönduð upplýsingagjöf um náttúru og umhverfi til gesta og íbúa.

### Starfsmarkmið B: Fjölbreyttar og merktar göngu- og ferðaleiðir eru í boði á Vesturlandi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Stofna vinnuhóp til að vinna að stefnumótum um samræmdar ferðaleiðir og útivistarstíga á Vesturlandi. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Vesturlandsstofa |
| Tilraunaverkefni varðandi skipulagðar gönguleiðir í byggð. Bær – Skálholt (Pílagrímagöngur) | Borgarbyggð - Suðurland | 2019-2020 | Vesturlandsstofa, Markaðsstofa Suðurlands, áhugamannahópur um verkefnið |
| Merkja valdar gönguleiðir með uppahafi og enda á korti sem og í landslagi. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Sveitarfélög |
| Tilraunaverkefni varðandi skipulagða ferðamannavegi á Vesturlandi, t.d. Jökulhálsinn. | Allt Vesturland | 2019-2020 | Vegagerðin |

## Meginmarkmið 4: Vönduð upplýsingagjöf um náttúru og umhverfi til gesta og íbúa.

### Starfsmarkmið B: Fjölbreyttar og merktar göngu- og ferðaleiðir eru í boði á Vesturlandi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Yfirvöld hvött til að skilgreina umsjónaraðila ferðaleiða og útivistarstíga og hvað felst í þeirri umsjón. | Allt Ísland | 2019 | Aðalfundur SSV ályktar |
| Skoða og skilgreina landeigendur, ábyrgðar- og umsjónaraðila, velja leiðir, forgangsraða uppbyggingu, útfærslu, hönnun og merkingum á göngu-/reið- og hjólaleiða á eftirfarandi stöðum á Vesturlandi í samráði við landeigendur: | Umræddir staðir | 2018-2019 | Sveitarfélög |

| | |
|---|---|
| Dalir; gönguleiðir, kort, merkingar | Dalabyggð |
| Hafnarfjall; gönguleið, kort, merkingar | Borgarbyggð |
| Vatnaleið; gönguleið, kort, merkingar frá Bifröst að Hlíðarvatni | Borgarbyggð |
| Útivistarstígur; Borgarnes - Borg – Einkunnir – Hamrar | Borgarbyggð |
| Pílagrímsleið; Borgarfjörður-Skálholt | Borgarbyggð (Suðurland) |
| Akranes; göngu- og hjólaleið meðfram ströndinni | Akranes |
| Síldarmannagötur; gönguleið, kort merkingar | Hvalfjarðarsveit, Skorradalur |
| Leggjabrjótur; gönguleið, kort, merkingar | Hvalfjarðarðarsveit (Suðurland) |
| Akrafjall; gönguleiðir, kort, merkingar | Hvalfjarðarsveit |
| Hvalfjarðarsveit; heildstætt reiðleiðakerfi | Hvalfjarðarsveit |
| Hvalfjörður og Akranes; samþætt útivistar og reiðhjólaleið | Hvlafjararsveit, Akranes |
| Glymur og Botnsdalur; gönguleið, kort og merkingar | Hvalfjarðarsveit |
| Söguslóð um Borgarnes; gönguleið, kort og merkingar | Borgarbyggð |
| Strandleið um Snæfellsnesi; aðgengi að ströndinni á Snæfellsnesi | Sveitarfélög Snæfellsnesi |
| Ólafsvíkurenni; gönguleið, kort og merkingar | Snæfellsbær |
| Stykkishólmur; göngustígar við hafnarsvæðið og á Súgandisey | Stykkishólmur |
| Stykkishólmur; útivistarstígar um skógræktina | Stykkishólmur |
| Búðardalur; strandstígur, kort og merkingar | Dalabyggð |
| Húsafell; gönguleið, kort og merkingar | Borgarbyggð |
| Þjóðgarðinum Snæfellsjökli; gönguleiðir samkvæmt áætlun þjóðgarðs | Þjóðgarðurinn |



## Meginmarkmið 4: Vönduð upplýsingagjöf um náttúru og umhverfi til gesta og íbúa.

### Starfsmarkmið C: Unnið er eftir reglum um hvar má leggja svefnbílum yfir nótt.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Setja í lögreglusamþykktir Vesturlands samræmdar reglur varðandi heimild almennings til að gista í bílum og tjöldum fyrir utan skipulögð tjald – og svefnsvæði á Vesturlandi. | Allt Vesturland | 2018 | SSV, Lögregluumdæmið á Vesturlandi og sveitarfélög |
| Skilgreina hvaða umgjörð þarf að vera til staðar fyrir heilsárs svefnstæði. | Allt Vesturland | 2018 | SSV, Lögregluumdæmið á Vesturlandi og sveitarfélögin. |
| Útbúa kort sem sýnir þá staði þar sem leggja má svefnbílum. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Vesturlandsstofa í samstarfi við sveitarfélögin |
| Útbúa myndrænar leiðbeiningar varðandi umgengni og ábyrgð gesta á umræddum svæðum. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Vesturlandsstofa |
| Tryggja að svefnbílar geti fengið þjónustu allt árið á Vesturlandi. | Allt Vesturland | 2019-2020 | Sveitarfélög, einkaaðila |

## Meginmarkmið 4: Vönduð upplýsingagjöf um náttúru og umhverfi til gesta og íbúa.

### Starfsmarkmið D: Upplýsingamiðlun er gagnvirk og samskipti og samræming eru á milli aðila sem miðla upplýsingum til gesta og íbúa.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Koma á virku samstarfi milli þeirra aðila sem miðla upplýsingum til gesta og íbúa. | Allt Vesturland | 2018 | Vesturlandsstofa |
| Búa til upplýsingagátt fyrir Vesturland þar sem starfsfólk upplýsingamiðlunar og þjónustu getur fært inn upplýsingar t.d. um veður, færð, öryggi, viðburði, þjónustu o.fl.. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Vesturlandsstofa |
| Móta reglur um notkun gáttarinnar | Allt Vesturland | 2018-2019 | Vesturlandsstofa í samstarfi við sveitarfélögin |
| Hvetja þjónustuaðila til að samræma opnunartíma með tilliti til þarfa gesta og íbúa. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Vesturlandsstofa |
| Vesturlandsstofa farvegur fyrir samstarfsvettvang. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Vesturlandsstofa |

## Meginmarkmið 4: Vönduð upplýsingagjöf um náttúru og umhverfi til gesta og íbúa.

### Starfsmarkmið E: Hægt er að treysta á GPS staðsetningar punta á Vesturlandi

| | | | |
|---|---|---|---|
| Námskeið: Hvernig á að leiðrétta GPS staðsetningar í gagnagrunnum. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi |
| Námskeið: Hvernig á að skrá upplýsingar í Google og nýta leitarvélabestun. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Símenntunarmiðstöðin á Vesturland |

## Meginmarkmið 5: Stuðla að bættu öryggi íbúa, gesta, náttúru og lífríkis.

Starfsmarkmið A: Við þróun og uppbyggingu innviða og þjónustu er öryggi íbúa, gesta, náttúru og lífríkis haft að leiðarljósi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Setja upp öryggis- og upplýsingamiðlun í Dölum yfir vetrartímann. | Vesturland, Norðurland og Vestfirðir. | 2019-2020 | Sveitarfélög og Vegagerðin |
| Gera verndaráætlun fyrir öll friðslýst svæði á Vesturlandi í samstarfi við heimamenn. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Sveitarfélög, UST |
| Fjölga landvörðum í takt við þarfir á hverju svæði. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Sveitarfélög og Umhverfisstofnun |
| Vísa gestum á staði sem búið er að gera örugga og t.d. hreinsa fjörur og laga stíga. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Sveitarfélög, Vesturlandsstofa, upplýsingaveitur og ferðaþjónustu-aðilar |
| Starfsfólk upplýsingamiðstöðva taki þátt í al-mannavarnaræfingum. | Allt Vesturland | 2019-2020 | Sameiginleg al-mannavarnaráætl-un Vesturland |

## Meginmarkmið 6: Heildrænt skipulag áfanga- og áningarstaða.

### Starfsmarkmið A: Tekið er tillit til stefnumótunar og forgangsröðunar Landsáætlunar við innviða-uppbyggingu á áningar- og áfangastöðum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kynna Landsáætlun fyrir sveitarfélögum og hag-aðilum. | Allt Vesturland | 2018 | SSV |
| Fjölga útskotum við fjölfarna vegi á Vesturlandi s.s. | Allt Vesturland | 2019-2020 | Vegagerðin í samstarfi við sveitarfélög og Vesturlandsstofu |
| kilgreina eigendur, ábyrgðar- og umsjónaraðila, gera úttekt, úrval, þarfagreiningu, forgangsröðun, útfærslu á aðgerðum, hönnun og verkefnisáætlun vegna framkvæmda fyrir viðhald og uppbyggingu á eftirfarandi áninga- og áfangastöðum á Vesturlandi, með fyrirvara um leyfi landeigenda: | Allt Vesturland | 2018-2020 | Sveitarfélögin sem um ræðir í samstarfi við landeigendur, ferðamálasamtök og ferðamálaráð Vesturlands, Vesturlandsstofu og Vegagerðina |

| | |
|---|---|
| Krosshólaborg – upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Dalabyggð |
| Klofningur – upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Dalabyggð |
| Skrauma – upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Dalabyggð |
| Reykjadalslaug – upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Dalabyggð |
| Staðarhóll – upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Dalabyggð |
| Drífandagil í Svínadal – upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Dalabyggð |
| Súgandisey - upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Stykkishólmur |
| Helgafell - upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Helgafellssveit |
| Fossárfoss - upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Helgafellssveit |
| Kolgrafarfjörður í Eyrarsveit– upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Grundarfjörður |
| Grundarkambur - upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Grundarfjörður |
| Kirkjufellsfoss – upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Grundarfjörður |
| Hellnar – upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Snæfellsbær |
| Arnarstapi – upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Snæfellsbær |
| Sönghellir - upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Snæfellsbær |

# Meginmarkmið 6: Heildrænt skipulag áfanga- og áningarstaða.

## Starfsmarkmið A: Tekið er tillit til stefnumótunar og forgangsröðunar Landsáætlunar við innviða-uppbyggingu á áningar- og áfangastöðum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Rauðfeldargjá – upplýsingar, aðgengi og náttúru-vernd | Snæfellsbær | | |
| Lýsuhólslaug- upplýsingar, aðgengis og aðbúnaður | Snæfellsbær | | |
| Selafjara Ytri Tungu– upplýsingar, aðgengi og nátt-úruvernd | Snæfellsbær | | |
| Gerðuberg– upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Eyja- og Miklaholtshreppur | | |
| Rauðamelsölkelda - upplýsingar, aðgengi og nátt-úruvernd | Eyja- og Miklaholtshreppur | | |
| Hofsstaðaskógur– upplýsingar, aðgengi og náttúru-vernd | Eyja- og Miklaholtshreppur | | |
| Löngufjörur – upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Borgarbyggð / Eyja&Mikl. | | |
| Landbrotslaug - upplýsingar, aðgengi og náttúru-vernd | Borgarbyggð | | |
| Húsafell– upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Borgarbyggð | | |
| Surtshellir – upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Borgarbyggð | | |
| Hraunfossar - upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Borgarbyggð | | |
| Eldborg – upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Borgarbyggð | | |
| Grábrók – upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Borgarbyggð | | |
| Glanni/Paradísarlaut– upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Borgarbyggð | | |
| Glymur/Botnsdalur – upplýsingar, aðgengi og nátt-úruvernd | Hvalfjarðarsveit | | |
| Laxárbakki – áningastaður og upplýsingar | Hvalfjarðarsveit | | |
| Akrafjall – upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Hvalfjarðarsveit | | |
| Grunnifjörður– upplýsingar, aðgengi og náttúruvernd | Hvalfjarðarsveit | | |
| Guðlaug – sturtuaðstaða | Akraneskaupst. | | |
| Akranes - aðgengi að strandlínu/fjöru - gera strand-leið | Akraneskaupst. | | |
| Breiðin – uppbygging innviða og þjónustu | Akraneskaupst. | | |
| Snæfellsnes - aðgengi að strandlínu/fjöru - gera strandleið | Svæðisgarðurinn Snæfellsnes | | |
| Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull áframhaldandi upp-bygging samkvæmt aðgerðaáætlun | Þjóðgarðurinn Snæ-fellsjökull | | |

# Meginmarkmið 7: Góð þjónusta og afþreying til staðar.

## Starfsmarkmið A: Unnið er að eflingu ferðamála og stuðlað að framboði á fjölbreyttri gæða ferðaþjónustu og afþreyingu sem kemur til móts við eftirspurn.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Greina framboð þjónustu á áningar- og áfangastöðum með því að horfa til árstíðabundinna áskorana. | Allt Vesturland | 2018-2020 | Ferðamálaráð Vesturlands og Vesturlandsstofa |
| Vinna að virkri símenntun og námframboði sem styður við og eflir ferðaþjónustu á Vesturlandi. | Allt Vesturland | Er í gangi | Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi |
| Vinna að eflingu heimavinnslu og matvælaframboðs úr héraði með auknu framboði á vottuðum eldhúsum til heimavinnslu. | Allt Vesturland | Er í gangi | Matarauður Vesturlands í gegnum Sóknaráætlun. |
| Unnið að gæðamálum og þjónustuaðilar hvattir til að fá gæðavottun t.d. Vakann. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Vesturlandsstofa og Ferðamálaráð Vesturlands |

# Meginmarkmið 8: Öruggar samgöngur til sjós og lands allt árið.

## Starfsmarkmið A: Unnið markvisst að því að tryggja öryggi og umferð um vegi á Vesturlandi allt árið.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tekið er undir þær áherslur sem koma fram í Samgönguáætlun Vesturlands en auk þess er lagt til að Kaldidalur og Heydalur verði settir inn í samgönguáætlun Vesturlands við endurskoðun. | Allt Vesturland | 2018-2020 | SSV |
| SSV sendir frá sér ályktun varðandi vetrarþjónustu vega til að tryggja öryggi og umferð um vegina. Horfa skal til eftirfarandi þátta:<br>#Vetrarþjónusta eftir þörfum en ekki dagatali<br>#Ákveða þjónustustig á vegum út frá:<br>## Umferð vegna ferðaþjónustu<br>## Heilbrigðisþjónustu<br>## Skólaakstur<br>## Þjónustu við atvinnustarfsemi í dreifbýli o.fl. | Allt Vesturland | 2018 | SSV |
| SSV sendir frá sér ályktun varðandi eftirfarandi þætti til að efla öryggi á vegum:<br># Bifreiðastöður á þjóðvegum<br># Merkingar á vegum til að tryggja öryggi<br># Fjölga útskotum við fjölfarna vegi | Allt Vesturland | 2018 | SSV |

## Meginmarkmið 8: Öruggar samgöngur til sjós og lands allt árið.

### Starfsmarkmið B: Almenningssamgöngur taka mið af þörfum íbúa og atvinnulífs á Vesturlandi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| SSV sendir frá sér ályktun um mikilvægi almenningssamgangna fyrir íbúa og atvinnulíf á Vesturlandi:<br># Efla almenningssamgöngur með markvissri leiðaskipan.<br># Fjölga ferðum og keyra allan hringinn á Snæfellsnesi yfir sumartímann.<br># Tryggja samgöngur á sjó með ferjum yfir Breiðafjörð og Faxaflóa | Allt Vesturland | 2018 | SSV |

## Meginmarkmið 9: Grunnþjónusta er góð.

### Starfsmarkmið A: Unnið er skipulega að uppbyggingu grunnþjónustu og innviða á Vesturlandi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gera stöðu- og þarfagreiningu fyrir framboð á grunnþjónustu við ferðamenn og íbúa. Með hliðsjón af greiningunni verður gerður verkefnalisti sem tekur tillit til eftirfarandi þátta:<br># Þörf á löggæslu<br># Þörf á heilsugæslu<br># Greina vöntun á mannafla til að sinna þjónustunni<br># Umfang svæðis<br># Íbúafjölda<br># Dulinnar búsetu<br>#Fjölda gesta á leið um svæðið o.fl.. | Allt Vesturland | 2019-2020 | SSV |

## Meginmarkmið 9: Grunnþjónusta er góð.

### Starfsmarkmið B: Sveitarfélög vinna að deiliskipulagi á álagssvæðum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vinna með leiðbeinandi stjórntæki eins og afþreyingarrófs (ROS) við skipulagsvinnu. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Sveitarfélög |
| Deiliskipulag unnið út frá forgangsröðun áningar- og áfangastaða. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Sveitarfélög |
| Námskeið og kynning fyrir skipulagsnefndir sveitarfélaga á Vesturlandi. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | LBHÍ, Sveitarfélög |

## Meginmarkmið 9: Grunnþjónusta er góð.

### Starfsmarkmið C: Skipulagsvinna sveitarfélaga tekur mið af áfangastaðaáætlunum og landsáætlun um uppbyggingu innviða.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Samræma skipulagsvinnu sveitarfélaga við landsáætlun og áfangastaðaáætlanir. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Sveitarfélög |
| Tryggja vernd á náttúru og menningarsögulegum minjum. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Sveitarfélög |
| Kynna landsáætlun og áfangastaðaáætlanir fyrir skipulagsnefndum sveitarfélaga. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | LBHÍ, Sveitarfélög |
| Sveitarfélög á Vesturlandi vinna saman að framþróun ábyrgrar ferðamálastefnu | Allt Vesturlan | 2018-2020+ | Sveitarfélög |

## Meginmarkmið 9: Grunnþjónusta er góð.

### Starfsmarkmið D: Innviðir byggðar og atvinnureksturs tryggðir um allt Vesturland.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ljúka vinnu við ljósleiðaravæðingu á Vesturlandi ekki síðar en 2020. | Allt Vesturland | 2018-2020 | Sveitarfélög |
| Tryggja að fjarskiptakerfi sé í lagi á öllum stöðum. | Allt Vesturland | 2018-2020 | Sveitarfélög |
| SSV vinnur að því að flýta innleiðingu þriggja fasa rafmagns og tryggja örugga orkudreifingu um allt Vesturland. | Allt Vesturland | 2018-2020 | SSV |

## Meginmarkmið 9: Grunnþjónusta er góð.

### Starfsmarkmið E: Tryggja starfsgrundvöll björgunarsveita á Vesturlandi.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Stuðla að því að koma á kerfi sem tryggir björgunarsveitum á svæðinu umbun fyrir veitta þjónustu vegna leitar eða björgunar. | Allt landið | 2018+ | SSV sendir frá sér ályktun |

## Meginmarkmið 10: Jákvæð viðhorf íbúa til ferðaþjónustu

### Starfsmarkmið A: Unnið markvisst að því að auka samtal, skilning og samstarf ferðaþjónustuaðila, stjórnsýslu og íbúa.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Miðla upplýsingum um niðurstöður rannsókna í ferðamálum á svæðinu. | Allt Vesturland | 2018-2020 | Vesturlandsstofa |
| Skipuleggja opna fundi um ferðamál með aðkomu íbúa, stjórnsýslu og ferðaþjónustuaðila. | Allt Vesturland | 2018-2020 | Vesturlandsstofa |
| Fagsýning ferðaþjónustunnar, opin öllum. „Ferðaþjónustudagurinn“. | Allt Vesturland | 2018-2020 | Vesturlandsstofa |
| Hvetja fyrirtæki til að sýna samfélagslega ábyrgð í verki. | Allt Vesturland | 2018-2020 | Vesturlandsstofa |
| Hvetja fyrirtæki til þess að styrkja heimabyggð með verslun og atvinnutækifærum. | Allt Vesturland | 2018-2020 | Vesturlandsstofa |

## Meginmarkmið 11: Náttúruvernd og sjálfbærni í ferðaþjónustu.

### Starfsmarkmið A: Við gerð skipulagsáætlana er tekið tillit til náttúruverndar og sjálfbærrar nýtingar auðlinda í ferðaþjónustu og í samfélaginu.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Í skipulagsvinnu er tekið tillit til náttúruverndar og sjálfbærrar nýtingar auðlinda í ferðaþjónustu og samfélaginu þar sem einnig er horft til samræmingar á nýtingu lands. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Sveitarfélög |
| Gera Saga jarðvang að samræmdu verkefni fyrir allt sveitarfélagið Borgarbyggð. | Borgarbyggð | 2018-2020+ | Borgarbyggð, Saga jarðvangur |
| Auka sorpflokkun í fyrirtækjum og koma upp sorplosunar aðstöðu fyrir íbúa og gesti í þéttbýli og dreifbýli. Kynna vel. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Sveitarfélög |
| Ljúka gerð verndar- og nýtingaráætlunar fyrir Grunnafjörð. | Hvalfjarðarsveit | 2020 | Umhverfisstofnun |
| Framkvæma mat á innviðaþörf til lengri tíma, þar sem tekið er tillit til aðgengis, þolmarka bæði náttúru og samfélags, öryggisþátta, mögulegrar landvörslu og þjónustu. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Vesturlandsstofa |

## Meginmarkmið 11: Náttúruvernd og sjálfbærni í ferðaþjónustu.

### Starfsmarkmið B: Unnið er út frá rannsóknargögnum í allri vinnu um þolmörk og innviði.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skipuleg öflun gagna um álag vegna umferðar á ólíkum stöðum og svæðum. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | SSV |
| Móta ramma um sanngjarnan aðgang og hagnýtingu sveitarfélaga á niðurstöðum skráninga og rannsókna opinberra aðila varðandi þolmörk og ferðamál á þeirra svæði. | Allt Vesturland | 2019 | SSV skrifar ályktun og tryggir eftirfylgni |

## Meginmarkmið 11: Náttúruvernd og sjálfbærni í ferðaþjónustu.

### Starfsmarkmið C: Vöktun náttúru- og menningarminja er til staðar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Taka saman lista um ástand svæða sem eru undir álagi. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Sveitarfélög, Vesturlandsstofa |
| Gera yfirlitsskrá og forgangsraða vöktun náttúru og menningarminja á Vesturlandi í samstarfi við minjavörð og Náttúrustofu Vesturlands | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Sveitarfélög, Ferðamálaráð Vesturlands, Vesturlandsstofa |
| Stuðla að virku samstarfi sveitarfélaga á Vesturlandi um náttúruvernd (sbr. rauðlistaskýrslur um friðlýst svæði í hættu). | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Sveitarfélög, Ferðamálaráð Vesturlands, Vesturlandsstofa |
| Kanna möguleika á umhverfisvottun fyrir Vesturland í heild sinni sbr. Earth Check á Snæfellsnesi. | Allt Vesturland | 2018-2020+ | Sveitarfélög, Ferðamálaráð Vesturlands, Vesturlandsstofa |

## Meginmarkmið 11: Náttúruvernd og sjálfbærni í ferðaþjónustu.

### Starfsmarkmið D: Vöktun á þolmörkum samfélags er til staðar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Vinna að vöktun samfélagslegra þolmarka ferðamennsku á Vesturlandi með því að nýta íbúakönnun SSV | Allt Vesturland | 2018-2020+ | SSV |

## Meginmarkmið 11: Náttúruvernd og sjálfbærni í ferðaþjónustu.

### Starfsmarkmið E: Tryggt er að tekið sé tillit til þolmarka bæði náttúru og samfélags strax við skráningu á stöðum sem kynntir eru sem áhugaverðir staðir.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gera gátlista vegna undirbúnings kynningar á áhugaverðum áningarstöðum.<br># Taka tillit til þolmarka náttúru og samfélags<br># Framkvæmd opinberrar kynningar<br># Framsetning upplýsinga í opnum kortagrunni<br># Liggja þarf fyrir upplýst og formlegt samþykki landeiganda varðandi kynninguna ef um einkaland er að ræða. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Vesturlandsstof |
| Kynna gátlistann. | Allt Vesturland | 2018-2019 | Vesturlandsstofa |

# LOKAORÐ

*Í þessari skýrslu er reynt að varpa ljósi á stöðu ferðaþjónustunnar og þá þætti sem styðja við uppbyggingu og ábyrga þróun ferðamála á Vesturlandi.*

*Vesturland er ríkt af auðlindum. Þar býr mikill mannauður, íbúaþróun hefur í heildina verið jákvæð, en byggðin þéttist í þéttbýli og eftir því sem nær dregur höfuðborgarsvæðinu, auk þess sem nokkur dulin búseta er á svæðinu. Íbúarnir eru upp til hópa hamingjusamir og sáttir við það svæði sem þeir búa, kunna vel að meta náttúru, friðsæld, öryggi og mannlíf, en eru ósáttari við framboð af húsnæði til sölu og leigu, vöruverð og úrval, samgöngur og vegþjónustu, rafmagnsöryggi og fjarskiptamál. Atvinnulíf er víðast með ágætum, þó það mætti vera meira fjölbreytni í atvinnuframboði, því styður uppbygging ferðaþjónustu mjög vel við búsetu og búsetugæði á svæðinu.*

*Fjölbreytt náttúra, landslag og fuglalíf er á Vesturlandi, svo víða hefur þótt ástæða til að vernda staði og svæði vegna sérstöðu. Þar eru því einn þjóðgarður, átta friðlönd, fimm náttúruvætti, tvö Ramsarsvæði og einn fólkvangur. Einnig stórt hafsvæði, fjöldi eyja og strendur Breiðafjarðar sem er verndaður með sérlögum, auk þess eru mörg önnur svæði og staðir á náttúruminjaskrá Vesturlands. Umhverfismál eru í hávegum höfð á Vesturlandi, en þar er helmingur sveitarfélaga með umhverfisvottun, tuttugu og tveir skólar á öllum skólastigum eru vottaðir Grænfánaskólar og tvö svæði eru með Bláfána vottun. Auk þess eru nokkur starfandi fyrirtæki með umhverfisvottun á sína starfsemi. Vaxandi fjöldi fólks leggur mikið upp úr umhverfis- og náttúruvernd og finnst eftirsóknarvert að heimsækja svæði sem eru á skrá vegna sérstöðu sinnar eða hafa fengið vottun og skipuleggja því ferðalög sín með það í huga.*

*Vesturland er mikið sögusvæði, enda er oft talað um Sögulandið Vesturland. Mikið er af sögum, minjum, söfnum, sýningum og setrum, styður og styrkir uppbyggingu í sögu- og menningartengdri ferðaþjónustu. Einnig eru mikil vatnsgæði, það er heitt vatn, hreint vatn, ölkelduvatn, vottað vatn, stöðuvötn, ár, fossar og vatnsorka sem nýta má til vöruþróunar og uppbyggingar. Auk þess er matarauður Vesturlands mikill bæði til lands og sjávar, og því mörg tækifæri tengd mat úr heimahéraði. Ímynd Vesturlands er líka sterk eins og sjá má af fjölda tilnefninga og viðurkenninga sem veitt hafa verið inn á svæðið undanfarin ár.*

*Það er ekki auðunnið verk að vinna stöðugreiningu ferðaþjónustunnar á Vesturlandi, þar sem ekki er auðvelt að nálgast opinberar tölur og rannsóknir sem snúa aðeins að ferðamálum í þessum landshluta. Þó hefur orðið mikil framþróun í þeim efnum meðan á vinnu við þessa skýrslu stóð, og má þar helst nefna tilkomu vefsins Mælaborð ferðaþjónustunnar, þar sem settar eru fram ýmsar tölulegar upplýsingar um ferðamál. Það er samt til nokkurra trafala að mikið af tölulegum upplýsingum eru bundnar við sveitarfélög eða póstnúmer, sem er þá oft svo lítið mengi að ekki er hægt að fá aðgang að tölunum þar sem þær gætu verið rekjanlegar. Einnig virðist vera nokkur vanhöld á að ferðaþjónustuaðilar skili inn þeim skráningum sem þeim ber, þar þarf að verða bragarbót á.*

*Gott samtal var við Vestlendinga í þessari vinnu, þar kom fram að fólk er almennt mjög ánægt með framþróun ferðaþjónustu á Vesturlandi síðastliðin ár, bæði varðandi fjölgun ferðamanna og aukið framboð á gistingu, dægradvöl og veitingum. Mikil áhersla er þó á að bæta þurfi uppbyggingu og gæði innviða sem lúta að aðgengi, upplýsingum, öryggi og upplifun fólks til að*

*styðja við þolmörk náttúru og samfélags og auka ánægju gesta. Í því sambandi má nefna umferðaröryggi; vegi, útskot, einbreiðar brýr og vegþjónustu. Einnig leiðbeiningar til gesta; vegvísa, merkingar á kortum, upplýsingagjöf. Auk þess þyrfti að tryggja fjarskipta- og raforkuöryggi og efla almenningssamgöngur, löggæslu og heilbrigðisþjónustu. Þá væri mikilvægt að efla samstarf, vöruþróun og almennt þjónustuframboð. Einnig var mikið rætt um dreifingu ferðamanna um landið, áherslur í markaðssetningu og mismunandi aðstæður og aðstöðu á milli staða og svæða, gjaldtöku, verðlag, gestrisni o.m.fl.*

*Áfangastaðaáætlun Vesturlands var unnin í samstarfi við og undir leiðsögn Ferðamálastofu, en einnig voru unnar áfangastaðaáætlanir fyrir önnur landsvæði á öllum markaðssvæðum Íslands á sama tíma. Verkefnisvinnan var því umfangsmikil, flækjustigðið nokkurt og bar þess merki að þetta var í fyrsta sinn sem ráðist var í svo stórt verkefni sem átti að vinna samhliða á landsvísu. Einnig komu upp ýmsar aðstæður sem urðu til þess að seinka vinnslu og útgáfu áfangastaðaáætlunar Vesturlands. En þrátt fyrir að áfangastaðaáætlunin sjálf væri ekki komin út, þá lá fyrir sú vinna og gögn sem unnin höfðu verið á hverjum tíma og nýttist það vel við áætlunargerð og undirbúning áframhaldandi verkefnavinnu við framþróun ferðamála á Vesturlandi.*

*Út frá framtíðarsýn, markmiðum, starfs-markmiðum og aðgerðaráætlun ÁSÁ Vest. hafa verið afmörkuð áhersluverkefni til að vinna að árin 2019 og 2020 til að styðja við og stuðla að ábyrgri og jákvæðri þróun ferðamála á Vesturlandi.*

*Fyrst á dagskrá er að stuðla að stofnun „ferðamálaráðs" Vesturlands. En mjög skýr vilji var til þess í vinnu við Áfangastaðaáætlun að komið yrði á formlegum samráðsvettvangi ferðamála á Vesturlandi. Var þá horft til þess að hafa það samráð og samstarf byggt upp með svipuðum hætti og samráðsvettvangur Áfangastaðaáætlunar var byggður upp, þ.e. samráðsvettvangur hagaðila á hverju svæði sem veldi svo sína tvo fulltrúa til að sitja í sameiginlegum samráðsvettvangi ferðamála á Vesturlandi. Því hefur nú verið sent erindi til stjórnar Samtaka sveitafélaga á Vesturlandi (SSV) og til stjórnar Markaðsstofu Vesturlands (MV) um að þessar stofnanir beiti sér fyrir að þessi samráðsvettvangur ferðamála á Vesturlandi verði formlega stofnaður. Gert er ráð fyrir að sú vinna fari í gang í upphafi árs 2019.*

*Ferðamálastofa(FMS) gerði samning við Markaðsstofu Vesturlands um að veita fjárhagslegan stuðning úr Verkefnasjóði FMS á árunum 2018-2020, vegna vinnu við fjögur verkefni sem byggð væru á vinnu og niðurstöðum ÁSÁ Vest. og myndu styðja við uppbyggingu og ábyrga þróun ferðamála á Vesturlandi.*

*Þessi verkefni eru öll unnin upp úr aðgerðaráætlun Áfangastaðaáætlunar Vesturlands:*

**Verkefni I. Fjölbreyttar og merktar göngu- og ferðaleiðir eru í boði á Vesturlandi.**

- Skoða og rýna mögulegar útivistarleiðir fyrir almenning á Vesturlandi.
- Skilgreina landeigendur, ábyrgðar- og umsjónaraðila.
- Forgangsraða uppbyggingu og útfærslu eftir ástæðum, aðstæðum og aðgengi.

**Verkefni II. Heildrænt skipulag áfanga- og áningarstaða á Vesturlandi.**

- Skoða og rýna mögulega áfanga- og áningarstaði á Vesturlandi.
- Skilgreining eigenda, ábyrgðar- og umsjónaraðila.
- Forgangsraða uppbyggingu og útfærslu eftir ástæðum, aðstæðum og aðgengi.

**Verkefni III . Vesturland er þekkt fyrir fagra náttúru, áhugaverða sögu, menningu og matarauð.**

- Stuðla að vöruþróun og klasasamstarfi menningar- og sögutengdrar ferðaþjónustu á Vesturlandi.
- Gera safnakost á Vesturlandi sýnilegri með fjölbreyttum hætti, t.d. efla rafræna leiðsögn með smáforritum.
- Efla samstarf safna á Vesturlandi.

**Verkefni IV. Vöruþróun á hæglætisferð (Slow Travel) með númenningar- og matarívafi í Dölum**

- Stofna vinnuhóp hagaðila í klasasamstarf um hæglætisferðamennsku í Dalabyggð.
- Útbúa og kynna ferðaleiðalýsingu og ferðapakka.
- Kanna mögulegt samstarf við nágrannasvæði.

*Sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki sem hafa hag af ferðaþjónustu á Vesturlandi eru einnig mjög áhugasöm um uppbyggingu og ábyrga þróun ferðamála á Vesturlandi. Því eru nokkur stór verkefni sem koma fram í aðgerðaráætlun ÁSÁ. Vest. þegar í vinnslu og/eða búið að leggja drög að undirbúningi og framkvæmd þeirra, og verða þau örugglega unnin á næstkomandi árum ef fjármagn fæst.*

**Á svæði 1. eru áherslunar á eftirfarandi verkefni:**

*Útivistarsvæði, laug og sjóböð við Langasand*
*Breiðin á Akranesi – útivistar og menningarsvæði*
*Glymur í Hvalfirði – aðkoma, aðgengi, stígur ofl. við fossinn Glym*
*Safnasvæðið á Akranesi – endurbætur á gestamóttökuhúsi*
*Strandstígur um Akranes*
*Strandleið um Hvalfjörð*

**Á svæði 2. voru eftirfarandi verkefni í forgangi:**

*Gestastofa votlendis og fuglaskoðunar á Hvanneyri*
*Gönguleiðanet í Húsafelli*
*Friðlönd á Borgarfjarðasvæðinu*
*Saga jarðvangur (Geopark / Biosphere)*
*Útivistarstígar um Borgarnes og nágrenni*
*Göngu- og Pílagrímsleiðir*

**Á svæði 3. voru eftirfarandi verkefni í forgangi:**

*Gestastofa Snæfellsness á Breiðabliki*
*Lýsulaugar – heitar laugar með ölkelduvatni*
*Kirkjufellið – aðkoma og aðgengi*
*Súgandisey, strandsvæðið og útivistarstígar í Stykkishólmi*
*Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull*
*Ferðaleið um Snæfellsnes með aðgengi að ströndinn*

**Á svæði 4. voru eftirfarandi verkefni í forgangi:**

*Vínlandssetur – Leifsbúð í Búðardal*
*Aðkoma og aðgengi við Klofning*
*Vottað heimilisiðnaðareldhús í félagsheimili*
*Endurskipulagning og efling Eiríksstaða*
*Staðarhóll í Dölum*
*Drífandagil í Svínadal*

*Af þessu má sjá að það er hugur í fólki á Vesturlandi og mikill vilji til að halda áfram að byggja upp gæða ferðaþjónustu og áningastaði, stuðla að ábyrgri framþróun ferðamála og efla Vesturland enn sem eftirsóknarverðan áfangastað.*

# HEIMILDIR

Alþingi. *Lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.* Reykjavík: Alþingi, 2019. Sótt 2018 á https://www.althingi.is/lagas/nuna/2007085.html

Bláfáninn. Vefsíða. Sótt 2018 á http://landvernd.is/blafaninn/

Butler, R.W. *The concept of a tourist area cylcle of evoloution: Implications for management og resources.* The Canadian Geographer XXIV (I). 5-12.

Byggðasamlag Snæfellinga. *Umhverfisvottun Snæfellsnes*. Vefsíða. Sótt 2018 á http://www.nesvottun.is

Eyrún Jenný Bjarnadóttir. Rannsóknarmiðstöð ferðamála, RMF. *Viðhorf íbúa á Vesturlandi til ferðamanna og ferðaþjónustu.* Skýrsla. Akureyri: RMF, 2018. Sótt 2018 á http://www.rmf.is/static/research/files/vesturlandpdf

Ferðamálastofa. *Landsmenn sáttir við ferðamenn og ferðaþjónustu.* Skýrsla. Sótt 2018 á https://www.ferdamalastofa.is/is/um-ferdamalastofu/frettir/landsmenn-sattir-vid-ferdamenn-og-ferdathjonustu

Ferðamálastofa, FMS. *Erlendir ferðamenn á Íslandi*. Skýrsla. Reykjavík: FMS, 2016. Sótt 2018 á https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2017/januar/sunarkonnun/2016_ferdamalastofa_sumar_maskinuskyrsla_islensk.pdf

Ferðamálastofa. *Kynningarfundir haust 2016. Vefsíða.* Sótt 2018 á https://www.ferdamalastofa.is/is/troun-og-samstarf/afangastadaaaetlanir/kynningarfundir-haust-2016

Grétar Þór Eyþórsson o.fl. *Ímynd Vesturlands – Athugun á viðhorfum íbúa höfuðborgarsvæðisins og íbúa Vestfjarða og Norðurlands vestra.* Skýrsla. Bifröst: Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Bifröst, 2007.

Grænfáninn. Vefsíða. Sótt 2018 á http://www.graenfaninn.landvernd.is

Guðmundur Ögmundsson. *Ímynd Vesturlands – Hugur heimamanna og framsetning í kynningarefni.* Ritgerð við Ferðamáladeild Háskólans á Hólum, 2009

Heilbrigðisstofnun Vesturlands, HVE. Vefsíða. Sótt 2018 á https://hve.is/um-hve/

Íslandsstofa. *Markhópar fyrir íslenska ferðaþjónustu*. Skýrsla. Sótt á https://www.islandsstofa.is/media/1/markhopar-171008-mq.pdf

Jón Björnsson þjóðgarðsvörður, Þjóðgarðinum Snæfellsjökli. Tölvupóstur 12. mars 2018.

Lúðvík Elíasson og Önundur Páll Ragnarsson. Short-term renting of residential apartments Effects of Airbnb in the Icelandic housing market í *WORKING PAPER CENTRAL BANK OF ICELAND, No. 76.* Seðlabanki Íslands, 2018. Ritgerð. Sótt 2018 á https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn---EN/Working-Papers/WP%2076.pdf

Lögreglan. Vefsíða. Sótt 2018 á http;//www.logreglan.is

Markaðsstofa Vesturlands. Vefsíða. Sótt 2018 á https://www.west.is/is/frettir-af-innra-starfi

Markaðsstofur landshlutanna. Vefsíða. Sótt 2018 á http://www.markadsstofur.is/

Menja von Schmalensee, Theódóra Matthíasdóttir og Róbert A. Stefánsson. Framkvæmdaráð Snæfellsness, FS og Náttúrustofa Vesturlands, NS. *Skref í rétta átt: Hverju hefur vinna að umhverfisvottun sveitarfélaga á Snæfellsnesi skilað.* Skýrsla. Stykkishólmur: FS & NS, 2015. Sótt 2018 á http://nesvottun.is/wp-content/uploads/2018/01/Skref_i_retta_att.pdf

Mælaborð ferðaþjónustunnar. Vefsíða. Sótt 2018 á https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/

Norræna ráðherranefndin og Umhverfisstofnun, UST. *Ramsarsamningurinn og Votlendissvæði á Norðurlöndum.* Skýrsla. Reykjavík: Norræna ráðherranefndin og UST, 2004.

Páll S. Brynjarsson. Munnleg heimild. Borgarnes: 2018.

Rögnvaldur Guðmundsson. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf., RRF *Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017*: Samantekt unnin fyrir Markaðsstofu Vesturlands byggt á Dear Visitors könnun fyrirtækisins. Skýrsla. Hafnarfjörður: RRF, 2018.Vakinn, Gæða- og umhverfiskerfi ferðaþjónustunnar. 2018. Vefsíða. Sótt 2018 á http://www.vakinn.is

Samtök ferðaþjónustunnar, SAF og Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, ANR. *Vegvísir í ferðaþjónustu.* Skýrsla. Reykjavík: SAF & ANR, 2015. Sótt 2018 á https://www.saf.is/wp-content/uploads/vegvisir_okt_2015.pdf

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, SSV. *Samgönguáætlun Vesturlands 2017–2029*. Skýrsla. Borgarnes: SSV, 2017. Sótt á http://ssv.is/wp-content/uploads/2017/10/samgongua%C3%A6tlun-vesturlands-loka%C3%BAtg%C3%A1fa-prent.pdf

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, SSV. Vefsíða. Sótt 2018 á http://ssv.is/ssv/um-ssv/

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, SSV. *Vefsjá SSV og west.is* Vefsíða. Sótt 2018 á http://vefsja.ssv.is/

Skipulagsstofnun. *Landsskipulagsstefna 2015-2026 ásamt greinargerð* Skýrsla. Reykjavík: Skipulagsstofnun, 2016.

Staðlaráð Íslands. Vefsíða. Sótt 2018 á http://www.stadlarad.is

Stjórnarráð Íslands. *Sáttmáli Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs um ríkisstjórnarsamstarf og eflinu Alþingis.* Reykjavík: Alþingi, 2017. Sótt 2018 á https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stefnuyfirlysing/

Svæðisskipulagsnefnd Snæfellsness & Alta ehf. *Svæðisskipulag Snæfellsness  Andi Snæfellsness -auðlind til sóknar*. Skýrlsa. Snæfellsnes: Alta ehf, 2014. Sótt 2018 á https://docs.wixstatic.com/ugd/130289_bc5d61b385444143bf2fb46b2d53a8e0.pdf

Sýslumenn. Vefsíða. Sótt 2018 á http://www.syslumenn.is

Sæferðir, Eimskip. *Baldur.* Vefsíða. Sótt 2018 á https://www.saeferdir.is/um-ferjurnar/baldur/

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, UAU. *Drög að Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum*. Verkefnaáætlun 2018-2020. Skýrsla. Reykjavík: UAU, 2018. Sótt 2018 á https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=a96f0d80-2dcd-11e8-9427-005056bc4d74

Umhverfisstofnun. Vefsíða. Sótt 2018 á http://www.ust.is

Umhverfisstofnun. Vefsíða. Sótt 2018 á http://www.ust.is/einstaklingar/nattura/landvarsla/

Vífill Karlsson. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, SSV. *Íbúakönnun á Vesturlandi: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða.* Skýrsla SSV, Nr. 2 2017. Borgarnes: SSV, 2017. Skýrsla. Sótt 2018 á http://ssv.is/wp-content/uploads/2018/05/Ibuakonnun_2016_Allir-landshlutar_lokaeintak-2.pdf

Vegagerðin. *Umferð og slysatíðni*. Vefsíða. Sótt 2018 á umferd.vegagerdin.is

Vegagerðin. *Handbók um vetrarþjónustu*. Skýrsla. Sótt 2018 á http://www.vegagerdin.is/upplysingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/vetrarthjonusta/

Vegagerðin. *Áningastaðir*. Vefsíða. Sótt 2018 á http://www.vegagerdin.is/vegakerfid/aningastadir/

Vegagerðin. Vefsíða. Sótt 2018 á http://www.vegagerdin.is/um-vegagerdina

Vegagerðin. *Vegakerfið 2017*, Skýrsla. Reykjavík: Vegagerðin, 2017. Sótt 2018 á http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/Vegakerfid2017/$file/vegakerfid2017-islenska.pdf

l

# MYNDASKRÁ


10 Mynd 1: Líkan af verkferlum fyrir Áfangastaðaáætlun Vesturlands

10 Mynd 2: Markaðssvæði markaðsstofa landshluta.

11 Mynd 4: Svæðisskipting á Vesturlandi

11 Mynd 3: Skipulag verkefnisins. Heimild: ferdamalastofa.is

11 Mynd 5: Uppbygging og verkefnisstjórn Áfangastaðaáætlunar Vesturlands

12 Mynd 6: Sýnishorn af kynningu og auglýsingu fyrir opna fundi í stefnumótunarvinnu Áfangastaðaáætlunar Vesturlands 2018-2020

12 Mynd 7: Tafla með fundaskipulagi vegna stefnumótunarvinnu Áfangastaðaáætlunar Vesturlands 2018-2020

13 Mynd 8: Skjámynd af vefsjá Vesturlands – sýnishorn af upplýsingum sem þar má nálgast

22 Mynd 9: Vesturland er 9.555 km$^2$ að stærð. Á myndinni að ofan má glöggt sjá að Borgarbyggð er landmesta sveitarfélagið tæplega 5.000 km$^2$, þar á eftir kemur Dalabyggð sem er rétt um helmingi minni að flatarmáli, en önnur sveitarfélög á Vesturlandi eru öll undir 1000 km$^2$. Heimild: SSV

23 Mynd 10: Íbúafjöldi 1971-2018. Tölur frá 1. desember ár hvert fram til 1998 en 1. Janúar eftir það. Tölur Hagstofu Íslands og Byggðastofnunar. Heimild: Tölfræði um Vesturland; Vífill Karlsson, SSV

23 Mynd 11: Svæðaskiptipting Vesturlands. Heimild: SSV

24 Mynd 12: Staða og mikilvægi búsetuskilyrða á Vesturlandi 2016. Heimild: Tölfræði um Vesturland; Vífill Karlsson, SSV.Gögn Íbúakönnun Vesturlands 2016. Þetta er meðaleinkunn á bilinu 1-5. Því hærri sem hún er því betri er staða búsetuskilyrðanna og mikilvægari.

25 Mynd 13: Staða mikilvægi búsetuskilyrða á Akranesi og Hvalfirði.  Heimild: íbúakönnun 2016; Vífill Karlsson, SSV

26 Mynd 14: Staða mikilvægi búsetuskilyrða Borgarfjarðarsvæðinu.  Heimild: íbúakönnun 2016; Vífill Karlsson, SSV

27 Mynd 15: Staða mikilvægi búsetuskilyrða  Snæfellsnesi.  Heimild: íbúakönnun 2016; Vífill Karlsson, SSV

28 Mynd 16: Staða mikilvægi búsetuskilyrða í Dalabyggð.  Heimild: íbúakönnun 2016; Vífill Karlsson, SSV

30 Mynd 17: Hlutfall þeirra sem lokið hafa prófgráðu frá viðkomandi námsstigi 2016. Unnið upp úr Íbúakönnunum SSV

31 Mynd 18: Vægi atvinnugreina á Akranessvæði haustið 2016. Heimild: SSV.

32 Mynd 19: Vægi atvinnugreina á Borgarfjarðarsvæði haustið 2016. Heimild: SSV.

33 Mynd 20: Vægi atvinnugreina á Snæfellsnesi haustið 2016. Heimild: SSV.

34 Mynd 21: Vægi atvinnugreina í Dölunum haustið 2016. Heimild: SSV.

35 Mynd 22: Fossar, hverir og ölkeldur. Hvítárós ehf Teiknistofa/ Guðjón Fjeldsted.

36 Mynd 23: Náttúra á Vesturlandi. Hvítárós hef Teiknistofa/ Guðjón Fjeldsted.

37 Mynd 24: Friðlýst svæði, friðland og þjóðgarður. Hvítárós ehf Teiknistofa/Guðjón Fjeldsted.

48 Mynd 26: Flokkun þjóðvega á Íslandi, 2017.
Heimild: vegagerdin.is

48 Mynd 25: Vegakerfi landsins. Heimild: vegagerdin.is

48 Mynd 27: Bundið slitlag á þjóðvegum, 2017.
Heimild: vegagerdin.is

49 Mynd 28: Slysatíðni á vegum 2011-2014.  Aukinni umferð fylgir oftar en ekki hækkandi slysatíðni, en tíðni slysa veltur líka á ástandi vega á hverjum tíma
Heimild: Tölfræði um Vesturland; Vífill Karlsson, SSV
Byggt á tölum Vegagerðarinnar

49 Mynd 29: Þegar þessi mynd er skoðuð vakna spurningar um hversu þungt umferð ferðamanna vegur í mati á þörf fyrir vetrarþjónustu vega. Hér sjáum við t.d. að Útnesvegur sem liggur um þjóðgarðinn Snæfellsjökul er aðeins settur með fasta vetrarþjónustu tvo daga í viku, þ.e. mánudaga og föstudaga. Það liggur þó fyrir að mikil umferð gesta er um þjóðgarðinn alla daga, allan ársins hring og því er mjög bagalegt ef vegurinn er ekki þjónustaður eins oft og þörf er á.
Heimild: vegagerdin.is

50 Mynd 31: Meðalumferð á Snæfellnesi árin 2010-2018. Heimild: Vegagerðin

50 Mynd 30: Staðsetning umferðarteljara Vegagerðarinnar þar sem hægt er að fylgjast með samtímaumferð Heimild: umferd.vegagerdin.is

51 Mynd 32: Áningastaðir Vegagerðarinnar á Vesturlandi.  Heimild:  Ásbjörn Ólafsson, Vegagerðinni. Byggt á gögnum Vegagerðarinnar – febrúar 2018

56 Mynd 33: Sögustaðir sem nefndir eru í Íslendingasögunum. Hvítárós ehf Teiknistofa/Guðjón Fjeldsted.

57 Mynd 34: Sundstaðir og heitar laugar á Vesturlandi. Hvítárós ehf Teiknistofa/Guðjón Fjeldsted.

60 Mynd 35: Brottfarir erlendra farþega frá landinu 2010 - 2017. Heimild: Ferðamálastofa

61 Mynd 35 Hlutfallsleg dreifing brottfara eftir árstíðum 2010-2017. Heimild: Ferðamálastofa (www.ferdamalastofa.is)

61 Mynd 37: Áætlaður fjöldi ferðamanna á einstökum svæðum. Heimild: Ferðamálastofa.

61 Mynd 36: Fjöldi brottfara erlendra gesta frá Íslandi 2004 - 2017. Heimild: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar; Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017.

62 Mynd 38: Samanburður á áætluðum fjölda ferðamanna sem komu til Íslands og þeirra ferðamanna sem lögðu leið sína á Vesturland 2017. Heimild: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar; Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017.

62 Mynd 39: Helstu farartæki erlendra sumargesta á Íslandi 1996 - 2017. Heimild: Heimild: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar; Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017.

63 Mynd 40. Útgefin leyfi til farþegaflutninga á Vesturlandi
Heimild: Samgöngustofa

66 Mynd 42: Fjöldi útgefinna gistileyfa og skráðrar heimagistingar á Vesturlandi í september 2017 – flokkað eftir póstnúmerum. Heimild: Hagstofa Íslands

66 Mynd 41. Skráð heimagisting og útgefin gistileyfi á Vesturlandi í september 2017. Heimild: Hagstofa Íslands og syslumenn.is

67 Mynd 43: Skipting gistileyfa milli þéttbýlis og dreifbýlis á Vesturlandi. Heimild: Hagstofa Íslands.

67 Mynd 45: Mælaborð ferðaþjónustunnar. Skráðir aðilar á markaði. Heimild: Ferðamálastofa.

67 Mynd 44: Yfirlitsmynd um útgefin gistileyfi á Vesturlandi. Hvítárós ehf Teiknistofa/Guðjón Fjeldsted.

68 Mynd 46: Fjöldi og gerð gististaða á Vesturlandi 2010-2017. Heimild: Hagstofa Íslands.

69 Mynd 47: Skráðar gistinætur á öllum tegundum gististaða á Vesturlandi 2010-2017. Heimild: Hagstofa Íslands.

69 Mynd 48: Nýtingahlutfall á herbergjum á hótelum og gistiheimilum á Vesturlandi 2016-2017. Heimild: Hagstofa Íslands

70 Mynd 50: Nýtingahlutfall á herbergjum á hótelum og gistiheimilum á Vesturlandi 2016-2017. Heimild: Hagstofa Íslands

70 Mynd 49: Skráðar og áætlaðar gistinætur á Vesturlandi 2016 og 2017. Heimild: Hagstofa Íslands.

71 Mynd 51: Nýting hótelherbergja á Vesturlandi og Vestfjörðum 2010-2017 Heimild: Hagstofa Íslands.

73 Mynd 52: Gisti- og veitingaleyfi eftir póstnúmerum á Vesturlandi í september 2017. Heimild: syslumenn.is

73 Mynd 54: Hlutfall Veitingaleyfi eftir veitinga-flokkum - Vesturlandi í september 2017. Heimild: syslumenn.is

73 Mynd 53: Hlutfall veitingaleyfa eftir svæðum á Vesturlandi í september 2017. Heimild: syslumenn.is

74 Mynd 55: Fjöldi gesta í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli frá 2010 - 2017. Heimild: Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull.

79 Mynd 56: Hlutfallsleg skipting erlendra gesta á Íslandi eftir markaðssvæðum Heimild: RRF Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017

81 Mynd 57: Áhrif ferðaþjónustu að mati svarenda í könnun RFF. Heimild: RFF

81 Mynd 58: Mikilvægi ferðaþjónustu. Heimild: RFF.

82 Mynd 59: Fjöldiferðamanna að mati heimamanna á Vesturlandi. Heimild: Ferðamálastofa.

83 Mynd 60: Skipting svæða á Vesturlandi.. Heimild: SSV..

85 Mynd 61: Hlutfallsskipting veitingaleyfa milli flokka á svæðinu Sunnan Skarðsheiðar í september 2017. Heimild: Hagstofa Íslands.

85 Mynd 62: Skráðar gistinætur í hverjum mánuði í Sunnan Skarðsheiðar 2011-2016. Heimild: Hagstofa Íslands.

87 Mynd 63: Áætlaðar gestakomur erlendra gesta í Borgarfjörð 2010-2017. Heimild: RRF, *Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017.*

88 Mynd 65: Skráðar gistinætur í hverjum mánuði í Borgarbyggð 2016-2017. Heimild: Hagstofa Íslands.

88 Mynd 64. Áætluð dvöl erlendra gesta í Borgarfirði – þ.e. skipting milli daggesta og dvalargesta 2010-2017 Heimild: RRF, *Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017*

89 Mynd 66 Nýtingahlutfall gistiherbergja á hótelum og gistihúsum í Borgarbyggð 2016 og 2017. Heimild: Hagstofa Íslands.

89 Mynd 67: Hlutfallsskipting veitingaleyfa milli flokka á svæðinu Sunnan Skarðsheiðar í september 2017. Heimild: Hagstofa Íslands.

92 Mynd 69. Áætluð dvöl erlendra gesta á Snæfellsnesi – þ.e. skipting milli daggesta og dvalargesta 2010-2017 Heimild: RRF, *Erlendir ferðamenn á Vesturlandi 2010-2017.*

92 Mynd 70: Skráðar gistinætur í hverjum mánuði á Snæfellsnesi 2010-2017. Heimild: Hagstofa Íslands.

93 Mynd 71: Nýtingahlutfall gistiherbergja á hótelum og gistihúsum í Snæfellsbæ 2016 og 2017. Heimild: Hagstofa Íslands

93 Mynd 72: Nýtingahlutfall gistiherbergja á hótelum og gistihúsum í Sntykkishólmi 2016 og 2017. Heimild: Hagstofa Íslands

95 Mynd 73: Útgefin gistileyfi á Snæfellsnesi eftir póstnúmerum desember 2017. Heimild: Hagstofa Íslands

97 Mynd 74: Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna í Dölunum eftir mánuðum 2010, 2013, 2015, 2016 og 2017. Heimild: Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar; Rögnvaldur Guðmundsson.

98 Mynd 76: Skráðar gistinætur í hverjum mánuði í Dölunum 2011-2016. Heimild: Hagstofa Íslands.

99 Mynd 77: Útgefin gistileyfi í Dölum eftir póstnúmerum desember 2017. Heimild: Hagstofa Íslands